

Fornleifaskráning í Eyjafirði XII:

Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að
Klaufabrekku

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét
Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS116-99091

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. UM FORNLEIFASKRÁNINGU	4
3. BYGGÐASAGA	7
4. FORNLEIFASKRÁ	16
EY-101 BÖGGVISSTAÐIR	19
EY-102 ÁRGERÐI.....	31
EY-103 BRIMNES.....	32
EY-104 HÓLL	41
EY-105 SAUÐÁRKOT	48
EY-106 SAUÐANES.....	53
EY-107 SAUÐANESKOT	61
EY-108 KARLSÁ.....	63
EY-109 UPSIR.....	70
EY-110 LÆKJARBAKKI.....	76
EY-111 MIÐKOT.....	77
EY-112 EFRA UPSAKOT.....	78
EY-113 HÁAGERÐI	78
EY-114 HRAFNSSTAÐIR.....	80
EY-115 YTRA HOLT	86
EY-116 SYÐRA-HOLT.....	90
EY-116B SYÐRA-HOLT (HELGAFELL)	96
EY-117 INGVARIR.....	99
EY-118 TJÖRN.....	101
EY-119 TJARNARKOT.....	106
EY-120 TJARNARGARÐSHORN.....	107
EY-121 JARÐBRÚ	111
EY-122 BREKKUKOT	115
EY-123 BREKKA.....	116
EY-124 GRUND	119
EY-125 YTRA-GARÐSHORN	129
EY-126 SYÐRA-GARÐSHORN	133
EY-127 BAKKI.....	139
EY-128 BAKKAGERÐI.....	145
EY-129 STEINDYR	146
EY-130 ÞVERÁ	153
EY-131 HREIÐARSTAÐIR	156
EY-132 HREIÐARSTAÐAKOT	161
EY-133 URÐIR.....	165
EY-134 ÞORLEIFSSTAÐIR.....	175
EY-135 HÓLL	179
EY-136 AUÐNIR	183
EY-137 KLAUFABREKKUR.....	186
EY-138 KLAUFABREKKNAKOT.....	191
5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ Í HÉRAÐI	194
BÆJARHÓLAR OG BÆJARSTÆÐI.....	194
ÚTIHÚS OG TÚNGARÐAR.....	195
TÚN OG GARÐAR.....	196
ENGJAR OG ÁVEITUR	197
VATNSBÓL.....	198

SVARÐARGRAFIR.....	198
KVÍAR, RÉTTIR OG STEKKIR.....	199
BEITARHÚS OG SEL.....	200
GERÐI.....	200
KUML OG KIRKJUGARÐAR.....	201
LEIÐIR.....	203
MINJAR UM SJÓSÓKN.....	203
6. VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU.....	203
HEIMILDASKRÁ.....	208

SKRÁ YFIR KORT

Kort 1: Landamerki á skráningarsvæðinu.....	9
Kort 2: Fornleifakort Ey-101 – Ey-103.....	18
Kort 3: Fornleifakort Ey-104, Ey-109 – Ey-113.....	40
Kort 4: Fornleifakort fyrir Ey-105 – Ey-108.....	47
Kort 5: Fornleifakort fyrir Ey-114 – Ey-116b.....	79
Kort 6: Fornleifakort fyrir Ey-117 – Ey-120.....	98
Kort 7: Fornleifakort fyrir Ey-121 – Ey-124.....	110
Kort 8: Fornleifakort fyrir Ey-125 – Ey-129.....	128
Kort 9: Fornleifakort fyrir Ey-130 – Ey-132.....	152
Kort 10: Fornleifakort fyrir Ey-133 – Ey-134.....	164
Kort 11: Fornleifakort fyrir Ey-135 – Ey-138.....	178

1. Inngangur

Sumarið 1999 hófst aðalskráning fornleifa í hinu nýja sveitarfélagi, Dalvíkurbyggð. Áður hafði verið gerð svæðisskráning og voru þá heimildir fundnar um 1629 minjastaði á því svæði sem sveitarfélagið nær yfir. Dalvíkurbyggð og Fornleifastofnun hafa samið um að gera aðalskráningu á 5 sumrum og verður síðasta áfanga lokið sumarið 2003.

Sumarið 1999 var ráðist í fyrsta og jafnframt stærsta áfanga skráningarinnar. Að þessu sinni voru skráðir á vettvangi tæplega 600 staðir á 38 jörðum. Skráningarsvæðið náði frá Ólafsfjarðarmúla fram að Klaufabrekkum austanmegin við Svarfaðardalsá.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.¹ Fyrst er kafli um fornleifaskráningu (2. kafli) en því næst er yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (3. kafli). Í 4. kafla er svo birt skrá yfir þær fornleifar sem kannaðar voru sumarið 1999. Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hvernjar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttum sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minja og aðstæðum, og birtar lýsingar og teikningar af tóftunum þar sem við á. Í skránni eru einnig minjakort sem sýna dreifingu minjastaða. Í 5. kafla eru samantekt um helstu minjaflokka og einkenni byggðar á skráningarsvæðinu. Í 6. kafla eru settar fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

Skráningin var að þessu sinni gerð í ágúst og septembermánuði og kom nokkur fjöldi skráningamanna að verkinu. Orri Vésteinsson sá um heimildavinnu en auk hans sáu Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Adolf Friðriksson um vettvangsvinnu. Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um úrvinnslu gagna. Vilja skráningarmenn sérstaklega þakka heimildamönnum sínum fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I*, Fornleifastofnun Íslands og Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994.

2. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heilstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanfórnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt í þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis-, aðal-, og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t.d. heilu sveitafélagi, sýslu eða héraði. Með svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á

skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í Þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...” Samkvæmt lögnum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggja upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt Þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heilstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

Í 16. grein Þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverki eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greifrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem eru vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistöskráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrrsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar

um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssögurum) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögnum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvöllir, braggahverfi, skotgrafir o.s.frv.) eru einnig skráðar.

3. Byggðasaga

Nokkuð skortir á samkvæmni í frásögn Landnámabókar af landnámi í Svarfaðardal. Þar er fyrst sagt frá því að Þorsteinn svörfuður hafi numið dalinn allan að ráði Helga magra og þess getið að sonur hans, Karl rauði, hafi búið á Karlsá (ÍF I, 252). Í andstöðu við þessar upplýsingar segir svo í næsta kafla að Karl hafi heitið maður, “er nam Strond alla út frá Upsum til Mígandi.” (ÍF I, 254) og í Þórðarbók Landnámu er því bætt við að hann hafi verið Steinröðarson. Greinilegt er að fleiri en ein sögn hefur verið um Karl á Karlsá – ein hefur talið hann son landnámsmanns og önnur sjálfstæðan landnámsmann. Í frásögn af landnámi í Bakkaflóa er svo getið um Ljótólf goða í Svarfaðardal (ÍF I, 289) og dóttir og sonardóttir Ljótólfs goða eru sagðar giftar landnámsmönnum í Fljótum (ÍF I, 244, 245). Ljótólfs er hinsvegar í engu getið í köflunum um landnám í Eyjafirði. Þá er í frásögn af landnámi í Ólafsfirði getið um Þorvarð á Urðum sem var tengdafaðir Gunnólfs landnámsmanns í Ólafsfirði (ÍF I, 246, 247) og gæti það bent til að til hafi verið sagnir um sjálfstætt landnám fremst í Svarfaðardal.


Í Svarfdæla sögu er lítillega öðruvísi frá sagt. Að vísu vantar kaflann í söguna þar sem sagt hefur verið frá landnámi Þorsteins svörfuðar en engu að síður er hægt að sjá hvernig höfundurinn taldi að dalurinn hefði verið numinn. Sú útgáfa er skyld frásögnum Landnámabókar en ekki eins og mun fyllri. Þar munar annarsvegar að Karl rauði er ekki látinn hafa búið á Karlsá heldur er nafn jarðarinnar skýrt með því að hann hafi verið

heygður þar (ÍF IX, 192) og hinsvegar er ekki gert ráð fyrir að Þorsteinn hafi numið nema vesturhluta dalsins en Ljótólfur hafði samkvæmt sögunni komið út á undan, sest að á Völlum og var landnám hans því austurhluti dalsins. Ekki er ljóst af sögunni (vegna eyðunnar) hvernig skiptingin átti að hafa verið í Skíðdal eða innri hluta Svarfaðardals en hún getur þó um Böðvar á Urðum son Eyjólfss breiðhöfða sem Urðamenn væru frá komnir (ÍF IX, 208) og má vera að það bendi til að fleiri en ein sögn hafi verið um landnámsmanninn á Urðum því Landnámabók kallar hann Þorvarð. Í raun reiknar höfundur Svarfdæla sögu ekki með að Þorsteinn og afkomendur hans hafi haft full tók á öðrum hlutum dalsins en milli Grundar og Upsa. Samkvæmt sögunni var Grund landnámsbær Þorsteins og bjó hann þar til dauðadags en hafði áður ráðlagt Karli rauða syni sínum að flytjast búferlum til Upsa. Karl bjó svo ýmist á Grund eða Upsum og Karl ómáli sonur hans eftir hann og er ljóst að þessir tveir búgarðar hafa verið taldir höfuðból ættar Þorsteins (ÍF IX, 151-52, 155-57, 162, 165-66, 168, 173, 182-83, sbr. 184, 185, 187-89, 190, 192, 195, 198, 202 sbr. 203, 206, 207, 211). Hinsvegar telur Valla-Ljóts saga að Þorgrímur Ljótólfsson hafi búið á Upsum þegar nokkuð var liðið á 10. öld (ÍF IX, 250, 254), enda virðist það hafa verið ríkjandi söguskoðun að afkomendur Ljótólfs goða hafi náð undirtökunum í dalnum eftir að Karl ómála leið, en sagan lætur menn óskylda ætt Þorsteins búa bæði á Grund (ÍF IX, 243) og Klaufabrekkum (ÍF IX, 240, 241) í tíð Valla-Ljóts.

Samkvæmt Svarfdæla sögu voru börn Karls ómála þau Böggvir á Böggvisstöðum, Hrafn á Hrafnstöðum og Yngveldur á Ingvörum (ÍF IX, 207) og eru þetta allt greinilega örnefnaskýringar sem er eins líklegt að höfundur sögunnar hafi búið til. Það er óvenjulegt að gera ráð fyrir að jafnágætar jarðir og Hrafnstaðir og Böggvisstaðir hafi ekki byggst fyrr en með fjórðu kynslóð frá landnámsmanni. Það bendir enn fremur til að höfundi sögunnar hafi ekki verið mjög umhugað um byggðasögu að hann lætur Ytra-Holt vera í byggð í tíð Karls rauða (ÍF IX, 187) (afa þeirra sem reistu bú á Hrafnstöðum, Böggvisstöðum og Ingvörum), en Ytra-Holt var aðeins 16 hundruð að fornu mati á meðan Hrafnstaðir og Böggvisstaðir voru 30 og 40 hundruð.

Svarfdæla saga gerir ráð fyrir að vinir og frændur Ljótólfs goða á Völlum hafi búið í Brekku og á Steindyrum (ÍF IX, 153, 165 sbr. 176, 183) en jafnframt að Karl rauði hafi haft forræði yfir landi fremst í dalnum þar sem hann skipaði Klaufa frænda sínum

Kort 1
Landamerki á skráningarsvæðinu



1. Böggvistaðir
2. Árgæri
3. Brimnes
4. Hóll
5. Sauðárkot
6. Sauðanes
7. Sauðaneskot
8. Karlá
9. Upsir
10. Lækjarbakki
11. Miðkot
12. Efstakot
13. Háagerði
14. Hrafnastaðir
15. Ytra Holt
16. Syðra-Holt
17. Ingvarir
18. Tjörn
19. Jarðbrú
20. Brekkukot
21. Brekka
22. Grund
23. Ytra-Garðshorn
24. Syðra-Garðshorn
25. Bakki
26. Bakkagerði
27. Steindyr
28. Þvera
29. Hreiðarstaðir
30. Hreiðarstaðakot
31. Urðir
32. Þorleifstaðir
33. Hóll
34. Auðnir
35. Klaufabrekkur
36. Klaufabrekkukot
37. Tjarnarkot
38. Tjarnargarðshorn

lönd, fyrst á Melum og síðar á Klaufabrekkum, sem samkvæmt sögunni var nýbýli Klaufa (IX, 164-65). Staðþekking höfundar Svarfdæla sögu er mjög góð og greinilegt að hann hefur verið vel kunnugur í dalnum, hefur sennilega búið þar, en honum tekst hinsvegar ekki að koma heim og saman arfsögnum sem tengdu einstaka menn og atburði við tiltekna bæi eða staði annarsvegar og hinni almennu skoðun rithöfunda á miðöldum að landnámsmenn og næstu afkomendur þeirra hefðu ráðið yfir stórum samfelldum svæðum og getað stjórnað því hverjir tóku sér bólfestu þar.

Svarfdæla saga er samsuða arfsagna og þjóðsagnaminna og má vera að um sum atriði byggji hún á traustum hefðum en þau verða hinsvegar ekki greind frá hinum sem eru einbert hugarflug höfundar eða heimildamanna hans. Líklegast verður að telja að ýmsar sagnir hafi verið uppi um landnám í Svarfaðardal á ritunartíma Landnámabókar og Svarfdæla sögu og hefur engum af höfundum þessara verka tekist að móta úr þeim samstæða heild. Svarfaðardalur er raunar eina landsvæðið á Íslandi þar sem verulega ber á milli miðaldaheimilda um landnám en Íslendinga sögur eru yfirleitt alveg samhljóða Landnámabók um landnám (Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson væntanlegt). Ástæðan virðist annarsvegar vera sú að frásögn Landnámabókar af landnámi í Svarfaðardal er augljóslega gloppótt þannig að höfundur Svarfdæla sögu hafði ekki á miklu að byggja þar, og hinsvegar að höfundurinn var ekki mikill fræði- eða listamaður og hefur ekki tekist að komst til botns í hinum ýmsu arfsögnum um landnám í dalnum þannig að hann sleppir sumu en bætir öðru við (sbr. Kristján Eldjárn 1943, 27-33; ÍF IX, lxxvii-lxxxviii).

Kjarni landnámsfrásagna í Svarfaðardal virðist þó vera sá að í dalnum hafi verið tveir aðal-landnámsmenn, Þorsteinn á Grund og Ljótólfur á Völlum. Mögulega hafa einnig verið sagnir um sjálfstæð eða tengd landnám á Upsaströnd, á Urðum og í Skíðadal. Arfsagnir hafa verið til um deilur Þorsteins og Ljótólfs og afkomenda þeirra og þó að menn af ætt Þorsteins hafi verið þar í hlutverki hetja þá hafa afkomendur Ljótólfs verið taldir ná undirtökum í dalnum. Ekki er ástæða til að efast um að þessi kjarni byggji á fornum hefðum. Á 12. öld virðast helstu stórbændur í dalnum hafa búið á Tjörn og Völlum og meðal þeirra hafa lifað sagnir um að jarðir þeirra væru landnámsbýli og forfeður þeirra upphafsmenn byggðar í dalnum. Það má líka til sanns vegar færa að þær jarðir þar sem kirkjur risu og stórbændur bjuggu á 12. og 13. öld séu einmitt líklegastar til

að vera fyrst byggðar, eða að minnsta kosti vera þau býli þar sem landnámsönnum tókst fyrst að koma undir sig fótunum.

Sennilegast er að þeir sem fyrst komu að landi í Svarfaðardal til að nema þar land hafi lent á Böggvisstaðasandi og að þar upp af sé elstu býlin að finna. Brimnesá hefur sennilega snemma deilt löndum og hafa tveir landnámskjarnar orðið til sinn hvoru megin við hana. Annarsveggar á Hóli og Upsum þar sem löngum hefur verið fjölbyggt og hinsveggar á Böggvisstöðum og Hrafnstöðum. Kirkjur eða bænhús voru á þessum fjórum bæjum á miðöldum sem bendir til að byggð þar hafi verið orðin traust í sessi í byrjun 11. aldar en þungamiðja byggðarinnar hefur verið á norðurbakka Brimnesár, á Upsum, enda varð kirkjan þar sóknarkirkja fyrir þessa bæi á 12. öld. Kumlin sem fundist hafa á Böggvisstaðasandi, við Brimnesá og hjá Lækjarbakka styðja auðvitað að byggð á þessu svæði sé mjög forn.

Ef kort af skráningarsvæðinu er skoðað sést að byggðin er langþéttust á svæðinu milli Tjarnargarðshorns og Þverár. Það stafar annarsveggar af því að þar eru langmest landgæði – eins og sést af því að afar landlítil jörð eins og Brekka var metin á 40 hundruð – en einnig virðist það helgast af því að þar hefur snemma orðið fjölbyggt og enginn einn bóndi eða ein fjölskylda náð að sölsa undir sig allt landið. Grund er þó greinilega mesta jörðin, metin á 80 hundruð, og henni fylgdu, og fylgja enn, bakkar Svarfaðardalsár fyrir framan Brekku, Jarðbrú og Tjörn að hluta. Það bendir eindregið til að síðarnefndu jarðirnar séu byggðar síðar en Grund. Sunnar virðist Bakki hafa verið aðalbýlið enda fylgir þeirri jörð land meðfram Svarfaðardalsá fyrir framan Steindyr, Garðshorn tvö og Grund að hluta. Hún var þó mun lægra metin en Grund, eða 40 hundruð. Bakki, Steindyr og Þverá eiga óskipt land á Þverárdal/Bakkadal og bendir það til að þær hafi upphaflega verið einn byggðakjarni. Það má því geta þess til að upphaflega hafi verið tveir byggðakjarnar á þessu svæði, sá syðri með þungamiðju á Bakka en hinn nyrðri með þungamiðju á Grund. Mörkin milli þeirra hafa legið þar sem nú eru merki milli Ytra og Syðra Garðshorns en þar hefur landamerkjagardur legið upp að Sveitarlang og myndað horn sitthvoru megin sem býlin hafa dregið nöfn sín af.

Þó að Bakki hafi verið aðaljörð í syðri kjarnanum og Grund í þeim nyrðri hefur sennilega snemma orðið fjölbyggt í hvorum um sig. Ætla má að Þverá sé ekki síður gömul jörð en Bakki, en minna má á að bænhús var á Þverá en ekki Bakka svo vitað sé.

Steindyr er hinsvegar mun minni jörð en hinar tvær og gæti því verið ívið yngri þó að hitt sé heldur ekki útilokað að þar hafi verið settir niður minniháttar menn sem fylgdu landnemunum á Bakka eða Þverá. Einnig er mögulegt að bú hafi fyrst verið reist á Steindyrum, en Bakkakot stóð sunnar en Steindyrabærinn og talsverðar rústir eru upp með Þverá að norðan sem gætu bent til fornrar byggðar. Þá hefur upphaflega bæjarstæði verið yfirgefið eða skilið eftir í höndum landseta þegar bú var reist á Bakka. Syðra-Garðshorn virðist hinsvegar af nafninu og staðsetningu geta verið yngra en frá landnámsöld. Svipuðu máli gegnir um Grundarkjarnann. Brekka hefur örugglega byggst á svipuðum tíma og Grund, og Jarðbrú jafnvel líka en Ytra-Garðshorn seinna. Stór kumlateigur hefur verið grafinn upp á Arnarholti sem nú er í landi Ytra-Garðshorns og heiðnar grafir hafa einnig komið í ljós þar sem Syðri-Grund stendur nú, skammt norðan við Arnarholt. Þessi kumlateigur mun vera grafreitir Grundar-kjarnans og er jafnframt sjálfstæður vitnisburður um að byggð er forn á þessu svæði. Kuml haf ekki fundist í syðri kjarnanum en Svarfdæla saga getur um örnefnið Kumlahól eða Kumlateig hjá Bakka (ÍF IX, 179) og bendir það til að þar hafi verið heiðinn grafreitir einnig.

Framan við Þverá þrengist dalurinn mjög og hefur birkiskógur vaxið þar alveg niður að Svarfaðardalsá og hann hefur þurft að ryðja áður en hægt var að reisa þar byggð. Því má ætla að búseta hafi tekist þar ívið seinna en utar í dalnum. Þar eru heldur ekki byggðakjarnar eins og utar í dalnum heldur standa bæirnir í einni röð með nokkuð jöfnu millibili eftir að komið er fram fyrir Urðir. Urðir eru landmesta jörðin í þessum hluta dalsins því hún á ekki aðeins rúmlega 2 km breiða spildu norðan ár heldur einnig allmikið land sunnan Svarfaðardalsár. Líklegt verður að telja að þeir sem fyrst reistu bú á Urðum hafi ráðið miklu um landnám í dalnum þar inn af, bæði norðan og sunnan ár þó að einnig geti verið að landnámsmenn sem voru orðnir traustari í sessi neðar í dalnum, hafi getað haft áhrif á þá þróun eins og höfundur Svarfdæla sögu gerir ráð fyrir.

Á skráningarsvæðinu eru því þrír megin landnámskjarnar, einn við mynni Svarfaðardalsár, annar norðan við Þverá og sá þriðji og sennilega yngsti á Urðum. Tveir hinir fyrrnefndu hafa frá upphafi skipst í tvennt, UPSir-Hóll og Böggvisstaðir-Hrafnstaðir annarsvegar og Grund-Brekka og Bakki-Þverá hinsvegar. Kjarninn við mynni Svarfaðardalsár er sennilega elstur en fljótlega hefur orðið fjölbyggðara og meiri áhrif safnast í kringum Grund þannig að þar hefur orðið valdamiðstöð vestanmegin í

dalnum. Þegar byggð hafði fests í sessi í þessum þremur kjörnum hefur enn verið talsvert land ónumið í dalnum og má ætla að góðjarðir sem standa fjær kjörnunum hafi byggst af fólki sem kom út seinna en fyrstu hóparnir. Það hefur þá getað tekið sér ónumið land án þess að hinir sem á undan voru komnir gætu amast við því. Til þessa flokks má telja Holt – sem seinna hefur skipst í Ytra- og Syðra-Holt og var bænhús á Syðra-Holti – og Hreiðarsstaði þar sem var hálfkirkja.

Aðrar jarðir á skráningarsvæðinu hafa byggst frá byggðakjörnunum þremur. Það hefur gerst með tvennum hætti. Annarsvegar með því að býli voru klofin frá kjörnunum, t.d. Brimnes frá Böggvisstöðum, Jarðbrú frá Brekku, Steindyr frá Bakka eða Þverá og Skröflustaðir og Hóll frá Urðum. Hinsvegar með því að minna álitleg svæði voru skipulögð til byggðar af stórbændum eða höfðingjum byggðakjarnanna. Fáar slíkar jarðir eru á skráningarsvæðinu, en Karlsá og Sauðanes eru örugglega af þessum uppruna, Auðnir og hugsanlega Klaufabrekkur. Þriðja tilbrigðið er Tjörn. Nokkuð víða á landinu háttar svo til að sóknarkirkjur risu á jörðum sem eru til hliðar við greinilega landnámskjarna, t.d. Hjaltastaðir í Útmannasveit og Möðruvellir í Hörgárdal. Slíkt fyrirkomulag má helst túlka þannig að þar sem landnámskjarnar urðu snemma fjölbyggðir án þess að einn bóndi eða ein fjölskylda næði þar afdráttarlausum undirtökum vegna þess að öllu besta landinu var nokkuð jafn skipt á milli býlanna, þá hefur það borgað sig fyrir þann sem vildi ná áhrifum yfir kjarnanum að flytja sig um set, útfyrir byggðina og nema sér stærra land hið næsta við kjarnann. Það land hefur ekki verið jafngott og það sem upphaflegi kjarninn hafði undir en hið nýja bú hefur engu að síður verið stærra en nokkurt eitt hinna eldri. Það má því setja fram þá tilgátu að Tjörn sé byggð frá kjarnanum í kringum Grund af manni eða fjölskyldu sem vildi setja sig í áhrifastöðu gagnvart hinni þéttu byggð bænda í vesturhluta dalsins. Það að sóknarkirkja reis síðar á Tjörn bendir til að það hafi tekist.

Hér hefur verið brugðið upp mynd af því hvernig landnám hefur getað átt sér stað á skráningarsvæðinu og er gert ráð fyrir því að flest lögbylí á svæðinu hafi byggst strax á landnámsöld. Helst mætti geta þess til að smájarðir eins og Brimnes, Ingvarir, Steindyr og Hóll gætu hafa byggst ívið seinna en ekki er þó ástæða til að ætla að þar skipti meira en áratugum. Steindyra og Ingvara er getið í Svarfdæla sögu og hafa þær því örugglega verið fornar þegar sagan var rituð á 14. öld. Einnig má geta þess til að Garðshornin þrjú

séu yngri en frá landnámsöld. Tjarnargarðshorns er þó getið í Sturlungu við atburði árið 1191 (Sturl, 136) og bendir það til að Ytra- og Syðra-Garðshorn geti einnig hafa verið komin í byggð þá – en þeirra er ekki getið í skjölum fyrr en á 16. öld. Þá fylgdi Ytra-Garðshorn með í kaupum á Grund og Syðra-Garðshorn með kaupum á Bakka og Steindyrum og má draga af því þá ályktun að þó að byggðin geti hafa verið gömul í Garðshornunum þá hafi þau ekki orðið sjálfstæðar jarðir fyrr en mjög seint, sennilega á 16. öld.

Mörg minni býli hafa verið í byggð á skráningarsvæðinu en fyrsta yfirlit um þau er að fá í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712. Þar er getið um rústir sem taldar voru eftir eyðibýli á Mígindi út við Ólafsfjarðarmúla – þar sjást enn rústir -, á Töðugerði í landi Hóls og á Þverárgerði í landi Þverár. Engar heimildir höfðu menn þá um búskap á þessum stöðum en drógu þá ályktun af rústum og garðlögum. Ekki er það þó örugg vísbending um búsetu og má vera að þessir staðir hafi aðeins verið beitarhús með túnskæklum í kring en ekki sjálfstæð býli. Í flokk elstu smábýla falla þau sem í jarðabókinni eru talin byggð fyrir manna minni, en það virðist yfirleitt þýða að byggð hafi verið reist fyrir 1600. Í þeim flokki eru Árgerði í landi Böggvisstaða, Miðkot og Efra Upsakot í landi Upsa, Brekkukot í landi Brekku, Bakkakot í landi Steindyra, Hreiðarstaðakot í landi Hreiðarstaða, Gróugerði, og Þorleifsstaðir í landi Urða og Klaufabrekknakot í landi Klaufabrekkna. Sum þessara bæjarstaða gætu vel verið frá landnámsöld, einkum þau sem eru innan hinna meintu landnámskjarna, t.d. kotin í túni Upsa og Bakkakot hjá Steindyrum, hugsanlega einnig Þorleifsstaðir upp frá Urðum. Bæir með endingunni –gerði virðast yfirleitt hafa byggst á 16. öld eða síðar, en þar virðist alltaf um að ræða gömul fjárhússtæði með túni í kring sem breytt var í sjálfstæð býli. Bæir með endingunni –kot geta verið eldri, frá 14. eða 15. öld en sú ending hefur einnig oft festst við býli sem reist voru á rústum eldri bæja, sem þá höfðu kannski haft önnur nöfn. Bæjarstæði Brekkukots og Klaufabrekkankots geta því verið forn eins og Upsakotanna, en hjáleigubúskapur á þar varla eldri rætur en frá síðmiðöldum. Til þessa flokks verður einnig að telja Sauðáarkot sem byggt hefur verið úr landi Sauðaness en það var í eyði 1712 og hafði verið það oft áður samkvæmt jarðabókinni.

Á seinni hluta 17. aldar voru stofnuð mörg ný býli á skráningarsvæðinu eins og víða annarsstaðar á landinu. Virðist það einkum hafa verið á árunum 1660-70 sem það

gerðist í Svarfaðardal. Mörg þessara býla urðu skammæ og voru farin í eyði aftur þegar jarðabókin var tekin saman 1712 en á öðrum hést byggðin velli – oft með hléum þó – á 18. og 19. öld. Í fyrri floknum eru Karlsárkot, Aragerði í landi Hrafnsstaða og Lúsakot í landi Tjarnar. Í þeim seinni eru Sauðaneskot (b. um 1660), Lækjarbakki (b. um 1660), Holtskot (b. um 1670), Tjarnarkot (b. um 1670) og Gullbringa (b. um 1660).

Á 18. öld hófst byggð á Háagerði (einnig kallað Upsagerði), Halldórsgerði í landi Ytra-Holts og Bakkagerði í landi Bakka. Halldórsgerði var í byggð fram á 19. öld, en Bakkagerði var í eyði nema 1828-1850 og frá 1897. 1898 hófst svo byggð í Blakksgerði í landi Grundar. Þar hafði verið þingstaður Svarfdæla og er getið um tóftir þar í lýsingum frá 18. öld sem má túlka sem svo að þar hafi verið fornt eyðibýli.

Byggðapróun á skráningarsvæðinu er mjög lík því sem gerðist annarsstaðar á landinu. Allsstaðar er myndin sú sama: Flest eða öll lögbýli byggjast þegar á landnámsöld og sennilega einnig nokkur smábýli í tünnum höfuðbóla. Á síðmiðöldum eru stofnuð nokkur nýbýli, hjáleigur sem yfirleitt hafa endinguna –kot, á meðaljörðum. Á 16. öld eru mörg gerði tekin til búsetu en á 17. öld hleypur verulegur kippur í byggðina og mörg nýbýli eru stofnuð. Í sumum landshlutum gerðist það í tveimur bylgjum, um 1640 og aftur um 1660-70, en í Svarfaðardal verður ekki vart við neinar hreyfingar í þessa átt fyrr en um 1660. Mörg þessara býla fóru fljótt í eyði aftur, en á sumum var byggt á ný af og til á 18. og 19. öld. Einnig voru á þeim öldum stofnuð nokkur nýbýli, en þó svo fá og svo stopult að ekki er hægt að tala um ákveðna þróun. Það virðist fremur hafa verið einkenni á íslenskri sveitabyggð að smábýli voru stofnuð þegar vel áraði og fátæklingar gátu reynt að koma undir sig fótunum, en fóru svo í eyði aftur þegar harðnaði á dalnum. Það er ósvöruð spurning hvort að slíkar sveiflur hafi alltaf verið í byggðinni, þ.e. allt frá landnámsöld eða hvort að þær eru einkenni á byggðinni eftir miðaldir. Í því samhengi má benda á að á miðöldum bjuggu höfðingjar yfirleitt sjálfir á höfuðbólum sínum og áttu leigujarðir í kring um þau. Greinilegt er að höfðingjar og stórbændur stjórnðu sjálfir framleiðslu eigin búa og leigujarða. Þetta breyttist eftir siðaskipti og jarðeignir efnamanna urðu mun dreifðari og þeir sjálfir skiptu sér lítið af rekstri búanna svo fremi að þeir fengju leigutekjur af þeim. Áherslan á leigugreiðslur fremur en stjórnun framleiðslu gæti hafa ýtt undir stofnun smábýla, en með þeim mátti auka leigutekjurnar þó að

framleiðslan yrði einhæfari og jafnvel minni. Þetta er þó – eins og svo margt annað í íslenskri byggðasögu – ókannað mál.

Í heild má segja að byggð á skráningarsvæðinu hafi alltaf verið mjög stöðug. Einhverjar tilfæringar á bæjarstæðum hafa verið á allrafyrstu árum landnáms meðan menn voru að finna sér hentugasta bæjarstæðið. Til er sögn um að Upsir hafi upphaflega staðið í mynni Upsadals þar sem nú heitir Selhóll og er lýst þar allmiklum rústum á 18. öld þó ekki sjáist fyrir þeim lengur. Skálinn sem Kristján Eldjárn gróf upp í Klaufanesi 1940 er augljóslega dæmi um frumbýli sem ekki var notað meir en í nokkur ár, og hefur sú byggð vísast verið færð þangað sem Klaufabrekkur eru nú en Klaufanes er talið hafa tilheyrt Klaufabrekkum fram á 19. öld. Algengara gæti hafa verið að frumbýlin legðust ekki alveg í eyði eins og Klaufanes, heldur breyttust þau í kot eða hjáleigur og hefur þess verið getið til hér að Steindyr og Bakkakot gætu hafa verið þesslegt frumbýli þeirra sem síðar byggðu á Bakka.

Fyrir utan Klaufanes og hin ýmsu kot sem hafa verið í byggð af og til á seinni öldum eru engin forn bæjarstæði á skráningarsvæðinu sem gætu bent til að skipan byggðarinnar hefði breyst. Bæjarstæði Syðra-Holts þurfti að flytja á 19. öld vegna ágangs Holtsár, en Skröflustaðir eru eina lögbýlið á skráningarsvæðinu sem lagðist í eyði fyrir 20. öld. Sú jörð var eydd vegna skriðufalla um 1700 þó að menn hafi af og til hafst þar við fram á 19. öld.

4. Fornleifaskrá

Hér að neðan er birt skrá um þær 598 fornleifar sem skráðar voru 1999. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Hverjum minjastað er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-137:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna..

Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar eða hlutverk og síðan hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í

miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 30 m að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifa kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er getið heimilda, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.


Af 598 stöðum sem skráðir voru eru 501 eiginleg mannvirki en af hinum er mest um þjóðsagnastaði (20) götur (4), ferjur og vöð (6), vörður (4) og loks örnefni sem benda til fornminja þar sem engin mannvirki fundust þó við leit (34). Af þeim 501 stað þar sem mannvirki eru eða hafa verið eru 184 enn óskemmd en á 317 stöðum eru mannvirkjaleifar ekki lengur sýnilegar. Í langflestum tilfellum hafa tóftir horfið vegna túnasléttunar en einnig hafa nokkrar horfið undir byggingar og vegi. Ástand þeirra 184 minjastaða þar sem tóftir sjást enn, er yfirleitt ágætt. 6 gömul torfhús standa enn undir þaki á skráningarsvæðinu, á 85 stöðum standa hleðslur enn lítið sem ekkert hrundar, en á 76 stöðum eru hleðslurnar signar og á 17 stöðum eru þær útflattar og ógreinilegar.

Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Á flestum stöðum var hægt að meta hættu og reyndust 142 vera í engri hættu en 387 töldust í hættu eða mikilli hættu vegna nálægðar við staði þar sem framkvæmdir af ýmsu tagi eiga sér stað. Flestir þeirra staða sem taldir voru í einhverri hættu töldust í takmarkaðri hættu vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgja búskap, en 7 staðir töldust í sérstaklega mikilli hættu vegna vatnsaga, malarnáms og ábúðar.

Flestar minjanna sem skráðar voru tengjast landbúnaði og eru útihús langstærsti flokkurinn, þar á meðal 56 fjárhús (að auki 3 hrútafús og 6 lambhús), 20 fjós og 19 hesthús. Að auki 2 beitarhús, 33 stekkir, 20 sel og 11 túngarðar. Þá hefur mótak verið á 16 stöðum og torfrista á 8. Minjar sjósóknar eru nokkrar nyrst á skráningarsvæðinu en þar voru skráðar 8 verbúðir, 8 lendingar, 6 uppsátur 2 naust og 2 sjóbúðir. Nánari grein verður gerð fyrir hverjum minjaflokki í kafla 5.

Skrá yfir fornleifar

EY-101 Bökkvisstaðir



40 hdr. 1712. Möðruvallaklaustursjörð frá 1507. Einnig Bökkustaðir, Bögversstaðir og Beggustaðir. "Boggvir hét son [Karls Karlssonar á Upsum], er bjó á Boggvisstodum ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 207. "Þeir [Karl rauði] mæta Geira við gerði þat, er upp er ok suðr frá Bogg[vis]stodum. Karl lét taka Geira ok drepa, ok er þat kallat á Geiravollum." Svarfdæla saga, ÍF IX, 187. Einnig getið í Þjóstólfs sögu hamramma. **16.2.1441** selur Björn Jónsson sr. Jóni Pálssyni Brimnes og Bökkustaði í Ufsaþingum fyrir 60 hdr og sagði frá bænhússkyld á Bökkustöðum og skyldi hann enga peninga fyrir það lúka þó það væri eigi uppi - DI IV, 619-20.

12.11.1441 selur sr. Jón Pálsson Jóni Finnbogasyni Bökkustaði og Brimnes fyrir 60 hdr - DI IV, 621-22. **22.1.1455** krefur Sigurður prior á Möðruvöllum Jón Finnbogason um alla þá viði sem hann hafði flutt burt af Bökkustaðareka frá því fyrsta er hann átti jörðina. Reiknaði Sigurður að Möðruvallaklaustur ætti þrjá hluti í viðreka og hvalreka á Bökkustaðasandi réttisyni úr Uxárósi þar hún hefur að fornu fallið og vestur að steini þeim er stendur fyrir sunnan Djúpudæld - DI V, 129.

12.5.1469 selur Halldór Jónsson Eyjólfí Arnfinssyni Brimnes og rekann sem jörðinni tilheyrir "landeign vpp aa molldbrectur. þessi rekamörk. fra brimnesaar osi oc j sten þann er stendr i midri diupudæl. voru þessar jtaulor oc greindar vpp j bauggustada iord. háalfsmanadar teigur aa flæðarnar oc

holm þann er kallazt brimnesholmr. enn beit a branzdal fyrer sunnan fram j dalnum aullu bufæ nær sem beita vill vetur edur sumar." og greiddi Eyjólfur 12 hdr fyrir Brimnes - DI V, 539-40.

16.9.1507 selur sr. Guðmundur Jónsson Möðruvallaklaustri Bökkustaði fyrir Bakka og Steindyr og gaf 5 hdr í milli - DI VIII, 158-59.

1525 eru Bökkustaðir meðal jarða Möðruvallaklausturs og átti klaustrið jafnframt "þria hluti j hualareca og so mikcid j vidreca aa boggustadasande fráa vxärösi hinum forna og til brimnesär ös þar hun hefur ath fornu runnid." DI IX, 319.

1569: "Med Boggustaudum v. [kugilldi]" Möðruvallakl. reikningur - DI XV, 364.

1570: "Med Boggustaudum iijj kugildi." Möðruvallakl. reikningur - DI XV, 366. Árgerði hjáleiga síðan fyrir 1712. Útræði var af Bökkvisstaðasandi og þar tók Dalvíkurþorp að myndast á seinni hluta 19. aldar. Dalvíkurbær á jörðina sem fór í eyði 1960.

1917: 8.3 ha. Garðar 1710 m².

1839: "... meðalgóð að heyskap, en til kosta telst einkum þetta: rekaland, fyrirdráttarpláss fyrir sjóreyður, hagkvisti, útigangur, góð torfrista og geur miðlað öðrum

þurfandi." SSE, 68;

1990: "Jörðin var áður ein mesta vildisjörð í hreppnum enda landrými nokkurt og sumarbeit á Böggvisstaðadal, en þar að auki útræði af Böggvisstaðasandi, reki og ýmis hlunnindi önnur." BE 1990, 131

Ey-101:001 *Böggvisstaðir* bæjarhóll bústaður 65°57.873N 18°32.898V


Þar sem gamli torfbærinn var stendur nú steinsteypt íbúðarhús norðan við heimreiðina. Að vestan og sunnan eru tún Böggvisstaða. Rétt austan við er Snælduhóll. Fyrir norðan eru hús sem notuð voru í refa-/minkabúskap. Húsið sem merkt er inn á túnakort er timburhús, byggt 1912. Eftir að timburhúsið var byggt og gamli bærinn rifinn var sáðreitur á bæjarstaðinu sem merktur er inn á túnakort. Timburhús þetta stendur ekki. Ekki vitað hvenær steinhúsið var byggt. Það er kjallari í steinhúsinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-101:002 *Lambhús* 2 fjárhústóftir 65°57.834N 18°32.935V

Um 20 m suðvestan við 001 eru tvær tóftir, neðan við hól. Tóftirnar eru á lágum hólruna. Milli þeirra og 001 er skurður og einnig er skurður sunnan við. Lækur rennur ofan við skurðhraukinn. Allt svæðið er grasi gróið.



Milli þessara tófta hafa ábúendur kveikt í rusli og sjást leifar þess. Eystri tóftin skiptist í tvö hólf, dyr eru í austur og hlaða vestan við. Um 10 m vestar er önnur tóft hringlaga. Hún er álíka djúp og hlöðutóftin eða um 0,6 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-101:003 heimild um hesthús 65°57.738N 18°33.189V

Um 260 m suðvestur af 001 og um 20 m suðvestur af 004 var áður hesthús. Það var um 100 m vestnorðvestur af 007. Húsið hefur staðið þar sem nú er smáhæð í túni. Vestan við þar sem húsið hefur staðið sést móta fyrir garði sem búið er að slétta, ofan við eru lyngi vaxnir móar. 180-200 m beint í suður frá þessum stað er hól sem búið er að grafa í sundur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-101:004 heimild um fjárhús 65°57.789N 18°33.110V

Um 220 m suðvestur af 001 stóðu fjárhús á litilli hæð. Húsið hefur verið um 20 m norðaustan við 003. Fjárhúsin voru þar sem nú eru ræktuð tún, vestarlega. Þau hafa staðið á litlum hól en í honum sjást nokkrar dældir, norðarlega. Ofar eru lyngi vaxnir hólur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-101:005 *Miðhús* heimild um fjárhús 65°57.732N 18°33.070V

Um 250 m suður af 001 og 30 m vestan við 006 stóðu fjárhúsin Miðhús áður. Húsin voru um 50 m sunnan við skurð. Þar sem húsin stóðu er nú ræktað tún. Engar dældir eru í túninu sem gefa til kynna nákvæma staðsetningu húsanna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-101:006 þúst fjárhús 65°57.709N 18°33.056V

Fjárhús voru um 240 m sunnan við 001, á hól í ræktaðu túni. Þau voru beint upp af Árgerði, næstum mitt á milli 001 og Hrafnstaða, um 15 m norðan við 007. Að norðan og austan eru skurðir í um 50 m fjarlægð. Í

túninu eru dældir sem sýna hvar húsið var. Dyr hafa snúið í austur og vestan við var hlaða sem náði lengra til norðurs en fjárhúsin. Fjárhúsin rúmuðu 50 kindur. Sléttað var yfir tóftina á áttunda áratug 20. aldar.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-101:007 þúst fjárhús 65°57.716N 18°33.062V

Um 250 m suður af 001 voru fjárhús. Húsin stóðu efst í ræktuðu túni. Um 40 m austan við er skurður sem liggur norður-suður og beygir svo til austurs. Um 60 m norðan við er annar skurður. Fjárhús þessi voru um 15 m sunnan við 006. Tóftin er mitt á milli 001 og Hrafnstaða. Hús þessi voru steinsteyppt (fyrir 1919) og snéru dyr í vestur. Enn sjást dældir á hólnum eftir húsið. Hlaða var austan við fjárhúsið. Húsið var rífið á sjöunda áratug 20. aldar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-101:008 heimild um útihús 65°57.685N 18°33.167V

Um 60 m sunnan við 005 og 50 m suðvestan við 007 mun hafa staðið útihús. Útihúsið hefur staðið þar sem nú eru ræktuð tún. Ofan við eru lyngi vaxnir hólar. 400-500 m austan við staðinn rennur Svarfaðardalsá. Túnið er á þessum stað mjög hólótt og dældótt og því erfitt að greina á milli náttúrulegra og manngerðra leifa á túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-101:009 heimild um ferju 65°57.604N 18°32.383V

"Beint ofan undan bænum [á Skáldalæk] heitir Ferjuós. Þaðan var lengi ferjað yfir Svarfaðardalsá." segir í örnefnalýsingu Svarfaðardals. "...við Árgerðisbrú á Dalsánni. Þar var áður lögferja." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Ferjustaðurinn er norðan við Hrafnstaðakot, sunnan við nýju Árgerðisbrúna. Á þessum stað gengur smá vík inn í bakkann og er sandur þar (og út í á) á um 30 m löngum kafla. Beint á móti, norðan við ána er einnig sandbakki. Árbakkinn er á þessum stað grösugur og nokkuð brattur (3-4 m hár) og sér ekki heim að 001. Sunnan við er bakkinn lægri og kemur aðeins grösugt nes út í á. Sunnan við sandinn í ánni er kjarrvaxinn hólmur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 253; Ö-Dalv, 350


Ey-101:010 Sandgerðishóll örnefni 65°57.979N 18°32.394V

"Skammt ofan við býlið Ásgarð og Árgerðismelana er Sandgerðishóll." segir í örnefnalýsingu. Beint suður frá sundlaug Dalvíkur er þyrping lágra og aflangra hóla. Hólarnir eru suðvestan við íþróttasvæðið, ofan við Ásgarð. Sandgerðishóll er sá austasti. Mýrarsvæði var í kringum hól þennan en nú er búið að ræsta fram tún að sunnan og austan. Sunnan í hólnum er brennistæði, nýlegt þar sem grassvörður hefur verið ristur af og grjóti hlaðið í kring. Að vestan er gamall vegur inn í Dalvík. Gatan frá Böggvistöðum og niður á Sandinn lá um Sandgerðishóla og kom niður hjá Nýjabæ og Sandgerði. Sunnan og ofan við hóllinn var mikil svarðartekja, bæði frá 001 og búðunum á Sandinum. Á suðaustasta og stærsta hólnum eru garðlög úr grjóti, þau liggja þvert yfir hóllinn í og liggja í einskonar ferhyrning. Gæti verið hleðsla undir girðingu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 351

Ey-101:011 Böggvisstaðastekkur stekkjartóft 65°57.959N 18°33.399V



"Neðan fjallshlíðar [Böggvisstaðafjalls] heitir Brekkur. Þar eru tóftir Böggvisstaðastekks neðan undir Stekkjarhjalla." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um 0,5 km vestan við 001, ofan við trjáreit og um 300 m sunnan við skíðaskála. Hóllinn sem stekkurinn stendur á er einnig kallaður Selhóll. Tóftin er rétt neðan við fjallshlíðar. Umhverfis eru lyngi- og kjarrvaxnir hólar með grasivöxnum lautum. Á milli eru víða mýrarblettir sem eru hálfþornaðir. Stekkurinn eru uppi á hól. Umhverfis hann er mjög grænt. Lítilsháttar uppblástur eru suðvestan við stekkin, innangarðs. Stekkurinn er mjög stór. Mikill garður er utanum hann og virðist sem önnur tóft sé vestan við hann, einhvers konar hús, innangarðs. Sunnan við stekkin hefur verið ýtt úr honum í stíflu vegna leysingarvatns á vorin. Ruðningur þessi hefur skemmt stekkin að sunnan. Svipaður ruðningur er vestan við garðinn. Garðurinn er aðeins farinn að hlaupa í þúfur. Vegna þess að mikið gras og sína er ofan á tóftinni er erfitt að átta sig nákvæmlega á lögun hennar. Ofan við garðinn er grasbali þar sem renna hefur verið grafin frá austri til vesturs. Rennan dýpkar og stækkar í endann - hefur að líkindum verið notuð sem brunnur. Hún er um 0,4 m á dýpt þar sem hún er dýpst og um 8 m löng. Frá rennunni liggur götuslóði að stekknunum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Dalv, 351

Ey-101:012 *Dalsgötur/Dælagötur* gata leið 65°58.377N 18°33.853V

"Frá Böggvisstaðastekknunum [011] liggja svonefndar Dalsgötur upp til Dalsins, en fjallsmeginn við þær heitir Leppamelur neðan til við hálsinn." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Fram hjá Löngulaut efst liggja Dælagötur fram á Böggvisstaðadalinn." segir í örnefnaskrá Böggvisstaða. Frá Böggvisstaðastekknunum liggja Dalsgötur skáhallt upp fjallshlíðina. Ef gengið er upp meðfram skíðalyftu Dalvíkinga eru göturnar um 300-400 m ofan við skíðaskála. Fjallshlíðin er lyng- og kjarri vaxin og á stöku stað eru rofabörð. Brimnesá rennur um dalinn. Ofan og sunnan við Stórhól er aflöng tjörn. Göturnar eru breiðar og auðfarnar og notaðar enn í dag, bæði af hestamönnum og göngufólki.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Ö-Dalv, 351; Aðalheiður Jóhannsdóttir: Örnefni í Böggvisstaðalandi

Ey-101:013 *Skúlagærði* örnefni útihús 65°57.675N 18°33.325V
 "Syðst og efst í túni er Skúlagærði kallað, en ekki er neitt kunnugt um tilefni þess nafns." segir í örnefnalýsingu. Skúlagærði heitir syðst og efst í túninu, um 100 m norðan við Hrafnstaðamerki. Talið er að þar hafi verið útihús en einnig er mögulegt að þar hafi verið býli. Á hólnum sunnan við 007, næst merkjum, eru dældir sem hugsanlegt er að séu eftir hús. Sá staður er þó nær því að vera í miðju túni en efst og syðst í því.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 351

Ey-101:014 *Kofinn* smalakofatóft 65°58.224N 18°37.742V



"Framan við Keldur [heimarlega á Bögvisstaðadal] heitir Grjóthæð. Framan þeirrar hæðar heita tóftarústir Kofinn, vafalaust leifar samalakofa. Þetta er rétt við Þverdalinn. Þar var ævinlega að í göngum." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Kofi á Bögvisstaðadal er framarlega á dalnum: það var skýli fyrir smala og aðra, sem áttu leið um. Nú

eru þetta einungis rústir, kannske horfnar, en samt viðmiðunarstaður ennþá." segir í örnefnaskrá Bögvisstaða. Ef fylgt er Dalsgötum (012) er gengið fram á tóftina, sem er um 5 m frá gilbarmi og 10 m vestan við skúr sem ferðafélagið lét setja upp. Kofinn er um klukkustundar gangur frá skíðaskálanum. Talið er að þessi kofi sé Dalakofi Davíðs Stefánssonar. Svæðið næst tóftinni er grasi gróið. Stór mýri er vestan við hana. Norðan við Brimnesá er smalakofi frá Upsum. Stutt er inni í dalbotninn, rétt rúmlega 2 km. Áin er ekki djúp á þessum stað en nokkuð straumhörð. Tvær tóftir eru á þessum stað. Önnur er ívið minni. Dyr snúa í suður á þeim báðum. Búið er að strengja band utan um stærri tóftina til að verja hana ágangi, einnig er þar stautur og kassi sem gestabók var geymd í, en nú er hún í skúrnum austan við tóftina.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Ö-Dalv, 351; Aðalheiður Jóhannsdóttir: Örnefni í Bögvisstaðalandi

Ey-101:015 *Reykjaheiði* gata leið 65°57.726N 18°40.078V

1949: "Reykjaheiði er tíðfarnasta leiðin [milli Svarfaðardals og Ólafsfjarðar] og greiðfærasta, þótt lengst sé. Hún var áður póstleið, og var vegurinn ruddur og varðaður um aldamótin síðustu. Mjög hafa þær vegabætur þó gengið úr sér í seinni tíð, síðan landpóstaferðir lögðust niður, enda þá lítt við haldið ... Úr Svafaðardal er farið upp frá Bögvisstöðum um sneiðinga utan í fjallsöxlinni, sem er mjög lyngi gróin. Síðan er farið fram Bögvisstaðadal, sem er allangur en grösugur neðan til með mýrarundum, vallendislautum og lyngbrekkum en skriðurunninn hið efra. Þar eru engjar nokkrar eins og á Upsadal norðan árinna. Fram eftir dalnum eru glöggar og greiðfærar götur, og fylgir símalínan þeim eftir fram um miðjan dal ... Leiðin upp á Reykjaheiði liggur nú áfram sunnan árinna fram undir dalbotn. Er fremri hluti leiðarinnar allgrýttur og dalurinn gróðurlítt framán til. Dalbotninn sjálfur er skeifulaga hvílt með hamrabrikum í kring. Frammi undir botninum beygir vegurinn yfir ána, og hefjast þar vörðurnar." segir í Lýsingu Eyjafjarðar I, 173-74 "Póstleiðin til Ólafsfjarðar lá um Bögvisstaðadal. Voru ruddar götur um dalinn þangað fram, sem kallað var Nef í dalsbotnunum." segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir þar: "Forn almannavegur liggur um Upsadal (Bögvisstaðadal) ... Það er Ólafsfjarðarleið. Er þá farið, efst í þessum dal, yfir Heiðarlæk og síðan í krókum upp Heiðarhausna í Upsadalsbotni." Ef gengið er eftir Dalsgötum inn dalinn nærri því þar til komið er í botn hefst vörðuð leið (sunnan við Brimnesá) sem liggur yfir ána, upp á móti heiði og yfir Reykjaheiði. Lyngi vaxin, nokkuð gróin hlið með mýrarflákum og vallendislautum, skriðrunnin. Göturnar eru greiðfærar, landið hækkar smá saman, þannig að ekki er hátt upp úr dalnum og upp á heiði. Göturnar eru enn notaðar af hestamönnum og göngufólki. Önnur varða að sunnan er 1,3 m á hæð, hringlaga 1 X 1 m. Vörðunni er haldið við.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LE I, 173-74; Ö-Dalv, 351, 354

Ey-101:016 heimild um lendingu

"Heimræði er hjer, lending í betra lagi og gott skipsuppsátur, og gengur hjer nú hálf tannað skip, em ábúanda tilheyrir. Inntökuskip eru hjer tvö og ekki fleiri í næstu 30 ár, en að fornu 5 eður 6." segir í

jarðabók Árna og Páls frá 1712. Lendingin var á sjálfum Sandinum, austan við bryggjuna sem nú er, beint niður undan bifreiðaverkstæðinu Kambi. Svartur sandur er langt út, frekar grunnt en ekki grýtt. Malarkambur er á sjávarbakkannum, en nú er búið að losa ofan á hann ýmiskonar efni og einnig liggur vegur á kambinum eftir sandinum endilöngum. Lendingin var á sandinum og þurfti að draga bátana nokkuð langt upp vegna þess hve grunnt er á þessum stað. Þarna gat líka orðið mikið brim sökum þess hversu opið er til hafs. Síðar var byggð bryggja, Bøggvistaðabryggja og var hún beint neðan við verkstæði sem nú stendur á kambinum. Hana tók af veturinn 1918-1919 vegna ísa.

Heimildir: JÁM X, 49

Ey-101:017 *Bøggvistaðasandur* heimild um uppsátur 65°58.217N 18°31.589V
"Heimræði er hjer, lending í betra lagi og gott skipsuppsátur, og gegnur hjer nú hálfu annað skip, em ábúanda tilheyrir. Inntökuskip eru hjer tvö og ekki fleiri í næstu 30 ár, en að fornu 5 eður 6." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Austan við höfnina á Dalvík er Sandurinn, þaðan var útræðið. Um 100 m ofan við sjávarmál, fast vestan við bifreiðaverkstæðið Kamb var skipsuppsátur frá Bøggvistöðum. Nú er iðnaðar- og íbúðarhverfi rétt ofan við fjöruna. Vegur liggur þar meðfram og búið er að fylla upp að mestu malarkambinn sem var ofan við sandfjöruna.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: JÁM X, 49

Ey-101:018 *Bøggvistaðabúð/B aldvinstaðabúð* heimild um verbúð 65°58.203N 18°31.600V
"Verbúðir eru hjer öngvar, en hafa að fornu verið 4 eður 5, og byggðu skipeigendur þær á sinn kost ..." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Við norðausturhorn hússins Sigtúns, 150-200 m frá sjó, var búð sem var rifin er Sigtún var byggt. Verbúðir geta vel hafa verið víðar á Sandinum. Nú er garður umhverfis með smáhúsum/skúrum.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 49

Ey-101:019 *Selhöll* seltóftir 65°58.519N 18°34.407V



"Sunnan og ofan Moldbrekkna [í Brimneslandi] eru votlendar flatir og sléttar lautir, Sellautir [landamerki]. Tveir eru þar Selhólar, sá minni í Brimneslandi, en sá stærri í Bökkvisstaðamegin." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Ef farið er upp með Löngulaut er fljótlega komið upp á Bökkvisstaðaháls. Þá er Selhóllinn framundan til vinstri, nokkuð stór og kollóttur hóll. Austan og norðaustan við hann eru Sellautirnar þarna niður undan Selhólnum." segir í örnefnaskrá Bökkvisstaða. Selið er framarlega á Selhólnum um 2 km frá 001. Framan í Selhólnum er hár og sléttur stallur. Hann er grasivaxinn og er selið fremst á honum. Austan og norðaustan við eru Sellautir og er Brimnessel (103:012) í tæplega 100 m fjarlægð. Nokkur mosi og eltir er einnig á tóftunum. Nyrst er tóft sem skiptist í tvö hólf og dyr eru til norðurs. Hleðsluhæð er 60 sm. Tóftin er 4,5 X 8 m. Lítið hólf er austan við og liggur það langsum. Sjálft selið er stórt og mikið gróið (hleðsluhæð 0,3-0,4 og breidd veggja 1,2 m) og sigið en greinilega sjást 4 hólf og eitt eða tvö mjög ógreinileg. Beint framan (vestan) við selið er önnur tóft. Hún er mikið sigin og greinilega elst. Um 17 m suðvestan við er önnur tóft, einföld og með dyr til norðurs. Hún er um 7 m neðan við stekinn/kvínna (045).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ó-Dalv, 352; Aðalheiður Jóhannsdóttir: Örnefni í Bökkvisstaðalandi

Ey-101:020 kuml legstaður 65°58.261N 18°31.684V

"Sumarið 1937 rannsakaði Matthías Þórðarson fornt kuml á Dalvík, og hafði það fundizt við vatnsleiðslugróft hjá húsi því, er Sunnuhvoll heitir. Er það um 300 m sunnar og vestar með víkinni en kumlateigurinn hjá húsinu Höfn [sbr. Brimnes] ... og nærri sjónum, en þó er akvegur á milli. Nokkrum árum áður hafði orðið vart tveggja annarra kumla, manns og hests, þar sem Sunnuhvolshúsið og blómagarður þess er nú, en engin rannsókn var gerð. Einnig er talið að kumls hafi orðið vart suðvestan við kuml það sem rannsakað var, og jafnvel enn annars utan við húsið Víkurhól, sem er norðvestan við Sunnuhvol. Kuml þessi hafa öll verið á marbakkanum." Bátkumlið sem rannsakað var 1937 var fast austan við húsið Sunnuhvol en þar fyrir utan eru fjögur önnur kuml órannsökuð á sama svæði. Það eru mannskuml og hestkuml þar sem Sunnuhvolshúsið og blómagarður þess er, kuml suðvestan við bátskumlið og fjórða kuml utan við húsið Víkurhól. Framan við húsið Sunnuhvol er gangstétt og steipt gata (Hafnarbraut).

"Kumlið, sem rannsakað var, var á bala framan við húsið, og sá á lábarða hnullunga upp úr grassverðinum og moldinni. Þeir hafa verið bornir upp úr fjörunni. Grjót þetta lá einkum í tveimur hrúgum, nyrzt og syðst á svæði því, sem tekið var til rannsóknar. Er þær voru teknar í burtu, kom í ljós, að blönduð hreyfð mold var á 1 m breiðu bili NA-SV, en óhreyfð, gulleit leirmold til beggja hliða, og sama kom í ljós fyrir endum þessa svæðis. Rák þessi endaði í oddi til beggja enda og duldist ekki, að bátur hafði verið grafinn í kumlinu, enda fundust þar á víð og deif rónaglar og naglabrot. Mest varð þeirra vart í suðurendanum og þar sáust einnig tréleifar sem svartar rákir í moldinni. Heilir eru 27 rónaglar, en brot eru upp undir 100, leggir og rær. Við flesta loða tréleifar. Farið eftir skipið eða bátinn var 6,45 m l. og 1.14 m að br. um miðjuna. Í því fundust mörg hrossbein, einkum nyrðri endanum og yzt í stafni þar var hrosshaus. Hann einn virtist óhreyfður, en öllu hinu hafði verið rótað. Syðri grjóthrúgan lá yfir bátinum sjálfum eða stefni hans að nokkru leyti, en hin nyrðri var norðaustan við norðurendann og virtist hafa verið rutt af kumlinu og lítið eitt til hliðar. Í kumlinu fundust engar leifar mannsbeina né heldur gripa, er manni hefðu fylgt. Þó er meðal járnbrota eitt, sem mjög lítur út fyrir að vera úr sverðsbrandi með tréslíðrum. Eflaust hefur maður verið heygður í bátinum, en bein hans fjarlægð seinna, sennilega við haugrofið."

Heimildir: KEKH, 121-22

Ey-101:021 heimild um bænhús 65°57.874N 18°32.882V

Í sölubréfi frá 1441 er þess getið að bænhússkyld sé á Böggvisstöðum og virðist sem það hafi þá verið fallið. Ekki eru neinar sagnir hvar bænhúsið á að hafa verið. Sennilegasta staðinn verður að telja norðan við íbúðarhús það sem nú stendur, við loðdýrahúsið. Þar er malarplan/vegur milli húsanna. Að ofan er Snælduhóll, að neðan eru tún Böggvisstaða.

16.2.1441: sagde ... biorn jonsson [seljandi] at bænhvs skyllid wære aa bauggvstodvm ok skyllde hann þar ongua peninga fyrer luka þo þat wæri eigi wppi; DI IV 620

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: DI IV, 620

Ey-101:022 *Beitarhúshólar* örnefni beitarhús 65°58.294N 18°33.205V

"Framan við Stóralæk eru Beitarhúshólar ... Framan við hólana er dalurinn láglendur og votlendur ... Fyrrum voru þarna slægjur og mikið heyjað meðan beitarhúsin voru notuð." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúshólar eru vestan við Stórhólstjörn, sem liggur norðvestan við Mímisveg þar sem hann beygir til suðvesturs vestan við Dalvíkurbæ. Lygi vaxnir hólar neðst í Böggvisstaðalandi. Fannst ekki við vettvangskönnun.


Heimildir: Ö-Dalv, 354

Ey-101:023 frásögn af brunni 65°57.867N 18°32.897V

Í brekkunni neðan við bæinn, skammt ofan við 001 var grjóthlaðinn brunnur. Hann hefur að líkindum verið neðan við efsta loðdýrahúsið (það eina sem eftir stendur), 20 m beint norðan við íbúðarhúsið. Brunnurinn var norðan við Snælduhól, ofan við túnin. Akvegur til Dalvíkur liggur rétt neðan við.

Ey-101:024 *Kofinn* tóft bústaður 65°57.867N 18°33.122V

Um 150 m vestan við 001, vestan við Snælduhól er tóft, kölluð Kofinn, uppi á hól. Norðan við er lægð afmörkuð af hólum á alla vega. Þar er dýtjörn sem þornar sjaldan. Að sunnan er djúp laut en iðagrænar lautir eru á milli lygi vaxinna hólanna. Tóftin er mikið sigin og sést varla vegna grass og sinu. Í þessum kofa var búið rétt fyrir síðastliðin aldamót, en fólkíð sem þar bjó byggði síðar Nýjabæ sem er nú elsta hús Dalvíkur, byggt 1899.



Hættumat: engin hætta

Ey-101:025 *Gíslabúð/Dórubúð* frásögn af verbúð 65°58.169N 18°31.584V

Rétt austan við lóðina við húsið Sægrund við Grundarstíg voru verbúðir þar sem nú er vegur og bílaplan. Er nú vegur og plan rétt vestan við Tréverk hf. Grundarstígur er norðan við. Sunnan við húsið Sægrund sést enn fyrir gömlum lækjarfarvegi sem rann þá við búðir þessar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-101:026 *Jónsbúð* frásögn af verbúð 65°58.117N 18°31.537V

Við enda Flæðavegs, um 7 m beint suðaustur af Nýjabæ, var verbúðin Jónsbúð. Norðan við er vegur og íbúðarhús. Að vestan og sunnan er grösugt mýrarsvæði með gröfnum skurðum og tjörnum í. Vestan við er Nýibær. Rósa Þorsteinsdóttir og Jón Stefánsson fluttu í þetta hús 1887 en þau eru jafnan talin "frumbyggjar" Dalvíkur.


Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Ey-101:027

tóftir

65°57.924N

18°32.901V



Um 100 m norðvestan við 001, í túnjaðri eru tvær tóftir. Þær eru sunnan í hól sem er norðan við "refahúsið", um 80 m vestan vegar. Tóftirnar eru á grasi grónu þýfðu svæði ofan við tún Bøggvissaða. Austan við eystri tóftina er grasi gróin garður sem að líkindum hefur verið hlaðinn undir girðingu (staurar standa upp úr). Sunnan við, neðan við hólinn, vex njóli og gæti þar hafa verið kartöflugarður. Tvær tóftir. Sú vestari er hringlaga. Austari tóftin liggur í brekkunni í suður og er garður fyrir endann þar.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-101:028

kviátóft

65°57.910N

18°32.842V



Rétt utan við 001 og við túnjaðarinn eru nokkrar tóftir og garðlög. Tóftirnar eru norðan við loðdýrahúsið, sunnan í hólum þar. Á meðal þeirra er kviátóft. Svæðið er hólótt og nokkuð af grjóti stendur upp úr jarðveginum. Er allt grasi gróid og er notað til beitar fyrir hesta. Tóftin skiptist í þrjú hólf og eru garðlög vestan við hana. Tóftin snýr langsum í austur. Erfitt er að greina á

milli garðlaga og reiðgatna sem þarna eru. Einnig er nýlegur garður, grjóthlaðinn undir girðingarstaura. Aðrar tóftir eru bæði austan og vestan við þessa (027 og 033).

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-101:029

Snælduhóll

þjóðsaga um huldufólksbústað

65°57.896N

18°32.945V

Snælduhóll er ofan við núverandi íbúðarhús. Hann liggur norður-suður en beygir aðeins í austur, beint ofan við Bøggvissaði. Snælduhóll er í raun þrjár eða fleiri samliggjandi hólar. Eru neðstu hólarnir, á lyngi vöxnu hólasvæði ofan við og að fjalli. Vestan við hólinn er dýrtjörn sem þornar sjaldan og úr henni lá Volgilækur. Nafnið er þannig til komið að Þóra sem var galdrakona var að tvinna á snældu og missti hana. Hvarf hún í hólinn og fann hún hana ekki aftur því huldufólk það sem bjó í hólnum tók af henni snælduna.

Hættumat: engin hætta


Ey-101:030

garðlag

kálgarður

65°57.854N

18°32.977V



Sunnan við Snælduhól rennur Volgilækur og sunnan við hann er hól sem liggur í suðvestur. Norðvestan í honum er kálgarður. Garðurinn er um 80 m frá 001. Er allt grasi vaxið. Suðaustan við eru tún Bøggvistaða, norðan við er Snælduhóll og norðvestan við er dýtjörn. Vestan við er lyng- og kjarri vaxin fjallshlíð. Neðan við hólinn syðst er mýri og garðlag í henni. Eftir hólnum endilöngum liggur mjór garður efst og nær hann lengra en kálgarðurinn og hverfur svo í suðurendanum - þar taka við miklar götur í brekkunni. Hleðslur garðanna eru úr torfi.

Hættumat: engin hætta


Ey-101:031 frásögn um mógrafir 65°57.932N 18°32.550V

Beint neðan við túnið, aðeins utan og neðan við (rétt við Sandgerðishólinn) og rétt ofan við veg, sem liggur frá Bøggvistöðum til Dalvíkur, var áður mótekja. Svarðargrafirnar voru um 400 m norðaustan við 001 og rétt sunnan og ofan við þar sem gamli vegurinn endar. Búið er að þurrka upp mýrarnar og þar sem þær voru eru ný ræktuð tún (sem eru þó ekki heyjuð). Skurður liggur norður-suður nánast í beinu framhaldi af veginum. Túnið er nokkuð dældótt en ekki er hægt að greina að þar hafi verið grafir.


Ey-101:032 garðlag 65°58.018N 18°32.832V

Um 150 m vestan vegar og 250 m norðan við 001 sést grjótgardur. Hann er nærri því beint niður undan skíðaskálanum, en aðeins sunnar. Garðurinn er í uppþornaðri mýri, þar sem víðir er farinn að vaxa. Hann liggur að skurði í norður. Norðaustan við er lítill trjáreitur ofan vegar. Hólar eru að sunnan og vestan. Grjótgardurinn liggur í miðri "mýrinni" og hlykkjast þar. Hann er hlaðinn úr litlum steinum og er allvel gróinn að hluta og síðan eru stærri grjóthrúgur á garðinum líkt og þeim væri raðað í kringum staura. Er því líklegast að um "girðingagarð" sé að ræða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



Ey-101:033 hrútakofatóft 65°57.922N 18°32.819V



Um 50 m norðan við refahús og um 10 m ofan vegar er tóft. Hún er í beinni línu við 027 og 028. Tóftin í grasi grónu landi suðaustan í hól (neðan við hann). Tóftin er ofan við hrauka/þúfur sem eru rétt ofan við mýri. Austan við eru tún Bøggvisstaða og ofan við hólinn eru lyngi- og kjarri vaxnir hólar að fjalli. Svæðið er að einhverju leyti skemmt vegna vegagerðar. Tóftin er ferhyrningslaga og snýr í austur-vestur. Ekki sjást á henni neinar dyr.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-101:034 garðlag 65°57.936N 18°33.048V

Um 250 m norðvestur af 001 er grjótagarður. Garðurinn er norðan við dýtjörn milli hóla. Garðurinn er fast upp við brattan hól að vestan og nær yfir í aðeins lægri hól að austan. Milli þeirra er lítil lægð sem hallar til suðurs að tjörninni. Grjóthleðsla þessi er þar við endann. Tré hafa verið gróðursett í brekkunum. Vestan, norðan og austan við eru lyngi vaxnir hólar sem umlykja tjörnina. Í garðinum eru nokkuð stórir hnullungar. Ekki er um beina hleðslu að ræða heldur líkist þetta einhverskonar varnargarði eða brú. Nú er nokkuð hrunið úr garðinum.


Hættumat: engin hætta

Ey-101:035 garðlag 65°57.692N 18°33.219V

Í túninu á Bøggvisstöðum, þar sem öll útihúsin voru, var langur og breiður garður sem búið er að slétta en dálítil bunga sést þó sumsstaðar. Garðurinn er norðan við 008 og liggur í norðvestur og vestan við 003. Leifar garðsins eru í ræktuðu túni milli 001 og Hrafnstaða. Garðleifarnar sjást greinilega sunnan við 008, þar sem garðurinn liggur austur-vestur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-101:036 Tjaldið tóft tjaldstæði 65°57.079N 18°32.067V



Tóft sem kölluð er Tjaldið er um 5 m vestan við Svarfaðardalsá, norðan við norðurenda Skáldalækjareyju. Hún er rétt norðan við Ytra-Holtsmerkin. Tóftin er í grasivöxnu mýrarengi sem er neðan við Hrafnstaðakot, rétt við ána. Vestan við er dálítil dæld sem liggur norður-suður, fast við tóftina. Tóftin er hlaðin úr torfi, en er farin að hlaupa í þúfur og komin eru skörð í veggina. Jarðvegurinn er mjög sendinn við tóftina. Tóftin skiptist í þrjú hólf og er það nyrsta heillegast. Tjaldað var yfir tóftina.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga

Ey-101:037 heimild um vað 65°57.123N 18°31.993V

15 m sunnan við tóftina 036, á mótis við sandlengjuna á austurbakkanum er vað á Svarfaðardalsá. Það er 30-40 norður af norðurenda Skáldalækjareyju. Vaðið sést ekki, áin brýtur svo úr bakkanum. Sandur neðan við lágan grasi gróinn bakka að austan en ekkert sést að vestan. Nýlega hafa torfur hrunið úr bakkanum. Smá troðningur liggur að bakkanum.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

Ey-101:038 frásögn um ferju 65°57.033N 18°32.101V

Bøggvisstaðir heyjuðu Skáldalækjareyju til helminga á mótis við Skáldalæk og var það nyrðri endinn sem þar heyrði til. Bátur var hafður í skurði við Ytra-Holtsmerkin og heyið ferjað þar yfir. Þessi staður er um 80

m sunnan við 036, beint niður af breiðum skurði sem liggur austur-vestur í landi Holts. Um 50-60 m suðaustar er skarð í bakkann á eyjunni.

Ey-101:039 frásögn um verbúð 65°58.175N 18°31.550V
Húsið Harðangur stendur við Grundargötu. Vestar og norðar á lóðinni, við veghorn var verbúð/sjóbúð. Hún var 30-40 m beint austur af 018. Að norðan, sunnan og vestan er vegur. Verbúðin var þar sem nú er slétt svæði sem stendur örlítið hærra en grassléttan í kring. Hluti af verbúðinni hefur farið undir vegin að vestan. Austan við búðina hefur verið kálgarður og sjást leifar hans enn vestan við húsið. Kálgarðurinn er 8 X 5 m að stærð.

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar

Ey-101:040 Pálsbrunnur brunnur 65°58.173N 18°31.584V
"vatnsból - brunnur - var sunnan við Böggvisstaðasand við upphaf byggðar þar ...Brunnurinn var svo til miðsvæðis á Sandinum og nefndist Pálsbrunnur. Þar fékkst ágætt neysluvatn. Þegar byggð hófst, grófu búsetumenn brunna við búðir sínar með ágætum árangri." segir í Sögu Dalvíkur. Pálsbrunnur var m 9 m sunnan við íbúðarhúsið Harðangur sem stendur við Grundargötu, í suðvesturhorni garðsins. Brunnurinn er norðan við götuna. Er í ræktuðum garði sunnan við húsið Harðang. Fyllt hefur verið upp í brunninn og það er svo sigið að nokkurs konar sigketill hefur myndast á túnblettinum, um 5-10 sm djúpur. Er alveg hringlaga. Þvermál 2 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Saga Dalvíkur I, bls. 314.

Ey-101:041 Nýibær hús bústaður 65°58.106N 18°31.533V
Nýibær er við enda Flæðavegar, um 15 m suður af Sandgerði. Er á ræktaðri lóð. Sunnarlega á henni er minnisvarði um Rósu Þorsteinsdóttur og Jón Stefánsson er reistu húsið. Sunnan og austan við er mýrarsvæði, graslent með tjörnum og skurðum. Byggt 1899 og er elsta hús Dalvíkur. Húsið er bárujárnsklætt timburhús sem nýlega hefur verið gert upp.

Hættumat: engin hætta

Ey-101:042 frásögn um fjós 65°58.118N 18°31.581V
Um 20 m vestan við 026, beint upp af minnisvarðanum (sbr. 041) er grunnur af fjósi sem byggt var um síðustu aldamót. Grunnurinn er á grasi vöxnu iðnaðarsvæði. Sunnan við er mýrarsvæði með tjörnum og skurðum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Saga Dalvíkur I, bls. 233

Ey-101:043 hús íshús 65°58.153N 18°31.500V
Íbúðarhús stendur norðaustan við Grundargötu, gengt verkstæðishúsinu Tréverki hf. Stendur stutt frá sjó og er norðan við Grundargötu, í hverfi sem er blanda af iðnaðar- og íbúðarhúsum. Húsið er ein hæð og ris. Ekkert er upprunalegt í húsinu en það er nú notað sem íbúðarhús. Bílskúr var byggður norðan við húsið, og svalir vestan við ásamt kvisti til austurs.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Saga Dalvíkur I, bls. 233

Ey-101:044 gryfja mógrafir 65°58.506N 18°34.575V
Ef farið er upp með Sellautum er Selhóll stór hóll á vinstri hönd. Sunnan við hann er mýrarlaut og ofarlega í henni eru svarðargrafir. Mýrarlaut er með lyngi vöxnum brekkum að norðan og sunnan. Grafirnar eru á nokkuð þurrum bletti í mýrinni. Ofan við grafirnar eru tjarnir sem hæglega geta verið leifar eldri grafa. Eystri gröfin er ferningslaga og um 30 sm að vatnsyfirborðinu, er hún öll í mosagróðri svo ekki sést hve djúp hún hefur verið. Gröfin er 2 X 2 m að stærð. Efri gröfin er öllu óreglulegri, 4 X 4 m að stærð og um 40 sm er að vatnsyfirborði. Aðeins virðist hafa verið grafið í vesturendann. Vatnið virðist vera um 20-30 sm djúpt. Mótekja þótti ekki góð á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Ey-101:045 tóft 65°58.459N 18°34.500V




Sunnan við Sellautir er Selhóll. Framarlega á honum er selið (019). Suðvestan við selið, framan og sunnan við hólinn er stök tóft sem gæti hafa verið stekkur eða kvíar. Hóllinn og tóftirnar er grasi- og lyngi vaxnar. Sunnan við er mýri og eru mógrafirnar (044) upp með henni. Niður að byggð ná svo hólarnir sem eru lygi vaxnir. Tóftin er byggð inn í hólinn. Rani í austur og beygir til norðurs. Ekki er að sjá að norðurveggurinn hafi verið hlaðinn, þar er halli hliðarinnar

notaður. Hefur tóftin verið stúkuð af með veggjum þvert og dyr þar á.

Hættumat: engin hætta

EY-102 Árgerði



Hjáleiga frá Böggvisstöðum. Byggð fyrir manna minni 1712 niður við Svarfaðardalsá og þá afdeilt einasta að túni og útslægjum. Talin 5 hdr. lögbýli 1847 og Möðruvallaklaustursjörð. Varð læknisbústaður skömmu eftir aldamótin 1900 og lagðist búskapur af 1945. Fornleifar utantúns eru taldar með Böggvisstöðum (Ey-101).

1917: 2.67 ha. 2/3 slétt. Garðar 370 m².

Ey-102:001 Árgerði hús bústaður

65°57.661N 18°32.468V

"Býlið Árgerði - læknisbústaðurinn - er í Böggvisstaðalandi við Árgerðisbrú á Dalsánni." segir í örnefnalýsingu. Í sóknarlýsingu frá 1839 segir að Árgerði sé "... ei meir en fjárhúslengdarveg út frá Hrapp[s]st[öðum]." Torfbærinn var um 15 m norðan við núverandi íbúðarhús, vestan við heimreið. Þar stóð skúr við skrásetningu og var hann leifar af torfbænum. Að vestan eru ræktuð tún að þjóðvegi, að austan er stutt í Svarfaðardalsá og er nýja brúin beint neðan við þennan stað. Dyr á bænum snéru í austur og var baðstofa í vesturhlutanum. Suðurhluti skúrsins (um 2,5x3m) er eldri en norðurhluti hans og er sá hluti enn viðarklæddur að innan, einangraður með reiðing. Skúrinn er bárujármsklæddur að utan og hallar þakið til vesturs. Dyr eru á

honum í austur og þrjár jafnstórir gluggar í vestur. Að austan eru tvennar dyr og er gluggi á suðurgafli. Að norðan eru stórar dyr. Sama sumar og skráning var gerð var húsið rífið og jafnað við jörðu.

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Dalv, 350; SSE, 68

Ey-102:002 heimild um fjós 65°57.692N 18°32.471V

Útihús var um 20 m NA frá 001, austan og sunnan við beygju sem er á heimreiðinni. Ræktað tún austan heimreiðar. Þjóðvegurinn að Árgerðisbrú er um 50 m austan við. Í suður er tún að merkjum að vestan er land/grassvæði að þjóðvegi og merkjum Böggvistaða. Hús þetta mun hafa verið fjós og hesthús.

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-102:003 Árgerði heimild um bústað 65°57.666N 18°32.428V

Þar sem íbúðarhúsið stendur nú stóð annar bær sunnan við 001. Bær þessi var timburhús á steiptum grunni (með kjallara) og er nýjasta húsið var byggt var hluti eldra grunnsins notaður. Fast austan við húsið komu núverandi ábúendur niður á steiptan grunn er þau grófu fyrir skolplögnum 1997. Er túnakortið var gert árið 1917 stóðu tveir bæir í Árgerði. Gamli torfbærinn (001) og timburhús (003).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-103 *Brimnes*

10 hdr. 1712. Hólastólsjörð frá 1485. Getið er um Brimnesá í frásögn Svarfdælasögu af bardaganum við Hyltinganaust, en ekki er þar getið beinlínis um bæinn - ÍF IX, 191.

9.2.1421 votta þrír menn að tveir menn gáfu þann vitnisburð Birni Jónssyni "at þeir uissu fyrir full sannendi at jordin a brimnesi j suarbadardal aa reka allann. fra steini hinum stora er stændr j flæðinni. gegnt gardzendanum. at sunnan verdri dælinni storu. sudr fra bænum. ok vt at brimness osi hinum forna ok sua vissu þeir at þorsteinn logmadr vrskvrdadi þessi somu reka mork. þa vm var kiært. ok sijdan var þetta rekamark haft akallzlaust." DI IV, 289.

16.2.1441 selur Björn Jónsson sr. Jóni Pálssyni Brimnes og Böggustaði í Ufsaþingum fyrir 60 hdr - DI IV, 619-20.

12.11.1441 selr sr. Jón Pálsson Jóni Finnbogasyni Böggustaði og Brimnes fyrir 60 hdr - DI IV, 621-22. 12.5.1469 selur Halldór Jónsson Eyjólfí Arnfinssyni Brimnes og rekann sem jörðinni tilheyrir "landeign vpp aa molldbreckur. þessi rekamörk. fra brimnesaar osi oc j sten þann er stendr i midri diupudæl. voru þessar jtaulor oc greindar vpp j bauggustada iord. háalfsmanadar teigur aa flæðarnar oc holm þann er kallazt brimnesholmr. enn beit a branndal fyrer sunnan fram j dalnum aullu bufæ nær sem beita vill vetur edur sumar." og greiddi Eyjólfur 12 hdr fyrir Brimnes - DI V, 539-40.

20.11.1476 eignaðist Guðni Eyjólfsson til kaups við Guðrúnu Þorkeldsdóttur m.a.a Brimnes fyrir 10 hdr - DI VI, 92.

21.4.1485 selur Gunnlaugur Þorkelsson Ólafi Hólabiskupi Brimnes og rekann með jörðinni - DI VI, 537.

6.6.1520 er Brimnes talið meðal þeirra jarða sem borist hefðu undir Hólastól í tíð Gottskálks biskups "xc. iiij kugilldi. landsylld. x. aurar." DI VIII, 729.

1525 er Brimnes meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301.


25.12.1550 eru með Hólakirkjujörð Brimnesi ".iij. kugillde. landskylld .x. aurar og dagslatta." DI XI, 867.

1569: "Med Brimnesi [landsk] .x. aurar [med tiundum kug.] .iij." Hólareikningur - DI XV, 228.

1570: "Med Brimnesi .iii. kug." Hólareikningur - DI XV, 459. Á þríhyrnda landræmu sunnan Brimnesár upp á Böggvisstaðadal og er vafalaust byggð úr landi Böggvisstaða. Átti engjatak í Böggvisstaðafldum. Nú eign Dalvíkurbæjar sem að hluta er byggður í Brimneslandi. Enginn búskapur frá 1958.

1917: 2.5 ha. 5/6 slétt. Garðar 150 m2.

1839: "... hrjóstrugt og heyskaparlítið kot, hollt fyrir sauðkind sökum þurrlandis og hagkvistis." SSE, 68



Ey-103:001 *Brimnes* bæjarhóll bústaður 65°58.559N 18°32.353V

Vestan við nústandandi Brimnesbæ er blokk við Ægisgötu og beint norður af henni er hóll vestan við raðhús við Brimnesbraut. Vestanvert á hólnum mun gamli Brimnesbærinn hafa staðið. Mikil rækt er í hólnum, en annar hóll er vestan við. Norðan við hólinn er líttill grasbali og svo grasbakki, nokkuð hár, niður að Brimnesá. Stór garður var framan við þennan bæ og var öskuhaugurinn norðaustan við hann. Vatn var sótt í bæjarlækinn sem rann vestan við húsið.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-103:002 heimild um útihús 65°58.576N 18°32.222V

Um 20 m suðaustur af 001, fast norðan við Ægisgötu, var áður útihús. Beint norður af kirkjunni. Hóllinn sem 001 stóð á er norðvestan við 002. Að sunnan eru götur og blokkir. Í austur er Brimnesbraut.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-103:003 heimild um útihús 65°58.576N 18°32.237V

Þar sem Brimnesvegur 17 er nú, mun hafa verið útihús, annað hvort rétt sunnan við eða þar sem húsið

stendur. Er í íbúðarhúshverfi, austan við 001.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-103:004 heimild um útihús 65°58.622N 18°32.256V

Útihús var um 100 m norðaustan við 001, norðan við garðsenda ráðhússins við Öldugötu. Gæti hafa verið aðeins norðar, nær ánni, en þar eru engin tóftabrot. Allhátt grasbarð er áður en að bökkunum er komið. Er í beina stefnu á bæinn Hól. Austan við eru íbúðarhús, einnig að sunnan, að vestan er áin og kirkjugarður Upsa.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-103:005 *Lágin* heimild um lendingu 65°58.471N 18°31.761V

"Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur. Ekkert skip á ábúandinn. Inntökuskip eru hjer nú fjögur, tvö umboðsmannsins tollfrí. Undirgift hinna skipanna er venjuleg 20 álnir eður lóðarfiskur ... Ábúandi tekur þessa undirgift. Sjaldan hafa hjer fleiri inntökuskip verið." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Á árabátatímabilinu var útræði og uppsátur Brimnesbænda í Láginni og þar var þrauta-brimlending svarfdælskra árabáta. Aðdýpi er þar meira en annarsstaðar við Böggvisstaðasand (en það er heildarnafn á útgerðartöð Svarfdælinga). Þar voru tvær ruddar 'varir' sem lent var í. Sunnan þeirra voru reyndar þrjár hættulegir steinar, sem gjalda þurfti varhug við í norðanátt. Það voru kollarnir ..." segir í örnefnalýsingu. Búið er að fylla upp þar sem lendingin var. Hafnargarðurinn og höfnin liggja beint út úr láginni. Hús og skemma standa á uppfyllingunni ofan bryggjunnar. Lendingin hefur verið norðan við skemmuna sem er austan við frystihúsið beint niður af húsinu Höfn.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM X, 48; Ö-Dalv, 352

Ey-103:006 *Lágin* heimild um uppsátur 65°58.468N 18°31.845V

"Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur. Ekkert skip á ábúandinn. Inntökuskip eru hjer nú fjögur, tvö umboðsmannsins tollfrí. Undirgift hinna skipanna er venjuleg 20 álnir eður lóðarfiskur ... Ábúandi tekur þessa undirgift. Sjaldan hafa hjer fleiri inntökuskip verið." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Á árabátatímabilinu var útræði og uppsátur Brimnesbænda í Láginni og þar var þrauta-brimlending svarfdælskra árabáta." segir í örnefnalýsingu. Hraðfrystihúsið Snæfell stendur við enda Lágarrinnar og hefur uppsátur Brimnesbænda verið þar Karlsrauðatorg er norðan við og liggur niður á bryggju. Beint norðan við þann stað sem sem norðurhluti hússins er staðarpunktur var tekinn er húsið Höfn. Frystihúsið Snæfell nær nærri því að loka fyrir Lágina með byggingum sínum. Ofan við frystihúsið, neðan við Hafnarbraut er plan og trjáreitur.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM X, 48; Ö-Dalv, 352

EY-103:007 *Brimneskot* heimild um býli 65°58.471N 18°31.833V

"Brimneskot, tómt hús, ljeð um nokkur ár (fyrir vel 30 árum) um fáein ár, einum fátækum manni, sem lifði mest af sjáfaraflla, en húsinu fylgdu öngvar landsnytjar. Húsleigan var 20 álnir í landaurum til heimabóndans." segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki er vitað hvar Brimneskot var en líklegt er að það hafi verið á svipuðum slóðum og verbúðirnar 008.

Heimildir: JÁM X, 48

Ey-103:008 *Brimnesbúð* heimild um verbúð 65°58.471N 18°31.833V

"Verbúðir eru hjer tvær, sem skipeigendur byggja á sinn kost, brúka hjer stungu, en í Hólslandi ristu." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Um síðustu aldamót og nokkru lengur voru tvær sjóbúðir í Láginni, sín í hvoru horni þessarar lendingar .." segir í örnefnalýsingu. Þar sem íbúðarhúsið Höfn/Holt stendur, við Karlsrauðatorg er rafstöð, 10-15 m norðaustan við húsið. Um 5 m suðvestan við rafstöðina mun önnur verbúða þessara hafa verið (og jafnvel nær). Þessi staður er ofan við höfnina þar sem hafnargarðurinn kemur út. Fyrir sunnan er frystihúsið. Er í grasbrekku sem hallar til austurs og er kvos norðan við. Túnblettur er austan og norðan við íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM X, 48; Ö-Dalv, 352.

Ey-103:009 *Ytra-Holtsbúð/Tungufellsbúð* heimild um verbúð 65°58.435N 18°31.835V
 "Verbúðir eru hjer tvær, sem skipeigendur byggja á sinn kost, brúka hjer stungu, en í Hólslandi ristu." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Um síðustu aldamót og nokkru lengur voru tvær sjóbúðir í Láginni, sín í hvoru horni þessarar lendingar .." segir í örnefnalýsingu. Í láginni sunnan megin er nú búíð að gera tjörn. Neðst í láginni er frystihúsið. Sunnan undir þeirri byggingu stóð búð þessi sem kölluð var Ytra-Holtsbúð og Tungufellsbúð eftir því hverjir notuðu hana. Á þessum stað er nú malbikað bílaplan og byggingar, norðaustan við kaupfélagshúsið. Sunnan við hækkar kamburinn og þar er rafveitu- eða dæluskúr.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: JÁM X, 48; Ö-Dalv, 352; Saga Dalvíkur I, 301.


Ey-103:010 *Álfakirkja* þjóðsaga um huldufólksbústað 65°58.490N 18°33.024V
 "Litlu ofar [en Háapúfa] er stór steinn fast út við ána. Heitir hann Álfakirkja. Forn munnmæli telja, að sumir Upsaprestar hafi messað þar fyrir álfafólkið." segir í örnefnalýsingu. Steinninn Álfakirkja er í hvammi fast við Brimnesá, 80-100 m austan við 011. Neðan við stíflu og skúr sem stendur við ána (vatnsdæluskúr). Grasi gróinn hvammur með stórgrýti er á árbakkanum. Upp á bakkannum í suðri voru kartöflugarðar Dalvíkinga. Áin liggur í s-beygju þar sem steinninn er. Gilbakkarnir eru um 3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 352


Ey-103:011 *Brimnesstekkur* stekkjartóft 65°58.523N 18°33.110V

"Litlu ofar [en Álfakirkja - 010] á þessum sama rana, sem þar er orðinn flatur og sléttur að ofan, stóð Brimnesstekkur með tilheyrandi lambakró og er þá komið fast að sjálfri fjallshlíðinni." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Brimnesstekkur er sunnan við Brimnes áður en fer að halla upp í fjallið og ef farið er upp með Brimnesgili ..." segir enn fremur í örnefnaskrá Bögvisstaða. Stekkurinn er 400-500 m ofan við 001. Austan við voru kartöflugarðar Dalvíkinga og sést enn móta fyrir þeim. Ef fylgt er veginum sem liggur upp í fjall norðan kirkjunnar er stekkjartóftin norðan við veginn sem liggur í átt að gílinu. Stekkurinn er sunnan við Brimnesá, fast á árbakkanum. Þar er stórgrýtt svæði við bakkann sem nær niður fyrir 010. Norðan ár er lítil trjáreit. Við ána er stífla og skúr. Stekkurinn skiptist í þrjú hólf. Eitt stærst, hin minni. Austasta hólfíð er dýpst.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 352; Aðalheiður Jóhannsdóttir: Örnefni í Bögvisstaðalandi



Ey-103:012 *Selhöll* 2 seltóftir 65°58.544N 18°34.370V



"Sunnan og ofan Moldbrekkna eru votlendar flatir og sléttar lautir, Sellautir [landamerki]. Tveir eru þar Selhólar, sá minni í Brimneslandi, en sá stærri í Bøggvisstaðamegin." segir í örnefnalýsingu. Ef Sellautum er fylgt upp fjallið líkt og farið væri inn á Bøggvistaðadal sést stór hóll sunnan við flatirnar, það er Selhóllinn í landi Bøggvisstaða. Neðan við hann er mýri og rétt norðan við hólinn er minni hóll. Á honum eru tóftirnar. Sellautirnar eru mýrlendar en þorna mikið upp á sumrin. Næst tóftunum er því mikið um mýrar, síðan eru lyngi vaxnir hólar allt um kring. Tóftirnar eru farnar að springa í þúfur og er mikil rækt í þeim. Stærri tóftin er vestar og ofar en hin. Grasbali er austan við stærri tóftina, líkt og stallur og neðan við er hin tóftin. Hleðslur í minni tóftinni eru um 0,4 m háar og er hún svo útflött að ekki er hægt að greina hól í henni. Dyr hafa þó að líkindum verið í vestur og annað hól í austur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 352

Ey-103:013 kuml legstaður 65°58.477N 18°31.786V

Kumlateigur með 14 kumlum var á marbakkanum norðan og austan við húsið Höfn. 13 kumlanna voru rannsókuð 1908 en eitt kom í ljós 1942. Gata niður að frystihúsinu. Staðurinn var grafinn upp 1908 og aftur 1942, og er væntanlega lítið eftir af kumlateignum. "Sumarið 1937 rannsakaði Matthías Þórðarson kuml þriggja manna fyrir neðan bæinn í Brimnesi, niðri við sjó. Tók kumlateigurinn yfir 12 m langt svæði SV-NA (29. mynd).

1. kuml. Fyrst var miðkumlið rannsakað. Reyndist það rótað og uppgrafið fyrir löngu eða a.m.k. norðvesturhluti þess, þar sem maðurinn hafði verið lagður. Lágu beinin í hrúgu í miðju kumlinu, talsvert brotin. Þau eru úr fullorðnum, líklega fremur karli en konu. Hjá þeim var eldtinumoli og óverulegur járnvottur (hvort tveggja Þjms. 12103). Sjá mátti, að gröf hafði verið grafin niður í gegnum jarðveg þann, er hér hafði verið fyrrum, og 20 sm niður í móleirinn. Hún var 1.8 m að lengd og 75 sm breið, flöt í botninn og hornin mjög sljót, bogadregin. Gröfin sneri NV-SA, og mun höfuð mannsins hafa verið í norðvesturendanum. Efst í kumlinu eins og hinum öllum var alls staðar einfalt, fremur gisið steinalag, hleðslusteinar og minni steinar, aðfluttir og varpað saman yfir kumlin og sumpart í moldina, sem þau hafa verið gerð úr. Sunnan og austan við manninn voru heygðir tveir hestar, sem þó voru ekki í sérstöku kumli, heldur var kuml þeirra aðeins syðri og eystri hluti mannskumlsins. Hestarnir lágu í sporöskjulagaðri gröf, 1.65 m að lengd, 1.25 m að br. og 25 sm að dýpt ofan í móleirinn. Báðir lágu þeir á hliðinni og sneru lendinni í norðvestur. Virtist hausinn á öðrum hafa verið lagður ofan á búkinn miðjan. Öll hrossbeinin voru gersamlega óhreyfð. Járnmeil og fleiri gegnbrunnin ryðstykki fundust í suðausturenda grafarinnar, og ryðs og svartra tréleifa varð vart, þar sem ætla mátti, að söðull hefði verið á suðvestari hestinum (öll þessi járnbrott, 31 talsins með mélabrotunum, eru Þjms. 12105). Í hrosskumlinu fannst enn fremur spjót (Þjms. 12104), K-gerð, Sverd 21. Það stóð upp á endann, og er vafalítið, að spjótið hefur verið tekið og rekið niður í hrosskumlið, þegar mannskumlinu var raskað. Spjótið er falbrotið, en af leggnum sést, að falurinn hefur verið silfurrekinn. Hafa silfur- og eirþræðir verið hamraðir á víxl inn í hann. Aths. Meðal járnvola, sem fundust í 2. kumli, eru tveir, sem vafalaust eru úr fal þessa spjóts. Annað brotið fellur við falstúfinn, en hitt er úr falopinunni. Bæði eru silfurrekin, og tréleifar sjást innan í báðum. Þetta sýnir, hve mjög kumlateigurinn er úr lagi færður.

2. kuml. Næst var rannsakað kumlið, sem var suðvestan við miðkumlið. Yfir því var regluleg grjótdreif, er myndaði aflangan ferhyrning, 3 m að l., 1.25 m að br. Kumlið sneri NV-SA. Leifar af mannsbeinagrind voru í norðvesturendanum. Eins og í 1. kumli var gröf ofan í móhelluna, grunn og flá, 15 sm að dýpt, um 90 sm að l. og 75 sm að br. Hjá beinunum voru 5 brott úr sigð (Þjms. 12108) og brott úr skærum (Þjms. 12109) með sauðaklippulagi, svipuðum Rygh 443. Sunnan og austan við manngröfina var hrossgröf eins og í miðkumlinu. Hún var 1.25 m að l. og 1 m að br. Fáein fúin hrossbein voru í gröfinni. Þótt ekki sæist, má telja víst, að höfuð mannsins hafi snúið í norðvestur eins og í hinum kumlunum báðum og hesturinn þá verið til fóta eins og í miðkumlinu. Kuml þetta virðist hafa verið rofið.

3. kuml. Var rétt fyrir austan 1. kuml og sunnan 2. kuml, sneri NA-SV. Gröfin var sporöskjulöguð, 1.60 m að l., 90 sm að br. og 50 sm djúp nyrzt, en grynntist eftir því sem sunnar dró, svo að syðst var hún aðeins fáeinir sm á dýpt. Norðvestan við gröfina var geysistór steinn (sjá grunnmynd af gröfinni í Aarb. 1910, bls. 74, 11. mynd), en hann hefur þó ekki verið látinn í gröfina, heldur er hún tekin niður með honum. Í gröfinni var beinagrind úr fullorðnum karlmanni, og var höfuð í suðvesturenda, en annars voru beinin töluvert úr lagi færð, t.d. sneri ennisbeinið niður, og kjálkarnir voru til fóta í gröfinni. Eigi að síður vildu rannsóknarmennirnir fullyrða, að líkið hefði upphaflega setið í gröfinni, og taka sérstaklega fram, að þess sæjust engin merki, að kumlinu væri áður raskað. Af legu beinanna í gröfinni verður þó að álíta, að eitthvað hafi verið við þeim hróflað, en af því leiðir aftur, að taka verður með varúð ályktun rannsóknarmannanna

um setu líksins. Tréleifar fundust í vesturjaðri grafarinnar, og virðist líklegt, að líkinu hafi verið skýlt með einhvers konar tréþaki („et halvtag eller lignende“). Haugfé:

5951. *Tréleifar*, lágu eftir lengdarstefnu grafarinnar, og munu vera úr spjótsskafti, sbr. næsta nr.
5952. *Spjót*, mikið og breitt og verður naumast talið til neinnar tiltekinnar gerðar. Var aftan við fótaenda grafarinnar, oddur sneri aftur eftir, en skaftið hafði legið fram eftir gröfnni, sbr. spjótið í 2. kumli.
5953. *Ryðkekkir* tveir, mun annar af nagla. Voru í norðurenda.
5954-56. *3 met* úr blýi, eitt toppmyndað, tvö kringlótt. Voru einnig nyrzt í gröfnni.

Tekið er fram, að sameiginlegt steinalag hafi verið yfir þeim þremur gröfum, sem nú hefur verið lýst.

4. *kuml*. Þetta kuml var um 10 m sunnan við hin þrjú, sem þegar eru talin. Það var 7 m langt, 1.50 m breitt og 50 sm djúpt. Leifar af skipi eða bát fundust í gröfnni, enda hafði hún verið grafin eftir lagi bátsins (36. mynd). Smásteinar höfðu verið bornir að bátnum að utan, og inni í afturstafni var mikið grjót og þó nokkuð einnig annars staðar. Stærð bátsins og lag mátti rekja dável eftir saumi hans, *52 rónögllum* heilum og um *70 brotum* (Þjms. 5957, 37. mynd), þó að viður allur væri horfinn að kalla. Báturinn hafði verið sexæringur úr eik, svipaður Færeyjabátum og Nordlandsbátum norska, eins og þeir hafa verið til skamms tíma. Stefna bátsins og þar með grafarinnar var SV-NA, framstafn til NA. Í skutnum, suðurenda grafarinnar, var beinagrind úr unglungi, óvíst um kyn. Að vísu voru beinaleifarnar svo eyddar, að valt er að dæma um legu líksins, en þó virðist ekki ósennilega til getið hjá könnuðunum, að það hafi setið og hallazt upp að afturstefni bátsins, því að leifar höfuðkúpu fundust uppi við borðstokk, en aðrar beinaleifar niðri í bátnum.

Til fóta manningnum voru *bein úr hundi* og í framstafni bátsins *hrossbeinagrind*. Hjá hrossbeinunum fannst *gjarðarhringja* (Þjms. 5959). Annars fannst ekkert nema litlar tréleifar og viðarmold úr bátnum. (Þjms. 5958), og bendir margt til, að gröf þessi hafi verið rænt eða úr lagi færð fyrir á tíð.

5. *kuml*. Var 3 m sunnar en 4. kuml. Gröf var undir kumlinu sem hinum öðrum, 1.80 m löng, 80 sm breið og 40-50 sm djúp. Í henni voru bein úr miðaldra konu, og hafði líkið legið á bakinu, þó ef til vill nokkru hærra undir höfði (Aarb. 1910, bls. 81, 17. mynd). Gröfin sneri NA-SV, höfuð líksins í suðvesturendanum. Haugfé:

5960. *Kúpt næla* af gerðinni Rygh 652 og 654, afbrigði Smykker 51b., þorn er í nælunni og um hann leifar af tvenns konar vefnaði og fléttuðum böndum. Nælan lá alveg uppi við höfuðkúpuna.
5961. *Hnifur* venjulegur, lá við vinstri mjöðm.
5962. *Þrír járnþátar*, óskilgreinanlegir.
5963. *6 brot úr steinkatli*, til samans um það bil helmingur ketilsins, úr ljósgráum, linum steini. Verkamenn, sem ruddu grassverði af kumlategnum 1908, hafa sennilega glatað hinum helmingnum, því að ekkert bendir til, að kuml þetta væri áður skemmt. Ketilbrotin lágu nyrzt í gröfnni.

Um 50 sm norðar var hrossgröf, er sneri eins og mannsgröfin. Hesturinn hafði verið heygður til fóta konunnar og snúið lend að gröf hennar, háls vissi til norðurs. Hrossgröfin var 1.50 m að lengd, 1 m að breidd og 45-50 sm djúp. Með hrossbeinunum fundust:

- 5964-65. *Tvær gjarðarhringjur*, önnur óheil, venjulegar.
5966. *Þrír járnaglar*, eflaust úr söðli.

Aths. Í Árbók 1949-50, bls. 49, hef ég talið grýtubrotin úr þessu kumli með klébergsfundum. Þetta er rangt, því að þau eru ekki úr klébergi, og leiðréttist þetta hér með.

6. *kuml*. Var 7 m sunnan og vestan við 5. kuml. Kumlið var 5 m langt og undir því tvær grafir, manns og hests, sneri NV-SA. Í suðausturendanum var mannsgröfin, 1.50 m löng, 1 m breið, 40 sm djúp. Í gröfnni voru bein úr gömlum manni, sennilega konu, annars ekkert. Ekki er tekið fram, hvernig líkið sneri,

en líklega hefur höfuðið vitað í vestur eins og í hinum kumlunum. - Norðar var hrossgröfin, 2.10 m löng, 1 m breið, 40 sm djúp. Ekkert var í henni nema hrossbeinaleifar.

7. *kuml*. Hér var gröfin 1.60 m að lengd, 80 sm að breidd og 20 sm djúp. Flatir fjörusteinar voru reistir á rönd að norðan og norðaustan í gröfinni. Í henni fannst hauskúpa úr manni og hundsbein. Gröfinni hafði verið töluvert raskað 1908, en samt fullyrða rannsóknarmennirnir, að líkið hafi verið látið sitja í gröfinni og hundurinn verið milli fóta þess.

8. *kuml*. Fyrir sunnan og vestan 7. *kuml*. Gröf 1.90 sm löng, 1 m breið. Í gröfinni hafði legið maður, beinn, með höfuð í SA. Örlitlar tréleifar fundust, annars ekkert.

9. *kuml*. Gröf 2 m löng, 1.20 m breið, 40-50 sm djúp. Í henni voru hrossbein með venjulegum umbúnaði. Frá þessu hrosskumli voru fáeinir metrar að næsta kumli, og munu þau eflaust eiga saman.

10. *kuml*. Gröfin var 2.30 m löng, 1.20 m breið og 50 sm djúp. Leifar af mannshauskúpu í syðri enda, annars ekkert.

11. *kuml*. Fyrir vestan 7. *kuml*. Gröf 1.80 m löng, 90 sm breið, og 40 sm djúp. Í gröfinni voru *mannsbeinaleifar*, *svolítið járnbrót* og *viðarkolabútar* (Þjms. 5967).

Öll þau *kuml*, sem nú hafa verið talin, lágu að heita mátti alveg frammi á marbakkanum. Þau þrjú, sem enn hafa fundizt, voru um 50 m sunnar og vestar, fjær sjónum, en nær Láginni.

12. *kuml*. Þetta *kuml* sást greinilega sem aflangur haugur, 6 m langur og 2 m breiður (38. mynd). Hæð frá náttúrulegu yfirborði virðist hafa verið um 50 sm. Sneri SV-NA. Undir haugnum voru leifar manns og hests. Manninum hafði verið tekin gröf, 2.15 m löng, 1.20 m breið og 45 sm djúp frá náttúrulegu yfirborði. Höfuðskelin var í syðri enda grafarinnar, en hin beinin voru nokkuð úr lagi færð og töldu kónnuðirnir, „at liget oprindelig har været anbragt med overkroppen i lidt hævet stilling“. Beinin voru úr fullorðnum, sennilega karlmanni. Haugfé:

5968. *Töflur* úr hneftaflí, 19 talsins, flestar eitthvað skaddaðar, renndar úr beini. Lágu í hrúgu við fætur hinum heygða.

5969. *Járnmolur* þrír, óskilgreinanlegir.

5971. *Brýnisstúfur* lítill, lá við hlið mannum.

Nyrzt í gröfinni, til fóta mannum, voru leifar af *hundshaus*.

Undir nyrðri enda haugsins var *hrossbeinagrind*, en engin gröf hafði verið tekin að hestinum, heldur lá hann á upprunalegu yfirborði haugstæðisins. Hausinn hafði verið lagður við kviðinn eins og endranær (39. mynd). Með beininum fundust brót af *járnmeilum* (Þjms. 5970), er sett höfðu verið saman af þremur hlutum auk hringanna.

Aths. Í Aarb. 1910, bls. 88, segir, að í kumlinu hafi fundizt leifar af *grýtu*, svipaðri grýtunni úr 5. kumli. Hið sama stendur í fréttagreininni í Reykjavíkinni og Fortidsminder og Nutidshjem, bls. 74, og virðist ekki ástæða til að efa, að rétt sé með farið, en grýtubrot þessi eru nú týnd og komu aldrei til safnsins.

13. *kuml*. Þetta *kuml* var vestan við 12. *kuml*, alveg sams konar, langhaugur, 7.50 m langur, rúmir 2 m að breidd (40. mynd). Undir syðri enda hans var mannsgröf, sem sneri SV-NA. Þar fundust bein úr fulltíða konu, og virtist höfuðið hafa verið í suðurenda grafar. Haugfé:

5972. 5 *sörvistölur* úr gleri, ein hnöttótt með upphleyptum gárum allt í kring, hinar allar tvöfaldar, tvær bláar, ein gul og ein græn. Lágu syðst í gröfinni.

5973. *Járnútar* tveir, annar ef til vill af hnífsblaði, *beinflís* með gati og brót af *skel*.

Undir nyrðri enda haugsins lá *hrossbeinagrind*, ekki niðurgrafin, hausinn við kvið. Hálsinn sneri suður, ekki norður eins og á hinum hestunum.

14. *kuml*. Við húsbyggingu vorið 1942 fannst enn eitt *kuml* á sömu stöðvum og tvö hin síðasttöldu, en ekki var það rannsað vel. Ég kom á staðinn skömmu síðar og tók við mannsbeinaleifunum. Var mér sagt, að höfuð hins heygða hefði vitað til SV. Til fóta var *hrossbeinagrind* og járnleifar, sennilega af *gjarðarhringju*. Stórir, lábarðir hnúllungar voru yfir öllum beininum. Þau virðast vera úr konu, en fullvíst er það ekki.


Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Bruun & Finnur Jónsson: Dalvík fundet; Bruun: Fortidsminder, 66-79; KEKH, 122-130

Ey-103:014 tóft

65°58.417N 18°33.679V

Neðst í Sellautum norðan megin er tóft. Hún er tæplega 10 m ofan vegar sem liggur í átt að skíðaskálanum, um 0,8 km frá 001. Í lyngi vaxinni laut neðan við mjótt gil. Fjallshlíðin er öll lygi vaxin. Hóll, ekki há, er austan við tóftina. Nýlega hefur verið hlaðinn hringur úr grjóti til að kveikja eld rétt sunnan við tóftina. Tóftin skiptist í tvö hólf og snýr austur-vestur. Op er á stærra hólfinu og snýr það í vestur en minna hólfið er ofan við.



Norðurveggurinn hefur verið hlaðinn alveg að hólnum og nær lengra til austurs en suðurveggurinn. Hóllinn er kúptur og er gott útsýni af honum.

Hættumat: engin hætta

Ey-103:015 *Hyltinganaust* heimild um naust 65°58.473N 18°31.775V

ca. 1865: "Nafnið [Hyltinganaust] er til enn og sögnin um, hvar þau hafa verið, og sést enn lítill partur af tóft eður nausti sunnarlega á Brimnesinu á sjávarbakkanum skammt fyrir sunnan Brimnesá. Er nú aðsjáanlega brotið af sjávangangi framan af nesinu og af bakkanum, þar sem naustin hafa staðið, og eru þar nú útgrynningar og brimasamt. Er nú skipsuppsátur nokkuð sunnar í dældinni [þ.e. Láginni]. Enn sést fyrir steinalögum framan í bakkanum, þar sem Hyltinganaustin hafa verið, og er það sjáanlegt að þar hafa verið mannaverk á, en árlega er það nú að brjóta, svo að nokkrum árum mun þar ekki sjást merki til." Brimnesið er beint niður undan Höfn og munu leifar þessar fyrir löngu horfnar. Þetta svæði er allt komið undir fyllingar en á þeim eru hús og athafnasvæði við höfnina. Stórt hús er þar sem hleðsluleifarnar voru.

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 127

Ey-103:016 vað 65°58.619N 18°32.282V


Norðan við 001 og neðan við brekkuna er vað á Brimnesá, austarlega í hólmann sem þar er og svo yfir á norðurbakkann. Vaðið er beint neðan við norðurhorn raðhússins við Brimnesbraut. Skarð er í bakkann að sunnan, eða nærri því að austan því sveigur er á ánni á þessum stað, og á móti í hólmanum og sést einnig á norðurbakkanum. Það er um 2 m breitt og 2,5 m í hólmann. Á þessum stað er áin grunn og botninn tiltölulega sléttur og hefur verið hægt að fara yfir með kerru.

Hættumat: engin hætta

Ey-103:017 frásögn af tóftum 65°58.611N 18°32.237V

Beint framan við Brimnesbraut 27 og 33 voru tóftir. Þar sem tóftirnar voru er nú gras- og leiksvæði sem afmarkast af raðhúsum að norðan, sunnan og vestan. Heimildamaður man eftir grjóthlöðnum tóftum á þessum stað. Þær voru orðnar mjög grónar fyrst þegar hún man eftir. Ein tóftin var ferhyrnd og voru dyr í austur og vissi faðir hennar, sem fæddur var á Brimnesi, ekki til hvers tóftin hafði verið notuð. Gæti hafa verið rétt eða kvíar.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Ey-103:018 tóft 65°58.550N 18°32.441V

Við Brimnesánnu, norðvestan við efri blokkina við Ægisgötu er tóft í laut eða hvammi. Tóftin er í grasi grónum hvammi. Norðan við ána eru ræktuð tún umhverfis Upsakirkjugarð. Ofan og sunnan við hvamminn eru lyngi vaxnir hólar með dálitlu kjarri. Grjóthlaðinn garður liggur þvert yfir hvamminn sem beygir svo að

ánni og er það hleðsla undir girðingu því við ána er steinum raðað í hring líkt og utan um endastaur. Girðingarundirstaðan er 20 m á lengd en 0,4 m á breidd og er annar staur nær suður-endanum. Tóftin er þríhyrningslaga og virðist sem garður liggja frá henni til vesturs. Sunnan garðsins liggur gata í átt til fjallsins og er þar lítil grasblettur. Mögulegt er garðurinn hafi verið varnargarður við ána, en hann gæti líka hafa verið vörslugarður.

Hættumat: engin hætta

Ey-103:019

frásögn af sundlaug

65°58.412N

18°32.801V

Suðvestan við Dalvíkurkirkju er allhár strýtumyndaður hóll, kallaður Stórhóll. Um 100 m norðan við hann, vestan við vegar slóða er liggur í átt að hólnum, er alldjúp laut/bolli þar sem synt var og kennt. Bolli þessi er að miklu leyti náttúrumyndaður þó eitthvað virðist hafa verið átt við norðurbakkann og að hluta austurbakkann líka. Þar er lyngi vaxið en nokkur uppblástur er á svæðinu. Í botni bollans er 1,2 m hátt kjarr sem óx upp eftir að landið var friðað fyrir beit. Bollinn er næstum því ferhyrndur og dýpstur í norðurenda.


Hættumat: engin hætta

Ey-103:020

tóft

65°58.402N


18°33.622V




Í Sellautum, um 10-15 m neðan við 014, rétt austan við veginn þar sem hann beygir til suðurs, er tóft. Norðan í grasi grónum lautarbala, neðst í Sellautunum. Í kring er lyngi- og grasivaxið. Tóftin er tvöföld og snýr austur-vestur. Dyr eru á tóftinni til austurs og minna hólfíð er vestan við. Ekki sést á milli fornleifa 020 og 014.

Hættumat: engin hætta

Kort 3



EY-104 Hóll



40 hdr. 1712. Hólastólsjörð, getið í Hólareikningi 1388: "af holi i suarfadardal kugilldi. fimm vætter j skreid. x aurar frider. c. i hafnar v[adum]." DI III, 411.
1449: "Jtem hole i svarvadardal vj kvgyllde l. ijc." DI V, 37. Sama ár voru í eldi "a hole j svarvadadal kviga a fiorda veter oc naut a þridia veter." DI V, 44.
1461 var "a holi bænhus ok er ecki uppi." DI V, 356.
1525 er Hóll meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301.
25.12.1550 eru með Hólakirkjufjörð Hóli ".vjj. kugillde. landskyllde .ij. .c. og dagslatta." DI XI, 868.
1569: "Med Holikug. [landsk] .iiij. vættir fiska oc .x. aurar [med tiundum kug.] .vj." Hólareikningur - DI XV, 228.
1570: "Med Holi .vi. kug." Hólareikningur - DI XV, 459.
Hólaskot var hjáleiga 1712. Fell smábýli í landi Hóls 1900-1934. "... einnig byggðust þá fleiri þurrabúðir syðst í túninu í námunda við

hið ört vaxandi útgerðarþorp Dalvík." BE 1990, 112.

1917: 6.9 ha. Garðar 1276 m².

1839: "... þrýðileg að útheyskap, en heldur landþröng og lítið tún, liggur rétt á sjóarbakka." SSE, 68

1990: "Hólstúnið liggur með fjallinu á flatanum suður undan bænum og neðan þjóðvegarsins niður að sjónum." BE 1990, 112

Ey-104:001 Hóll bæjarhóll bústaður 65°59.306N 18°31.890V

"Þessi bær mundi teljast bezt húsaður í sókninni, næst staðnum sjálfum." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Gamli bærinn stóð um 20 m fyrir norðan núverandi íbúðarhús. Norðan og vestan við eru útihús. Nú liggur heimreiðin að Hóli yfir bæjarstæðið. Engar leifar gamla bæjarins sjást.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SSE, 68

Ey-104:002 heimild um útihús 65°59.331N 18°31.649V

Útihús var um 20 m sunnan við Fjóshól. Það er nú horfið undir þjóðveginn. Áður í túni, nú undir vegi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-104:003 Fjóshóll heimild um fjós 65°59.331N 18°31.767V

"Á Fjóshóli stóð gamla fjósið." segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er rétt við austurbrún þjóðvegarsins - til móts við afleggjarann að Hóli, um 30-4 m norðaustan við bæinn sjálfan. Nú liggur þjóðvegurinn yfir þar sem hóllinn var. Hefur verið sléttað - var stór hóll.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:004 Gerði heimild um fjárhús 65°59.381N 18°31.649V

"Utan við bæjarlæk var kallað Gerði." segir í örnefnalýsingu. Gerðið var austan við þjóðveg - nokkurn vegin á móts við afleggjarann að fjósi Hóls, um 150 m norður frá bænum. Þar voru tvö útihús sem sýnd eru á túnakorti frá 1917, en lengstum munu þar hafa verið þrjú fjárhús og eru munnmæli að eitt þeirra hafi verið upprunalega verið mannabústaður, en ekki er vitað með vissu hvort það sé annað af þeim húsum sem sýnd eru á túnakortinu. Grasi gróið þýft svæði. Mikið af jarðvegi/möl var flutt á þennan stað þegar fjósið var byggt á Hóli og því sést ekkert af upphaflegu yfirborði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 356

EY-104:005 heimild um fjárhús 65°59.381N 18°31.649V

"Utan við bæjarlæk var kallað Gerði." segir í örnefnalýsingu. Gerðið var austan við þjóðveg - nokkurn vegin á móts við afleggjarann að fjósi Hóls, um 150 m norður frá bænum. Þar voru tvö útihús sem sýnd eru á túnakorti frá 1917, en lengstum munu þar hafa verið þrjú fjárhús og eru munnmæli að eitt þeirra hafi verið upprunalega verið mannabústaður, en ekki er vitað með vissu hvort það sé annað af þeim húsum sem sýnd eru á túnakortinu. Grasi gróið þýft svæði. Mikið af jarðvegi/möl var flutt á þennan stað þegar fjósið var byggt á Hóli og því sést ekkert af upphaflegu yfirborði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-104:006 heimild um útihús 65°59.296N 18°31.872V

Útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917 stóð þar sem íbúðarhúsið er nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-104:007 heimild um útihús 65°59.306N 18°31.890V

Útihús er merkt á túnakort frá 1917 suðvestan við gömlu bæjarhúsin. Nú liggur heimreiðin að Hóli yfir hússtæðið, sem er einungis 2-3 m norðan við núverandi íbúðarhús. Áður í túni, nú undir vegi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-104:008 heimild um bænhús 65°59.306N 18°31.890V

Árið 1487 er getið um bænhús á Hóli en það var þá ekki uppi. Ekki er nú vitað hvar það var.

Heimildir: DI V, 356.

Ey-104:009 varða 65°59.366N 18°32.263V

Ógróinn melhóll er beint vestur frá bænum. Hann er hæsti hóllinn á svæðinu og kallaður Stórhóll. Efst á honum er grjóthlaðin varða. Varðan er 1 m há og 1 m í þvermál.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-104:010 gryfja kolagröf 65°59.956N 18°32.443V

Á Hálsinum austan við Kolahvamm (027) voru kolagrafir. Lyngi vaxin heiði. Á svæðinu má sums staðar sjá dældir (um 1 X 1 m) sem eru augsnilega af manna völdum.

Ey-104:011 Hólsvör heimild um lendingu 65°59.384N 18°31.405V

"Heimræði er hjer og lending góð og so skipsuppsátur, og gengur hjer eitt skip, sem ábúandi á." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Í Hólsnaustum var bátalending, en sérstök lending heimilisins var þó utar ... Utan við Þríhyrnu er gamla heimalendingin, Hólsvör. Utanvert við vörina fellur Bæjarlækurinn .." segir í örnefnalýsingu. Bæjarlækurinn liggur í suðaustur út frá Hóli, endar í gili við ströndina. Þar fyrir sunnan var Hólsvör. Á þessum stað er steinströnd en ekki er að sjá neinar mannvistaleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 44; Ö-Dalv, 356


Ey-104:012 garðlag túngarður 65°59.346N 18°32.433V
 "Norðan lækjar heitir Útvöllur [í túninu]. Utan við hann var gamli vallargarðurinn. ... Dálítið fjörusker fram undan [Tófu]kofanum [013] heitir Brúnka. Þangað fram náði túngirðingin á sínum tíma." segir í örnefnalýsingu. Leifar af garðinum hafa varðveist vestan við Fellstóftina (025). Garðurinn fylgir þar rafmagnsgirðingu að mestu leyti. Vestan megin við garðinn er lyngi vaxin heiði en að austan er ræktað tún að mestu leyti. Mjög lítið af garðinum hefur varðveist. Hann er lágur og slitróttur en ekki sést í grjóthleðslur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:013 Tófukofi heimild um skotbyrgi 65°59.392N 18°31.376V
 "Örskammt frá [012] er Tófukofanef. Þar stóð Tófukofinn, sem notaður var við refaveiðar, setið þar fyrir tæfu og egnt fyrir hana rétt hjá kofanum. Gömul kona (Gunnhildur Jónsdóttir, sem frá fæðingu hefur átt heima á Hóli [f. 9.4.1848, d. 8.10.1924]) man eftir afa sínum í tófufyrirsát þarna í kofanum." segir í örnefnalýsingu. Tófukofinn var á lágum hól norðaustan við heimreiðina að Hóli, um 50 m frá sjó. 10 steinar í röð austur og vestur eru einu leifar kofans. Í honum var nóg pláss fyrir einn mann.

Hættumat: hætta vegna ágangs
Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:014 3 tóftir 65°59.637N 18°31.134V



"Neðan við [Ytri-Skollamýri] eru þrenn tóftabrot á bakkanum, öll nafnlaus." segir í örnefnalýsingu. Þessi tóftabrot eru fast við mynni Karlsárinnar að sunnan. Tóftirnar eru í grasi gróinni laut - 200 X 500 m að stærð. 3 tóftir í svipaðri stærð og snúa þær allar í norður-suður. Veggir tóftanna eru grasi grónir en í þeim sést í grjóthleðslur. Tóft merkt 1 á uppdrætti er skýrust en 3 óskýrust. Vesturhlíð tóftar 1 er hlaðin utan í hólinn. Hún er 4x7 m að stærð, hleðslur standa um 0,7 m hátt og snýr inngangur hennar í suður. Tóft 2 er byggð inn í hólinn, og myndar hólinn suðurvegg hennar. Inngangur hefur trúlega verið í norður, en norðurendi tóftarinnar hefur að miklu leyti eyðst. Tóftin er 6x9 m og standa hleðslur um 0,5 m. Einungis standa austur og vestur langveggir tóftar 3, inngangur hefur trúlega verið annað hvort í norður eða suðurenda, en óvíst er hvorum. Tóftin er 5x9 m að stærð og standa hleðslur um 0,3 m hátt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:015 heimild um ískofa
 "Neðst í Karlsárgili má enn sjá leifar ískofa, sem þar var fyrrum." segir í örnefnalýsingu. Ekki þekktist þessi ískofi nú en mögulegt er talið að hann sé einn af tóftunum þremur (014) við Karlsárós.

Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:016 Lambastekkur heimild um stekki
 "Ofar í [Karlsár]gilinu [en 015] eru tóftabrot Lambastekkjarsins." segir í örnefnalýsingu. Þessi stekkur

þekkist nú ekki en talið hugsanlegt að hann sé einn tóftanna þriggja (014) við Karlsárós, þá helst sú sem merkt er 3 á uppdrætti.

Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:017 *Syðri-Skollamýri* náma mógrafir 65°59.424N 18°31.259V
"Fram á bakkanum við Tófukofanef nær Syðri-Skollamýri ... Í báðum Skollamýrunum var mikil mótekja ..." segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru um 50 m norðan við Tófukofa (013), við sjávarbakkann. Þýft, lyngi vaxið, mýrlent svæði. Mýri í Syðri-Skollamýri var alltaf verri til mótekju en í Ytri-Skollamýri. Greinilegir skurðir eftir mógrafir, um 70 sm djúpir.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:018 *Ytri-Skollamýri* náma mógrafir
"Fram á bakkanum við Tófukofanef nær Syðri-Skollamýri, og svo sem 200 m utar er Ytri-Skollamýri, en nær ekki fram á bakkann ... Í báðum Skollamýrunum var mikil mótekja ..." segir í örnefnalýsingu. Ytra mótökusvæðið er um 200 m norðvestan við Syðri-Skollamýri, um 50 m sunnan við Karlsá. Mjög votlend mýri, graslendi allt í kring. Enn sést greinilega fyrir mógröfunum. Norðvestan við mógrafirnar eru tvö "U"-laga gerði þar sem mórinn var þurrkaður (13 X 7 m).

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:019 *Geitakofahóll* örnefni
geitakofi 65°59.331N 18°31.874V
"Sunnan og ofan bæjar heitir Geitakofahóll ..." segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 150 m suðvestan við bæjarhúsin. Grasi vaxinn ás. Efst á hólnum er nokkuð þýft - en engin merki sjást þar um mannvirkjaleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:020 *Lambhúshóll* örnefni lambhús 65°59.306N 18°31.885V
"Sunnan og ofan bæjar heitir Geitakofahóll, en nokkru utar er Lambhúshóllinn." segir í örnefnalýsingu. Lambhúshóllinn er rétt ofan (vestan) við suðurenda hænsnahúss. Grasi gróinn hóll. Ekki er að sjá nein mannvirki á eða í kringum hólinn en efst á honum er mikið af grjóti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:021 *Kvíamór* heimild um rétt 65°59.310N 18°31.870V
"Norðan við Lambhúshóllinn hét Kvíamór." segir í örnefnalýsingu. Kvíamór var þar sem hænsnahús Hóls stendur nú. Á þessum stað var rétt áður en hænsnahúsið var byggt.


Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:022 frásögn um sel 65°59.863N 18°33.233V
Fyrir ofan hálsinn, þar sem að nú er þrískiptur rafmagnslínustaur og línan beygir vestur úr Hólsdal, var sel frá Hóli. Svæðinu hefur verið mikið raskað vegna rafmagnslínunnar en staurarnir standa á lágum grasi grónum hól í lyngbreiðunni. Á þessum hól var selið. Hóllinn sem staurarnir standa á er um 15x6 m.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Ey-104:023 tóftir 65°59.838N 18°33.144V





Efst á Hálsinum er tóft. Hún er rétt austan við rafmagnslínuna sem liggur þvert á Hólshyrnu og Hólsdal.

Lítill grasi gróinn hóll í miðri lyngbreiðunni. Tóftin snýr norður. Inngangur í suðurenda austurveggjar. Veggirnir eru grasi grónir - ekki sjást merki um grjóthleðslu. Hugsanlegt er að við norðurenda tóftarinnar sé lítið herbergi - er þó ekki greinilegt. Um 10 m í austur frá norðaustur horni tóftarinnar er lítil hringlaga tóft (6 m í þvermál) með grasi grónum veggjum. Hugsanlegur inngangur í austur.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Ey-104:024 varða

65°59.489N 18°31.660V

"Hlaðin varða er þar ytra á nafnlausum útsýnishól. Sér af hólnum allt til Grímseyjar, ef skyggni er gott." segir í örnefnalýsingu. Austan við þjóðveg, um 300 m frá sjó er varða á hæsta hólnum norður af bænum. Grasi gróinn hóll. Stór hóll - efst á honum er grasi gróin bunga (6 X 4 m norður-suður), sem er að því virðist, manngerð og ekki óþessleg að vera kuml. Sjá má

grjót í henni. Á bungunni er grjóthlaðin varða, um 1 m á hæð. Heimildamaður segir hana hafa verið miklu stærri.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 356


Ey-104:025

Töðugerði/Fell

býlistóft

65°59.259N

18°32.245V



"Todugierde kallast suður og upp frá bænum. Þar er sagt, að Hóll hafi staðið í fyrndinni, og eru sýnileg byggingamerki túngarðs og tóftaleifa. En bærinn hafði þaðan fluttur verið undan snjóflóðum og því má ekki aftur byggja." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "[Fellstún er] efsti hluti túnsins á Hóli. Þarna stóð um nokkurra áratuga skeið býlið Fell [1900-1936], en fyrrum mun þar hafa verið býlið Todugerði ... því þarna var Töðugerði kallað (segir [Gunnhildur Jónsdóttir f. 1848 d. 1924])." segir í örnefnalýsingu. Tóft Fells er við endann á ásnum sem liggur í suðvestur frá íbúðarhúsinu. Á lágum hól á þýfðu, grasivöxnu svæði. Bæjarstæðið snýr norðvestur (14 X 8 m). Inngangur var á austurgafli en sést ekki greinilega nú. Fjánhús með hlöðu var aftan við

íbúðarhúsið en ekki fast við það, snéri austur-vestur. Inngangur er á austurenda, hlað er á vesturenda. Fjánhústóftin er mun greinilegri - þar sést enn grjót í hleðslunni. Hún er 12 X 11 m. Vestan við fjánhústóftina má sjá leifar kálgarða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 45; Ö-Dalv, 356

Ey-104:026

Stekkur

stekkjartóft

65°59.472N

18°32.481V

"Nyrzt á Skriðu er grasgefinn hóll kallaður Stekkur." segir í örnefnalýsingu. Á þessu svæði eru nokkrir hólar með heystæðum (029). Syðsta heystæðið (sunnan við hólinn Stekk) er hugsanlega stekkjartóft. Ekki sjást neinir greinilegir veggir, en dæld er í hólnum og liggur norður-suður eftir honum miðjum. Norðurendinn virðist vera grjóthlaðinn garður (norður-suður), um 0,3 m hár.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 356

Ey-104:027 *Kolahvammur* örnefni
kolagröf 65°59.936N 18°32.693V

"Ofan [Karlsárklaufa] tekur Hálsinn við, víðáttumikið hríslendissvæði á mótum Hólsdals og heimalandsins. Þar utan við, hjá Karlsá, er Kolahvammur og minnir á skóg og kolagerð." Kolahvammur er dæld, um.100x250 m, norðan megin við veginn sem liggur upp í Karlsárdalsmynnið, fast við gilbakka Karlsár. Lyngi vaxinn, mjög þýfður hvammur. Ekki sjást neinir kolagrafir lengur, en heimildamaður man eftir þeim frá því hann var unglingur.

Þar utan við, hjá Karlsá, er Kolahvammur og minnir á skóg og kolagerð." Kolahvammur er dæld, um.100x250 m, norðan megin við veginn sem liggur upp í Karlsárdalsmynnið, fast við gilbakka Karlsár. Lyngi vaxinn, mjög þýfður hvammur. Ekki sjást neinir kolagrafir lengur, en heimildamaður man eftir þeim frá því hann var unglingur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 357

Ey-104:028 *Kofi* smalakofatóft

"Dálítinn kipp ofan við Kolahvamm [027] uppi í dalsmynninu eru tóftarústir, sem kallaðar eru Kofi, líklega forn smalakofi." segir í örnefnalýsingu. Tóft Kofans er um 200 m norðan við rafmagnslínuna sem liggur um Hólsdal. Um 250 m breitt, flatlent svæði milli Hólshyrnu og gils Karlsár. Kofinn er á lágum hól. Svæðið er nokkurn vegin ferhyrnt - inngangur snýr í norður að Karlsá. Veggirnir eru grasi grónir - en sést í steina.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 357


Ey-104:029 þúst heystæði


Fimm hólar eru við Stekk (026), allir með nokkuð ferhyrndum gryfjum (5 X 5 m) efst. Þær eru misreglulegar, og hugsanlegt er að sumar a.m.k. séu tóftarbrott af heystæðum. Grasi grónir hólar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



66°00.017N 18°33.666V






EY-105 Sauðárkot

Jarðardýrleiki óviss, talin 8 hdr á 19. öld, en jörðin virðist annars hafa verið álitin hluti af Sauðanesi. Hólastólseign. Einnig Sauðakot. Var í eyði 1712 frá 1703 og hafði oft verið í eyði áður. Var þá nytjuð frá Sauðaneskoti. Bærinn brann 1905 og fór þá jörðin í eyði.

1839: "Byli þetta er mjög heyskaparlaust, en nóg og mikið land út eftir Múlanum." SSE, 69. Túnið er enn mjög grösugt, einkum neðan við þjóðveginn og hefur verið að mestu slétt af náttúrunnar hendi. Ofan við bæjarhólinn er túnið snegggra og þýfðara. Talsvert beitiland er í landareigninni, bæði á Sauðárdal og út með Múlanum, og víða hefur verið hægt að reita engjahey, einkum næst bænum en líka á blettum út með allri ströndinni (t.d. á Mígindi og Hökufellsgrundum).

EY-105:001 Sauðárkot bæjarstæði býli 66°03.003N 18°31.543V



"Tóftirnar sjást skammt ofan við veginn niður undan Sauðadal og stendur þar nú gamall og lúinn leitarmannakofi ... Reistur hefur verið steinn við tóftirnar til minningar um síðustu ábúendur." - Bærinn brann 1905. Sauðárkot er á norðurbakka Sauðár og er bæjarhóllinn fast vestan við veginn milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Hluti túns og tófta er neðan við veginn. Á bæjarhólnum stendur minningarsteinn og við veginn er skilti með nafni bæjarins. Leitarmannakofinn er nú horfinn. Sauðakot er vitlaust merkt á DMA korti (of sunnarlega). Túnið er vallendisræma á norðurbakka lækjargils og er ræktað á tveimur melhólaröðum sem liggja niður eftir brekkunni. Lækjargilið sem Sauðá rennur um kemur úr alldjúpum dal og er annar grynri (Torfadalur) fast norðan við. Milli dalanna er dæld inn í fjallshlíðina og myndast þannig dálítið undirlendi og er bæjarstæðið syðst og neðst í því. Þar neðst er stallur sem þjóðvegurinn liggur eftir, um 60 m ofan við sjávarmál, og liggur hann í gegnum túnið. Norðar og sunnar er fjallshlíðin brattari og eru þar hálfgrónir melar að norðan en flagmóar sunnan við. Gróður teygist upp í miðjar fjallshlíðar. Góð spretta er enn í túninu, einkum neðan við þjóðveg.

Túnið nær fram á brattan sjávarbakkann um 150 m neðan við þjóðveginn. Það er breiðast þar neðst, eða um 100 m, en mjókkar eftir því sem ofar dregur, einkum ofan vegar. Túnið nær frá norðurbakka Sauðár og að læk sem fellur úr hálsinum milli Sauðárdals og Torfadals. 45 m ofan við sjávarbakka er fjárhústóft, 15x6 m að utan, með dyr í austur, efst á hólrananum sem liggur niður eftir miðju túninu og er framhald af hólnum sem bærinn stóð á. Hlaðan er ofan og austan við, 4x2 m að innan og snýr þvert á fjárhúsið sem er 7x3 m að innan með garða eftir miðju. 7 m vestan við þessa tóft er lítil, 3x2 m, hringlaga tóft sem gæti verið súrheysgryfja. Beint í suður frá þessari tóft er önnur minni á lægri hólaröð fast norðan við lækjarbakkann. Hún er 6x5 m að utan, með dyr í austur. 30 m ofar og vestar á sama hólrana er önnur áþekkt tóft en ógreinilegri og sennilega eldri. Hún er 5x5 m að utan og virðist hafa dyr í VNV. Á

norðurbakka nyrðri lækjarins, norðan við sjálf túnið, 30 m neðan við veg, er kálgarður í bakkanum mót suðri, 21x7 m og snýr eftir brekkunni (A-V). Stórir steinar eru í efri langhlið, þ.á.m. stórt jarðfast bjarg við NV horn. 30 m austan og ofan við veg er annar kálgarður í rótun á háum melhól, um 10 m norðan við rætur bæjarhólsins og er lækur á milli. Kálgarður þessi er torfhlaðinn utan í brekkuna og er engin hleðsla norðanmegin enda snarbratt þar. Neðan við SA horn garðsins hefur verið hlaðið fyrir lækinn á norðurbakka hans, sennilega til að veita honum frá nyrðri hluta túnsins. Hleðslan er óregluleg, um 18 m löng. Lækurinn rennur nú neðan við bæjarhólinn að austan, ofanvið þjóðveginn. Bærinn stóð á allháum melhól og er sléttur flái upp í hann norðaustan til sem er sennilega jarðýtufar og gæti verið að efni hafi verið tekið úr honum þar - það hefur þó ekki verið mikið. Minnisvarði um síðustu ábúendur í Sauðárkoti er við SV enda fláans og SV við steininn er bæjartóftin, sennilega kjallari undan litlu timburhúsi, 7x4 m að stærð. Hár rani gengur til austurs frá hússtæðinu og eru þar sennilega byggingaleifar þó ekki sjáist húsmót á yfirborði. 10 m VNV við bæjartóftina er tvískipt tóft, 12x6 m að utanmáli, sennilega útihús frá því síðast var búið í Sauðárkoti. Um 20 m SV við bæjartóftina, niðri á túninu sem er allt óslétt vestan vegarins, er þúfnarimi sem gengur niður túbrekkuna. Neðst í honum sýnist vera tóft, 8x4 m að utan, sem snýr upp í brekkuna (A-V). 17 m ofar er önnur tóft, 6x4 m að utan, opin til ASA. Um 5 m ofar endar túnið og þar er endi á túngarði sem er fyrir SV horni túnsins. Hann er 27 m að vestan en 11 m austan við beygjuna er lítil tóft sambyggð að utan, 5x4 m að utan, gæti verið kvíar. Frá henni liggur garðurinn enn um 30 m til austurs. Túngarðurinn er því alls tæpir 70 m. Í Sögu Dalvíkur I, 363 er teikning af torfbænum í Sauðárkoti og er þar sýndur bær með tveimur burstum og torfhús með langhlið fram á hlað norðan við þær og þverhús aftan við þær. Ljósmynd af gangnamannakofanum er í Sögu Dalvíkur II, 414, hann hefur verið hlaðinn að hluta a.m.k.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: BE 1990, 124; Ö-Dalvík, 363-64; Saga Dalvíkur I, 363

EY-105:002 *Hálfðánarbrik* þjóðsaga tröllabústaður

"Sunnanvert gengur fram úr Múlabjörgum fyrirferðamikil og einkennileg klettabrík, slétt að framan, líkt og sjálfstæð hella utan á berginu. Það er hin fræga Hálfðánarbrik, kennd við 16. aldarkerk frá Felli í Sléttuhlið, Hálfðan Narfason, sem sýndi Jóni Málmeijarbónda konu sína, er var í tröllahöndum, bak við þessa miklu hellu. Hálfðanarhurðar er víða getið í þjóðsögum ... Hálfðanarhurð sést langt af sjó, eigi aðeins sökum stærðar, heldur einnig áferðar og litar, en hún er mun dekkri en umhverfið." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Í norðurhlið gjárinna, við mynni hennar er dálítil skora eða sprunga í bergið. Framan við þá sprungu er Hálfðanarhurð. Frá vissu sjónarhorni leit sprungan út eins og þar væru opnar dyr, en hurðin, bríkarstöppull, rauðleitur, stóð í hálfá gátt. Sjálf hurðin er nú ekki til lengur. Hún hrundi í jarðskjálftanum 1934, en litbrigðin í berginu eru sýnileg og vísa á hvar hurðin var." Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar.

Heimildir: Ö-Dalv, 362; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann.

EY-105:003 *Tjaldstaður* örnefni tjaldstæði 66°04.537N 18°32.186V

"Nyrzt á Mígindi er ofurlíttill grasgróinn slakki og bjargsbrúnin þar framskotin nokkuð. Heitir þar Hökufell. Sléttur flötur þar ofan við heitir Tjaldstaður ... Örnefnið Tjaldstaður vísar til þess, að þar hafi verið legið við, en talið er, að áður fyrr hafi menn sigið í Múlabjörg og Mígindi eftir eggjum. Til þess bendir eftirfarandi húsgangur: "Við Mígandi er mörg ein tó/máfurinn þar verpir á./Krían þó sé krókamjó./kjáir hún stundum framan í þá." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Staðsetning Tjaldstaðar er þó á reiki því Sigurjón Sigtryggsson segir í lýsingu sinni: "Utan við Hraunslæk er allstór stallur ofarlega í bakkanum. Hann er sléttur og fallegur, ætíð hvanngreinn. Það er Tjaldstaður. Hann er því ekki við Hökufell, sem er nokkru innar. Á Tjaldstað verpti dálítið af svartbak." og er henni fylgt hér. Hraunslækur mun vera vatnslítið gil, allbreitt þó, sem skerst inn í fjallshlíðina og sjávarbakkann um 200 m norðan við gangnamunnann. Norðan við þar sem gilið fellur í sjó fram er svolíttill höfði flatur að ofan og stallur út af honum undir hömrunum. Allbratt er að komast niður á þennan stað og er aðeins fært úr gilinu. Nokkuð sléttur grasstallur um 2 ha að stærð. Hann er vel gróinn en urð er í honum efst undir brekkunni. Engin mannaverk eru sýnileg á stallinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 362; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973)

EY-105:004 *Hökufell* þjóðsaga býli 66°04.266N 18°32.025V

"Nyrzt á Mígindi er ofurlítill grasgróinn slakki og bjargsbrúin þar framskotin nokkuð. Heitir þar Hökufell. Sléttur flötur þar ofan við heitir Tjaldstaður og enn ofar eru Hökufellsgrundir. Munnmæli herma, að þar hafi staðið býlið Hökufell, en næsta ólíklegt er að svo hafi verið." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Ekki hef ég heyrt að bær hafi verið á Hökufellsgrudum, en mér finnst það ekki ótrúlegt." Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar. Hökufellsgrundir eru lyng- og vallendisbreiður í slakka sem gengur inn í fjallshlíðina fast sunnan við muna Múlaganga. Efst á þessu svæði er vallendisblettur og hefur þjóðvegurinn verið lagður yfir hann að hluta (efst). Í kring eru rennsléttar lyngbreiður, sem lítur út eins og lyngið hafið gengið á vallendið. Á þessum stað mætti hugsanlega gera tún á um 2 ha bletti. Norðar og sunnar á sama stalli eru þýfðari lyngmóar og mýrardrög, en undirlendi er almennt mjög lítið á þessum slóðum.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Dalv, 362; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múllann (ódagsett en pq 1973)

EY-105:005 *Lambaskerjafjara* heimild um lendingu 66°03.337N 18°31.338V
"[Stekkjarlækur] fellur fram í Lambaskerjafjöru skammt utan við Lendingu. ... [var] sjálf lendingin ekki trygg, þó að töluvert hlé væri innan við skerjagarðinn ... ekki mun hafa verið róið þaðan síðan um aldamótin 1900." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Lambaskerin eru innan við Torfdalsá og lending Sauðakotsmanna var norðan við skerin. Eini kostur hennar var sá að fjaran var smágrýtt og því góð landtaka, og stuttur brimróður." Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar Í JÁM er einnig getið lendingar við Sauðárkot: "Heimræði brúkast hjer í stilltri veðráttu á sumardag, en ekki að jafnaði, því lendingin er brimsöm." JÁM X, 41 og sömuleiðis í sóknalýsingu frá 1839: "Útræði er þar slæmt sökum brims á fleirstum árstímum." SSE, 69. Lambaskerjafjara nær frá Skötulæk syðst í Mígindisbót og suður fyrir stekkin 009. Skerin er skammt frá landi þar sem fjaran er breiðust og gengur lengst til austurs. Nokkrir lækir falla fram á fjöruna og er sá syðsti mesta vatnsfallið og mun það vera Stekkjarlækur. Innan við 100 m norðar er annað vatnsfall heldur minna, sem fellur fram á fjöruna í um 3 m háum fossi, og er helst að ætla að það sé Torfdalsá. Raunar er hæpið að segja að Torfdalsá sé utan við Lambasker en ekki nær nokkurri átt að nyrðri lækirnir - sem eru allir mun minni - séu sú á. Örnefnalýsingarnar greinir því á og virðist örnefnalýsing Dalvíkur telja að lendingin hafi verið alveg syðst á fjörunni, sunnan við Stekkjarlæk en Sigurjón Sigtryggsson hefur lendinguna mun utar, við hornið á fjörunni, á móts við norðurenda Lambaskerja eða enn utar. Hnullungafjara undir lágu standbergi og eru brattar skriðubrekur þar ofan við. Fjaran sjálf er um 20 m breið við hornið á móts við norðurenda Lambaskerja en annarsstaðar 5-7 m. Jafn halli er á fjörunni, 20-25°.

Heimildir: Ö-Dalv, 363; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múllann (ódagsett en pq 1973)

EY-105:006 *Lambaskerjafjara* heimild um uppsátur 66°03.337N 18°31.338V
"Þar er yzta uppsátur á Upsaströnd í nokkru skjóli við skerjaklasann. Heitir þar Lambaskerjafjara. ... Uppsátur Sauðarkotsbænda var í Lambaskerjafjöru og fjarri því að vera aðstöðugott ekki mun hafa verið róð þaðan síðan um aldamótin 1900." segir í örnefnalýsingu. Helst er pláss fyrir uppsátur þar sem fjaran er breiðust, við hornið á móts við norðurenda Lambaskerja. Engin mannaverk sjást þar. Sjá 005.
Heimildir: Ö-Dalv, 363

EY-105:007 heimild um sjóbúð 66°03.337N 18°31.338V
"Ennþá má sjá fyrir sjóbúðabrotum í fjörunni utan við Torfdalsárósinn, en ekki mun hafa verið róið þaðan síðan um aldamótin 1900." segir í örnefnalýsingu. Engar byggingaleifar sjást nú lengur í fjörunni. Það er mjó hnullungafjara upp að lágu standbergi og er þar hvergi skjól fyrir stórbrimi sem hefur sópað sjóbúðabrotunum í burtu síðan lýsingin var rituð. Líklegast er að búðirnar hafi verið þar sem fjaran er breiðust, við hornið á móts við norðurenda Lambaskerja. Sjá 005. Í Sögu Dalvíkur I, 363 er ljósmynd af sjóbúð Magnúsar Jónssonar í Sauðárkoti, en ekki sést á henni hvar hún er. Magnús bjó í Sauðárkoti 1886-1895.


Heimildir: Ö-Dalv, 363

EY-105:008 heimild um leið 66°03.322N 18°31.447V
"Uppsátur Sauðarkotsbænda var í Lambaskerjafjöru og fjarri því að vera aðstöðugott. Þurfti fyrst upp úr fjörunni að fara norðanmegin árinna upp snarbrattan bakkafótinn, síðan yfir ána í gilinu og eftir mjóum rana upp margra mannhæða háa gilsbrekkuna að sunnanverðu, en þaðan eru nokkur hundruð metrar að

Sauðárkoti sem stóð við Sauðána. Sjávargatan frá Lambaskerjafjöru var því síður en svo auðveld ..." segir í örnefnalýsingu. Gilið sem farið er upp og Torfdalsá rennur um (næsta fyrir norðan Stekkjarlæk sem rennur í breiðara og dýpra gili) er mjög bratt, allt að 40° og talsverð fjallganga að klöngrast upp eftir því, hvort sem farið er niðri í gili eða upp melbrekkuna sunnan við það. Í lýsingunni virðist átt við að farið sé yfir ána neðst í gili, ofan við fossinn og síðan á ská upp melbrekkuna. Þar hlýtur þá að hafa verið troðinn slóði sem hægt hefur verið að fóta sig eftir, en ekki sést til neins slíks lengur. Sjávarbakkinn ofan við Lambaskerjafjöru er allsstaðar brattur og um 60 m hár. Hann er sundurskorinn af giljum sem hægt er að fara niður og upp um en hvergi er það auðvelt og virðist gatan hafa legið þar sem einna styst var að fara.

Heimildir: Ö-Dalv, 363

EY-105:009 *Helgastaðir/Sauðá rkotsstekkur* stekkjartóft 66°03.135N 18°31.453V




1712: "Helgastaðir heitir annað örnefni þar inn frá í sama landi. Þar er ein tóftarúst, en engin girðing, og því halda menn að þar hafi aldri bygð verið, þó að nafnið sýnist til þess líklegt. Ekki má hjer heldur bygð setja, því þetta landspláss er eyðilagt af skriðum og snjóflóðum." segir í Jarðabók Árna og Páls. Þetta mun vera sami staður og Sauðárkotsstekkur: "Sauðárkotsstekkur er rétt sunnan við Stekkjarlæk, sem fellur fram í Lambaskerjafjöru skammt utan við Lendingu." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er 20 m sunnan við barminn á gili sem er það syðsta sem fellur fram á Lambaskerjafjöru, og mun vera Stekkjarlækur. Hún er 50 m austan og neðan við þjóðveg, um 300 m NA við Sauðárkot 001. Tóftin er á hjalla, um 60 m ofan við sjávarmál og er þverhnipt fram af í sjó fram og niður í lækjargilið norðan við. Það er sami hjallinn og

bærinn stendur á. Tóftin er í lyngmói en vallendisblettur er utan í tóftinni austanmegin. Allmikið rask hefur verið í kringum gilið þegar vegurinn var lagður NV við tóftina og hefur litlu munað að tóftin færi þar forgörðum. Allstór og breið stekkjartóft. Króin er lítil (1x1 m) en djúp og er breitt haft á milli hennar og réttarinnar. Þetta er ekki ómögulegt bæjarstæði.

Hættumat: hættu vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM X, 41; Ö-Dalv, 363

EY-105:010 *Geitavellir* tóftir 66°02.969N 18°31.885V



1712: "Geitaveller kallast eitt örnefni á ströndinni út frá Sauðárkoti. Þar sjást litlar girðingar og ein tóftarleif, og því atla menn, að það hafi aldrei bygt ból verið. Verður og ei aftur bygt fyrir heyskaparleysi og snjóflóðum." JÁM X, 40-41 "Geitavellir er nafn á tóftum upp með Sauðá og ofan við Hálsinn noður frá Rípli, norðan árinna. Álta sumir þar býli verið hafa." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt JÁM ættu Geitavellir að vera út með ströndinni, norðan við Helgastaði 009 en verið getur að jarðabókarritarar hafi misskilið heimildamenn sína, a.m.k. virðist örnefnið nú fastengt stað uppi á bröttum hjalla ofan við Sauðárkot. Sauðá fellur fram af honum í klettagili og er tóftin um 50 m ofan við brúnina og 30 m

norðan við Sauðá. Fast norðan við hana er lítil lækjarspræna. Uppi á hjalla í um 120 m yfir sjávarmáli. Slakki myndast milli tveggja gilja neðst á hjallanum og er þar samfellt gróðurlendi, 2-3 ha að stærð. Það eru vel grónir lyngmóar með svolitlu af vallendisgróðri og votlendisrimum á milli. Lyngmóarnir teygjast upp eftir fjallshlíðinni ofan við og langt inn eftir dalbotninum. Einföld tóft, mjög sigin, 6x6 m að utan. Dyr virðast vera á austurhlíð, norðanmegin. Fast norðan við tóftina rennur lækjarspræna og meðfram henni að norðan er einföld þúfnaröð á allt að 40 m kafla. Á lengdar lítur þetta út eins og garður en þegar nær er komið virðist hann heldur hlykkjóttur og mishár til að vera manngerður. Það er þó ekki útilokað og undir brekkunni NV við tóftina - norður frá lækjarsprænunni - má rekja sambærilega þúfnaröð, sumsstaðar allt að 1,5 m háa um 70 m til NNA. Ef litið er á þetta sem heild mætti skoða það sem suður og vesturhlíðar á túngarði. Tóftin væri þá rétt utan við hann. Innan í honum, um 30 m beint norður af tóftinni, er upphækkun sem gæti verið tóft, 7x7 m að stærð og er hún nærri því að vera í miðju "túngarðsins".

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Ö-Dalv, 364

EY-105:011 *Mígindi* 4 tóftir býli

66°03.968N

18°31.749V

1712: "Myinde kallast nú fornt eyðiból, sem liggur ytst á Upsaströnd utarlega í Múlanum. Þar eru sýnileg byggingamerki af tóftarústum og so eru munnmæli að þar hafi kirkja eður bænhús verið. Sjást þess og nokkur merki af einnri tóftarúst með lítilli girðing umhverfis. / Dýrleikinn er óviss, því þetta eyðiból með tilliggjandi landi tíundast ekki. / Eigandinn biskupsstóllinn Hólar. / Selveiði er góð fyrir þesu landi, þar sem Vogar heita, og er ljeð ýmsum mönnum af stólsins mboðsmönnum fyrir 20 álnir í landaurum. Rekavon ekki teljandi því festifjara er engin. / Enginn brúkar þetta eyðiland framar en áður er sagt um selveiðina. / Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskarparleysi. Þar með er hjer óbyggjandi fyrir snjóflóðum." segir í jarðabók Árna og Páls. Tófta á þessu svæði er ekki getið í örnefnalýsingum en skýr - og tæplega gömul - tóft, er um 100 sunnan við Mígindislæk, um 50 frá bjargbrúninni og um 150 m neðan við veginn.



Sunnan við Mígindi (fossinn) skerst geil inn í bjargið og sunnan við hana er um 2 ha vallendisblettur í hallanum fram á brúnina. Ofan við hann eru lyngmóar, en norðan við Mígindislæk er mýri, flagmóar norðan við hana. Mígindi er stallur sem gengur fram úr fjallshlíðinni og er þar svolítið undirlendi, einkum norðan til sbr. 004. Skýra tóftin er 6x4 m að utan, snýr N-S, dyr ekki greinilegar. Hún er vaxin kafgrasi, djúpgrænni en umhverfið og sést sem dökkur blettur frá þjóðveginum. 15 m SSA við hana er upphækkun sem sennilega er tóft, 7x5 m að stærð. 4 m norðan við skýru tóftina er svo þriðja tóftin, samansigin sem hin, 7x5 m að stærð og snýr líka N-S. 45 m norðan við Mígindislæk og heldur ofar í hlíðinni en hinar fyrrnefndu tóftir, um 100 m frá bjargbrún er hringlaga girðing að því er virðist, um 10 m í þvermál. Hún er í miðri mýri og er ekki reglulegri en svo að ekki er útilokað að hún sé náttúruleg. Hún er eina mögulega mannvirkið á þessum slóðum sem gæti komið heim og saman við lýsingu JÁM á bænhúsi á Mígindi. Ef þetta er bænhús, eða garður í kringum slíkt hús, tóftin sjálf þá alveg sokkin, þá gæti verið um að ræða eitt af fáum slíkum húsum sem byggð voru við þjóðleiðir fyrir ferðalanga.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: JÁM X, 40; Ö-Dalv, 362

EY-105:012 tóft


66°03.095N

18°31.564V

Um 100 m norðan við bæjarstæðið í Sauðárkoti 001, um 30 m norðan við háan melhól sem er fast norðan við túnið (kálgarður er sunnan í honum) og um 40 m vestan og ofan við þjóðvegin, er tóft. Á stelli neðst í brekku. Vallendisblettur er í kring en lyngmóar ofan við. Lækjardrag er sunnan við og endar í smátjörn SA við tóftina. Þar gæti hafa verið sundlaug en ekki eru þó skýr mannaverki á. Löng og mjó tóft á brekkubrún. Dyr í vestur - upp í brekkuna. Grjót í veggjum. Gæti verið kvíar.



Hættumat: engin hætta



1917: 4.5 ha. 3/4 slétt. Garðar 620 m². 1839: "... heyskaparlítil jörð, en landrúm til útbeitar og hagagöngu." SSE, 68; 1990: "Í kringum bæinn er dálítið undirlendi á milli fjallshlíðar og klettótttrar strandarinnar. Túnið var lítið en sjófang gott þó landing væri slæm." BE 1990, 124. Túnið er syðst á hólhryggnum sem gengur eftir nesinu endilöngu og er snöggt norðantil en mjög grösugt enn suðaustantil. Sunnan við það tekur við stór mýrarfláki suður að Syðrivík. Engi voru líka á Landi, nyrst í landareigninni, meðfram sjávarbakkanum. Þar sem gróið er á annaðborð er nær allsstaðar kafgras í landi Sauðaness og vallendisgróður mjög víða en hvergi stór samfelld svæði. Túnið virðist lítið hafa verið stækkað frá því sem það var 1917, en tilraunir til framræslu hafa verið gerðar í mýrinni sunnan við og eru þar handgráfnir skurðir. Einhverskonar túnrækt virðist einnig hafa átt sér stað við suðurmerkin, neðan við þjóðveginn. 1781 fékk Jón Jónsson b. á Sauðanesi verðlaun fyrir kvarnarsteinasmíði og má vera að steinarnir hafi verið teknir í landareigninni - RLLF II, 269.

EY-106:001 Sauðanes bæjarhóll bústaður 66°01.333N 18°30.705V
 "Húsið var um tíma gert að slysavarnarskýli [þ.e. e. að bærin fór í eyði 1957] en nú standa aðeins útveggirnir uppi." Ekkert sést nú eftir af steinhúsinu sem stóð síðast í Sauðanesi og brann 1957. Bæjarstæði Sauðaness er niðri á nesinu þar sem það er einna breiðast, suðaustar og neðar en öskuhaugarnir á Gróarmel en að þeim er uppbyggður afleggjari frá þjóðveginum og skilti sem vísar á bæinn við gatnamótin. Samkvæmt túnakorti stóð bærin um 50 m SA við 004, á NA horni stórs hóls sem nú er flatur að ofan, og er syðsti og hæsti hluti hryggjarins sem túnið og flest útihúsanna eru á. Á þessum flata hólkoli stóðu húsin 001, 002, 003 og a.m.k. tveir kálgarðar. Steinhúsið hefur væntanlega staðið heldur sunnar og austar en torfbærinn og eru þar nú stórar arfabreiður. Bærinn hefur verið um 200 m frá sjávarbakka, 400 m neðan við þjóðveg. Hár malarhóll, bratt niður af til austurs, suðurs og vesturs. Mýrar eru sunnan og vestan við. Ekkert sést nú eftir af bænum. Þar sem hann var er sléttur stallur og virðist sem öllum byggingaleifum hafi verið rutt um og jafnað yfir eftir að steinhúsið var rífið. Stallurinn er mun stærri en bæjarstæðið sjálft, 40-50 m á kant og stóð bærin á NA horni stallsins. Bratt hefur verið niður af hlaðinu til austurs og norðurs. Teikning er af torfbænum í Sögu Dalvíkur I, 354 og er þar sýndur bær með fimm burstum til austurs og eitt hús þvert á framhúsin aftanvið. Þessi bær er sennilega eldri og stærri en sá sem sýndur er á túnakorti. Bærinn á túnakorti var 15x15 m. Skv. fasteignamati 1918 var íbúðarhúsið úr timbri, 14x10 álnir, með kjallara, allt járnvarið, eldhús 5x6 álnir - Saga Dalvíkur II, 415. Á ljósmynd á s. 355 í Sögu Dalvíkur I sést í þakið á steinhúsinu, og í Sögu Dalvíkur II, 303 sést húsið allt úr suðaustri. Á hólnum suðvestan við það sést í langt torfhús.

20 hdr. 1712. Hólstólsjörð. Getið í Hólareikningi 1388: "af sauðanesi kugilldi v. vætter skreidar. ok c. i hafnar v[adum]." DI III, 412.

1447: "Jtem savdanese iij kvgyllde l. 1 1/2 c." DI V, 37.

1525 er Sauðanes meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301.

25.12.1550 eru með Hólakirkjujörð Sauðnesi ".v. kugillde. landskyllid .j. c. og dagslatta." DI XI, 867.

1569: "Med Saudanesi [landsk] .iij. ær oc .x. aurar [med tiundum kug.] .vj." Hólareikningur - DI XV, 228. 1570: "Med Saudanesi .vi. kug." Hólareikningur - DI XV, 459. Sauðaneskot var hjáleiga 1712 og taldist seinna lögbýli og var reiknað 7 hdr af jarðarverðinu. Einnig er talið að Sauðárkot hafi byggst úr landi Sauðaness. Sænes var þurrabúð um aldamótin 1900. Í eyði frá 1957. Á 17. öld bjó á Sauðanesi Þorvaldur Rögnvaldsson, útgerðarbóndi og fjölkynngismaður, og eru margar þjóðsögur og örnefnsögur tengdar honum

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 125

EY-106:002 heimild um útihús 66°01.332N 18°30.684V
2 m vestan við bæinn 001 stóð 1917 aflangt útihús, 24x8 m og snéri N-S. Það náði mun lengra til suðurs en bærinn. Kálgarður var við suðurenda þess. Nú er allur hóllinn sem bærinn stóð á sléttaður að ofan og sést ekkert til byggingaleifa, en arfabreiður og grjót í sverði sýna að allt svæðið (50x40 m) er fullt af byggingaleifum. Mögulegt er að steinhúsið sem stóð síðast á hólnum og brann 1957 hafi staðið á sama stað og þetta útihús, a.m.k. að hluta. Á háum hól, bæjarhól.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-106:003 heimild um útihús 66°01.316N 18°30.691V
Fast við SV horn 002 var annað útihús 1917, austan við kálgarðinn, 12 m sunnan við bæinn 001. Það er á sama sléttaða hólnum og 001 og 002. Gæti hafa lent undir steinhúsinu sem brann 1957. Á háum hól, bæjarhól. Húsið hefur verið 12x8 m skv. túnakorti og verið í sömu röð og bærinn 001. Eins mætti líta á húsin 003 og 002 sem hluta af bænum því þau standa öll mjög þétt.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-106:004 útihústóft 66°01.346N 18°30.792V
NV við bæjarhólinn, í brekkunni ofan við Gróina, er tóft. Hún er 50 m NV við 001 og tæplega 30 m sunnan við 005. 27 m norðan við þessa tóft er gryfja í smáhól og grjóthruga á vesturbarmi, sem gæti verið tóft. Í túnbrekkunni, skammt ofan við mýri. Stór ferhyrnd tóft, 9x4 m að innanmáli. Hún er opin til vesturs og hefur þar verið timburstafn. Gólfíð er lægra í innstu 3 m og hefur þar sennilega verið hlaða eða heygryfja. Grjót er neðst í veggjum (0,5-0,7 m, 4-5 umför) en torf þar ofaná (hnausar og strengur). Það blæs úr torfhleðslunum framan til í húsinu en að aftan er hrúnið inn í tóftina og er hún byrjuð að gróa þar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1917




EY-106:005 fjárhústóft 66°01.362N 18°30.714V
Tæpum 30 m vestan við 004 og heldur ofar í túnbrekkunni austan við Gróina er önnur útihústóft, stærri. Efst í túnbrekkunni, skammt ofan við mýri. Stór tvístæð fjárhús, með dyrum til vesturs og hlöðu þvert á aftanvið. Hlaðan sést nú best, grjóthlaðin að neðanverðu og talsvert niðurgráfin en þekjan liggur ofan á sjálfum fjárhúsunum þannig að skipan þeirra er ógreinileg. Í hlöðunni eru mest 6 umför af hleðslugrjóti, um 1,3 m djúp og virðist grafin inn í túnbakkann. Áfast norðan við hlöðuna er hálfhringlaga heygardur. Þessi hús eru á ljósmynd í Sögu Dalvíkur I, 355 og sést þar að eins og í 004 hefur verið um 0,5 m hár fótur úr grjóti í veggjunum en torf þar ofan á. Á myndinni virðast húsin vera fallin að framan en bárujárn er undir torfinu á þaki hlöðunnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-106:006 útihústóft 66°01.413N 18°30.667V



54 m NNA við 005, efst í túbrennkunni, þar sem horn er á túngarði, er tóft fast utan við þar sem hornið væri en garðurinn endar sitthvoru megin við tóftina spölkorn frá henni. Lítil ferhyrnd tóft hjá túngarði en garðurinn nær hvergi að tóftinni. Veggir eru mjóir (um 1 m) og virðast byggðir úr torfi eingöngu. Dyr í austur. Tóftin gæti hafa náð lengra í norður áður og er mögulegt að hún hafi verið notuð sem kálgarður síðast og hinir mjóu veggir tilheyri því skeiði. 15 m SA við er lítil hól (mun stærri að sjá að austan) og uppi á honum er möguleg tóft, fremur óljós þó. Lengra austur á túninu, neðan við þennan hól er græn bunga sem einnig gæti verið eitthvað, mögulega öskuhaugur. Innan við túngarðinn vestan við þessa tóft, um 20 m frá henni er aflangur pallur, 12x8 m og nokkuð

reglulegur sem vel gæti verið ein tóftin til.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1917

EY-106:007 *Rípill* þjóðsaga 66°02.516N 18°31.234V

"Einhvers staðar í Ríplinum [á merkjum Sauðaness og Sauðárkots] stóð varða sú, sem hinn nafntogaði Sauðanesbóndi og fjölkynngismaður Þorvaldur Rögnvaldsson, hlóð og magnaði með þeim árangri, að fénaður hans hljóp ekki utar í hlíðina, fremur en þarna væri girðing ramgjör. Höfðu ýmsir fyrir satt fyrr á árum að þar hefði sést á hlaupum gráklæddur strákur, er horfið hefði inn í vörðuna." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur en Sigurjón Sigtryggsson segir svo frá: "Rípilshausinn var fremst á Rípli, fram við sjó. Þar voru enn leifar af vörðu Þorvaldar þegar Múlavegur var lagður [1966]. Þá var grafið gegnum Rípilinn, ofan við hausinn. Síðan var tekinn ofaníbúður úr hausnum og er hann nú næstum horfinn og þar með vörðuleifar Þorvaldar." Rípillinn er skriðuhryggur sem liggur í sveig niður fjallshlíðina sunnan við þar sem Sauðárdalur opnast. Þar er nú stór melbrekka þar sem vegurinn hefur verið grafinn í gegn og neðan við hann, þar sem Rípilshausinn var, er nú stór sléttur melur neðan við veginn, jafnhár frá vegkanti og fram á bjargbrún. Varðan hefur staðið á hausnum á þessu svæði. Áður melhöfði sem gekk í sjó fram. Hann er nú alveg horfinn og er þar nú slétt malarplan. Þessi varða hefur væntanlega verið á merkjum en merki milli Sauðaness og Sauðárkots voru um Rípilinn.

Heimildir: Ö-Dalv, 360; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973)

EY-106:008 *Sauðanesstekkur*



stekkjartóft 66°01.834N 18.31.232V

"Uppi yfir [Ytrivík] heitir Klif, þar sem nýi vegurinn er tæpast á bakkanum ... Sauðanesstekkur er sunnan í Klifinu." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Klifið er þar sm ströndin skerst lengst inn til vesturs utan við Ytrivík. Þar er slakki inn í fjallshlíðina og mjög bratt niður af þjóðveginum sem er efst í honum. Vatnslífill lækur seytlar um vik þetta og neðst í því er vallendisbali í talsverðum halla. Stekkjartóftin er efst á þessum bala sunnanvert, um 70 m neðan við veg og um 50 m frá bjargbrún, í um 25° halla. Á vallendisbala neðst í fjallshlíð, ofan við sjávarbakka. Lækur seytlar meðfram tóftinni Tóftin er byggð í talsverðum halla og er hátt undir henni að neðanverðu og má ver að þar hafi verið stallur í hlíðina fremur en að mörg eldri byggingarstig séu undir. Réttin er stór, 6x4 m að innan, með dyr í suður en króin er óvenjuleg því hún er eins og ranghali út úr réttinni til vesturs. kafgras er á tóftinni og er hún byrjuð að falla saman en grjóthleðslur sjást þó í innbrúnum veggja, einkum í krónni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 360

EY-106:009 *Messuhjallar* örnefni 66°00.963N 18°31.298V

"Utar [en Strákar] er Stekkjarlækur og nálægt honum tóftir Sauðanesstekkjar. Messuhjallar eru þar neðarlega í hliðinni og Háagrund nokkru nær bæ." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur en Sigurjón Sigtryggsson bætir við: "Suður við merkin í Sauðaneskotslandi, upp undir fjallsrótum eru Messuhjallar, þrjár allbreiðir, grösugir stallar. Afbragðs engi. Aðalengið var nokkuð mýrlent ..." Það er ekki Sauðanesstekkur heldur Karlsárstekkur sem átt er við í örnefnalýsingu Dalvíkur og er hann hátt í kílómetra utan við merkin. Messuhjallarnir eru í fjallshliðinni ofan við þjóðveginn, grösugir mýrastallar sem ná frá Merkjalæk út á móts við sjóbúðirnar í Syðrivík.

Heimildir: Ö-Dalv, 360; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973)

EY-106:010 *Lendingin* heimild um lendingu 66°01.000N 18°30.784V

"Utarlega í Syðrivík, þar sem bergið gengur þverhnipt í sjóinn fram, heitir Forvaði. Norðan undir honum er Lendingin." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur "Lendingin í Syðrivík var spölkorn norðan við Forvaðann. Rétt innan við vörina var lítið sker við fjöruna. Það hét Brunka. ... Lendingin frá Sauðanesi hét ekki á Búðum. Það var lent í Syðrivík, en hinsvegar voru sjóbúðir uppi á bakkanum, og notaðar enn eftir 1930. Ég held að enginn Dalvíkingur hefði skilið ef einhver hefði sagt að hann hefði lent á Búðum." 1712: "Heimræði er hjer um hásumar, en ekki að jafnaði, því lendingin er háskalega stórgrýtt og þar með brimsöm. Skipsuppsátur mjög erfitt. Hjer gengur nú einn bátur, sem ábúendur eiga." JÁM X, 42. 1839: "Þar er ill lending og hættuleg með skipsuppsátur undir sjóarbjörgum, hvar aðeins er einstígur ofan í stórgrýtta fjöru." SSE, 68-69. Forvaðinn er norðan við þar sem Syðrivík skerst lengst inn í landið, um 500 m norðan við Stráka. Norðan við hann tekur við hnullungafjara sem nær út fyrir Sænes en lendingin mun hafa verið syðst, næst Forvaðanum, spölkorn sunnan við sjóbúðirnar uppi á bakkanum. Hnullungafjara, 20-30 m breið, aðgrunnt. Engin mannaverk sjást í fjörunni.

Heimildir: Ö-Dalv, 360; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973)


EY-106:011 *Búðir* sjóbúðartóft

66°01.023N 18°30.754V

"Utarlega í Syðrivík, þar sem bergið gengur þverhnipt í sjóinn fram, heitir Forvaði. Norðan undir honum er Lendingin. Þar var kallað á Búðum, eða Búðir og sjást þar enn sjóbúðabrot." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur en Sigurjón Sigtryggsson bætir við: "Lendingin frá Sauðanesi hét ekki á Búðum. Það var lent í Syðrivík, en hinsvegar voru sjóbúðir uppi á bakkanum, og notaðar enn eftir 1930. ... Grösugt og greiðfært engjastykki frá Ytrivíkurbakka, upp undir Háugrundarholtið hét Búðarengi. ... Ofan við Búðarengið og sunnan Háugrundarholts hét Dagsláttá." 1712: "Heimræði er hjer um hásumar, en ekki að jafnaði, því lendingin er háskalega stórgrýtt og þar með brimsöm. Skipsuppsátur mjög erfitt. Hjer gengur nú einn bátur, sem ábúendur eiga." JÁM X, 42. Sjóbúðartóftirnar eru þrjár og standa á sjávarbakkanum, norðan við Lendinguna 010, neðst og syðst í mýrarfláka, Búðarengi, sem tekur við af túninu sunnan við bæinn Í aflíðandi mýrlendi á háum sjávarbakka. Lækur rennur fast norðan við tvær nyrðri búðirnar en fleiri smásprænur eru á milli búðanna. Þrjár tóftir, tvær þær nyrðri eru áþekkar, sú vestari ívið stærri og báðar virðast byggðar á eldri rústum. Syðsta tóftin er óskýrari. Vestasti hluti hennar er naust og sést í grjóthleðslu í vestasta veggnum, en áfast því að austan virðist hafa verið búð, en SA hluti hennar er mjög ógreinilegur. Á milli búðanna tveggja sem nær eru bakkanum er þúfnarimi sem sennilega eru tóftaleifar, fast á brúninni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Dalv, 360; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973); JÁM X, 42.




EY-106:012 heimild um uppsátur 66°01.000N 18°30.784V
 "Utarlega í Syðrivík, þar sem bergið gengur þverhnipt í sjóinn fram, heitir Forvaði. Norðan undir honum er Lendingin. ... Annars var afar þröngt um uppsátrið, því að það var sprengt inn í tvítugan hamarinn." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur en Sigurjón Sigtryggsson bætir við: "Varla er hægt að segja að uppsátrið hafi verið sprengt inn í tvítugan hamarinn. Þar eru ekki hamrar í þess orðs merkingu." 1712: "Heimræði er hjer um hásumar, en ekki að jafnaði, því lendingin er háskalega stórgrýtt og þar með brimsöm. Skipsuppsátur mjög erfitt." JÁM X, 42. 1839: "Þar er ill lending og hættuleg með skipsuppsátur undir sjóarbjörgum, hvar aðeins er einstigur ofan í stórgrýtta fjöru." SSE, 68-69. Samkvæmt þessum lýsingum hefur uppsátrið verið niðri í fjörunni endir berginu en naust var einnig uppi á bakkanum sbr. 011, sennilega til að geyma bát um vetur. Síðan hætt var að nota lendinguna eftir 1930 hefur brim eyðilaggt uppsátrið - meðan það var í notkun mátti þurrka fisk niðri í fjörunni. Hnullungafjara undir bröttum sjávarbakka. Fjaran er mest um 30 m breið og hvergi skjól í henni. Ekki sjást nú nein mannaverk í fjörunni og ekki er glöggt hvar sprengt hefur verið inn í bergið enda virðist talsvert hrynja úr því. Uppsátrið hefur annaðhvort verið fast norðan við Forvaða, beint upp af Lendingunni, og er þar svolltið vik inn í bakkann, eða utan við næsta nef fyrir norðan, beint niður undan syðstu búðinni (sbr. 011) sem er fast á bakkanum. Niður af henni er geil í bjargið, sem frekar mætti kalla 'gjá' en syðri staðinn og þar gæti hafa verið sprengt en þar er hinsvegar ófært niður með öllu, alveg þverhnipt.

Heimildir: Ö-Dalv, 360; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973)

EY-106:013 Sænes tóft bústaður

66°01.114N 18°30.640V



"Utarlega í Syðrivík, þar sem bergið gengur þverhnipt í sjóinn fram, heitir Forvaði. Norðan undir honum er Lendingin. ... á bakkanum þar rétt utan við stóð um skeið býlið Sænes." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Ágústínus Jónsson var "um skeið þurrabúðarmaður á Sænesi [einnig nefnt Sauðanesbúð og Sauðanesbakki], en þar kom hann upp kofa yfir sig og fjölskyldu sína með lítilfjörlegum styrk frá hreppnum, 1883." Saga Dalvíkur I, 239. Búíð var í Sænesi fram yfir aldamótin 1900. Tóft Sæness er 230 m norður af sjóbúðum 011, um 50 m ofan við sjávarbakka og fast sunnan við tóftina rennur lækur, sem kemur úr suðurenda Gróarinnar og er mesti lækurinn sem rennur um mýrina sunnan við Sauðanesbæ. Tóftin er í hverfi frá Sauðanesi, fast sunnan og neðan við flagmóa- og klapparhól með hundapúfu á toppnum. Sunnan í hól í mýrlendisfláka, skammt ofan við sjávarbakka. Lækur rennur meðfram tóftinni. Þrískipt

sambyggð tóft. Að framan (austan) er eitt hól með tvær dyr að því er virðist, til austurs og suðurs, en að aftan eru tvö hól og er það stærra og syðra mun dýpra. Vegghleðslur eru allar heldur mjóar, eða innan við 1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 360; Saga Dalvíkur I, 239; BE 1990, 125

EY-106:014 Vegamót heimild um leið 66°01.256N 18°31.077V

"Útan við Háugrund greindust reiðgötturnar heim í Sauðanes og áfram út eftir ströndinni, og hét þar Vegamót. Þar stóð býlið Sauðaneskot ..." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt þessari lýsingu hafa götturnar út með ströndinni legið eftir sama hjalla og þjóðvegurinn er nú á og sennilega nokkurn veginn á sama stað. Ekkert sér til þeirra nú. Fyrir þann sem kemur sunnan að hefur ekki verið þægilegt að beygja af götunum

til Sauðaness hjá Sauðaneskoti. Þar er bratt niður að fara og mjög blautt í Grónni á milli Gróarmels og holtsins sem Sauðanesbærinn er á. Líklegra er að menn hafi skilið við göturnar um 400 m sunnan við Sauðaneskot, fast utan við Háugrundarholt. Þar sést enn bíslóði og götturoðningar á ská niður hlífina í átt að suðurenda Gróarmels og þar yfir Gróina á torfbrú (sbr. 001).

Heimildir: Ö-Dalv, 360

EY-106:015 *Huldufólkssteinn* álagablettur huldufólksbústaður 66°01.224N 18°30.693V
"Lágur ás er ofan Grófarinnar og endar hann beint upp undan bænum. Þar er Huldufólkssteinninn, og er mýrarsundið þar sunnan við álagablettur. Fólk sem uppalíð var á Sauðanesi og bjó þar og lifir enn (1962), kann frá því að segja, að ekki var áhættulaust að slá þessa mýri." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Þessi lýsing er ekki nákvæm eins og sést af lýsingu Sigurjóns Sigtryggssonar: "Neðan við [mýrardragið Gróina], sunnan túns og aðeins niðrhallt frá bænum var Álagablettur. Allstór, ferhyrndur blettur og Huldusteinn í honum miðjum. Þessi blettur var mjög grösugur, en aldrei sleginn. Fyrir fáum áratugum missti Sauðanesbóndi kvígu að hausti, með voveiflegum hætti. Hann hafði látið plægja og brjóta til ræktunar þetta sama vor dálitinn blett frá túni og suður að Álagabletti. Plægingamaðurinn hafði gerst heldur nærgöngull við Álagablettinn og mun hann hafa farið sem nam tveimur strengjum inn fyrir mörkin á parti. Enn um 1930 var þetta af ýmsum talin orsök þess að kvígan drapst." Huldufólkssteinn er allstór steinn í mýrinni beint suður og niður af bænum, um 250 m sunnan við bæjarhólinn. Enginn annar steinn er neinsstaðar nærri. Stakur blágrýtissteinn á ferhyrndri þýföri upphækkun, bakka, í smáhallandi mýri. Steinninn er um 1,7 m langur frá N-S og um 1 m breiður, um 1 m hár og nokkuð sokkinn. Álagabletturinn er 20x10 að stærð. Sker sig vel úr mýrinni í kring.

Heimildir: Ö-Dalv, 360; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett)

EY-106:016 *Peningasteinn* þjóðsaga um fjársjóð 66°01.256N 18°31.077V
"Suður og niður frá túni á Sauðanesi er Peningasteinninn. Þar töldu margir, að fólgið væri peningakvartil og fjársjóður frá búskapartíð Þorvalds Rögnvaldssonar (á 17. öld)." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Hér er greinilega átt við Huldufólksstein en Peningasteinn mun vera í brekkunni, ofan við mýrina sem Huldufólkssteinn er í, norðan við götuna frá Vegamótum 014 og að norðurenda Gróarmels. Á því svæði eru nokkrir steinar sem koma til greina. Upp úr 1920 fannst peningur hjá steininum. Hann var á stærð við 50 kr pening, gáróttur á röndinni og hafði áletrunina 'Brodre folkets vel' [!].

Heimildir: Ö-Dalv, 360

EY-106:017 *Griðkonugata/Griðka* heimild um leið 66°01.000N 18°30.784V
"Upp með [Bæjargjá] að norðan er einstigi mjög ógreiðfært. Það heitir Griðkonugata." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur en Sigurjón Sigtryggsson bætir við: "Ofan og utan við lendinguna [010] er bakkinn nokkuð flár skriðuruni, sem auðvelt er að vinna. Þar hefur einhvern tíma í fyrndinni verið löguð sjávargata skáhalt suður og niður frá Búðunum [011] og niður undir fjöru. Þar tekur bergið við svona um þremur metrum ofan við fjöruna, eins og hún var þegar ég var þarna kunnugur. Þar var hlaðinn neðsti hluti götunnar. Hvernig þetta er nú veit ég ekki. Fjaran tók ýmsum breytingum, og stundum hreinsaðist allt laust grjót burtu svo eftir stóðu berar klappirnar, sem ekki var hægt að lenda á. Þá var lent út í Sænesvík, en þar er enn erfiðari sjávargata, en í Syðrivík." 1839: "Þar er ill lending og hættuleg með skipsuppsátur undir sjóarbjörgum, hvar aðeins er einstigur ofan í stórgrýtta fjöru." SSE, 68-69. Griðkonugata var um 20 m norðan við Forvaða, fast norðan við Lendinguna. Þar er hægt að komast auðveldlega niður hálfan sjávarbakkann en þegar 3-4 metrar eru eftir niður á hnallungafjöruna tekur við þverhnípi. Þar hefur hinn hlaðni hluti götunnar tekið við. Hann er nú alveg horfinn og er ekki hægt að komast niður í fjöruna með góðu móti. Griðkonugata eða Griðka var einnig fiskimið.

Heimildir: Ö-Dalv, 360; Örnefnalýsing Sauðaness, Sauðaneskots og Múlans eftir Sigurjón Sigtryggsson (ódagsett en pq 1973)

EY-106:018 *Tréurð* þjóðsaga 66.00.970N 18°30.801V
"Þar sem volg uppsprettulind vætlar fram í klungrið [Flesjahraun] heitir Tréurð. Hún sprakk fram úr hömrunum fyrir ummæli Þorvalds bónda Rögnvaldssonar. Þá höfðu hann heimsótt sendimenn Hólabiskups og kröfðust fyrir stólsins hönd, eignarréttar á gríðarstóru tré, sjóreknu undir hömrum þessum. Vildi Þorvaldur eigi af hendi láta tréð, laumaðist út á sjávarbakkann og merkti fyrir hæfilega stóru stykki til að hylja tréð, mælti kröfulega fyrir og gekk heim við það. Þegar Hólamenn hugðu næst að tré því hinu mikla

sáu þeir aðeins verksummerkin en ekki sjálft tréð og kenndu um göldrum bónda. Var við það látið sitja." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Sigurjóni Sigtryggssyni segist hinsvegar svo frá: "Után við Lækina er það sem í skránni er nefnt Flesjahraun. Þar heyrði ég aðeins nefnt Urð. Tréurð heyrði ég aldrei nefnda, en söguna um Þorvald og tréð kannast ég við, en hef ætíð heyrt að hún hafi gerst á innanverðu nesinu, innan við Bæjargjá. Þar eru og allar aðstæður sennilegri. Flesjahornið snýr til norðurs, þverhnipt á þrjá vegu og aðeins nokkurra metra breitt ..." Ef Sigurjóni er fylgt þá er þessi staður við Forvaða, innst í Syðrivík.

Heimildir: Ö-Dalv, 361; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973)

EY-106:019 *Hákarlaklettur* þjóðsaga 66°02.485N 18°31.131V

"Í sjó frammi nálægt norðurmerkjum, eða austur af Ríplinum, er Hákarlaklettur. Er talið að hann dragi nafn sitt af því, að við hann hafi hinn fjölkunnugi Sauðanesbóndi [Þorvaldur Rögnvaldsson] tjóðrað hákarla sína og geymt þá þannig lifandi að vild sinni." segir í örnefnalýsingu. Hákarlaklettur er sker um 10 m undan landi, sunnanhalt austan við þar sem Rípilshausinn var (sbr. 007). Skerin eru þrjú. Á þessum stað var egnt fyrir hákarl - agn sett í rimlabúr og því sókk. Hákarlaklettur var einnig fiskimið. Heldur grunnt er í kringum þessi sker enda eru þau svo að segja í fjörumáli.

Heimildir: Ö-Dalv, 361

EY-106:020 *Sauðanesbeitarhú* heimild um beitarhús 66°02.467N 18°31.334V

"Sauðanesbeitarhús voru á vegarstæðinu (Múlavegi) sunnan undir Ríplinum. Stór steinn var sunnan við tóftir þessar, nefndur Einbúi, en honum hefur verið rutt brott." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Sigurjóni Sigtryggssyni segist hinsvegar svo frá: "Einbúinn er alllangt ofan við veginn og hefur honum ekki verið rótað enn. Ekki hef ég heyrt að beitarhús hafi verið þar nálægt, en rústir nokkrar og merki um mannaverk munu enn sjást á hól fyrir utan og neðan Einbúa. Það var mér sagt að væru handaverk Ólafs barnakennara, föður Kjartans heitin augnlækni. Ólafur átti heima á Sauðanesi um skeið og fékk þá að heyja út í Landi. Heyið bar hann saman á þessum hól og hlóð utan að því úr grjóti. Þarna er mjög gott hleðslugrjót, en Ólafur hafði yndi af að hlaða úr grjóti. Þau ár sem ég var í Sauðaneskoti, 1928-32, var að minnsta kosti tvisvar hey í þessa Ólafstótt. Veit ég ekki hvað sést af þessum mannvirki nú." Enginn steinn nógu stór eða sérstakur til að kallast Einbúi, er lengur í fjallshlíðinni sunnan við Rípil. Einasta er stakur klettahaus um 500 m sunnan við Rípil og um 40 m ofan við veg, en ósennilegt er að talað væri um hann sem 'stein' og enginn hól er utan og neðan við hann þar sem tóftir gætu verið. Engar tóftir eru heldur á þessu svæði, en fyrir utan vegarstæði sjálft hefur töluvert rask verið þar. Bæði hefur Rípilshausinn verið jafnaður við jörðu og svo er allstór grjótnáma í hlíðinni ofan við veginn um 200 m sunnan við Rípilinn. Líklegt er að heystæðið hafi verið þar. Engjastallarnir sunnan við Rípilinn voru kallaðir Land og var heyjað þar frá Sauðanesi og Sauðaneskoti. Úr því verður varla skorið úr þessu hvort lýsingarnar eiga við eitt og sama mannvirkið eða hvort að bæði beitarhús og heytóft hafi verið sunnan undir Ríplinum. Sunnan við Rípilinn eru grasstallar í fjallshlíðinni en um 300 m sunnar dregst hún saman og verður brattari þannig að slægjuland og hússtæði hafa fyrst og fremst verið næst Ríplinum einmitt á því svæði þar sem mest rask hefur verið vegna vegagerðar. Neðan við veginn eru vel gróinn engi fram á sjávarbakkann, en hvergi mannvirkjaleifar að sjá.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Dalv, 361; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973)

EY-106:021 útihústöft 66°01.423N 18°30.670V


25 m norður af 006, 3-5 m vestan við NV horn á túngarðinum, er tóft. Í túni - fast utan við túngarð. Samskonar vallendi er utan og innan hans. Regluleg tvískipt tóft, snýr N-S, með dyr í N.

Hættumat: engin hætta

EY-106:022 *Svarðarmór* heimild um mógrafir
66°01.318N 18°31.068V

"Spölkorn utan við Háugrundarholtið og upp undir merkjum var lyngmór, sem náði heim undir, eða út á móts við bæi. Hann hét Svarðarmór og þar nálægt sáust merki þess að svörður hefði verið tekinn." segir í örnefnalýsingu. Norðan við Háugrundarholtið og milli þess og Gróarmelsins, þar sem nú eru öskuhaugar, eru mýrarstallar á 100-150 m breiðu bili, niður eftir hlíðinni, frá vegi og niður að Grónni. Mýrarsvæðið dregst saman að neðan og gengur þar flagmóasvæði einsog fleygur milli votlendisins í brekkunni og flatra engjanna sem taka við sunnan við bæinn. Þar hafa mógrafirnar verið en ekkert sér til þeirra lengur.

Heimildir: Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett)




EY-106:023 útihústóft

Um 20 m sunnan við hólinn sem bærinn stóð ár (um 40 m frá 001) er lægri hóll í framhaldi af hinum - síðasti stallurinn í hólaröðinni. Á honum er tóft. Í túni, á hólbungu. Handgrafinn skurður eða lækjarfarvegur er milli þessa hóls og bæjarhólsins Stór tóft með voldugum veggjum, dyr nyrst á austurvegg.

Hættumat: engin hætta

66°01.303N 18°30.676V



EY-106:024 *Svarðarmelur* náma mógrafir 66°01.415N 18°31.076V

"Utan við Fitina var Svarðarmelur og Svarðargrafir þar ofan við. Utan við Svarðarmelinn var lautardrag niður að Grónni, það hét Fífulág." segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru við norðurendann á túngarði um Sauðaneskot, á flatanum neðan (SA) við afleggjarann niður að öskuhaugunum á Gróarmel. Grafirnar ná fast að afleggjaranum. Nokkrar mógrafir eru einnig ofan við vesturenda Fífulágar, norðan og neðan við afleggjaran. Á stalli í mýrlendi ofanvið melhjalla. Mjög blautt er bæði sunnan og norðan við en mógrafasvæðið sjálft er þurrt, einkum syðst og er ekkert vatn í gröfunum þar þó þær séu um 1,7 m djúpar. Stórt samfellt svæði og eru mjög nýlegar grafir á því syðst. Lækur rennur úr gröfunum í NA horni. Stærsti hluti svæðisins er alveg gróinn en syðst eru ferskar grafir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett en pq 1973)

EY-106:025 *Sænesvík* heimild um lendingu 66°01.118N 18°30.564V

"Fjaran [í Syðrivík] tók ýmsum breytingum, og stundum hreinsaðist allt laust grjót burtu svo eftir stóðu berar klappirnar, sem ekki var hægt að lenda á. Þá var lent út í Sænesvík, en þar er enn erfiðari sjávargata, en í Syðrivík." segir í örnefnalýsingu. Ekki er skýr lýsing á því hvar Sænesvík er nákvæmlega en hún hlýtur þó að vera á svæðinu sunnan frá læknum sem rennur sunnan við Sænestóftina og út fyrir næsta nef fyrir norðan - þar er svolítið vik inn í sjávarbakkann en annars er hann að mestu beinn og varla hægt að tala um neina 'vík' á þessu svæði. Svæðið sem til greina kemur er um 300 m langt. Þar er hnellingafjara, heldur mjórri en í Lendingu, en aðgrunnt og sennilega samileg lending í góðu veðri. Á hinn bóginn er hvergi augljós sjávargata niður bakkann - allsstaðar þverhnipt.

Heimildir: Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann

(ódagsett en pq 1973)

EY-106:026 garðlag túngarður 66°01.410N 18°30.607V

Túngarður er fyrir vesturhlið og vestanverðri norðurhlið túnsins í Sauðanesi, á sömu stöðum og túnmörk eru sýnd á túnakorti frá 1917. Á vallendisholti. Að vestan er garðurinn í brattri brekku ofan við mýrlendi. Ekki sést munur á gróðri utan eða innan túngarðs en túnmörkin austanvið eru hinsvegar skýr, mói er þar austan við. Að sunnan rennur túnið saman við mýrina. Garðurinn er hlaðinn úr torfi eingöngu, um 1,5 m breiður og mest um 1 m hár (norðurhlið) en víðast lægri, 0,5 m. Fyrir vesturhlið er garðurinn víðast ógreinilegur og sést meira eins og bakki neðarlega í brekkunni, ofan við Gróina. Eyða er í garðinn sunnan við 004 en hann sést svo aftur á kafla vestan undir bæjarhólnum. Hvergi sér til garðs fyrir austur eða suðurhlið.

Hættumat: engin hætta

EY-107 Sauðaneskot

Hjáleiga frá Sauðanesi. 6 hdr 80 al.

1712: "Bygt á stekkjarsæði heimajarðarinnar fyrir vel 50 árum, þar sem ekki hafði verið bygt áður, og reiknast nú fyrir þriðjung allrar jarðarinnar, með einri dagsláttu sem það hefur af heimatúninu. Öllum landsnytjum er óskift, nema túni og engjum." JÁM X, 42. 7 hdr. 1847. Í eyði frá 1937. "Merki milli Sauðaness og Sauðaneskots lágu út og suður um börðin ofan við Gróna, um Háugrundarholt og sjónhending suður í Merkjalæk. ... Ofan við Búðarengið og sunnan Háugrundarholts hét Dagsláttu. Það var fremur rýrt engjastykki, sem Sauðaneskot átti neðan merkja. ... Nokkru utar [en Fífulág] var Stóraskriða. Þar voru norðurmörk Sauðaneskots." Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann. Túnakort vantar. Efri hluti túnsins lenti undir þjóðveginum en það hefur verið fremst á stalli í fjallshlíðinni og í brekkunni framan í honum (Gerðabrekka). Neðan við þá brekku er mýrarstykki (Fit) sem þó er að hluta innan túngarðs. Handgrafinn skurður er í mýrinni en annars er ekki að sjá að neinar túnabætur hafi verið gerðar í Sauðaneskoti.



EY-107:001 *Sauðaneskot*

bæjarstæði býli
66°01.376N 18°31.106V

"Bæjarhúsin í Sauðaneskoti stóðu beint ofan við Sauðanes en rústirnar lentu að hluta undir Múlaveginum þegar hann var lagður." - "[Við Vegamót - Ey-106:014] stóð býlið Sauðaneskot og voru tóftirnar af því að nokkru uppistandandi, þegar Múlavegur var lagður þarna um bæjarstæðið [1966]." segir í örnefnalýsingu. Bærinn í Sauðaneskoti var á hjalla ofarlega í fjallshlíðinni, alllangt ofan við Sauðanesbæ. Múlavegur var lagður um efri hluta túnsins og er bæjartóftin 30 m neðan (A) við veginn, 30 m sunnar en afleggjari niður að öskuhaugum á Gróarmel. Norðan við bæjarhúsin eru útihústóftir á tveimur stöðum en sunnan við þau, sunnan við túngarð, er kálgarður. Af lýsingunni að dæma hafa fleiri hús verið í túninu sem lent hafa í vegarstæðinu. Túngarður er í kringum bæinn að sunnan, austan og norðan en vesturhlíðin hefur horfið við vegarlagninguna. Bærinn stendur fremst á sama hjalla og þjóðvegurinn liggur eftir og er fjallshlíðin beint upp þaðan en neðan við eru fleiri hjallar, melar og mýrlendisstallar niður að sjávarbakka. Á hjallanum sem bærinn stendur á er valllendi en á næsta stalli fyrir neðan er mýri. Bæjartóftin er 16x1 m að utanmáli og sjást grjóthleðslur víða neðst í veggjum. 25 m norðan við hana er rústalegur hóll með hvompu í kollinn. 15 m norðan við hann er steinaröð í grasrótinni og ferhyrndur blettur um 5x3 m að stærð sem sennilega er hússtæði. 30 m þar norðan við er skýr ferhyrnd tóft, 7x4 m að stærð. Kálgarðurinn sunnan við túngarðinn er 13x7 m að stærð. Túngarðurinn er breiður og sokkinn, allt að 2,5 m breiður og óvíða meir en 0,7 m hár. Hann liggur niður eftir hjallanum sunnan við bæinn, á ská niður Gerðabrekku 002 og út á Fitina en þar er blaut mýri. Í NA horni garðsins er afgirt hólft um 30 m á kant og virðist sá garður vera jafngamall hinum. Skv. fasteignamati 1918 voru bæjarhúsin: Baðstofa 7x5 1/2 alin, búr 5x4 álnir, eldhús 7x3 álnir, bæjardyr 3x3 álnir - Saga Dalvíkur II, 415. Teikning af bænum er í Sögu Dalvíkur I, 361.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar


Heimildir: BE 1990, 124; Ó-Dalv, 360; Saga Dalvíkur I, 361; II, 415.

**EY-107:002** *Gerðabrekka* örnefni 66°01.350N 18°30.977V

"Neðan bæjar í Sauðaneskoti var allbrött brekka, en ekki há. Hún hét Gerðabrekka, neðan við hana var lítil flatlendisræma sem var kölluð Fitin. Hún náði fram á Gróarmelinn." segir í örnefnalýsingu. Beint neðan við bæjarhús í Sauðaneskoti er brött en stutt brekka og liggur túngarðurinn á ská niður hana. Það er Gerðabrekka. Neðan við hana er sléttur mýrlendishjalli, Fitin. Sjá 001. Ekki eru önnur gerði á þessu svæði en það sem túngarðurinn um Sauðaneskot myndar. Garðurinn er fornlegur og gæti vel verið eldri en byggð í Sauðaneskoti og hafi verið gerði um stekk þann sem bærinn var byggður á um 1650.

Heimildir: Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múllann (ódagsett en pq 1973)

EY-108 Karlsá



20 hdr. 1712. Bændaeign. "Born [Þorsteins svarfaðar] váru þau Karl enn rauði, er bjó at Karlsá ..." Landnámabók (SH), ÍF I, 252. "OK er fall Karls rauða við Hyltinganaust] fréttist til Upsa, þá lætr Þorgerðr færa Karl og austmennina upp til Karlsár, ok váru þar lagðir í skip ok fé mikit með þeim, ok því heitir þar at Karlsá síðan." Svarfdæla saga, ÍF IX, 192. Einnig getið í Þjóstólfs sögu hamramma.

16.9.1431 fékk sr. Jón Pálsson Jóni Vilhjálmsyni Hólabiskupi 6 kúgildi hjá Höskuldi Vilhjálmsyni á Karlsá - DI IV, 472.

29.10.1549 selur Jón Arason

Hólabiskup Þórunni dóttur sinni Karlsá - DI XI, 733.

12.2.1703 á sr. Páll Bjarnason 5 hdr í Karlsá og hafði hann eignast partinn fyrir 4 árum a gjöf frá föður sínum, sr. Bjarna Þorsteinssyni. Af partinum hefur hann árlega uppborið 30 álnir. Fyrstu tvö árin galt ábúandinn 1 ríkisdal specie hvort árið, en seinni tvö 12 álnir hvort árið. Partinum fylgdi eitt kúgildi en sr. Páll tók það burt fyrir þremur árum - JÁM XIII, 356. Karlsárkot hjáleiga á 17. öld. Karlsárþúð þurrabúð á 17. öld. Í eyði frá 1975 en hús eru notuð til sumardvalar.

1917: 5.2 ha. 1/2 slétt. Garðar 410 m².

1839: "... heyskaparlítil, en málnytuholl, ekki fjarlaga [þ.e. slæm] til útigangs." SSE, 68;

1990: "Túnið er aflíðandi niður að háum sjávarbakkanum." BE 1990, 125

EY-108:001 Karlsá bæjarhóll bústaður 65°59.999N 18°31.708V

Framhús í gamla bænum stóð fast norðan við núverandi íbúðarhús, milli þess og steyprar skemmu 9 m norðan við. Framhúsið fyllti alveg í það skarð og stóð um skeið eftir að núv. íb.hús var byggt. Um 4 m langur grjóttveggur gengur suður frá skemmuveggnum í skarðinu en ekki er víst að hann sé gamall. Grasflöt milli íbúðarhúss og skemmu og hallar hún frá vestri til austurs þannig að um 1 m hæðarmunur er milli hlaðsins sem er nú aftan við núverandi íbúðarhús og flatarinnar framan við það. Svo virðist sem steypa skemman hafi verið byggð norðan við framhúsið, hugsanlega á rústum norðurhluta torfbæjarins. Um 10 m framan (A) við er stallur í brekkuna og bratt (en stutt, 2-3 m) þar niður af. Það er sennilega hlaðbrekkan. Norður af skemmuni - sem gæti upphaflega hafa verið fjós - lækkar landið einnig og á norðurenda hennar eru stórar skemmu (haughús?) dyr inn í kjallara. Einnig lækkar niður af suðurenda núverandi íbúðarhúss og er þannig stallur, um 50 m langur og a.m.k. 30 m breiður sem er bæjarhóllinn. Miðað við afstöðu á túnakorti hefur bærinn snúið stöfnum meira NA en A og mögulega staðið heldur frammar (austar) á hólnum. Á túnakorti er bærinn sýndur 20x17 m að stærð og er staðsetning útihúsanna miðuð við að nyrðri helmingurinn hafi lent undir skemmuni. Skv. fasteignamatí 1918 voru bæjarhús á Karlsá þessi: Baðstofa 12x4 álnir, búr 6x3 álnir, eldhús 7x5 álnir, bæjardyr og stofur 7x7 álnir, tvær skemmur 6x4 og 7 1/2x4 álnir - Saga Dalvíkur II, 414. Teikning af bænum er í Sögu Dalvíkur I, 349. Þar er sýnt framhús með kvisti og skemma áfast norðan við en vestan við eru tvær þver-burstir. Skammt sunnan við bæinn er sýnt útihús sem annaðhvort er 002-003 eða 004. Málverk af bænum á Karlsá sem sýnir framhúsið milli núverandi íbúðarhúss og skemmu er varðveitt á heimili Haraldar Guðmundssonar, Grundargötu 1, Dalvík.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-108:002 heimild um útihús 65°59.986N 18°31.717V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús 2-3 m vestan, eða vestsuðvestan, við bæinn. Þessi staður er 3 m NV við NV horn núverandi íbúðarhúss. Malarborið hlað, aðkeyrsla að núverandi íbúðarhúsi. Á teikningu í Sögu Dalvíkur 1, 349 eð sýnd útihús sunnan við bæinn og eru það annaðhvort þessi, þá sambyggð við 003, eða 004. Hvort sem er þá eru hlutföllin á teikningunni ekki rétt, húsið er of stutt frá til að vera 004 en of suðaustarlega til að vera 002-003. Öll torfhús á jörðinni voru horfin er Haraldur Guðmundsson kom þar 1947.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-108:003 heimild um útihús 65°59.986N 18°31.717V
Samkvæmt túnakorti stóð útihús 4 m sunnan við 002, 6 m frá SV horni bæjarins. Það er nú undir vesturhluta núverandi íbúðarhúss, hugsanlega undir inngönguskúr. Steinhús, slétt hlað umhverfis. Á teikningu í Sögu Dalvíkur 1, 349 eru sýnd útihús sunnan við bæinn og eru það annaðhvort þessi, þá sambyggð við 003, eða 004. Hvort sem er þá eru hlutföllin á teikningunni ekki rétt, húsið er of stutt frá til að vera 004 en of suðaustarlega til að vera 002-003. Öll torfhús á jörðinni voru horfin er Haraldur Guðmundsson kom þar 1947.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-108:004 þúst útihús 65°59.969N 18°31.692V
Um 60 m sunnan við 001, 50 m sunnan við núverandi íbúðarhús, á norðurbakka Brunnár, austan við bíslóða sem liggur frá bænum suður yfir Brunná var útihús skv. túnakorti. Þar er nú upphækkaður reglulegur pallur, um 8x4 m að stærð en ekki er skýrt tóftalag á honum. Fast austan við þennan pall er kálgarður. Áður í túni, á árbakka, nú óræktarblettur í túnjaðri. Á teikningu í Sögu Dalvíkur 1, 349 eru sýnd útihús sunnan við bæinn og eru það annaðhvort þessi, þá sambyggð við 003, eða 004. Hvort sem er þá eru hlutföllin á teikningunni ekki rétt, húsið er of stutt frá til að vera 004 en of suðaustarlega til að vera 002-003. Öll torfhús á jörðinni voru horfin er Haraldur Guðmundsson kom þar 1947.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


EY-108:005 heimild um útihús 66°00.044N 18°31.659V
Samkvæmt túnakorti var útihús 16 m vestan við 006, um 50 m norðan við bæinn. Þar er nú vegbrún. áður tún, nú undir uppbyggðum vegi með slitlagi. Öll torfhús á jörðinni voru horfin er Haraldur Guðmundsson kom þar 1947.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-108:006 heimild um útihús 66°00.022N 18°31.658V
Um 50 m norðan við 001 var útihús samkvæmt túnakorti og kálgarður 15 m austan við það. Kálgarður er enn á þessum slóðum, sunnan í hól, sem mól hefur verið sett á og standa þar nú nokkrar gamlar búvélar og árabátur. Slóði liggur fast vestan við kálgarðinn og vestan við hann er smáhóll með símastaur á. Vestan í þeim hól er mjög hátt og þar hefur útihúsið verið. Áður í túni, nú órækt í túnjaðri. Um 50 m norðar er annar hóll og breiðari með hærra grasi en umhverfið. Vestan til í honum, fast upp við vírgirðinguna um 10 m austan við þjóðveg er gryfja með steypubrotum og bárujárni. Þar hefur staðið hús, en hvort það er fornt er óvíst mál. Hóllinn með mölenni og búvélasafninu, sem kálgarðurinn er sunnan í, gæti líka geymt rústir. Norðaustan í honum er gryfja, manngerð, sem gæti verið leifar af tóft. Öll torfhús á jörðinni voru horfin er Haraldur Guðmundsson kom þar 1947.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-108:007 *Karlsárstekkur* stekkjartóft 66°00.421N 18°31.374V



"Í [Stekkjjarvík] fellur Stekkjarlækurinn og þar eru tóftir Karlsárstekkjar." segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. Í sömu lýsingu þar sem fjallar um Sauðanesland er talað um Sauðanesstekk á svipuðum slóðum en það mun rangt sbr.: "Stekkjjarvíkin er sunnan merkja [Sauðanes] og stekkjjarbrot þau er enn sjást væntanlega, hef ég fyrir satt að séu í Karlsárlandi og stekkurinn hafi verið þaðan, en ekki frá

Sauðanesi." Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar. Karlsárstekkur er um 200 m sunnan við Grástein 012, 20 m ofan (V) við þjóðveginn, um 300 m norðan við Leiti. Lækurinn sem kemur úr Stofugili rennur 15 m norðan við stekkjartóftina. Á vallendisrima, neðarlega í fjallshlíð sem nú er lynngró en var áður skógi vaxin. Stór og breiður stekkur á hólbungu sem sennilega geymir eldri rústir. Tvískiptur og dyr á vesturhlíð. Milliveggurinn er óskýr. Vestur og suðurveggir eru mun veigaminni en norður og austurveggir sem eru hnauspykkir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 358; Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann (ódagsett)

EY-108:008 Bygghóll þjóðsaga um legstað 66°00.206N 18°31.084V


1818: "... í einum útlits ómerkilegum hól / ad heite Bygghóll./ seigiast gamler menn, einn framm af öðrum hafa heyrt sé í Forntíð heigdur madur nockur ad nafni Raudur, þáverandi Bónde frá Karlsá, í hveirrar Jardar Landareign ad nendur hóll stendur; hafe hann í Lifanda Life, kosed sér daudum, med nockud litlu Fé, haugstad /greptrunar Stad/ þann, er hann sæe sem flestar - og - giörast - Siglíngar út - og - innefter Fyrdenum c: Eyafyrði." FF II, 534. 1820: "... Sögusögn er medal almuga /: sem hvergi mér vitanlega finnst Spor til í ritudum Sögum:/ ad í Hól nockrum hér í Sóknenni /. so kölludum Bygghól / er stendur so sem einn serstakur af Sióarböckum med malarkambi framan, sé í heydenni Tíð heigdur Bónði er búed skule hafa á nærstu Búiörð Karlsá, efter hans eigenn Beidni, hvar hann séd giæte sem fleystar Siglíngar út-og inn-eftr Eyjafirðinum, og heite hans skule hafa vered Raudur." FF II, 536. ca. 1865: "Ekki vita menn fyrir vissu hvar Karl og hans hafa verið lagðir í haug, en munnmæli hafa verið gömul að þeir hafi verið heygðir í melhöfða þann, sem er á sjávarbakkanum spölkorn fyrir utan ána og Bygghóll er kallaður. Það er afarhár hóll, hruninn og brotinn framan af sjávangangi en blásinn af veðri sunnan, en grastó stór á honum ofan, og er auðséð að hann hefur fyrrmeir verið grasi vaxinn, og hefi ég heyrt að þá hafi sést þar girðingamót sunnan og vestan til á hólum." Árb. 1975, 127. "Stuttan spöl suður frá Stekkjarvík liggur fyrirferðarmikill hóll langs eftir Karlsárböckum, svo tæpt, að brotið hefur framan úr honum af sjávangangi, e.t.v. mjög mikið. Forn munnmæli telja, að í þessum feikna stóra hólí eigi Karl rauði að vera grafinn í skipi sínu, og kannski hefur gröf hans verið í þeim hlutanum, sem farinn er. Nafn hólís þessa er með tvennum hætti ritað, Bygghóll og Bikhóll, en framburður er þannig, að jafnt getur verið hvor orðmyndin sem vill. Kalt og næðingssamt er á Upsaströnd, svo að litlar eru líkurnar fyrir byggakri þar, en hins vegar fullvíst að þar hafi verið bikaðir bátar eins og á öðrum lendingarstöðum. Bátanaust heimilisins munu að sönnum aðallega hafa verið suður við ána." segir í örnefnalýsingu. Frásögn Svarfdælasögu er á þessa leið: "Og er [bardaginn við Hyltinganaust] fréttist til Upsa, þá lætr Þorgerðr færa Karl [rauða] ok austmennina upp til Karlsár, ok váru þar lagðir í skip ok fé mikit með þeim, ok því heitir þar at Karlsá síðan." ÍF IX, 192. Bygghóll er stór aflangur hóll sem myndar næstum rétt horn við Leitið sunnan megin, niðri við sjávarbakkann og er mjög áberandi frá veginum. Fast norðan við Rauðhól 022. Hár og brattur melhóll á sjávarbakka, gróðurlaus að mestu nema neðst. Einföld steinaröð liggur upp í hólinn úr rótum hans og hálf leið upp, vestan í suðurenda hans og hefur greinilega blásið frá henni. Steinaröð þessi er heldur veigameiri en að um girðingarundirstöðu geti verið að ræða. Hún er 8 m löng í um 50° halla.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF II, 534, 536; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 127; Ö-Dalv, 358

EY-108:009 Karlsárnaust tóft naust 65°59.632N 18°31.052V


"Norðan við ós Karlsárinnar heitir Karlsárnaust." sbr. "Bátanaust heimilisins munu að sönnu aðallega hafa verið suður við ána." segir í örnefnalýsingu. 1712: "Heimræði er hjer og lending sæmileg, og so skipsuppsátur, og gengur hjer eitt skip ábúanda." JÁM X, 43 "Í Karlsárnausti niður við sjóinn stóð á 17. og 18. öld ein helsta skipasmíðastöð landsins. Þar smíðaði Eyvindur Jónsson duggusmiður [Duggu-Eyvindur] (1679-1764) haffært þilskip fyrstur Íslendinga. Stendur minnismerki um hann við þjóðveginn utan við Karlsána." BE 1990, 125. 1781 voru "Bóndanum Páli Sigurdarsyni á Karlsá í Eyiáfiardarsýslu ... gefnir 4 Danskir spec. ríkisdalir til hugnunar-merkis fyrir þat hann hefir smídat yfir 60 stærri og minni báta, og medal þeirra nýlega einn storann til hákalla-tekju." RLLF II, 267. Páll fékk einnig verðlaun fyrir kvarnarsteinasmíði sama ár - RLLF II, 269. Þar sem Karlsá kemur í sjó fram myndast tunga norðan við ána, í framhaldi af rana sem gengur niður milli gilsbakka og sjávarbakka. Neðst undir þessum rana, um 3 m neðar en Íshúsið 010 er naustið, byggt saman við ranann, 6 m norðan við ána og 15 m frá fjöru. 10 m SA við er skúrræksni. Tóftin er á malareyri, undir grasi grónum rana, austan við er fjaran en vestan við er sléttur hvammur norðan við ána. Hún er tvískipt og er lítið hólft aftan við. Að norðan er hár bakki sem tóftin er byggð upp við en vegir eru annars lítilfjörlegir, sérflagi austurgafli. Ofan við þessa tóft en neðan við Íshúsið 010 er stallur og eru þar veggjaleifar og er líklegt að allt svæðið frá Íshúsi niður að naustinu sé byggingjaleifar.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 358

EY-108:010 *Ískofi* tóft
 "Tóftabrot ofan við Naustin (í bakkanum) heita Ískofi." segir í örnefnalýsingu. Karlsárnaust eru á lítilli landspildu norðan við ós Karlsár og er naustið neðst undir bakkanum, en ofar, uppi á rananum sem myndast milli gilsbakka og sjávarbakka er skýr tóft. Hún er um 20 m norðan við ána og 20 m vestan við fjöruna. Í grasi gróinni brekku, í árgili, ofan við fjöru. Lítil aflöng tóft, 5x2 m að innanmáli, opin í austur og hefur þar verið timburgafl ef þetta var hús. Grjót er í veggjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 358

65°59.637N 18°31.043V



EY-108:011 heimild um lendingu 65°59.623N 18°31.001V
 1712: "Heimræði er hjer og lending sæmileg, og so skipsuppsátur [sbr. 009], og gengur hjer eitt skip ábúanda." segir í jarðabók Árna og Páls. Lendingin var í fjörunni norðan við Karlsárós, nokkra metra frá ósnum. Þar eru staurar reknir ofan í fjöruna sem notaðir hafa verið til að festa báta. Aflíðandi hnúllungafjara við árósa. Ljósmyndir af Karlsárnaustum eru í Sögu Dalvíkur I, 78 og 428

Hættumat: engin hættu

Heimildir: JÁM X, 43

EY-108:012 *Grásteinn* álagablettur huldufólksbústaður 66°00.547N 18°31.251V

"Nokkuð stór steinn, sem heitir bara Grásteinn, er í miðjum [Karlsárskógi/Kötlulágarhólum]. Mjög sterk trú var á þessum steini, fyrst og fremst að hann væri byggður huldufólki, og í öðru lagi að allir ættu að forðast hann og næsta nágrenni steinsins, svo sem um álagabletti. Ekki eru þó kunnar sögur um slys eða skaða þar að lútandi, en illa var gömlu fólki við, ef skepnur tóku að halda sig nærri steininum og var þeim helst bægt frá því." segir í örnefnalýsingu. Grásteinn er um 300 m sunnan við Merki, 5 m neðan (A) við þjóðveginn og um 150 m ofan við sjávarbakka. Nokkrir minni steinar eru í kring. Í lynginóa, þjóðvegur er nú fast ofan við steinin. Stór þríhyrndur, aflangur, toppmyndaður steinn, 4x2,5 m, snýr A-V og eru sprungur um hann þveran. Ljósmynd er af steininum í Sögu Dalvíkur I, 350

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Dalv, 358

EY-108:013 *Eyvindarpollur* heimild um sundlaug

"Sunnan og neðan við Svæði er lægð, sem heitir Eyvindarpollur. Þangað muna menn eftir að hleypt hafi verið vatni og synt í pollinum. Hér mun um að ræða hið eina, sem minnir á Duggu-Eyvind [sbr. 009]." segir í örnefnalýsingu. Eyvindarpollur er í suðurjaðri Karlsártúns, um 20 m norðan við Brunná, um 400 m neðan við bæ og 200 m ofan við ármót Brunnár og Karlsár. Í túnjaðri, hefur áður verið í sléttum grasmóa. Eyvindarpollur er dæld, nokkuð regluleg og um 1,5 m djúp. Í hana hefur verið hæggt að leiða vatn úr Brunná en ekki sést slík rás nú. Mögulegt er að lítillaga hafi verið hlaðið á barmana sunnan og vestan megin. Mynd er af Eyvindarpollu fullum af vatni er í Sögu Dalvíkur I, 77.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 358

EY-108:014 *Karlsárkot/Svæði* heimild um býli


1712: "Kallsar kot, eyðihjaleiga. Bygð á fjárhússtæði heimajarðarinnar í heimatúninu hjer um fyrir vel 30 árum, og varaði bygðin í fáein ár ... Fóðrast kunni I kýrþungi." segir í jarðabók Árna og Páls. "Á hrygg í túninu, nokkru neðar en Karlsárbær stendur, var býlið Svæði. E.t.v. er það sama og Karlsárkot [en] það nafn kannast menn nú ekki við." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður verður enú ekki fundinn með vissu. Túnið er að mestu slétt og aflíðandi niður frá bænum. Helst kemur til greina staður um 200 m neðan (A) við bæinn, um 100 m norðan við Brunná og 150 m NV við Eyvindarpoll. Vestan við gengur óræktargeiri meðfram grónum farvegi úr Brunná niður túnið og endar um 50 m ofan við þannan stað. Sléttur pallur, um 20x15 m að stærð og er brún upp á hann að austan og sunnan. Örlítill dæld er í hann að ofan.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 43-44; Ö-Dalv, 358

EY-108:015 *Karlsárbúð* tóft bústaður 65°59.695N 18°31.083V

1712: "Kallsaarbud, þurrabúð. Bygð við sjóinn hjá naustunum [009] einum fátækum manni hjer um fyrir ekki fullum 20 árum, og var þar við tvö eður þrjú ár, forsorgaðist af sjóarafla, en hafði öngvar landsnytjar, nema eldivið úr skóginum. / Búðarleiga meinast að kki hafi verið ákveðin, því búðarmaðurinn var formaður heimabóndans, og meinast því að húsleigan væri formannskaupið." segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Karlsárþúð stóð og gæti hún hvort sem er hafa verið niðri í naustinu (sbr. 009, 010) eða uppi á bakkanum norðan við naustið en þar stóð búð fram á þessa öld. Tóftin er fast norðan við slóðann upp úr gilinu, á gilsbakkanum en um 7 m eru frá tóftinni að sjávarbakkanum. Vallendisblettur uppi á sjávarbakka, á horni milli sjávarbakka og gilsbakka. Ofan við eru lyngmóar. Einföld tóft með dyr á miðjum austur-langvegg. Austan við búðartóftina, fast á sjávarbakkanum er veggstúfur og gæti hann verið leifar af byggingu sem að mestu er hrunin niður bakkann.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM X, 44

EY-108:016 Gerði örnefni 65°59.927N 18°31.741V

"Á [Tungu milli Brunnár og Karlsár], beint suður frá Karlsárþæ, heitir Gerði." segir í örnefnalýsingu. Gerði er nafn á túnblettir sunnan Brunnár og er hann sýndur á túnakorti frá 1917. Gerði er fast sunnan við Brunná, 30 m neðan (A) við þjóðveg. Þar sjást engar rústir. Sléttuð tún og hefur hið upphaflega Gerðistún verið aukið mikið til austurs og suðurs. Efst á Gerðinu, þ.e. nyrst og vestast er hólbunga og í henni dökkir sem gæti verið vísbendingar um mannvirkjaleifar. 1917 var Gerðistúnið um 100x80 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 359

EY-108:017 Stórhólssteinn þjóðsaga um huldufólksbústað 66°00.372N 18°32.223V


"Stórhóllinn er sunnan Stofugils og uppi á hólnum stendur Stórhólssteinn, mikill huldufólksbústaður talinn. Heimildamaður sá þar eitt sinn konu með tvö börn, og hvarf allt saman skyndilega sjónum hans. Þetta var á berjatíma, svo að hann hélt fyrst að þetta væri berjatinslufólk, en ekkert fólk reyndist hafa verið þar nærri á sama tíma." segir í örnefnalýsingu. Stórhóll er brattur melur sunnan í Stofugili, fast neðan við þar sem það opnast fram úr fjallinu. Steinninn er framan í melnum sunnan megin, ekki efst uppi á hólnum. Stakur steinn framan í mel á gilbrún, allhátt uppi í fjallshlíð. Melurinn er gróinn að sunnan og að neðan og sést best að norðan og austan. Steinninn er um 3x2 m og um 1 m hár, sést ekki vel frá vegi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 359

EY-108:018 Selhóll seltóftir 66°00.038N 18°32.788V

"Neðan við mynni Karlsárdals er allstór hóll, sem heitir Selhóll. Ekki er sel þar nærri, en nafnið gæti verið þannig til komið, að frá hól þessum sést fyrst til mannaferða framan dalinn, frá selinu. ... Karlsárdalur er mikil snjóakista, en hann er afburða gróðursæll. Rétt vestan í Hálsinum er Karlsársel, venjulega nefnt aðeins Selið. Næst er Heimasta-Engi." segir í örnefnalýsingu. Selið er að vísu ekki svo fjarri eða aðeins um 200 m vestan við Selhól, í svipaðri hæð og



hæsti hluti hólsins. Selið er í tungunni milli Brunnár og Karlsár í breiðum hvammi sem veit að Brunná og eru tóftirnar um 70 m sunnan við Brunná. Bíslóði liggur upp að selinu meðfram suðurbakka Brunnár.

Í breiðum og flötum hvammi sem veit í NA. Neðantil er vallendi, mjög snöggt þó og harðlent. Ofan (S) og austan við eru þýfðir mosa- og lyngmóar. Meðfram Brunná er votlendisgróður. Framar á dalnum eru miklar votlendisbreiður og voru þar gjöful engi. Neðan við flötina sem selið er á fellur Brunná í djúpu gili. Á selinu eru tvær tóftir, fjárhús vestar og seltóft austar. Sunnan við þær liggur ferkantaður túngarður upp í móann, um 2 m breiður, sokkinn og sprunginn í þúfur og er hann mun fornlegri en tóftirnar og sker sig ekki úr mosa- og lyngmóanum um gróður. Á og í kringum tóftirnar er hinsvegar valllendisgróður. Engin norðurhlíð er fyrir garðinum. Austan við garðinn er grænn hóll í gráum móanum og í honum þrjár litlar dældir. Þessi hóll er örugglega mannaverk þó ekki sé ljóst hvers kyns. Af honum sést heim á tún á Karlsá en annars er bærinn í hverfi frá selinu. Grjóthleðslur sjást í fjárhústóftinni.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Dalv, 359

EY-108:019

heystæðistöftir

66°00.224N

18°34.370V



Efst á Miðengi, ofan við mógrafirnar 020 og fast á háum norðurbakka Karlsár er hár rústahóll sem sést langt að. Efst í þurri mýri, á háum árbakka. Þrjár litlir kofar á háum rústahól. Veggir eru mjóir og lítilfjörlegir enda mun þarna aðeins hafa verið heystæði í seinni tíð a.m.k. Minni og syðri tóftirnar tvær eru hinsvegar svo litlar að þær gæti eins verið mókofar en hóllinn er svo gerlegur að vel gæti hafa verið sel eða beitarhús þar áður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 359

EY-108:020

Miðengi

náma

mógrafir

66°00.183N

18°34.068V

"[Í Miðengi á Karlsárdal] var mikil mótækja og einstaklega góður svörður talinn þaðan. Dýpstu mógrafirnar þar urðu meira en tuttugu spaðastungur, og var slíkt mjög fágætt. Milli Miðengis og Fremsta-Engis er uppgróið skriðubarð." segir í örnefnalýsingu. Miðengi er framan við Brunnárgil og er allur efri hluti þess sundurskorin af mógröfum og ná þær upp að heystæðunum 019 sem eru vestast og efst á Miðengi. Breiður mýrarfláki, fremur þurr en sundurskorinn af lækjum. Nær frá fjallsrótum og að á. Grafirnar eru á nokkurn veginn ferhyrindu svæði neðst á enginu og er það um 160 m frá A-V og 50 m frá N-S. Grafirnar eru nú að mestu grónar en þó sér enn í biksvartan svörðinn í bökkunum. Þarna munu hafa verið teknar allt að 24 spaðastungur af mó og varð hann svarblár og niðþungur er hann þornaði. Mór var tekinn á Miðengi fram um miðja 20. öld.

Heimildir: Ö-Dalv, 359

EY-108:021

Drangi

heimild um leið

65°59.800N

18°40.300V

"Hálsinn austan í fjallinu og framan við Fremsta engið heitir Fláandi. Þar liggur leiðin um Dranga yfir í botn Burstabrekkudals í Ólafsfirði." segir í örnefnalýsingu. 1949: "Drangi kallast leið, sem farin er upp úr Karlsárdal á Upsaströnd. Ýmist er farið frá bæjunum Hóli eða Karlsá upp í dalinn, sem er lítill og hömrum girtur. ... Haldið er inn dalinn [sunnan megin] unz þverhniptur klettahnjúkur er á hægri hönd. Heitir sá Hrafnabjargahnjúkur. Þegar framklettar hans eru beint í norðri, er farið yfir ána, því nú gerist ógreiðfært mjög um hann sunnanverðan, enda þrengist hann nú mjög. Alllöngu innar er skarði í norðurfjallið, og upp í það liggur leiðin. Bezt er að ganga inn með ánni og beygja fyrst upp í skarðið beint niður undan því. Brekkan er brött en ekki löng. ... Fyrir botninum er fjallið Barkakolla, 1121 m. Þar er vel fært yfir í Kálfsárdal í Ólafsfirði. Drangaskarðið er lítið og þrengt. Í því er örmjór hryggur, og sér af honum niður í dalina beggja vegna ... Yfirleitt þykir leiðin yfir Dranga auðfarin og gangandi mönnum og skemmtileg. Hún er 3-4 stunda ferð bæja á milli." LE I, 175

Heimildir: Ö-Dalv, 359

EY-108:022 *Rauðshóll* heimild um legstað 66°00.139N 18°31.027V

ca. 1865: "Annar hól [en Bygghóll] er þar sunnar og ofar skammt frá, sem Rauðshóll eður Rauðhóll er nefndur, og er alllíklegt að sá hól hafi fengið það nafn af því að Karl rauði hafi verið lagður þar í. Ekki sjást samt nein merki til að grafið hafa verið í þann hól. Fyrir mörgum árum er sagt að bóndi einn á Karlsá hafi fundið eitt mannabein blásið úr jörð á Rauðshól eður skammt þar frá og hafi hann þá haft í huga að grafa í hólinn, en nóttina eftir dreymdi hann að honum þótti maður koma til sín stórvaxinn og fornmannlegur og segja við sig: "Hver sá sem er svo djarfur eð hræra við mínum beinum, þá skal það verða honum til ógæfu og eignamissirs." " Rauðhóll - en svo er hólinn eingöngu kallaður nú - er framhald Bygghóls til suðurs og er dæld á milli. Rauðhóll er lægri og snýr lengra upp í landið. Hann er aflangur, um 100 m langur, með toppa á báðum endum. Á báðum toppum er grastó efst en annars er hólinn að mest gróðurlaus að ofanverðu. Á suðurendanum vestanmegin eru steinaraðir með hellugrjóti sem annars er ekki að finna á hólnum.


Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 129-30

EY-109 *Upsir*

Staður. "Karl hét maðr, er nam Strond alla út frá Upsum til Mígandi." Landnámabók (SH), ÍF I, 254. "Þorsteinn svorfuðr [lá banaleguna] ok veitti Karli syni sínum, morg heilræði ok bað hann bregða búi á Grund ok fara til Upsa. ... ok ferr Karl byggðum til Upsa." Svarfdæla saga, ÍF IX, 182-83, sbr. 184, 187-89. "Epter [dráp Karls rauða] færir Þorgerðr bú sitt upp á Grund ok hefir þó annat bú á Upsum." Svarfdæla saga, ÍF IX, 192. "... réðu þat vinir Karls [ómála] honum, at hann mundi færa byggð sína af Grund, ok þótti seta hans þar óvarlig svá nærri Ljótólfi ok b'ðu hann fara til Upsa, ok svá gerði hann. Karl bjó at Upsum einn vetr, ok tók at þverra fjárkostr hans." Svarfdæla saga, ÍF IX, 198. "... heldr [Karl ómáli] til Íslands ok kemr skipi sínu í Svarfaðardalsárós, ok færir varnað sinn til Upsa. Bú hans hafði þar staðit, meðan hann var utan." Svarfdæla saga, ÍF IX, 202 sbr. 203. "Síðan hélt [Karl ómáli í annað skipti] til Íslands ok kom skipi sínu í Svarfaðardalsárós. Bú hans stóð að Upsum ok annat at Grund, ok hofðu kvikfén mikit fram gengit af hvártveggi búinu ... Ljótólfr mælti: "Ríð nú heim til Upsa ok tak þar við búi þínu." Svarfdælasaga, ÍF IX, 206. "Karl sat á Upsum lengi ævi ... En er eyddist fé fyrir Karli, þóttist hann eigi búa mega at Upsum fyrir kostnaðar sakir ok sakir Ljóts Ljótólfssonar." Svarfdæla saga, ÍF IX, 207.

"[Boðvarr Sigurðsson og félagar fara vegvillur úr Ólafsfirði] þeir léttu eigi, fyrr en þeir drápu fótum í húsum nokkurum í náttmyrkrinu. Þeir drápu þar á dyrr, en menn sátu þá við elda. Þá er gengit til dura ok spurt hverir komnir væri. Boðvarr spurði: "Hverr býr hér, eða hvat heitir bær sjá?" "Þorgrímr býr hér Ljótólfsson, en bærinn heitir at Upsum, ... Sigmundur var þar at búi ... fóstbróðir sona Þorgerðar Ljótólfsdóttur." Valla-Ljóts saga, ÍF IX, 250. "[eftir víg Boðvars, Bersa og féлага telur Valla-Ljótr óráðlegt að Þorgrímr, Björn og Eyjólfir sitji í búum sínum] í milli Tjarnar ok Upsa." Valla-Ljóts saga, ÍF IX, 254.

1196 réðst Guðmundur prestur Arason til Ufsa - Guðmundar saga dýra, Sturl, 173-74. Í byrjun 14. aldar



bjó Erlendur Hauksson bóndi á Upsum og var lögmaður fyrir norðan - Laurentius saga, ÍF XVII, 337, talinn sonur Hauks Erlendssonar lögmanns.

1318 átti kirkjan á Upsum allt heimaland og Upsateig allan - DI II, 457.

1394 átti kirkjan allt heimaland, Upsateig allan á Sökkubökkum, geldfjárrekstur allan utan svín út í Múla fyrir utan Torfá - DI III, 514-15, sbr.

1461 - DI V, 251. 1712 voru munnmæli um að Upsir hefðu verið 40 hdr að dýrleika.

1712 voru hjáleigur Neðra Upsakot og Efra Upsakot en Lækjabakki (Neðstakot) í eyði og Hlökkubúð aflögð þurrabúð. 1847 voru Lækarbakki, Miðkot (= Neðra Upsakot), Efra Upsakot (=Efsti Upsakot) og Háagerði í byggð. Aðeins Miðkot er nú í byggð en Upsir hafa verið í eyði frá 1988.

1917: 7.13 ha. 1/2 slétt. Garðr 920 m².

1839: "Lenda þessi (þ.e. Upsir) er hrjóstrug jörð og landkreppt í mesta máta nema dalurinn að húsabaki, sem aðeins kemur til nota miðkringlu úr sumrinu, en undirleggst sem annar þverdalur strax í fyrstu snjóum, hvenær svo sem þeir innfalla, jafnvel strax um haustnætur. Næstum útheyskaparlaust má telja þetta prestsaðsetur að fráteknunni lítillaga í bithaga á dalnum, en tún er þar stórt, þýft og ógrasgefið. Engva torfristu á hús eða hey er þar að fá til nokkurra ára. Land þar gengur óðum af sér af snjóflóðum og skriðuföllum." SSE, 68

1847: "Staðurinn má heita hafa gengið svo af sér af snjóflóðum og skriðuföllum, að kostir hans, land eða heyskapur, nú eigi verður metinn meira enn að þriðjungi við það sem áður var. Torfrista er hér engin. Upsateigur er nú orðinn að litlu sem engu liði til slægna, og upprekstur geldfjár í Sauðárkots eða Ólafsfjarðarmúla sömuleiðis, vegna skriðufalla." JJ, 309

Ey-109:001 Upsir bæjarhóll bústaður 65°58.676N 18°32.685V

"Húsaður er þar bær í góðu meðallagi, og víst má telja þar íveruhús fólks (baðstofu) einhverja þá langbeztu í allri heilu sókninni, jafnvel öllum hreppnum." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Bæjarstæðið er um 20 m norðvestan við grafreit 002. Á þessu svæði er nú rabbabaragróður en vegarlóði liggur yfir austurenda þess. Grasi gróinn hólbunga - óljósar leifar veggjar eru meðfram vesturhlíð hólsins. Hann virðist um 10 m langur. Hólbungan er sjálf um 30x10 m, en er einungis um 50 cm. á hæð þar sem hann er hæstur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SSE, 68


Ey-109:002 heimild um kirkju 65°58.638N 18°32.699V

Kirkja stóð á Upsum til 1954 en þá var ný kirkja reist á Dalvík. Kór gömlu kirkjunnar stendur enn sem kapella í Upsakirkjugarði. Grafreiturinn og kapellan standa við enda slóðarinnar sem liggur að Upsum. Grafreiturinn er 30 X 80 m að stærð og er umkringdur viðargirðingu, í honum miðjum er kór gömlu kirkjunnar (4 X 4 m) sem notaður er sem kapella. Garðurinn var sléttaður um 1990.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-109:003 fjóstóft 65°58.686N 18°32.820V



Um 70 m vestan við norðvesturhorn grafreitsins (002) sjást enn leifar fjóss. Í grasi gróinni brekku, vestan megin við læk og tún. Veggir fjóssins standa. Þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Mikið af timbri og heyi er inni í tóftinni. Hún er 5 X 5 m á stærð og veggir 0,5 m á hæð. Inngangur er inn í suðurhluta tóftarinnar. Umhverfis hana er mikið af grjóti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

Ey-109:004 Lækjarhús útihústöft 65°58.660N 18°32.825V

Um 70 m vestan við suðvesturhorn grafreitsins (002) eru tóftir af útihúsi, sem kallað var Lækjarhús. Tóftin er í grasi gróinni brekku vestan við læk og tún. Tóftin snýr austur-vestur. Hún er 12 X 18 m að stærð og veggir hennar eru lágir eða 0,2 m á hæð. Ekki er greinanlegt neitt grjótt í tóftinni. Inngangur er í vesturenda. Í austurenda er minna hólf. Um 5 m sunnan við tóftina er kálgarður 30 X 15 m að stærð, afmarkaður af lágum gördum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-109:005 *Hornhús* fjárhústóft


65°58.626N

18°32.895V

"Við neðri enda Stekkjarlaurar er Hornhúsamelur, kenndur við fjárhús í túninu, Hornhúsið." segir í örnefnalýsingu. Tóft Hornhúss er rétt vestan við tún en sunnan við læk. Á grasi grónu en nokkuð ójöfnu svæði. Snýr norður-suður og inngangur er á norðausturhorni, í austur. Grjóthlaðinn veggur með torfi utan. Ekki er að sjá neina garða eða aðrar innréttingar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 353 og Túnakort frá 1919



Ey-109:006 *Lambhús* lambhústóft


65°58.612N

18°32.886V

Um 150 m suðvestan við suðvesturhorn grafreitsins (002) er tóft af fjárhúsi sem kallað var Lambhús. Á grasi grónu og nokkuð ójöfnu svæði suðvestan við tún. Tóftin snýr nokkurn veginn austur-vestur. Inngangur er í austurenda. Veggir hennar eru úr torfi og grjóti. Greinilegir garðar eru eftir miðju húsínu í austurenda en mun dýpra er í vesturenda.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-109:007 heimild um útihús

65°58.622N

18°32.751V

Útihús var um 100 m sunnan við suðvesturhorn grafreitsins (002). Húsin stóðu þar sem nú er sléttað tún.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-109:008 fjóstóft

65°58.696N

18°32.774V



Um 45 m norðvestan við norðvesturhorn grafreitsins (002) er tóft af fjósi. Tóftin stendur efst í grasi gróinni brekku. Á þessum stað sjást dældir og lágir veggir. Tóftin er tvískipt og snýr austur-vestur. Inngangur er í vestur. Hugsanlega er minna hólfi í austurenda.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-109:009 *Niðurgerði* örnefni


"Dagsláttá er út og niður frá bæ, en Niðurgerði beint austur af honum." segir í örnefnalýsingu. Þetta örnefni þekktist nú ekki, né minjar sem því mætti tengja, en gerðið hefur verið í norðausturhorni túnsins.

Heimildir: Ö-Dalv, 353

Ey-109:010 *Stekkjarlaut*

stekkjartóft

65°58.713N 18°33.708V



"Upsalækur kemur úr Upsadal, neðanverðum og fellur um Stekkjarlaut, síðan í gegnum Upsatún og í Brimnesá." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarlaut er ofan bæjar og nær ekki ýkja langt í vestur, dregst saman áður en komið er upp á dalinn. Þar er stekkur sem heimildarmaður segir að hafi verið nýttur frá Miðkoti. Stekkurinn liggur 200-250 m vestan við niðurgrafna vatnstanka sem eru í hlíðinni ofan við Upsa. Laut sem Upsalækur rennur um. Á þessum stað er nokkuð þýft. Tóftin snýr austur-vestur. Veggir eru grasi grónir, og ekki er að sjá neitt grjóti í hleðslum. Hugsanlega er um að ræða tvístæðuhús. Fjánhús og hlaða, ekki er að sjá neina garða eða aðrar innréttingar.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 353

Ey-109:011 *Smalakofi*

smalakofatóft

65°58.512N 18°36.760V



Í Upsadal, á milli Grímslækjar og Dýjalækjar og um 30 m norðan við bakka Brimnesár er tóft af smalabyrgi. Tóftin er í grasi grónu mýrlendi. Smalakofatóftin snýr austur-vestur og er inngangur á miðjum vesturgafli. Veggir eru víða grasi grónir en þó sést í grjóthleðslur á stöku stað.

Hættumat: engin hætta


Ey-109:012 *Seltóftir*

seltóftir

65°58.743N

18°35.458V

"Sel staðarins er í heimalandi á Upsadal heimarlega. Þar eru girðingar miklar og túnstæði stórt og tóftaleifar margar, og eru munnmæli ekki ólík sannindum að Upsir hafi þar í fyrstunni verið verið, vide Svarfdælu. / Snjóflóð er sagt að eyðilaggt hafi þennan bæ, og því hafi hann fluttur verið. En ekki hlaupa nú gjarnan snjóflóð á þessar rústir, og því halda menn hjer mætti aftur byggja, en þó rýrir það allt staðinn." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. ca. 1865: "Tvímæli leika á því hvört bærinn Upsir standi nú þar sem hann stóð í landnámstíð, því það hafa gamlir menn mér sagt, að þeir hafi heyrt af öðrum, þá gömlum mönnum, að bærinn hafi staðið til forna upp í mynninu á Upsadal, sem er stuttur spölur upp frá bænum Upsum, á svokölluðum Selhól. Þar eru margar tóftarústir og girðingar. Þar liggur djúpur gröftur eða vatnsstokkur vestan í hæð heim undir tóftirnar, langa leið framan úr læk, sem runnið hefur í ána, og er auðséð að þessi vatnsstokkur hefur verið grafinn til að koma vatni heim undir tóftirnar. Þessi farvegur er nú þurr og grasgróinn. Suður undan tóftunum í árgilinu í djúpum hvammi í brattri brekku móti suðri er girðing í ferhyrning hér um 15 faðma á hvörn veg, eður lítið mjórri út og suður, og er því líkust að það hafi verið kornakur til forna. Þessar tóftir eru nú kallaðar Seltóftir, mýrarnar þar fyrir framan Selmýrar og hlíðin eður fjallið upp undan Selhlíð. ... túngarðurinn ... sést að er mikið forn, og líka [eru] stórir öskuhaugar ... hér, og hefur mönnum þótt mikið hægra til sjóar, því það er töluvert bratt upp í dalinn frá bænum sem nú er." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 127-28.



"Við efri enda [Stekkjarloutar], rétt við mynni Upsadals, er Selhóll, og kippkorni vestar rústir af Upsaseli, túnstæði nokkurt og girðingaleifar ... Flatlendið norðan Selsins kallast Selmýrar, fyrrum slægjuland. Ofan við þær heitir Selhlíð." segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir í Skýringum yfir örnefni í Svarfaðardal frá um 1865: "Er af þessum nöfnum [Selhóll, Seltóftir, Selmýrar, Selhlíð] auðséð að sel hefur verið þar einhvörn tíma, og má vel vera að það hafi verið þar eftir að bærinn var færður ofan fyrir dalinn, því aðrar seltóftir eru framar á dalnum, og er það miklu líklegra, að þar hafi verið haft í seli, og hefur verið miklu hæfilegra en það sem áður var nefnt, því það hefur vart verið ómaksins vert svo skammt frá bæ." Tóftin er um 200 m norðan við Brimnesá. Tóftin er í grasi gróinni brekku, en lækur rennur um 10 m austan við tóftina. Lítil, ferhyrnt tóft sem snýr austur-vestur. Inngangur er inn í tóftina í vesturenda. Veggirnir eru grasi grónir og ekki sést í grjóthleðslur. Ekki sjást neinar aðrar tóftir þarna í kring, og ekki eru neinar greinilegar útskýringar fyrir því að þær hafa horfið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM X, 47; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 127; Ö-Dalv, 353

Ey-109:013 *Brekkunaust* heimild um uppsátur 65°58.884N 18°31.667V

"Norður undir merkjum við sjóinn er Brekkunaust kallað, gamalt uppsátur frá Hóli og Upsum. eru 4-6 álnir milli veggjanna, sem hafa verið hlaðnir úr grjóti." segir í örnefnalýsingu. "Vafasamt finnst mér að segja að Brekkunaust sé gamalt uppsátur frá Hóli og Upsum. Eins og nafnið ber með sér var þarna uppsátur og útgerð Brekkumanna. ... Upsamenn höfðu sitt uppsátur á mölinni, sem svo var nefnd." segir í athugasemdum Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsinguna. Brekkunaust var á sama stað og 023, ekki sjást nein merki um uppsátrið. Brekkunaust var mitt á milli Sæbóls og Framness. Á þessu svæði liggur nú vegur að Framnesi. Ekki sjást neina mannvirki á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 353

Ey-109:014 heimild um lendingu 65°58.884N 18°31.667V

"Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur. Inntökuskip eru hjer nú tvö, og ekki áður fleiri, so menn viti, og er undirgift skipanna ýmist 20 álnir fyrir hvört, eður hjer gelst lóðarfiskur, það er einn fiskur af hvörjum róðri, þá skiftum verður á komið." Lendingin var við Brekkunaust mitt á milli Sæbóls og Framness. Ströndin á þessu svæði er öll grjóthnullungar, og ofan við hana liggur nú vegur að Framnesi. Ekki sjást neina mannvirki á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 46.

Ey-109:015 *Upsabúð/Strumpa/Sæbakki* heimild um verbúð 65°58.820N 18°31.743V

"Verbúð er hjer ein, sem skipeigandi byggir á sinn kost, en brúkar landið til ristur og stúngu." segir í

jarðabók Árna og Páls frá 1712. Verbúðin var þar sem nýbyggingin Sæból stendur nú. Ekki sjást nein ummerki um tóftina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 46

Ey-109:016 *Upsamýrar* heimild um mógrafir 65°59.017N 18°32.196V

"Útan og neðan við [býlið] Holt eru Upsamýrar, mótekjuland." segir í örnefnalýsingu. Upsamýrar eru norðan við heimreiðina að Holti. Landið hefur verið ræst fram. Ekki sjást nein merki um mógrafir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Dalv, 353

Ey-109:017 *Miðkotsbúð* frásögn verbúð 65°58.758N 18°31.775V

Þar sem Árhóll stendur nú var áður verbúðin Miðkotsbúð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-109:018 *Gamlakofahæð* smalakofatóft 65°58.275N 18°37.724V



"Milli Grímuánna er Smalabyrgi... Á Upsadal, framan við mynni Grímudalsins, er bunga nokkur, sem heitir Gamlakofahæð." segir í örnefnalýsingu. Smalakofatóft er mitt á milli Grímuánna og um 20 m norðan við Brimnesá. Handan við ána beint á móti, er kofi. Ofan við tóftina er Gamlakofahæð, og er því líklegast að hún sé kennd við smalakofann. Á þessum slóðum er grasivaxið mýrlendi. Veggir tóftarinnar eru grasi grónir- en ekki sjást nein merki um steinhleðslur.

Tóftin snýr austur-vestur en ekki er greinilegt hvar inngangur hefur verið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 354

Ey-109:019 *Grímubrekkur* heimild um leið 65°58°287N 18°37.832V

1949: "... liggur síminn ... upp snarbratta hlið Upsadals í skarð, sem er norðan undir hvössum og sérkennilegum klettahnjúk. Heita þar Grímubrekkur, og er sú leið oft farin af gangandi mönnum yfir í Ólafsfjörð, einkum á vetrum, þegar skíðafæri er, en svo mun oftast, því að snjóþungt er í dölum þessum. Má fara hvort er vill, niður í Kálfsárdal eða Hólsdal." segir í lýsingu Eyjafjarðar. "Grímudalsbólur, sæmilega grónir, eru nokkurn veginn á miðjum Grímudal. Þar liggur símalínan um Grímubrekkur til Ólafsfjarðar, og er þar kunn gönguleið. Í Grímudalsbotni eru Grímudalsklettar. Strax og upp úr dalsbotninum er komið, sést til Ólafsfjarðar." segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást merki leiðarinnar.

Heimildir: LE I, 174; Ö-Dalv, 354

Ey-109:020 *Dýjalækjarsteinn* þjóðsaga um huldufólksbústað 65°58.569N 18°36.493V

"Við Dýjalækinn [sem kemur úr Dýjadal, þverdal á Upsadal] er meira en mannhæðarhár steinn, ekki ólíkur húsi í laginu, Dýjalækjarsteinninn. Fyrrum var því trúað, að í steini þessum byggji huldufólk, og kunnu gamlir menn á uppvaxtarárum heimildarmanns að segja frá ýmsum kynlegum fyrirbrigðum, sem gerzt höfðu í nánd við steininn. Af eigin reynd sagði heimildarmaður þessa sögu: Eitt sinn var hann þar á ferð, ásamt nokkrum fleiri smölum. Í fylgd með þeim voru nokkrir smalahundar, sem ruku upp með galti og gauragangi, urrandi og hvæsandi, þegar þeir náguðust steininn. Var því líkast, sem eitthvað stæði fyrir þeim, og augljóst virtist, að eitthvað sæu þeir. Drengirnir sáu ekkert óvenjulegt, sem valdið gæti æsingi hundanna. Drengirnir héldu áfram, en hundunum dvaldist við steininn, og var ekki laust við að þeir væru sneypulegir, er þeir loksins komu. Nóttina á eftir dreymdi einn smalann, að til hans kæmi ung stúlka, sem sagði við hann: "Illa gerðuð þið, að setja niður þvottinn fyrir mér í gær." Svo hvarf stúlkan, en pilturinn vaknaði. Telur heimildarmaður fráleitt, að piltur þessi hafi skrökvað draumnum." segir í örnefnalýsingu. Steinn þessi er beint suður af þar sem Dýjalækjargil kemur niður í dalinn, mitt á milli gilsins og Brimnessár. Steinninn er um 1,5 m hár og 3 X 2 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 354-355

Ey-109:021 *Hlöðkubúð* heimild um bústað 65°58.884N 18°31.667V

"Hlöðkubud hefur heitið eitt tómt hús eður þurrabúð hjer við sjóinn, sem eyðilaggt er fyrir manna minni, og

veit því enginn, hvað húsleigan hefur verið." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Hlökkubúð var mitt á milli Sæbóls og Framness, er merkt inn á kort í Sögu Dalvíkur, bls 234. Á þessu svæði liggur nú vegur að Framnesi - ekki sjást merki verbúðar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 47

Ey-109:022 heimild um uppsátur

"Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Vafasamt finnst mér að segja að Brekkunaust [þ.e. 013] sé gamalt uppsátur frá Hóli og Upsum. Eins og nafnið ber með sér var þarna uppsátur og útgerð Brekkumanna. ... Upsamenn höfðu sitt uppsátur á mölinni, sem svo var nefnd." Uppsátur var ekki á mölinni fyrr en eftir 1900 þegar vélbátar komu. Þá var byggð þar bryggja.

Heimildir: JÁM X, 46; Athugasemdir Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingar Jóhannesar Óla

EY-110 Lækjarbakki

Hjáleiga frá Upsum. Einnig Neðstakot. Í eyði 1712, hafði byggst 1660-70 en farið í eyði um 1690. Búrekstur lagðist af 1927 en búið var í húsinu fram um miðja 20. öld.


1917: 2.0 ha. 2/10 slétt.

Ey-110:001 *Lækjarbakki* bæjarstæði
bústaður 65°58.739N 18°32.310V

"Lækar Backe, kallast og so Nedstakot, eyðihjáleiga og so í heimatúninu. Bygð hjer um fyrir 40 eður 50 árum, en hefur í eyði legið undir 20 ár ... Föðrast kunní I kýr laklega ... Aftur má hjer byggja, þó það sje til rýrðar heimastaðnum." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Upp með Brimnesá er býlið Lækjarbakki og Lækjarbakkahvammur." segir í örnefnalýsingu. Býlið var innan gamla Upsatúnsins, sunnan við húsið sem er suður af útihúsum Miðkots. Bærinn stóð þar í óræktinni norðan við læk sem þar rann en hefur nú verið færður. Þar sem bærinn stóð eru nú sléttuð tún. Þetta svæði hefur allt verið sléttað og engar minjar gamla bæjarins sjást.

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 46-47; Túnakort 1917



Ey-110:002 heimild um fjárhús 65°58.739N 18°32.310V

Fjárhús voru um 30 m suðaustan við bæjarhúsin (001). Þetta svæði hefur allt verið sléttað og engar minjar fjárhúsanna sjást. Þau rúmuðu 12-16 kindur, hlaða var áföst.

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-110:003 heimild um hesthús 65°58.739N 18°32.310V

Um 60 m suðaustan við bæjarhúsin var hesthús. Þetta svæði hefur allt verið sléttað og engar minjar hesthússins sjást.

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-110:004 kuml legstaður 65°58.679N 18°31.818V


1908 var grafið upp kuml hjá býlinu Lækjarbakka en nánari staðsetning kemur ekki fram. "Um 500 m norðan við nyrztu grafirnar á Dalvíkurkumlateignum, hjá smábýlinu Lækjarbakka, fundu þeir Daniel Bruun og Finnur Jónsson kuml, sem að öllu var líkt kumlunum þar ... Þarna var haugur, 5.50 m langur, 2,50 m

breiður um miðjuna og um 50 sm hár. Sneri SV-NA. Undir suðurendanum var gröf, 1.50 m löng, 1 m að breidd og 40 sm djúp. Í henni var mannsbeinagrind, sem snéri eins og haugurinn, en ekki er tekið fram, í hvorum endanum höfuðið var. ... Ekkert annað fannst."

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: KEKH, 131

EY-111 Miðkot



Hjáleiga frá Upsum. Einnig Neðra Upsakot. Byggt fyrir manna minni 1712 í heimatúni Upsa. 1917: 2.3 + 0.3 ha. 1/3 slétt. Garðar 200 m²

Ey-111:001 *Miðkot* bæjarhóll bústaður 65°58.800N 18°32.332V

Um 10-15 m norður af núverandi íbúðarhúsi stendur enn baðstofa úr gamla bænum, aftan við eldra íbúðarhús og áföst því. Er í ræktuðu túni um 200 m norðaustur af Upsum. Sunnanvert milli húsa er lítil trjáreitur með rúmlega 5 m háum trjám. Vestan við, þar sem halla fer upp í fjall er trjáreitur. Búið er að rífa gamla bæinn nema baðstofuna en hún stendur enn undir þaki. Búið er að rífa allar hleðslur, steypa utan um og setja járn á þakið. Húsið er nú notað sem geymsla. Múrhúð hússins er illa sprungin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; JÁM X, 46; BE 1990, 114

Ey-111:002 heimild um fjárhús 65°58.790N 18°32.283V

Þar sem fjárhúsin stóðu er nú stór hlaða. Nú eru þar löng hús sem snúa norður-suður. Fjárhúsin voru til móts við miðja, stóru hlöðuna. Er nú útihúsapýrping, hlöður, skemma og fjárhús. Að norðan og sunnan eru ræktuð tún.

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-111:003 *Hesthúshóll* frásögn af hesthúsi 65°58.832N 18°32.323V

Um 80-100 m norður af 001 er Hesthúshóll, dálítil hæð í ræktuðu túni, rétt aðeins austan við 001. Er í sléttu túni og er lítil lægð eða kvos norðaustan við hólinn. Hesthúsin voru á hólnum en hann er svolítið dældóttur en að öðru leyti sér ekki til leifa hússins.

Ey-111:004 steinn

Um 5 m beint austur af suðurhorni nýrra íbúðarhússins stendur steinn á túnbletti. Steinn þessi stóð áður framan við 001 og á honum voru fiskbein mulin áður en þau voru gefin sauðfé. Steinninn stendur um 20 sm upp úr jörðu og er 30 X 40 m að stærð. Steinninn er á austurtúnblettinum heima við íbúðarhúsið.

Hættumat: engin hætta

EY-112 Efra Upsakot

Hjáleiga frá Upsum. Bygð fyrir manna minni 1712, í heimatúni Upsa. Einnig Efstakot og Efsta Upsakot. Búið er í húsinu en búskap lauk 1972

1917: 2.0 ha. 1/6 slétt. Garðar 300 m².

Ey-112:001 Efra Upsakot bæjarstæði
bústaður 65°58.923N 18°32.382V

Gamli bærinn var vestan við íbúðarhúsið sem nú stendur í Efra Upsakoti. Svæðið hefur allt verið sléttað og engin merki um fornleifar er þar að sjá.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; JÁM X, 46; BE 1990, 128

Ey-112:002 heimild um fjós
65°58.923N 18°32.382V

Fjós var um 20 m norðaustan við bæjarhúsin (001). Þar sem fjósið stóð eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

Ey-112:003 heimild um fjárhús 65°58.855N 18°32.382V

Um 40 m norðaustan við núverandi íbúðarhús voru áður fjárhús. Þar sem fjárhúsin stóðu áður eru nú steyp títihús. Umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-113 Háagerði

Hjáleiga frá Upsum, nýbýli 1839 - SSE, 68 og var eina hjáleigan sem stóð utangarðs. Hafði áður byggt á 18. öld og heitið Upsagerði. Bærinn hrundi í jarðskjálftanum 1934 og fór býlið þá í eyði.

1917: 2.72 ha. 9/10 slétt. Garðar 270 m².

Ey-113:001 Háfagerði bæjarstæði
bústaður 65°59.017N 18°32.512V

"Háagerði stóð hátt upp undir Upsafjalli og sér þar vítt yfir." segir í Byggðum Eyjafjarðar. "Eyðibýlið Háagerði er neðan við norðurenda Upsans." segir í örnefnalýsingu. Þar sem gamli bærinn stóð eru nú sléttuð tún og nýbyggingar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 128; Ö-Dalv, 353

Ey-113:002 heimild um fjárhús
65°59.017N 18°32.512V

Fjárhús voru um 30 m norðan við bæjarhúsin (001). Þar sem gamli bærinn stóð eru nú sléttuð tún og nýbyggingar.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Kort 5

Fornleifakort Ytri Hrafnstadi, Ytra-Holt og Syðra-Holt



EY-114 Hrafnstaðir

30 hdr. 1712. Konungsjörð. Einnig Hrappsstaðir. "... annarr [sonur Karls ómála á Upsum hét] Hrafn, er bjó á Hrafnstöðum." Svarfdæla saga, ÍF IX, 207. Einnig getið í Þjóstólfs sögu hamramma.


1461: "a hrafnstodum bænhús ok er uppi." DI V, 356.

1.6.1537 selur Brandur Helgason Jóni Hólabiskupi Hrafnstaði fyrir Syðra Holt - DI X, 105.

1552: "Hrafnstaðir. vj. kugilldi. i 1/2 c." meðal jarða sem Ari Jónsson hefur átt - DI XII, 464. Aragerði - síðar Hrafnstaðakot - hjáleiga á 17. öld og aftur frá 19. öld.

1917: 2.4 ha. 2/3 slétt. Garðar 950 m². 1839: "...landkreppujörð og votengjasöm, meðalgóð að heyskap." SSE, 68;

1990: "Túnin teygja sig hátt til fjalls og niður að veginum en neðan hans eru víðlendar engjar .." BE 1990, 116



Ey-114:001 Rafnstaðir bæjarhóll bústaður 65°57.506N 18°32.954V

Bæjarhúsin á Hrafnstöðum hafa lengstum staðið á sama stað. Búið var í gamla bænum, sem merktur er inn á túnakort, fram til 1930 en þá var nýr bær með kjallara byggður á grunni þess eldra. Reyndar voru margir veggja gamla bæjarins notaðir og einungis steipt utan um þá. Bærinn stendur á lítilli hæð og líklegt verður að teljast að hluti bæjarhólsins sé óskemmdur undir íbúðarhúsinu. Þarna stendur steipt íbúðarhús á þremur hæðum. Sunnan og austan við húsið er garður en annars hlað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-114:002 heimild um útihús 65°57.497N 18°33.046V

2-4 m beint sunnan við gamla bæinn var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engar leifar hússins sjást lengur en það var þar sem nú er sléttuð húsagarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-114:003 heimild um útihús 65°57.550N 18°33.292V

Um 140 m vestan við gamla bæinn (001) var áður útihús á svipuðum stað og steipt geymsla stendur nú. Þar er nú steipt bygging og útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-114:004 heimild um útihús 65°57.589N 18°33.076V

Um 140 m norðvestan við gamla bæinn (001) og um 100 m norðan við 003, stóðu árið 1917, fjárhús. Þau hafa verið 40-50 m norð-norð-vestan við nýjasta íbúðarhúsið á Hrafnstöðum (byggt 1976). Á þeim stað sem fjárhúsið stóð er núna hæð í sléttuðu túninu. Sléttuð var yfir fjárhúsin um 1950. Þau voru hlaðin úr torfi og grjóti og hvergi voru þil. Þau rúmuðu 60-70 fjár en hlaðan sem var sambyggð tók 80-100 hesta heys.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-114:005 garðlag landamerki 65°57.619N 18°32.982V

"Norðurmerkin eru úr sunnanverðum Árgerðisósi við Svarfaðardalsá, þaðan Merkjarður (nyrðri) upp norðanvert í svonefndum Ennum ... og sést þar enn fyrir honum. Þessi merkjarður nær upp í Sveitarlang og hafa merkin legið eftir honum þvert suður ofan bæjanna." segir í örnefnalýsingu en að þessu er einnig


vikið í jarðabók Árna og Páls frá 171: "Úthagarnir eru yfirmáta litlir, og er vallargarðurinn fyrir ofan og utan landamerki, so að stöðullinn og hálfar kvíarnar eru í Böggustaðalandi ..." Merkin eru um 200-250 m norðan við bæinn. Á merkjum er skurður austast en síðan tekur við girðing upp hliðina. Leifar garðsins má greina á stöku stað og sést í hleðslur skammt fyrir ofan þjóðveginn. Garðurinn er í norðurjaðri sléttis túns. Garðurinn er um 0,3 m á hæð og 1,3 m á breidd. "Þetta höfðar til eftirfarandi munnmælasögu um landamerkin milli Böggvisstaða og Hrafnstaða: Þegar þeir bræður, Böggviður og Hrafn, synir Karls ómála (Karlssonar rauða) höfðu sett bú saman á Böggvisstöðum og Hrafnstöðum, ákváðu þeir að gera merkjaröð milli landareigna sinna. Segir ekki af þeirri framkvæmd frá Dalsá upp að Sveitarlangi, en þar fyrir ofan, hermir sögnin, að þeir hafi byrjað í fjalli með því samkomulagi, að sá sem fyrri yrði að byggja upp sína helft mannvirkisins, skyldi ráða stefnu garðsins. Höfu þeir svo verkið og miðaði Böggvi(ði) stöðugt betur, svo að land Hrafn mjókkaði því meir, sem neðar dró. Þegar komið er að Sveitarlangi, eru merkin með þessum hætti komin suður fyrir Hrafnstaðabæ (og Hrafnstaðakotsbæ), eins og sjá má enn í dag."

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 348; JÁM X, 50

Ey-114:006 *Teigakot* býlistóft

65°57.677N 18°33.945V



"Geiravellir: Nú oftast kallað Geiragerði eður Teigakot. Er sagt, að það hafi verið fyrir byggt en nú til margra ára í eyði. Þetta gerði er út og upp frá Hrafnstöðum, nokkuð langt út og upp undan Ytraholti, í svokölluðum Hrafnstaða- eður Böggvestaðateigum, sem liggja rétt suður og upp frá Böggveststöðum ..." segir í skýringum yfir örnefni í Svarfaðardal frá um 1865. "Frá garðsendanum [sbr. 005] liggur merkjalínan um Teigakot (tóftir) ..." segir í örnefnalýsingu. Teigakot er um 15 m sunnan

við merki. Í kringum hæðina er þýflendi.

Tóftin er mjög gróin og virkar ellileg. Hún er á hæð og er einungis hægt að merkja ógreinileg mörk tveggja hólfa. Tóftin er um 12 m á lengd en 7 m á breidd. Hún sýnist tvö hólfr og er op á suðurhliðinni. "Fróðleik þennan um Geiragerði og Teigakot er ekki annarsstaðar að finna og svo gæti virst sem um ósvikna frásögn væri að ræða, en vafasamt er það." KE í nmgr. 38 í Árbók 1975, 126. Í útdrætti úr JÁM fyrir Svarfaðardal frá um 1780 er þessi viðbót: "Teigakot, þess getr í Svarfdælu, nu Ruster." - Teigakots er ekki getið í Svarfdælu, en vera má að munnmæli hafi lengi tengt þann stað við Geiravelli sögunnar [Ey-642:004] og er varla ástæða til að draga frásögn ÞÞ í efa, um að út og upp frá Hrafnstöðum hafi verið gerði með þessu nafni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 126-27 og Ö-Dalvík, 348.

Ey-114:007 tóft

65°57.625N 18°33.348V

"C.a. 300 m ofan við bæinn, í skjóli við melhól rétt við landamerki Böggvisstaða og Hrafnstaða. Sést fyrir einni rúst" segir í fornleifaskrá Jónmundar Zophaníassonar frá 1985. Þessi rúst var þar sem nú eru tún milli melhóls norðarlega í landi Hrafnstaða og merkja. Merki hennar sjást ekki lengur. Hún var næstum beint norður af fjósinu á Hrafnstöðum. "Ekki vitað um aldur minjanna, en munnmæli að þar hafi einhvern tíma búið fólk. Ekki er heldur vitað um heiti á tóftinni en Jónmundur telur að hún gæti verið stekkur. Líklega 2x3 eða 4x5 m."

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá Jónmundar Zophaníassonar 13.7.1985

Ey-114:008 *Ristuhóll* örnefni rista 65°57.558N 18°34.193V

"[merki milli Hrafnstaða og Hrafnstaðakots eru nú] á Ristuhóli í Teigum ..." segir í örnefnalýsingu. Enginn ábúanda á Hrafnstöðum né Hrafnstaðakoti kannast við örnefnið Ristuhól og ekki er lengur afgerandi hóll á merkjum. Ristuhóll á Teigum hefur verið við merki, þar sem nú eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 348

Ey-114:009 *Torflaut* örnefni rista 65°57.256N 18°32.802V
"Framan í Bórðum er Torflaut og skammt frá henni Torflautarpollur (þurr nú)." segir í örnefna lýsingu. Torflautin er neðan við túnin sem eru suðaustan við Hrafnstaði og þjóðveginn. Á þessum stað er rakt svæði niður að á.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Dalv, 349

Ey-114:010 *Hjallhóll* heimild um öskuhaug 65°57.493N 18°33.102V
"Annar hóll, stór og áberandi, var í hlaðvarpanum, þar var Hjallhóllinn. Hann var ævaforð öskuhaugur." segir í örnefna lýsingu. Engin merki öskuhaugsins sjást nú, en talið er að hann hafi verið 15-20 m suðvestan við bæinn (001) þar sem nú er sléttað tún.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 349

Ey-114:011 *Gerði* örnefni 65°57.579N 18°33.074V
"Utan við [Tungu] hét áður fyrr Forarþúfur og norðan þeirra Gerði." segir í örnefna lýsingu. Gerðin voru þar sem nýja, steypta íbúðarhúsið stendur (byggt 1976). Engin mannvirki voru áður á þessum stað en Gerðisörnefnið er rétt suðaustan við fjárhúsin (004). Hugsanlegt er þau hafi verið á Gerðunum.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 349


Ey-114:012 *Aragerði* heimild um býli 65°57.413N 18°33.027V
"... Aragerði ... stóð þá þar, sem heimvegur Hrafnstaðakots mætir þjóðveginum. Aragerðis er getið í jarðabókum og talið standa nærri Svarfaðaralsá (hefur þá runnið vestar). Heimildarmaður, sem fæddur er og uppallinn í Hrafnstaðakoti man eftir miklum tóftabrotum beggja megin þjóðvegastæðisins, en Kotið mun sjálft hafa verið aðeins utar en vegurinn heim." segir í örnefnalýsingu. Á fletinum milli þjóðvegur og heimreiðar eru sléttuð tún og nálægt túnhorninu er talið að Aragerði hafi verið.

1712: "Aragerde, eyðihjáleiga. Bygd í heimatúninu hjer um fyrir 40 árum, og varaði byggðin inn til næstu 17 ára, hefur hvorki bygst áður nje síðan. / Byggíngarkostir voru eftir því sem hjáleigumaðurinn hafði mikið af túni og útslægjum, sem ýmist var meira eður minna, eftir því sem heimabóndinn vildi af leggja og hjáleigumaðurinn var efnaður, og galtst það alt til heimabóndans. / Aftur má hjer byggja með sama hætti, og er heimaörðin því minni." JÁM X, 50

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalv, 348

Ey-114:013 *Hrafnstaðakot* bæjarhóll bústaður 65°57.489N 18°33.191V



"Bærinn ... stendur undir brekku undir Böggvisstaðfjalli steinsnar sunnan við Hrafnstaði. Túnin liggja að mestu suður frá bænum að Ytra-Holtsmerkjum og upp að hlíðardrögum ..." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Gamli bærinn stóð um 20-30 m norðaustan við íbúðarhús það sem nú stendur í Hrafnstaðakoti. Þegar bærinn var rifinn var torfbærinn jafnaður við jörðu en framhúsið var flutt 20 m suðvestar þar sem það stendur enn við hlið yngra íbúðarhúss. Framhúsið er í dag notað sem geymsla. Gamli bærinn stóð á hæð, þar sem nú eru sléttuð tún. Hrafnstaðakot var byggt 1839 - SSE, 68, en er ekki talið í byggð 1847 - JJ, 290 - líklega ranglega. 1917 var tún Hrafnstaðakots 3.0 ha, 2/3 slétt og garðar 340 m².

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 118

Ey-114:014 heimild um útihús 65°57.486N 18°33.153V

Um 25-30 m niður eða austur af gamla Hrafnstaðakotsbænum (013) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engar leifar þessa húss sjást nú í sléttuðu túninu. Tún hafa verið sléttuð þar sem útihúsið stóð og eru merki þess nú ekki greinileg.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-114:015 heimild um útihús 65°57.486N 18°33.134V

Um 15 m suðaustan við 014 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað er nú rabbabarabeð en enn sjást leifar veggjarstúfs nyrst í beðinu. Veggurinn er 6,5 m á lengd og 0,6 m á breidd. Hann er um 0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-114:016 heimild um útihús 65°57.489N 18°33.249V

Um 30 m norðvestan við gamla bæinn í Hrafnstaðakoti (013) voru útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki útihúsanna sjást nú en þau hafa staðið á svipuðum stað og steipt útihúsbygging, norðvestan við bæinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-114:017 heimild um útihús 65°57.454N 18°33.238V


Ríflega 20 m sunnan við 016 og örlítið vestar var áður útihús, beint framan við austurgafli braggabyggingar sem stendur nú á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-114:018 Hrafnstaðstekkur stekkjartóft 65°57.563N 18°34.130V

"Sunnarlega á Teigum, við Bæjarlæk, eru tvenn tóftabrot, er heita Hrafnstaðastekkur (ofar) og Litlistekkur (neðar)." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m neðan eða austan við Efstastekk (020) er Hrafnstaðastekkur, um 15 m norðan við bæjarlækinn. Stekkurinn er grasi gróinn. Hann stendur í lækjarhvammi sem er á kafi í grasi. Stekkurinn snýr austur-vestur og er norðurveggur hans í raun hæðin upp af lækjarhvamminum.




Stekkurinn er allsérstæður þar sem hann virðist skiptast í tvö, aðskilin hólf þar sem ekkert op er á milli. Hann er 9 X 3,5 m að stærð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 349

Ey-114:019 *Litlistekkur* stekkjartóft

65°57.529N 18°33.938V

"Sunnarlega á Teigum, við Bæjarlæk, eru tvenn tóftabrot, er heita Hrafnstaðastekkur (ofar) og Litlistekkur (neðar)." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m neðan við Hrafnstaðastekk (018) og um 7 m norðan við bæjarlækinn er þriðji og neðsti stekkurinn í Hrafnstaðalandi. Hann er um 30-40 m sunnan við merkjagirðingu milli Hrafnstaða og Hrafnstaðakots. Stekkurinn er á grösugu svæði norðan við bæjarlækinn. Tóftin er á kafi í grasi og því erfitt að ákvarða nákvæma lögun hennar. Hún er um 9 X 9 m að stærð og mjög óljós veggur skiptir henni í tvö hólf. Op er á tóftinni á austurhlíð.




Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 349

Ey-114:020 *Efstistekkur* stekkjartóft

65°57.559N 18°34.228V

"Sunnarlega á Teigum, við Bæjarlæk, eru tvenn tóftabrot, er heita Hrafnstaðastekkur (ofar) og Litlistekkur (neðar). Enn ofar er hóll, sem kallast Efstistekkur." segir í örnefnalýsingu. 3-4 m norðan við bæjarlækinn og 10-15 m sunnan við merki Hrafnstaða og Hrafnstaðakots má enn sjá leifar Efstastekkkjar. Hann er á kafi í háu grasi en er þó vel greinanlegur, ekki síst vegna þess að gróður á honum er mun hávaxnari en gróðurinn umhverfis. Efstistekkur skiptist í 2 hólf og snýr norður-suður. Hann er 9 X 4,5 m að stærð og virðist hafa haft op á suðurenda enda snýr nyrðra hólfid að brekkurótum.




Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 349

Ey-114:021 *Hrafnstaðasel*

3 seltóftir

65°57.554N

18°34.777V



"Sunnan við Stofugilsmelinn og ofan Sunds heitir Hrafnstaðsel. Það er nú í Hrafnstaðakotslandi." segir í örnefnalýsingu. Um 10-20 m vestan við fjallgirðinguna að sunnan sjást leifar selsins. Hrafnstaðasel er um 200 m norðvestan við selið í landi Ytra Holts. Selið er í grasi gróinni dokk en umhverfis eru víðast hvar þýfðir og lyngi vaxnir móar. Dokkin sem selið stendur í snýr NA-SV og er í tölverðum halla. Í dokkinni eru þrjár tóftir. Sú vestasta er 9 X 6 m og er einföld. Op er á

suðurvegg hennar og hleðslur sjást hér og hvar. 7 m austan við tóftina er önnur sem er tvískipt. Op er ekki á milli hólfanna en op á nyrðra hólfinu er til vesturs en því syðra til austurs. Fast norðaustan við þessa tóft (um 1 m) er önnur sem er þrískipt. Tóftirnar eru misgreinilegar en sú vestasta er langskýrust enda um 0,8 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 349

Ey-114:022 frásögn um fjárhús 65°57.471N 18°33.204V

Þar sem steipt fjárhús og hlaða standa nú, suðvestan við Hrafnstaðakot, var áður fjárhús úr torfi og grjóti sem rífið var rétt fyrir 1980. Húsið hefur verið milli 30-40 m beint suður af 017. Þar var áður fjárhús nyrst, hlaða og syðst hesthús. Hús þessi snéru út og suður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-114:023 heimild um bænhús 65°57.506N 18°33.019V

Bænhús var uppistandandi á Hrafnstæðum 1487 en ekki er nú vitað hvar það var.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: DI V 356.

Ey-114:024 *Lautarhóll* heimild um leikvöll 65°57.555N 18°32.967V

"Á hinum fyrrnefnda [Hrafnstaða niðurvelli] var Lautarhóll, leikstaður barna." segir í örnefnalýsingu. Lautarhóll er fremur lágur hóll beint norðan við heimreiðina, 20-30 m neðan (eða austan) við Hrafnstaði.

Þar sem leiksvæðið var er fremur slétt, grasvaxið svæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

EY-115 Ytra Holt

16 hdr. 1712. Konungsjörð. "Karl [rauði] reið, til þess er hann kom í Holt it ytra, ok mætti Geirdísi, er hon gekk frá goðahúsi. Hon fagnaði vel Karli. Hann frétti, hvárt Geiri, son hennar, væri heima. Hon kvað hann genginn at fé upp í Holtsdal. Karl reið ór garði ok sneri upp í hlíðina." Svarfdæla saga, ÍF IX, 187.
15.10.1544 selur Jón Arason Hólabiskup Ara syni sínum Holt hið ytra fyrir 20 hdr - DI XI, 337.

1552: "Hollt. v. kugilldi. jc." meðal jarða sem Ari Jónsson hefur átt - DI XII, 464. Halldórsgærði eða Halldórskot húsmannskot í lok 18. aldar og aftur í lok 19. aldar og fram yfir aldamót. Í eyði frá 1982

1917: 6.5 ha. 9/10 slétt. Garðar 600 m.

Ey-115:001 Ytra Holt bærjarstæði
bústaður 65°56.904N
18°33.371V

"Ytra-Holtsbærinn er nú horfinn af yfirborði jarðar en hann stóð rétt norðan við Holtsána neðan við þjóðveginn." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Gamli bærinn var á svipuðum stað og steinsteypt íbúðarhús sem stóð síðan fram á allra síðustu ár. Um 1995 voru síðustu minjar Ytra Holts máðar af yfirborðinu. Bærinn stóð 100 m norðan við merki og líklega um 150 m norðan við Holtsánna en merkin við Syðra Holt ráðast ekki af Holtsá austan vegar. Bærinn var 40-50 m austan við þjóðveg. Norðan við bærjarstæðið er stórt hesthús sem er nú í eigu Dalvíkurbæjar. Í námunda við bærjarstæðið er afgangur hólfs þar sem heyrúllur eru geymdar en allt í kring eru slétt tún. Engin merki bæjarins eru greinileg í dag og ekki er líklegt miklar leifar bærjarhóls sé að finna neðanjarðar.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 132

Ey-115:002 Grundarhús heimild um útihús 65°56.833N 18°33.351V

"Tungumynduð alda suður og niður af bæ í Ytra-Holti heitir Grund. Þar stóðu fyrrum peningshús, er nefnd voru Grundarhús, en þau eru nú með öllu horfin." segir í örnefnafræðingum. 80-85 m suðaustan við gamla bæinn (001) voru Grundarhús. Þau voru líklega um 100 m austan við þjóðveginn en um 20 m norðan við lækjarsprænu úr Holtsá. Leifar torfhúsanna voru sléttuð milli 1950-60.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Dalv, 346.

Ey-115:003 heimild um fjárhús 65°56.894N 18°33.295V

Um 60 m NNA við gamla bæinn 001 voru fjárhús þar sem nú er sléttuð tún neðan þjóðvegarins. Engin merki eru um fjárhúsin í sléttuðu túninu. Fjárhúsin sem stóðu á þessum stað voru sléttuð um 1995.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-115:004 *Ysthúsgerði* heimild um fjárhús 65°56.964N 18°33.120V
 "Ofar og utar [en núv. Skriðutún] eru Gerðin, sem hétu fullu nafni Yzthúsgerði, því að þar stóðu fjárhús, sem nefndust Yzthús." segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin voru um 180 m norðnorðaustan við gamla bæinn 001. Fjárhúsin voru um 50 m beint suðaustan við nýju hesthúsin. Þar sem Ysthús stóðu er nú sléttað tún.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Túnakort frá 1917 og Ö-Dalv, 346

Ey-115:005 heimild um útihús 65°57.048N 18°33.003V
 Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 400 m norður frá gamla bænum 001. Það hefur verið á svipuðum slóðum og Halldórsgerði og er jafnvel mögulegt að Halldórsgerði hafi í seinni tíð verið notað sem útihús og þannig sé um einn og sama staðinn að ræða. Ekkert er þó hægt að segja um það með vissu og útihúsið gæti eins hafa staðið rétt vestan við Halldórsgerði. Útihúsið hefur staðið á grasflöt austan við nýja, stóra hesthúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-115:006 heimild um útihús 65°56.896N 18°33.439V
 Um 30 m norðvestan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur verið um það bil þar sem girðing er nú, um 15 m austan við þjóðveg. Engin merki útihússins eru merkjanleg austan þjóðvegarins í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna ágangs


Ey-115:007 *Hesthúsgerði* heimild um hesthús 65°56.910N 18°33.352V
 "Langimór var norðaustur af Grundinni og ofan við hann Hesthúsgerði, nú ... horfið." segir í örnefnalýsingu. Hesthúsgerði var um 80 m norðan við gamla bæinn (001) og rétt austan við þjóðveginn, í túnjaðri, skammt vestan við 003.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Ö-Dalv, 346

Ey-115:008 *Holtsrétt* hleðsla rétt

65°57.157N 18°33.847V



"Þar nokkru ofar kallast Hellismóar suður frá Lönguhólum í Hrafnstaðakotslandi. Þar er í Holtsárgili gömul fjárrétt, Holtsréttin. Um þetta bil hallar árfarvegurinn sér töluvert út á við, en beygir hins vegar mikið þegar utar dregur." segir í örnefnalýsingu. Holtsrétt er norðan við Holtsárgil, neðan við Stórhól, 400-450 m vestan við þjóðveg. Réttin stendur á sléttum árbakka. Áin gengur alveg upp að suðurhlið réttarinnar sem samtals er 35 X 25 m að stærð. Grjótið úr réttinni var að mestu tekið burt og notað í hafnarframkvæmdir rétt fyrir 1950. Enn sést þó móta fyrir réttinni, enda hafa stærstu og smæstu steinarnir verið skildir eftir.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Ytra Holt, 346.

Ey-115:009 *Nátthagi* heimild um aðhald 65°56.963N 18°33.129V
 "Ofar og utar [en núv. Skriðutún] eru Gerðin, sem hétu fullu nafni Yzthúsgerði, því að þar stóðu fjárhús, sem nefndust Yzthús. Utan við þau er Nátthaginn, en af þessu er nú ekkert eftir og víðlent tún komið í þess stað." segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn var norðan við Ystuhús (004). Hann hefur verið þar sem nú eru sléttuð tún, austan hesthúsanna.
Hættumat: hætta vegna ágangs
Heimildir: Ö-Dalv, 346


Ey-115:010 *Halldórsgerði* heimild um býli 65°57.043N 18°33.034V
 "Halldórsgerði ... [er] skammt fyrir utan tún á Holti. Eru þar margar tóftir og garður í kring, því líkast að þar hafi bær verið til forna." segir í skýringu yfir örnefni í Svarfaðardal frá um 1865. "Norðaustan við Nátthagann stóð býlið Halldórsgerði. Það mun ekki hafa staðið lengi, fór í eyði upp úr síðustu aldamótum." segir í örnefnalýsingu. "Halldórsstaðir eða Halldórsgerði hét húsmannskot sem byggt var í landi Ytra-Holts í örfá ár á seinni helmingi 18. aldar og aftur í lok 19. aldar rétt fram yfir aldamótin." segir í Byggðum Eyjafjarðar. "Talið er að Halldórsgerði, utarlega í Ytra-Holtslandi, hafi nafn af Halldóri nokkrum Skeggjasyni, sem allvíða bjó í dalnum á sinni tíð. Hann mun hafa hafst við í Halldórsgerði 1780-81. Á árunum 1881-1903 var þar samfeld byggð af húsmennskufólki, en lögbýli var aldrei á þessum stað." segir Kristján Eldjárn í Árbók 1975, 126, nmgr. 37. Sjá einnig 014 en Þorsteinn Þorsteinsson taldi að goðahúsið hefði getað verið í Halldórsgerði. Halldórsgerði var nálægt 400 m norðan við bæinn (001). Engar leifar býlisins sjást nú en hæðin sem bærinn stóð á er enn greinanleg mitt á milli nýju hesthúsanna og malarnámu austan við. Náman nær alveg að hólnum og ekki er ólíklegt að skemmdir hafi þegar orðið á bæjarstæðinu eða eigi eftir að verða í framtíðinni. Hæðin sem býlið stóð á er grasi gróinn og er um 10 m sunnan við vegarslóða sem liggur niður að námunni.
Hættumat: mikil hætta vegna malarnáms
Heimildir: Ö-Dalv, 346; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 126; BE 1990, 132

Ey-115:011 *Vörðuhóll* örnefni 65°57.165N 18°33.575V
 "Stór hóll á miðjum [Ytraholtsmóum] heitir Vörðuhóll." segir í örnefnalýsingu. Vörðuhóll er vestan við skógreitinn sem er fast vestan þjóðveggar norðarlega í landi Ytra Holts. Varðan var á hól um 200 m ofan við skógreitinn. Vörðuhóllinn er um 100-150 m norðaustan við réttina (008). Vörðuhóll er nokkuð gróinn melhóll en ekki sést nú varða á honum. Efst á honum er hraukur sem virðist að mestu leyti komin vegna fugladrits en gæti verið að undir væri alveg hrundar og grónar vörðuleifar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 346

Ey-115:012 *Stekkjarmelur* stekkjartóft 65°57.348N 18°34.409V
 "Uppi í Holtsárgili neðan Selhóls er Stekkjarmelur." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarmelurinn er neðan við Selhól (013). Sunnan við Stekkjarmelur er laut sem er grasi gróin og er um 50 X 70 m að stærð en þar sem hún endar til suðurs tekur þverhnípt gil Holtsár við. Stekkurinn er austast í lautinni. Stekkurinn er austast í grösugum haga. Stekkurinn er tvískiptur og snúa bæði hólfín norður-suður. Innra hólf tóftarinnar (það austara) eða króin fast austan við langhlið ytra (og stærra) hólfins. Stekkurinn er 9 X 9 m á stærð og op er á vesturhlið hans. Hann er gróinn að utan en grjóthleðslur sjást að innan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Dalv, 346



Ey-115:013 *Ytra-Holtssel* seltóftir 65°57.399N 18°34.763V



"Uppi í Holtsárgili neðan Selhóls er Stekkjarmelur. Þar ofan við er Ytra-Holtssel í Stekkjarhvammi. Þar er einstaklega gott vorbeitiland (vorland), svo gott, að til sérstakra hlunninda var metið fyrrum." segir í örnefnalýsingu. "[merki milli Hrafnstaða og Ytra-Holts eru] bein lína yfir Breiðuna (flæðiengið), yfir Kerið (tjörnina), í Merkjastein neðan við Börðin og áfram þaðan í Sellág, laut norðan undir Selhóli í

mynni Ytraholtisdals ..." Selið stendur á Selhól sem er 10-20 m sunnan við merki við Hrafnstaði (Hrafnstaðakot), við mynni Ytra-Holtisdals.

Hóllinn sem selið er á er fagurgrænn og sker sig nokkuð úr umhverfinu en í kring eru þýfðir hagar og lyng gróður. Nokkrar tóftir eru á hólnum. Greinilegar eru 5 tóftir og aðeins neðar virðist hægt að greina enn eina tóft (f). Efst er seltóftin sjálf (a) sem er 10 X 8 m að stærð. Hún er þrískipt og mjög gróin og op er á henni til vesturs. 4 m norðar er önnur tóft (b), einföld með opi til vesturs, 7 X 5 m að stærð. 4 m neðan (eða austan) við þessa tóft er önnur (c) sem er einföld og mjög ógreinileg. Hún virðist vera um 6 X 6 m að stærð og hafa op bæði á austur og vesturhlið. 5 m norðan við þessa tóft er svo fjórða tóftin (d) sem er ferhyrningslaga og 6 X 7 m að stærð. 10-15 m suðaustan við þessa tóft og 8 m beint austan við (c) er fimmta tóftin (e). Hún er einnig einföld og 6 X 4,5 m að stærð. Op er á þessa tóft á austurvegg. Mjög óljós tóft er um 8 m norðaustan við (e) sem er 6 X 4,5 m að stærð og virðist vera tvískipt. Þessi síðastnefnda tóft er eiginlega fyrir neðan hólinn sjálfan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalv, 346

Ey-115:014 *goðahús* heimild um goðahús 65°57.018N 18.33.033V

"Karl reið, til þess er hann kom í Holt it ytra, ok mætti Geirdísi, er hon gekk frá goðahúsi." segir í Svarfdæla sögu. "Ekki sést nú merki til með vissu, hvar goðahúsið hefur staðið sem segir í sögunni ... Þó eru gömul munnmæli að það hafi staðið út á svokölluðu Halldórsgerði, sem skammt er fyrir utan tún í Holti." segir í skýringum yfir örnefni í Svarfaðardal frá um 1865. Sjá Halldórsgerði (010).

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: ÍF IX, 187; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 126

EY-116 Syðra-Holt

40 hdr. 1712. Bændaeign. Holts er getið í Þjóstólfs sögu hamramma, en ekki er ljóst hvort þar er átt við Ytra eða Syðra Holt. Þar er sagt frá viðureign Þjóstólfs við tröll á Holtsdal "Hann gengr upp eftir dalnum ok fram á mýrr ok svo upp eftir dalnum, sem leið liggr. Ok þegar hann kemr fram at dalsbotninum gegnt Langahrygg, þá sér hann, hvar tröllskessa ein gengr jafnframt honum."- Íslendinga sögur VIII, 368. Getið í máldaga Tjarnarkirkju frá 1318 og átti prestur þar að syngja "xii. messur j holltt." DI II, 457 sbr. 1394 - DI III, 514.

1.3.1481 lýkur sr. Guðmundur Skúlason Hólakirkju Syðraholt fyrir 40 hdr, en móðir hans Helga Þorleifsdóttir tók jörðina í erfðum eftir Guðnýju systur sína - DI VI, 345-46.

1525 er Holt meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301.

1.6.1537 selur Jón Hólabiskup Brandi Helgasyni Syðra Holt í Svarfaðardal fyrir Hrafnstaði í Svarfaðardal - DI X, 105.

1.9.1552 er Holt, 40 hdr, talið meðal þeirra jarða sem Jóna Arason seldi frá stólnum í biskupstíð sinni - DI XII, 460.

12.5.1570 kom fyrir dóm bréf um að Guðný Þorleifsdóttir gaf dóttur sinni Ólöfu Þorvarðsdóttur bæði Holt í Svarfaðardal og annað um að Guðmundur Skúlason lukti Ólafi biskupi Syðra Holt og hafði móðir Guðmundar, Helga Þorleifsdóttir erfð hana eftir systur sína Guðnýju og var það bréf álitíð ekkert afl hafa. Einnig var þar upplesið bréf um "kaup af biskupi Joni Arasyni fyrir adr nefndri jordu Holtti." Jörðin Syðra Holt var dæmd eign Jóns Jónssonar eftir því kaupi sem hann hafði af erfingjum Ólafar Þorvarðsdóttur - DI XV, 402-404.

1.7.1572 selur Jón Jónsson sonum Páls Grímssonar, sr. Erlendi og Bjarna, Holt, 40 hdr - Jarðabréf, 206.

20.4.1662 selur Brynjólfur biskup sveinsson Helgu Magnúsdóttur 30 hdr í Holti í Svarfaðardal - Jarðabréf, 223.


21.7.1672 telur Helga Magnúsdóttir m.a. Holt 30 hdr Elenu Hákonardóttur dóttur sinni til kaups við sr. Guðbrand Jónsson - Jarðabréf, 168 sbr. arfaskiptabréf Helgu frá 1672 - Jarðabréf, 16.

24.5.1703 á Elin Hákonardóttir: "Í Holti í Svarfaðardal norðanlands í Eyjafjarðarsýslu xxxc. Landskuld hefur þar áður verið 300 fl[iskar] í kaupstað (eftir norðlenskum reikningi), en nú er hún 140 ál. og hefur betalast með landaurum í næstumliðin ár. Kúg. eiga þar að vera 7." JÁM XIII, 255.

1712 var Holtskot afbýli nytjað af sama ábúanda og Syðra-Holt en eigandinn var annar. Seinna byggðist kotið Helgafell (f. 1810) og er það síðan orðið lögbýli. Á Syðra-Holti var bænhús

1917: 4.7 ha. Allt slétt. Garðar 610 m². 1839: "[Holtsá] hefur brotið sig í gegnum túnið, sett yfir 4ra daga slátt af því í grjótreyri og braut svo fast upp að bænum, að hann varða að flytjast upp á hól þar skammt frá. Liggur svo nefnd á bæði á túni og engi jarðarinnar." SSE, 85

1990: "Tún eru flest ofan vegar og liggja í nokkrum hólum sunnan árinna upp að hlífðrögum. Neðan vegarins er land fremur grýtt vegna ágangs Holtsár ... Á [Holtsdal] er gott beitarnland fyrir sauðfé og stórgripi. Framan í hálsinum er afburðagott berjaland." BE 1990, 140



EY-116:001 Syðra Holt bæjarhóll bústaður 65°56.839N 18°33.564V
"[Holtsá] hefur brotið sig í gegnum túnið, sett yfir 4ra daga slátt af því í grjótreyri og braut svo fast upp að

bænum, að hann varða að flytjast upp á hól þar skammt frá. Liggur svo nefnd á bæði á túni og engi jarðarinnar." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Af þessu að dæma hefur eldri bæjarhóllinn líklega horfið í árgilið sbr. 022. Gamli bærinn sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stóð á svipuðum stað og íbúðarhúsið á Syðra Holti gerir nú, þó svolítið austar. Hann stóð því að hluta þar sem nú er grasbakki. Gamli bærinn stóð á náttúrulegum hól og eru ekki miklar líkur á að þar sé að finna óhreyfð mannvistarlög. Bæjarstæðið er ekki gamalt því það var ekki fyrr en um 1840 að bærinn fluttist þangað eftir að Holtsá hafði gengið of nærri gamla bæjarstæðinu. Ekki er nú vitað nákvæmlega hvar elsta bæjarstæðið var (022).

Heimreiðin liggur til Syðra Holts á svipuðum stað og gamli bærinn hefur staðið. Fast austan við heimreiðina er hestasteinn með járnhring sem er síðan á 19. öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: SSE, 85; Túnakort 1917

EY-116:002 heimild um bænhús 65°56.884N 18°33.532V

Í máldögum Tjarnar frá 1318, 1394 og 1461 er þess getið að prestur á Tjörn eigi að syngja 12 messur á ári í Holt og hefur þar því verið bænhús. Það var uppistandandi 1487. Bænhús er sagt hjer hafi að fornu verið, sem af sje fallið fyrir manna minni, og er nú skemmuhús fyrir sunnan bæinn, þar sem þetta bænhús skyldi staðið hafa." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Þar sem ekki er vitað nákvæmlega hvar bæjarstæði Syðra Holts var fyrir 1840, er erfitt að segja nokkuð um staðsetningu bænhússins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: DI II, 457; DI III, 513-14; DI V, 258-59, 356; JÁM X, 52.

EY-116:003 heimild um fjós 65°56.825N 18°33.473V

20-25 m suðaustan við gamla bæinn (001) var áður fjós. Engin merki eru nú um fjósið enda var hætt að nota það um 1930 þegar annað fjós (einnig úr torfi og grjóti) var byggt skammt vestan við bæinn. Fjósið (003) var horfið um 1934. Þar sem fjósið hefur staðið er nú sléttuð brekka niður frá íbúðarhúsinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-116:004 heimild um útihús 65°56.810N 18°33.637V

Um 70 m vestan við gamla bæinn (001) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað er hóll og á honum er dæld sem virðist vera merki um mannvirki. Útihúsið sem þarna stóð hefur verið 30-35 m norðan við 005. Þar sem útihúsið stóð er nú sléttuð hóll í túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-116:005 *Melhús* heimild um fjárhús 65°56.772N 18°33.693V

"Spölkorn norður frá [Lambalaut] er Hesthúshóll. Á honum standa fjárhúsin, kölluð Melhús." segir í örnefnalýsingu. Um 70 m suðaustan við bæinn (001) og um 40 m norðvestan við Baðhól er Hesthúshóll sem einnig var nefndur Melhúshóll en þar voru Melhúsin áður. Hætt var að nota fjárhúsin 1960 og nú hefur hóllin verið sléttuð. Af nafni hólans að dæma hafa hesthús verið þar á undan fjárhúsunum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 341 og Túnakort 1917

EY-116:006 *Kvíhúshóll* örnefni kvíar 65°56.827N 18°33.625V

"Spölkorn norður frá [Lambalaut] er Hesthúshóll. Á honum standa fjárhúsin, kölluð Melhús. Vestur þaðan er hólrani, kallaður Kvíhúshóll." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m suðvestan Melhús (005) er Kvíhúshóll en þar hafa verið kvíar og útihús, sennilega fjárhús. Engin merki þeirra sjást lengur. Þar sem kvíarnar voru er nú sléttuð hóll.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 341 og Túnakort 1917

EY-116:007 *Gerðahús* heimild um útihús 65°56.841N 18°33.859V

"Suðvesturhluti túnsins nefndist Gerði. Þar voru Gerðahúsin." segir í örnefnalýsingu. Gerðahús voru tæpum 100 m vestur af 004, á hæð í túninu. Austan í hæð þessari má enn sjá nokkuð djúpa dokk þar sem súrheysgryfja var áður. Önnur merki Gerðahúsa eru hins vegar ógreinilegar á slétttri hæðinni. Gerðahús voru hesthús, fjárhús og hlaða. Merki súrheysgryfjunnar sjást enn. Gryfjan var hlaðin með klömbrum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 341 og Túnakort 1917

EY-116:008 heimild um útihús 65°56.931N 18°33.718V
Um 80 m norður af 007 og 180 m norðvestan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki þessa húss eru greinanleg lengur en á þessum stað er sléttaður hóll í túninu.
Hættumat: hætta vegna túnræktar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-116:009 heimild um útihús 65°56.822N 18°33.546V
Fast norðan við gamla bæinn (001) var áður eldiviðarkofi, hlaðinn út torfi og grjóti. Kofinn var þar sem nú er norðurgafli íbúðarhússins og hlað þar við.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-116:010 garðlag vörslugarður 65°57.044N 18°34.396V
Mikið garðlag er í hlíðinni fyrir ofan Syðra Holt. Það sést rétt fyrir ofan efstu tún og liggur í boga út og vestur að Hrafnabjörgum við Gilið. Garðurinn liggur yfir holt og móa. Hann er um 3 m á breidd og um 1,3 m á hæð. Að sögn heimildamanns var hann notaður sem vörslugarður til að verja heimahagana fyrir beit af afréttinni en jafnframt sem rekstrargarður á vetrum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 341

EY-116:011 þúst 65°56.883N 18°33.563V
20-30 m sunnan við Holtsá og um 5 m vestan við vélageymsluskemmu er óljós tóft. Tóftin er um 100 m norðvestan við íbúðarhúsið á Syðra Holti. Hún stendur á óræktarbletti sem er á kafi í gróðri. Ekki er hægt að greina nákvæma lögun hússins.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 341

Ey-116:012 útihús þúst 65°56.713N 18°33.601V
Rétt sunnan við bæinn (001) og aðeins austar var áður útihús, fast við girðinguna og 5-10 m vestan við þjóðveginn. Rétt hjá þessum útihúsum var Lind. Mjög óljós merki útihússins sjást enn á hæð sem er í túninu. Þústin er alveg í túnjaðri, líklega um 25 m austan við 013 og 8-10 m vestan við þjóðveginn. Hún er á hæð í sléttuðu túninu, á kafi í grasi og er illgreinanleg. Hún virðist vera 13-14 X 9-10 m að stærð og veggir hennar eru 1,2 m á breidd en 0,4 m á hæð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-116:013 *Baðhóll* frásögn um fjárhús 65°56.764N 18°33.604V
"Skammt sunnan við bæinn er Baðhóll, lítill og kúlulagaður hóll og suðvestan við hann er Lambalaut." segir í örnefnalýsingu. Á Baðhól stóð fjárhús. Hóllinn er um 90 m sunnan við bæinn. Á hólnum er nú dokk eða dæld og eru það ummerki útihússins. Hóll er um 20 m vestan við 012 og um 40 m vestan við þjóðveginn í sléttuðu túni.
Hættumat: hætta vegna túnræktar

EY-116:014 frásögn um leið 65°56.895N 18°33.629V
Sveitalangur var forn göngugarður sem lá um Svarfaðardalinn endilangan. Á Syðra Holti lá hann rétt vestan við íbúðarhúsin. Þar er nú dæld í túngarðinn á þeim stað sem leiðin var.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 341

EY-116:015 *Nátthagi* heimild um aðhald 65°56.885N 18°33.697V
"Norður af Kvíhúshóli [006] var Nátthaginn, 3-4 dagsl. að stærð. Þar voru fyrrum geymd hross og annað búfé. Þarna er nú tún." segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn var beint upp af bænum og norður af Kvíhúshóli. Engin merki hans eru nú greinanleg í sléttu túninu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Svarf, 341

EY-116:016 garðlag túngarður 65°56.894N 18°33.580V

Garðlag sést skammt norðan við Syðra Holt. Það sést á um 40 m bili norðvestan við bæinn og er fyrst greinanlegt norðan við tóftina hjá vélarskemmunni (011) og liggur í vesturátt. Garðurinn er um 20 m sunnan við Holtsá og gæti verið leifar af túngarði. Garðurinn liggur yfir sléttaðan grasflöt. Garðurinn sést á um 40 m svæði en fjarar svo út. Hann er um 40 m á lengd en 1 m á breidd. Hleðsluhæðin er 0,4-0,5 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

EY-116:017 Stekkjarhóll stekkjartóft 65°57.051N 18°34.328V




"Vestur frá túninu er allmikil spilda umhverfis Stekkjarhóllinn og heitir hún Uppengi." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er um 10 m sunnan við vírgirðingu sem liggur upp hlíðina og um 80 m suðvestan við efsta hluta túnsins á Syðra Holti. Stekkurinn er 800-1000 m ofan við bæinn og svolítið norðar. Umhverfis stekkurinn eru þýfðir, lyngi vaxnir móar. Girðingin liggur yfir fagurgrænan hól. Á honum er mikið af grjóti hér og þar og er líklegt að þar hafi einhvern tíma verið fleiri mannvirki. 10 m neðar er stekkurinn sjálfur. Hann er mjög ógreinilegur og veggirnir eru varla greinanlegir á pörtum. Stekkurinn eða beitarhúsin eins og heimildamenn kalla tóftina er 13 m að lengd og 5,5 m á breidd. Hæð veggja er um 0,2 m. Tóftin er tvískipt en ekki er lengur merktanlegt op á henni. Stekkurinn er um 20 m suðvestan við rekstargarðinn (010).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 341

EY-116:018 Selhóll 5 seltóftir 65°56.962N 18°35.984V




"Syðst á [Syðra-Holts]hálsinum er Selhóllinn. Suðvestur frá honum er Rjúpnamelur ... Stórt svæði þar vestan við heitir Skálar. Norður frá Skálunum liggja margar og mjóar lautir, sem kallast Sellautir. Ná þær út að Holtsárgili ..." segir í örnefnalýsingu. Sels frá Holti er einnig getið í sóknalýsingu frá 1839: "Á hálsröðlinum, rétt upp undan Syðraholti stendur sel þaðan, þó ekki sé brúkað." Selið er á blábrúninni uppi á hálsinum ofan við Syðra Holt, heldur sunnar en á móts við bæinn, en þó nær honum en Helgafelli. Selið er 500 m ASA við Tjarnarsel 019 og 1,5 km VNV af Syðra Holti, 750 m sunnan við Holtsá. Á valllendishjalla, yst á sléttlendisrana sem myndast þar sem Holtsá rennur fram úr Holtsdal. Austan við er brött og há (um 150 m) brekka niður á sléttlendið sem bæirnir standa á en ofan (vestan og norðan) eru aflíðandi lyngmóar með fjalldrapa og vallendisteygingum á milli. Snjólétt mun á hjallanum í dalsmynninu og vetrarheit þegar

allt er á kafi í snjó á láglandi. Aðaltóftin er frammi á brúninni, fjárhústóft, 12x8 m, með 1 m djúpri heytóft aftan við, á rústahóli. Grjóthleðsla í garða er 0,6 m há. 5 m norðan við er djúp, aflöng og regluleg, 8x3 m dæld sem sennilega er tóft. Sunnan við fjárhústóftina eru tvær litlar tóftir og er sú vestari tvískipt með mjög mjóum veggjum, 7,5x3 m. Hin er 5,5x4 m með grjóti í veggjum, 0,8 m há að innan. Sunnan við þessar tóftir er afmarkaður þúfnakragi sem ekkert rústalag er á en gæti þó verið mannvirkjaleifar. 5 m vestan við fjárhústóftina en aflöng tóft, 10x6 m, nokkuð sokkin og óregluleg, virðist vera tvískipt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 341; SSE, 85

EY-116:019 *Tjarnarsel* 2 seltóftir 65°57.094N 18°35.715V
"Litlu austar [en Steinalág] eru tóftarbrottin Tjarnarsel. Skammt sunnan við tóftir þessar heitir Háaleiti. Mýrarsundin þar ofan við heita Selmýrar ..." segir í örnefnalýsingu. Tjarnarsels er einnig getið í sóknarlýsingu frá 1839: "Fyrir framan þennan garð [023] stendur Tjarnarsel, sem þó er ekki brúkað fyrir því Syðraholtsbændur banna, að nokkur skepna megi á dalinn koma, eftir að úr selinu er flutt, sem Tjörn, vegna landleysis heima, er ómögulegt án að vera." Í Byggðum Eyjafjarðar frá 1990 segir enn fremur: "Á dalnum var áður fyrir haft í seli og sjást leifar þess enn." Uppi á hálsinum ofan við Syðra Holt er aflíðandi sléttlendi, þríhyrnt, milli árgilsins, hálsbrúnarinnar og fjallshlíðarinnar. Efst og vestast á þessari skák eru seltóftir. Þær eru 500 m VSV við Holtssel, hátt ofan við Holtsá, um 200 m sunnan við hana. Selið er í hvarfi frá Syðra Holti en sér heim að Hrafnstöðum. Selið er þar sem undirlendi sleppir á hálsinum og við tekur brött fjallshlíð niður að á inn eftir dalnum. Í lyngmóa uppi á hálsi í dalsmynni. Austur og niður frá selstæðinu eru vallendisteyngingar niður eftir öllum hálsinum. Bratt er niður af selinu til norðurs, niður að Holtsá. Lækur rennur fast austan við aðalseltóftina og eru þar djúaveitur.



Á selinu eru tvær tóftir. Önnur er uppi á rústahól, 3 m háum að austan - hann sést vel neðan af flatanum á hálsinum. Tóftin er 8x5 m að utan með grjóthleðslu og dyr vestast á norðurlangvegg. Vestan við hana er önnur minni tóft sambyggð, 6x3 m og snýr þvert á hina. Hún stendur mun lægra og gæti verið hluti af eldri byggingarstigum. Sunnan við suðurlangvegg aðaltóftarinnar er þúfnarimi sem gæti verið eldri veggur. 6 m sunnan við og ofar í brekkunni er önnur tóft, 9x5 m að utan með dyr á norðurgafli. Hún er mjög djúp og virðist vera grafín inn í brekkuna. Norðan við aðaltóftina eru tvær reglulegar hvompur í hlíðinni sem gætu verið mannvirkjaleifar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 341; SSE, 85; BE 1990, 140

EY-116:020 *Sigmundsskál* þjóðsaga um útilegumannabústað 65°56.250N 18°38.500V
"Utarlega á [Flatadal] er ársprænan Sigmundsá og austar fellið Sigmundskolla. Þar er Sigmundsskál, djúp lægð með klettum umhverfis. Lifa munnmæli um Sigmund einhvern, sem sökótt hafði átt við bændur í byggðinni, og haldið til þarna efra. Í skálinni var fyrrum hellisskúti, en hann er nú eyðilagður af grjóthruni úr veggjum skálarinnar. Sögnin telur að Sigmundur hafi látizt í skálinni." Sigmundsskál er ofan við ytri hluta Flatadals sem er framan við Ásana en þeir eru framhlaupshólar sem fylla dalinn fast framan við Selnes 025. Þar eru ekki neinar mannvistarleifar.

Heimildir: Ö-Svarf, 341

EY-116:021 *Holtskot* heimild um býli 65°56.678N 18°33.883V
"Holt skot, partur og afbýli af jörðunni. Bygt í heimatúninu hjer um fyrir 40 árum, afdeilt einasta að túni og engjum, en öðrum landsnytjum óskift, og reiknast fyrir fjórðung allrar jarðarinnar, að dýrleika x c ..." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Hjáleiga þessi hefur verið í heimatúninu, en ekki er vitað hvar." segir í örnefnalýsingu. Holtskot var um 300 m norðan og svolítið austar en Helgafell, um 70-90 m sunnan við merki Helgafells og Syðra Holts. Á þessum stað er nú dældótt hæð í túni en engin greinileg merki tófta sjást. Fram eftir öldinni mátti þó sjá óljós brot á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: JÁM X, 53; Ö-Svarf, 341

EY-116:022 bæjarhóll bústaður 65°56.893N 18°33.522V
"[Holtsá] hefur brotið sig í gegnum túnið, sett yfir 4ra daga slátt af því í grjóteyri og braut svo fast upp að bænum, að hann varða að flytjast upp á hól þar skammt frá. Liggur svo nefnd á bæði á túni og engi

jarðarinnar." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Ekki er vitað hvar bæjarstæði Syðra Holts var fyrir 1840 en víst er að það hefur verið alveg við eða í Holtsánni, líklega aðeins norðar en þar sem bæjarstæðið er nú. Engin merki um gamla bæjarstæðið eru nú greinileg.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

Heimildir: SSE, 85

EY-116:023 garðlag vörslugarður 65°56.763N 18°35.063V

Í sóknarlýsingu frá 1839 segir presturinn á Tjörn: "Þar kippkorn fyrir framan [sel frá Syðraholti - 018] liggur garður neðan frá á og upp á háls og stefnir eftir kunnugra sögn beinlínis að merkjunum milli Holts og Tjarnar austan í hálsinum, svo út lítur eins og merkin hafi legið milli Svarfaðardalsár að austan yfir hálsinn og niður til árinna á dalnum [þ.e. Holtsár]. Fyrir framan þennan garð stendur Tjarnarsel [019] ..." Enginn garður er nú á þessum slóðum og má vera að þessi frásögn mótist af óskhyggju prests en í lýsingu sinni eyðir hann miklu þúðri í að rökstyðja að Tjarnarkirkja hafi átti Holtsdal sunnanmegin en að beitarítakið sem máldagar tala um að kirkjan eigi á Holtsdal eigi að vera á Ytraholtsdal. Mest byggir hann þetta á hæginni þýðingu úr dönsku, að 'græsgang' þýði 'beitarland'

Heimildir: SSE, 85-86.

EY-116:024 frásögn um fjós 65°56.829N 18°33.569V

Beint vestan við bæinn (001) og um 5 m vestan eða suðvestan við íbúðarhúsið á Syðra Holti var byggt fjós um 1930 úr torfi og grjóti. Fjós þetta var notað þar til nýtt fjós var tekið í notkun á 5. áratugnum. Engin merki fjóssins eru nú greinanleg í bakgarði íbúðarhússins þar sem slétt grasflöt er nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: SSE, 85


EY-116:025 heimild um mógrafir 65°56.938N 18°33.962V

"Geta má þess að á Syðraholti er móskurður notaður." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Mógrafir voru bæði beint vestan við íbúðarhúsið á Syðra Holti og einnig 400-500 m vestar. Grafirnar voru þar ofan við efstu túnin á Syðraholti. Enn eru merki grafanna vel greinileg. Mógrafirnar eru greinilegar. Þær eru í túnjaðri og reyndar ná tún aðeins ofar en grafirnar jafnvel þó að ekki hafi verið sléttað í kringum þær. Svæðið er enn nokkuð rakt.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: SSE, 85.

EY-116:026 Selnes heygarðstóft 65°56.702N 18°34.845V



Framan við Tjarnarsel þrengist dalurinn mjög og er fjallshlíðin óþrotin niður að á. Um 1,5 km framan við Tjarnarsel verður hjalli ofarlega í fjallshlíðinni og er á honum mýri sem lækkar til vesturs. Selnes heitir vestast og neðst í þessari mýri, fast á brúninni ofan við árgilið, um 200 m frá Holtsá og 2,2 km framan við Tjarnarsel. Andspænis í dalnum er stór framhlaupsdyngja sem hefur ýtt Holtsá til suðurs og er þar klettabelti eftir efst í fjallshlíðinni. Tóftin er á móts við austurendann á dyngjunni. Framan við tóftina eru melhólar eftir jarðfall sem fylla dalinn að sunnan en framan við þá er talsvert flatlendi, Fremri-Mýrar. Neðst í stórum mýrarfláka, uppi á gilbrún, austan við þar sem lækjargil fellur í Holtsá. Einföld lítil tóft, 6x4 m að stærð, sem virðist vera í horni á ferköntuðu gerði, 10x10 m að stærð. Tóftin er á rústahól sem gæti verið leifar af seli, sbr. örnefnið, en hún sjálf mun vera heystæði enda hefur verið

ágætur heyskapur á mýrunum utan við.

Hættumat: engin hætta

EY-116b Syðra-Holt (Helgafell)

Hjáleiga frá Syðra-Holti, fyrst getið í jarðatali 1810 og mun þá hafa verið nýlega upp byggð. Stundum talið sama kot og Holtskot og hafi nafnið breyst af því að tveir Helgar hafi búið þar í röð á 18. öld og nafnið gefið svo til háðungar. Holtskot var hinsvegar byggt í heimatúni Syðra-Holts þannig að Helgafell hlýtur að vera nýbýli frá um 1800 (ekki getið í jarðab. 1802).

1917: 4.7 ha. Allt slétt. Garðar 610 m². "...stendur í aflíðandi túni neðan frá ánni upp undir rætur fjallsins ... Engjar eru engar neðan túnsins þar eð Svarfaðardalsá tekur á sig krók neðan við bæinn og kýs að renna vestanmegin í dalnum þar á kafla ... Fjallshlíðin ofan við bæinn er brött, þurrlend og lyngi vaxin, ágætt berjaland en síðri til beitar." BE 1990, 142

Ey-116b:001 *Helgafell* bæjarstæði bústaður
65°56.524N 18°33.935V

Gamli bærinn var örlítið sunnar og neðar en íbúðarhúsið sem nú stendur á Helgafelli. Engin merki um gamla bæinn eru nú sjáanleg en síðasti hluti hans fauk 1962-63. Bæjarstæðið er á náttúrulegum hól. Helgafell er talið nýbýli frá um 1800 og ekki er líklegt að miklar eða óhreyfðar mannvistaleifar sé að finna í bæjarstæðinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-116b:002 heimild um útihús
65°56.536N 18°33.978V

Um 10 m vestan við gamla bæinn (001), þar sem slétt grasflöt er nú, var áður útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-116b:003 heimild um fjós
65°56.585N 18°34.040V

Um 25 m sunnan við 005 og 30 m norðvestan við bæinn var áður fjós á svipuðum stað og nýja fjósið er nú.

Ekkert sést til gamla fjóssins enda hefur það laskast og eyðilagst við nýju bygginguna. Seinni hluti fjóssins sem stóð á þessum stað var rifinn 1967-1968.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-116b:004 heimild um hesthús 65°56.549N 18°34.004V

Hesthús var þar sem nú stendur reykkofi, um 60 m norðvestan við gamla bæinn (001) og rúmum 20 m ofan við Ærhús (005). Engin merki hesthússins sjást nú en reykkofi er nú á staðnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


Ey-116b:005 *Ærhús* heimild um fjárhús 65°56.607N 18°33.962V

Ærhús voru beint vestan við fjósið sem nú stendur á Helgafelli. Það var 25 m austan við 003. Síðustu leifar húsanna voru sléttaðar út um 1955 en á allra síðustu árum hefur mátt sjá í steinaraðir í hlaðinu skammt vestan við fjósið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-116b:006 *Lambhús* heimild um fjárhús 65°36.596N 18°33.922V



Um 20 m norðan við 005 stóðu áður fjárhús sem nú hafa verið jöfnuð við jörðu. Fjárhúsin voru jöfnuð við jörðu 1955.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-116b:007 *Nýhús* heimild um fjárhús 65°56.757N 18°33.839V


"Norðurhluti túnsins nefnist Nýhúsvöllur og eftir honum rennur Nýhúslækur rétt um miðjan völlinn. Fjárhúsið Nýhús stendur utan við bæinn." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar nákvæmlega á Nýhúsavelli fjárhúsin hafa staðið. Á vellinum miðjum er hæð með öðruvísi gróðri en annarsstaðar og ekki er ólíklegt að þar hafi húsin staðið. Engin merki húsanna sjást nú í sléttu túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Svarf, 342

Kort 6

Fornleifakort fyrir Ingvarir, Tjörn, Tjarnarkot og Tjarnargarðshorn



EY-117 Ingvarir



10 hdr. 1712. Tjarnarkirkjueign og upphaflega byggð frá Tjörn því land var óskipt til fjalls fram á 20. öld. "Yngvildr hét dóttir [Karls ómála], er bjó á Yngarastoðum." Svarfdæla saga, ÍF IX, 207. "Kona er nefnd Yngvildr. Hún bjó at Yngvildarstöðum í Svarfaðardal. Þat er í miðjum dalnum. Hún var dóttir Karls ins ómálga, sonar Þorsteins svörfs. Maðr hennar hét Þorkell, ok var andaðr, þá þetta var. So átti hún, er Þjóstólf hét ... Engjar þeirra Yngvildar ok Þiðranda [á Tjörn] lágu saman þar á bökkunum, ok bagaði hann Yngvildi mjök ok hafði gjarna it bezta af engjunum ..." Þjóstólf saga hamramma, Íslendinga sögur VIII, 363 sbr. 364. Tjarnarkirkja átti "Jnguarastadi alla [leiga] iij merkr." árið 1318 - DI II, 457 sbr.

1394 - DI III, 514, 1431 - DI IV, 464;

1461 - DI V, 258. Einnig Yngarastaðir og Ingvarastaðir. Fornleifar á óskiptu landi eru skráðar með Tjörn.

1917: 3.1 ha. Garðar 340 m². "Hlíðin er þurr, vaxin lyngi og fjalldrapa og er þar gott berjaland. Túnið er aflíðandi frá ánni og hátt upp í hlíðina ... Niður á árbakkanum þar sem áin tekur að sveigja sig til vesturs eru votlendar engjar sem nytjaðar eru til beitar og slægna."

Ey-117:001 Ingvarir bæjarstæði bústaður 65°56.281N 18°34.164V
Gamli bærinn var norðan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Ingvörum. Bæjarstæðið er á hæð fyrir ofan þjóðveginn en greinanlegur bæjarhöll er ekki á staðnum enda hafa á 20. öld verið byggð tvö steinsteypt hús með kjallara á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-117:002 heimild um fjós 65°56.258N 18°34.209V
Fjósið sem merkt er inn á túnakort frá 1917 var þar sem íbúðarhús stendur nú en náði lengra til austurs. Fjósið var tæpum 10 m vestan við gamla bæinn (001).

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-117:003 heimild um fjárhús 65°56.245N 18°34.287V
Um 50 m suðvestan við gamla bæinn (001) stóðu fjárhús árið 1917. Þau voru á hæð þar sem nú standa fjárhús úr bárujárnri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-117:004 Gerðið heimild um hesthús 65°56.170N 18°34.226V
150-160 m sunnan við gamla bæinn (001) voru hesthús þar sem nú eru sléttuð tún. Engin merki hesthúsanna sjást nú en á þessum stað er nú dældótt hæð í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-117:005 Ingvaravað heimild um vað 65°56.373N 18°33.608V
"Bæjarlækurinn fellur í Dalsá, þar sem heitir Ingvaravás. Utar er Ingvaravað á ánni." segir í örnefnalýsingu. Vestast á Sökkubakka er sandvík. Ingvarravað var á Svarfaðardalsá við beygjuna sem er á henni nálægt

merkjum við Syðra-Holt. Þarna er sendinn tangi út í ána.
Heimildir: Ö-Svarf, 340

Ey-117:006 útihústóft
Um 100 m sunnan og örlítið austar en 004 eru enn greinilegar leifar af útihúsi. Um 5 m vestan við tóftina rennur lítil lækjarspræna niður hæðina. Tóftin er nálægt því að vera um 150 m norðan við Tóftin stendur á fremur grösugu og þýfðu svæði. Tún eru þó bæði til norðurs og austurs í um 30-40 m fjarlægð. Á þessum stað er ein greinileg tóft sem er 12 X 5,5 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Op eru á báðum hólfunum til norðurs. Hleðslur sjást að innan. Rétt norðan við tóftina virðist vera annað ógreinilegra hólf. Það er aðeins 0,5 X 0,5 m að stærð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

65°56.138N 18°34.282V




Ey-117:007 lind vatnsból
Uppspretta er 200-250 m suðvestan við 008. Uppsprettan er í grasi grónum haga. Hún er lítil um sig en er upphafið af litlum læk sem rennur svo niður hliðina. Ekki er vitað til þess að uppsprettan hafi verið notuð sem vatnsból fyrir bæinn.
Hættumat: engin hætta

65°56.217N 18°34.402V

Ey-117:008 tóftir
10-15 m norðvestan við uppsprettuna (007) og rúmlega 250 m vestan við bæinn eru tóftir í hliðinni. Í kringum tóftirnar eru þýfðir móar. Tóftirnar eru alveg grónar og að nokkru leyti hlaupnar í þúfur. Nyrðri tóftin er tvískipt, 8 X 4 m að stærð og er op á henni til austurs. Um 5 m sunnar er önnur tóft óljósari sem virðist vera um 5 m á lengd og 2,5 m á breidd. Syðri tóftin var líklega tvískipt en nyrðra hólfíð er alveg hlaupið í þúfur.
Hættumat: engin hætta


65°56.229N 18°34.457V



Ey-117:009 frásögn um fjárhús
65°56.280N 18°34.176V
Um 30 m norðvestan við steypa fjósið (sem er áfast íbúðarhúsinu) var áður fjárhús. Heimildamaður man eftir tóft á þessum stað en nú er þar sléttuð tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-117:010 frásögn um útihús
65°56.291N 18°34.127V
30-40 m norðaustan við steypa fjósið (sem er áfast við íbúðarhúsið) voru tóftir útihúss fyrst þegar heimildamaður man eftir sér. Engar leifar útihússins sjást nú en þar sem þau stóðu eru sléttuð tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-117:011 frásögn útihús
65°56.368N 18°33.953V
Um 15 m vestan við þjóðveg og 70-80 m sunnan við merki Helgafells var áður tóft á túni sem kallast Þórutún. Engin merki tófta eru greinileg enda eru þar sléttuð tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar



Staður. "[Sigmundur og Björn fóru frá Valla-Ljóti í aðför að Birni, Bersa og félögum] ok er þeir fóru, þá mælti Sigmundur: "Komum vér til Tjarnar til þeirra feðga, Þorsteins ok Eyjólfss." Þeir vóru harðir menn ok ofrhugar. [og ganga þeir til liðs við þá]." Valla-Ljóts saga, ÍF IX, 252. Eftir vígin ráðleggur Valla-Ljótur þeim Sigmundi að sitja ekki í búum sínum milli Tjarnar og Upsa - Svarfdæla saga, ÍF IX, 254. Einnig getið í Þjóstólfs sögu hamramma: "Þá bjó sá maðr at Tjörn, er Þiðrandi hét. Hann var háleygskr at ætt, ok er eigi getit um faðerni hans. Hann var kappi inn mesti ok ójafnaðarmaðr mikill ok harla rangsleitinn. Engjar þeirra Yngvildar [á Ingvörum] ok Þiðranda lágu saman þar á bökkunum, ok bagaði hann Yngvildi mjök ok hafði gjarna it bezta af engjunum." Íslendinga sögur VIII, 364.

1191: "Sumarliði hét maður og var Ásmundarson er bjó að Tjörn í Svarfaðardal [hann tók við Ingimundi smið, sem síðan var drepinn fyrir kvennamál. Sumarliði hafnaði bónorði Snorra Grímssonar frá Hofi til

Þuríðar systur sinnar en var síðan drepinn af Brandi Örnólfssyni frá Tjarnargarðshorni á Gásum] Guðmundar saga dýra, Sturl, 134-36.

1192: "Þetta sumar um haustið kom Grímr út til Tjarnar í Svarfaðardal, ok var veginn at sauðarétt. En völd vígs þess vóro kend Snorra Grímssyne ..." Prestssaga Guðmundar Arasonar, Bsk I, 439.

1318 átti Tjarnarkirkja hálf heimaland að öllu, Ingvararstaði og hólminn Örgumleiða - DI II, 457.

1394 átti Tjarnarkirkja heimaland hálf að öllu með tveimur hólum, Maríuhólma og Brennusíkishólma, Ingvarastaði alla og hólminn Örgumleyða, tveggja mánaða rekstur annað dægur öllu búfé út í Holtsdal, ella mánaðar beit bæði dægur, hrís í Karlsárdal milli Grænalæks og þess næsta grjótgils er þar er fram frá. Þá var þar kristfé í öllu landi og lukust af því 2 hdr í slátrum og hafnarvoð. Þaðan átti og að halda af kirkjuhluta að halda brú á læk og árferju. - DI III, 513-14, sbr. 1461 - DI V, 258.

1431: kirkia a jngwarastadæ. DI IV, 464-465. [1479] átti Solveig Þorleifsdóttir "tiorn j suaRfadardal xxxc." DI VI, 199.

6.6.1520: "halfar tiarner j Suarbadardal gaf Finnur Þorvalldsson sancte Johanni Baptistæ med voru thillægi. þui ad það var allt Christzfe." - Testamenti Gottskálks - DI VIII, 732. Tjarnarkot, Gullbringa og Lúsakot voru hjáleigur í eyði 1712 og byggðust allar á ný og Gullbringa fram til 1947. Húsabakki hefur einnig verið hjáleiga. Kirkjan átti sumarbeit og selför á Holtsdal og skóg til kolagerðar í Karlsárdal.

1917: 8 ha. Garðar 650 m².

1839: "... þó kirkjunni sé eignaður mánaðarrekstur öllu búfé út í Holtsdal, kemur einungis til þerra nota, að menn sleppa þangað hrossum sínum og kvikfé um hærsta sumartíma. Hefur því engið síðvanlega verið

brúkað fyrir kúahaga á sumrum, sem þó er ekki meir en 4ra fullkominna verkamanna mánaðarverk. Hafði því áður verið siðvenja presta hér að ljá parta af enginu nágrönnum sínum, til þess þeir hjálpuðu þeim að ná heyi handa þeirra eigin, þó oftast örfáu sauðaskepnum, því þeir gátu ekki sjálfir haldið hross til hlítar, en flutningurinn vondur og langur. Fyrir neðan tún staðarins liggur tjörn, hér um bil 250 faðma breið en 2falt lengri, fyrrum vegna silungsveiðar í henni talinn merkilegur kostur, en nú orðin aðeins merkilegur ókostur, þar hún bæði hefur tapað allri veiði, fyllt með aur og eðju, svo varla er byttugeng nema í vatnavöxtum og fyrir eðjuna aldeilis öreið og þénar nú aðeins til að gera heyflutninginn erfiðari. Millum hennar og árinna liggur engi staðarins á þurrum bökkum, sem árlega líða mikið landbrot af ánni. Út úr tjörninni ofanvert við bakkana rennur siki beint út í Svarfaðardalsá og slítur þá frá mýrum þeim, sem liggja fyrir ofan. Þegar kemur út fyrir ofan Tjörn, verður fjallið brattara, þó lægra, með klettabandi ofarlega út og suður. Úr því hafa skriður hlaupið til stórra skemmda á neðarliggjandi beitiland, sem blandað er fjalldrapa og öðrum kvisti og hollt fyrir kindur." SSE, 84.

1990: "Túnin liggja á breiðum kafla neðan frá flötum dalbotninum upp að hliðardrögum en neðan túnsins er tjörn sem bærinn er kenndur við. Á milli tjarnar og ár eru víðlendur engjar sem fram á það síðsta hafa verið slegnar en nýtast nú að mestu til beitar." BE 1990, 146

Ey-118:001 *Tjörn* bæjarhóll bústaður 65°55.681N 18°34.155V
 "Íbúðarhúsið stendur nú á gamla bæjarstæðinu, eða vestast á því, þar sem síðast stóð hús það, sem Prestshús nefndist." segir í örnefnalýsingu. Bæjarstæðið er á lágum hól í brúninni sem þjóðvegurinn liggur eftir. Vegurinn er fáeina metra Hjörtur E. Þórarinsson telur bæinn ávallt hafa staðið á sama hólnum. Hóllinn er ávalur, um 50-70 m á hvorn veg. Landið er er fremur slétt á allar hliðar, en hallar talsvert mikið neðan (austan) við íbúðarhúsið. Framan við bæinn. Íbúðarhúsið er með kjallara, steinsteypt og byggt 1932. Var gamli bærinn sem þar stóð þá rifinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Svarf, 338; Hjörtur E. Þórarinsson: "Prestsetrið Tjörn og sóknarprestar frá siðskiptum", Tjarnarkirkja 100 ára, 1892-1992.

Ey-118:002 heimild um kirkju 65°55.717N 18°34.119V
 Kirkjan á Tjörn er um 20 m NA við bæjarhólinn (001). Í kringum kirkjuna er kirkjugarður sem hefur verið sléttaður nýlega. Kirkjan er reist 1892, vísast á grunni eldri kirkna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; Tjarnarkirkja 100 ára, 1892-1002. Útg. Sóknarnefnd Tjarnarkirkju.

Ey-118:003 heimild um fjárhús 65°55.738N 18°34.189V
 Skv. örnefnaskrá voru fjárhúsin "utan og ofan við bæ, þar sem þau eru enn, en sneru öfugt, upp að brautinni." Þessi staður er utarlega í kverkinni milli þjóðveggar og ytri heimreiðar, um 20 m NV við bæinn (001). Á þessum stað standa nú steinsteypt fjárhús, heimreiðin að bænum er sunnan, en tún norðan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 338; Túnakort 1917

Ey-118:004 *Lækjarhús* heimild um fjárhús 65°55.686N 18°34.267V
 "Ofan við fjósið (fjóshlöðuna) er Lækjarhúshóll, en fjárhús með því nafni eru nú horfin." segir í örnefnalýsingu. Lækjarhús voru um 40 m SV frá bænum (001). Hafi verið hól á þessum stað, er hann einnig horfinn. Nú liggur syðri heimreiðin að bænum yfir þennan stað og sunnan hennar er skurður sem Skiptalækur rennur í, en norðan við er sléttur bali.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 338

Ey-118:005 *Hrútakofamór* heimild um hrútakofa 65°55.681N 18°34.295V
 "Beint upp af bænum (ofan við braut) hét Hrútakofamór. Þar voru tóftarbrott." segir í örnefnalýsingu. Hrútakofamór er um 120 m vestan við bæinn (001), ofan þjóðveggar. Í túni og talsverðum halla. Engin merki sjást lengur um hrútakofann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 339; Túnakort 1917

Ey-118:006 *Fjóshóll* heimild um fjós 65°55.670N 18°34.215V

"Beint suður frá bæ, sunnan við lækinn, er fyrst Fjóshóll, þar sem fjósið er nú sem áður ..." segir í örnefnalýsingu. Fjóshóll er um 30 m sunnan við bæinn (001). Þar stendur nú fjósbygging.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 338; Túnakort 1917

Ey-118:007 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°55.636N 18°34.173V

"Beint suður frá bæ, sunnan við lækinn, er fyrst Fjóshóll, þar sem fjósið er nú sem áður, og enn sunnar Hesthúshóll, en hesthús er nú flutt þaðan." segir í örnefnalýsingu. Hesthúshóll er um 100 m sunnan við bæinn (001). Slétt tún, brekka sem hallar til austurs. Sjá má móta fyrir hólnum, en ekki tóftum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 338; Túnakort 1917

EY-118:008 *Húsabakki* örnefni býli 65°55.423N 18°34.072V

"Börðin suðureftir heita Húsabakki allt suður að Jarðbrúarmerkjum, en nyrsta hornið sunnan Lambaklaufar hafði sérstakt nafn og hét Kolholt, hornpunktur á merkjum Tjarna[r] og Tjarnargarðshorns." segir í örnefnalýsingu. Húsabakka er getið sem eyðihjáleigu í sóknalýsingu frá 1839: "[Tjarnargarðshornsland og Tjarnarland] skilur þar garður nokkur, er liggur lítið fyrir ofan Tjarnar hjáleigu, Húsabakka, hvaðan menn meina byggðina hafa verið flutta upp undir fjallbrekkuna og jörðina þá hafa verið nefnda eftir staðnum Tjarnargarðshorn, svo sem hún ei stendur nema rétt sem steinsnar suður og upp frá vellinum eður túninu á Tjörn." SSE, 83 sbr neðar á sömu síðu þar sem Húsabakki er talin ein af fjórum hjáleigum Tjarnar. Húsabakki er syðst í landi Tjarnar, neðan (austan) við land Tjarnargarðshorns (Laugahlíðar). Þar eru nú þrjú steinhús sem tilheyra Húsabakkaskóla. Húsabakki er neðsti hjallinn í hlíðinni ofan við votlendið meðfram Svarfaðardalsá og nær frá Jarðbrúarmerkjum að sunnan og að Lambaklauf sem er norðan við Kolholt (040). Á bakkanum eru nú þrjú stór steinhús, malbikuð bílastæði og sléttar grasflatir. Hefur verið þurrlent, sennilega vallendi. Húsabakki tilheyrði Gullbringu til beitar og sláttar á fyrri hluta 20. aldar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 336, 339; SSE, 83

Ey-118:009 garðlag túngarður

"Norðurtakmörk [tún-]garðsins voru um garð, sem lá upp frá Tjörninni rétt ofan við yzta tóftarbrotið í túnfætinum og hvarf í mýri nokkurn veginn beint út frá bænum. Ofan við tún vita menn ekki til að verið hafi túngarður. Þar var áður mýri með stiklum." segir í örnefnalýsingu. Engin merki sjást nú um túngarðinn.

Heimildir: Ö-Svarf, 338

Ey-118:010 *Lúsakot/Æska* heimild um býli 65°55.663N 18°34.355V

1712: "Lusakot heitir hjáleigunefna í heimatúni staðarins, sem byggðist um fáein ár fyrir vel fjórutfu árum, en aldrei síðan. Byggingarkosti vita nálægir ekki að undirretta, meina þá þó allitla verið hafa, því hjáleigunni hefði fylgt mjög lítil grasnyt. Ekki má þessa hjáleigu aftur byggja fyrir vatnssuppgangi í húsunum, sem hana eyðilagði." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Í sóknarlýsingu frá 1839 er nefnd hjáleigan "...Æska, sem nefnd er ein Tjarnar hjáleiga, er gerði, syðsti partur af Tjarnargarðshornstúni." Á sömu síðu er Æska eða Lúsakot talin ein af fjórum hjáleigum Tjarnar. "Í efsta horni Halatúns voru litlar tóftir, sem hétu Lúsakot. Var þar hjáleiga eitt sinn, en mannamínjar voru þar ekki miklar, þegar sléttað var, og benti það á skamma búsetu." segir í örnefnalýsingu. Halatún er ofan við veginn, sunnan og ofan við bæ, á milli Skiptalækjar og merkja. Engar mínjar um kotið sjást lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 55; SSE, 83; Ö-Svarf, 338

Ey-118:011 tóftir 65°55.708N 18°33.968V

"Í túnfætinum öllum, bæði sunnan og norðan lækjar, eru mörg tóftarbrot, húsarústir, er sjást nú sem hólur, en bera ekki sérstök nöfn." segir í örnefnalýsingu. Austan við bæinn hallar túninu niður að tjörninni sem bærinn er nefndur við. Þar er nú að mestu slétt tún. Ekki sést lengur til hinna mörgu tóftabrota, en þar er einn stór, grasi vaxinn hóll (eða tóft) sem nefnist Kerið og stendur talsvert hærra en landið í kring. Ekki er ljóst hvort það er manngert, en það um 18 m x 13 m, snýr N-V, og virðist að innanmáli vera um 8 x 5 m. Veggir virðast vera um 2 m breiðir. Mun Kristján Eldjárn hafa stungið upp á að þetta gæti hafa verið hestarétt. Um 40 m norðan við Kerið er ójafna í túninu sem minnir á tóft að lögum. Snýr hún eins og Kerið,

N-S, útflött og virðist vera um 15 m löng.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 338

Ey-118:012 heimild um mógrafir

"Rétt ofan við [Enni] voru svarðargrafir ..." segir í örnefnalýsingu. Enni er túnskikinn sem liggur niður að Skiptalæk, ofan við bæ, ofan vegar. Ekki sjást ummerki um svarðargrafir, en þær virðast hafa verið á milli Ennis og Gullbringutúns.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 338

Ey-118:013 *Grafir* heimild um mógrafir 65°55.820N 18°33.236V

"var aðal-svarðartekjan sunnan við Kotslæk, og þar voru kallaðar Grafir." segir í örnefnalýsingu. Grafir voru líklega í kverkinni ofan þjóðvegjar, yst við Hrutakofamó og Kotslæk. Engin merki um grafirnar sjást lengur í sléttu túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 338


Ey-118:014 *Gullbringa* bæjarhóll bústaður 65°55.735N 18°34.673V

"Gullbringa, forn eyðihjáleiga, þar sem staðarafjórðingur standa nú. Eyðilagðist hjer um fyrir 40 árum og hefur aldri síðan bygst, en byggð upp í fyrstunni fáum árum þar fyrir. ... Ekki má hjer aftur byggja nema staðnum til skaða, sem fjórðingur þar hjer nauðsynlega að hafa." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Gullbringa var í eyði 1847 en byggðist skömmu síðar en fór endanlega í eyði 1947. "Gullbringa stendur hátt í brekkunni ofan við Tjörn ..." segir í Byggðum Eyjafjarðar.

Gamla framhús bæjarins og málarastofa standa enn efst í túninu ofan við þjóðveginn svo til beint upp af Tjörn. Ofan og utan við húsin hafa verið gróðursett tré. Gamla bæjarstæðið er afgirt og á því standa enn hús, er annað sumarbústaður en hitt málarastofa Arngríms. Húsin virðast standa fremur sunnarlega á lágri hólþungu, sem gæti verið leifar bæjarhóls. Gamla framhúsið stendur enn og er notað sem sumarbústaður og við hlið þess er málarastofa Arngríms málara (1829-87) sem hann byggði meðan hann bjó í Gullbringu. - BE 1990, 243 Skv. túnakorti frá 1917 var túnið í tveimur skikum alls 2.2 ha og 5/6 hlutar þess sléttir. Kálagarðar voru tveir, samtals 300 m².

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 55; Túnakort 1917; BE 1990, 243 sbr. Ö-Svarf, 339



Ey-118:015 heimild um útihús 65°55.710N 18°34.701V

Útihús var um 10 m vestan við bæjarhús í Gullbringu. Grasi gróin hlið, trjálundur skammt austan við og trjárækt nær að staðnum vestan við. Engin merki sjást um útihúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-118:016 heimild um útihús 65°55.757N 18°34.656V

Útihús frá Gullbringu var um 50 m norðan við bæjarhús í Gullbringu, í túnjaðri. Grösug brekka, nú hagi fyrir hross. Engin merki sjást um útihúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-118:017 heimild um útihús 65°55.734N 18°34.645V

Útihús frá Gullbringu var um 25 m norðan við 016, í túnjaðri í Gullbringu. Grösug brekka, þýfð, hrosshagi Engin merki sjást um útihúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


EY-118:018 *Reiðholt* gata leið 65°55.756N 18°34.003V

"Rétt ofan við Gullbringu og út fjallsræturnar liggja gamlar reiðgötur, sem áður voru alfaraleið vestan ár ... Norðan og ofan við þær eru holt, sem heita einu nafni Reiðholt. Frá Tjörn var riðið út og upp Keldur á þessi holt." segir í örnefnalýsingu. Í brekku og um gilskorninga. Sjá má votta fyrir reiðgötum á stöku stað, frá Gamla stekki og upp, ofan Keldna og upp í fjallshlíðina.

Heimildir: Ö-Svarf, 339

EY-118:019 *Stekkur* stekkjartóft

65°55.924N 18°34.490V



"Á Reiðholti [018] syðst eru gömul stekkjarbrot, kölluð Stekkur." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er við

SA-horn skógræktargirðingarinnar sem er neðst í fjallshlíðinni, ofan við þjóðveg og utan við bæ. Stekkurinn og svæðið umhverfis er vaxið háu grasi, norðan hans er skorningar og lækur rennur um 20 m sunnan við. Tóftin snýr austur-vestur, aflöng, um 15 m löng og 5 m breið. Hún skiptist í 2-3 hólf. Að innanmáli er


stekkurinn um 3 m breiður, austasta hólfíð er stærst, um 5 m langt, miðhólfíð um 2 m og króin í vesturenda 4 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 339-40

EY-118:020 *Gamlistekkur* stekkjartóft

65°55.727N 18°34.926V



"Tóftarbrot utan og ofan við Gullbringu heitir Gamlistekkur." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er 250-300 m norðan og ofan við Gullbringu, um 50 m norðan við lækinn. Grösug og þýfð brekka, undan fjallshlíðinni. Stendur á lágum hól. Tóftin snýr N-S, hún er aflöng, um 13 x 5 m að utanmáli, með kró í norðurenda. Í veggjum að innanverðu sér í stöku stein.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 340

EY-118:021 *Brot* heimild um heystæði 65°55.871N 18°33.245V

"Utarlega á Bökkunum er heystæði, venjulega kallað Brot." segir í örnefnalýsingu. Það er um 30 m vestan við Svarfaðardalsá, milli þess sem styst er milli hennar og tjarnarinnar. Það er NA við Álftatanga, heldur sunnar en í línu milli Sökku og Reiðholts. Í votlendisflæmi á árbökkum. Fast sunnan og austan við heystæðið hefur áin nýlega kastað aur og eðju meir en 50 m upp á bakkana. Heystæði þetta er ekki annað en lífilsháttar upphækkun þar sem hey hefur verið sett, bungan er um 25 m í þvermál og ekki meir en 0,5 m hærri en umhverfið. Ekki sjást þar önnur mannaverk en nokkrir steinar á stangli og einn staur sem rekinn hefur verið niður í mitt heystæðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 339

EY-118:022 *Lautinantsvarða* varða

65°56.640N 18°35.548V

"Norðarlega á [Langahrygg] er vörðubrot, sem heitir Lautinantsvarða." segir í örnefnalýsingu. Langihryggur byrjar norðan við Hraun og liggur út eftir fjallinu að Holtsdal og lækkar til norðurs. Hvergi eru þar greinilega vörðubrot enda er allt svæðið vel gróið og gætu vörðubotnar auðveldlega verið huldur gróðri. Nyrst, þar sem hryggurinn er farinn að lækka mikið, er malarás, sem liggur eftir fjallshlíðinni og er lægð milli hans og fjallsins. Syðst á þessum ás er lítið vörðutypki sem er heldur norðar en í línu við merki milli Ingvara og Syðra Holts.

Heimildir: Ö-Svarf, 340

EY-118:023 *Kolholt* örnefni kolagröf 65°55.521N 18°34.066V

"Börðin suðureftir heita Húsabakki allt suður að Jarðbrúarmerkjum, en nyrsta hornið sunnan Lambaklaufar hafði sérstakt nafn og hét Kolholt, hornpunktur á merkjum Tjarna[r] og Tjarnargarðshorns." segir í örnefnalýsingu. Kolholt er lágur hóll í túninu um 100 m norðan við nyrsta húsið á Húsabakka. Skurður sem er á norðurmerkjum Tjarnargarðshorns (Laugahlíðar) liggur upp á hólinn úr vestri og beygir á honum til suðurs. Lág hólbunga í túni, skorin af skurði. Tjarnartún mun hafa náð suður undir þennan stað og hafa því sennilega verið móar við Kolholt áður en deiglendi hefur verið ofan við.

Heimildir: Ö-Svarf, 336, 339.

EY-119 *Tjarnarkot*

Hjáleiga frá Tjörn. Byggðist fyrst í heimatúni um 1670 en fór í eyði 1703. Byggðist á ný og hélst hún slitrótt fram um miðja 19. öld. Var enn í byggð 1839 og 1847 - SSE, 83

EY-119:001 *Tjarnarkot* bæjarstaði býli 65°55.812N 18°34.060V


"Tiarnar kot, eyðihjáleiga. Bygð í heimatúninu hjer um fyrir 40 árum, og varaði byggðin inn til bólunnar. ... Fóðrast kunni I kýr freklega ... Ekki má hjer aftur byggja utan staðnum til rýrðar." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Utan við gamla túngarðinn kom land það, sem fylgdi hjáleigunni Tjarnarkoti. Hún stóð á hólí, eða hólum, sem nú nefnast einu nafni Kotið. Þar utan við rennur Kotslækur, en allt í kring eru Kotsmýrar, nú orðnar að túni að mestu leyti."

Áberandi graslitlar og ójafnar hólbungur eru yst í túninu sunnan Kotslækjar, þar sem kotið stóð. Ekki sést þó tóftalag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 54; Ö-Svarf, 338

EY-120 Tjarnargarðshorn



24 hdr 1712. Möðruvallaklaustursjörð.

1191: "Örnólfur hét maður er bjó á þeim bæ er heitir í Garðshorni skammt frá Tjörn. Hans son hét Brandur. Hann var ungur maður og frálegur. Þar var ekki mart milli húsa. Og einn dag helgan fór Brandur til tíða þangað og reið ótömu hrossi og varð laust hrossið um messuna og gengur í tún og fór hann til Brandur og tók hrossið og mátti eigi ríða og fór það víðara en áður. Þá hljóp Sumarliði að með lurk og barði bæði Brand og hrossið og komst hann með illan leik í burt svo að hann var trautt einfær." Guðmundar saga dýra, Sturl, 136.

6.11.1447 er Garðshorn talið meðal eyðijarða Möðruvallaklausturs í Svarfaðardal - DI IV, 712.

1525 er Garðshorn meðal jarða Möðruvallaklausturs - DI IX, 319.

1569: "Med Garshorne v. [kugilldi]" Möðruvallakl. reikningur - DI XV, 364.

1570: "Med Garshorne v [kugilldi]" þar af ij gomul." Möðruvallakl. reikningur - DI XV, 366. Jörðin er spilda úr suðvesturhluta Tjarnarlands.

1942 var nafni bæjarins breytt í Laugahlíð.

1972 keypti Svarfaðardalshreppur jörðina og er íbúðarhúsið nýtt sem kennarabústaður en tún leigð út.

1917: 4.22 ha. 1/3 slétt. Garðar 630 m².

1990: "Tún eru brött ofan vegar en aflíðandi niður að Húsabakkanum þar sem skólinn stendur." BE 1990, 150

EY-120:001 Tjarnargarðshorn bæjarhóll bústaður 65°55.480N 18°34.846V

Núverandi íbúðarhús var reist fast framan og heldur sunnar en framhúsið í torfbænum. Bærinn hefur því verið fast vestan við íbúðarhúsið sem nú er og gengið heldur lengra í norður. Garður er bakvið íbúðarhúsið (að sunnan og vestan) en norðvestan við það er nú moldarflag þar sem nýbúið (1999) er að rífa útihúsalengju. Bærinn hefur staðið á stalli í brekku og er um 1,5 m upphækkun suðaustan við núverandi íbúðarhús sem gæti verið leifar bæjarhóls. Annars sést engin bæjarhólslögun. Íbúðarhúsið er steinhús með kjallara, byggt 1940, og norðvestan við það var fjós einnig niðurgrafið, og er því tæplega mikið eftir af bæjarleifum á þessu bæjarstæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-120:002 heimild um fjárhús 65°55.484N 18°34.838V

Um 20 m ofan (V) við bæinn 001 stóðu fjárhús og munu þau hafa staðið einna lengst útihúsa í túninu. Á þessum stað er nú óræktargeiri með háu grasi sem nær frá íbúðarhúsi og upp með suðurbakka Bæjarlækjar. Ofan við þar sem fjárhúsið stóð er nú reykkofti úr bárujarni. Áður tún, nú óræktarblettur á lækjarbakka. Húsið var langt og mjótt skv. túnakorti og hefur norðurendi þess numið við lækjarbakkann. Ekkert sér nú móta fyrir hússtæðinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-120:003 þúst útihús 65°55.479N 18°34.875V

Um 20 m ofan (V) við fjárhúsið 002, um 50 m ofan við bæinn 001, var útihús skv. túnakorti. Þar er svolitil upphækkun í túnjaðri. Húsið stóð fast neðan við þar sem minni lækur rennur í Bæjarlækinn úr norðvestri. Í sama óræktargeira og 002 og hefur þetta hús einnig staðið á suðurbakka Bæjarlækjar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-120:004 *Fjánhúsbrekka* þúst fjárhús 65°55.466N 18°34.886V

20 m sunnan við útihúsið 003 og heldur neðar í túninu, um 50 m suðvestan við 001 var útihús skv. túnakorti. Þar er nú upphækkun með dældum í túninu. "Sunnan bæjar var Fjóslaut, en hún hefur verið fyllt upp. Fjósbrékkan, sem var norðan lautarinnar og Fjánhúsbrekka, aðeins ofar, eru einnig horfnar." segir í örnefnalýsingu. Ekki er nú vitað hvar Fjánhúsbrekka var en líklegast að það sé brékkan niður frá 004 sem samkvæmt því hafa verið fjárhús. Um 15x10 m stór upphækkun með háu grasi en túnið í kring er slegið. Dældir eru í upphækkuninni bæði nyrst og syðst en ekkert húslag er þó á þeim.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Svarf, 336

EY-120:005 *Lambahús* þúst lambhús 65°55.436N 18°34.898V

Um 30 m suðaustan við útihúsið 004 og um 50 m SSV við bæinn 001 var útihús samkvæmt túnakorti og er þar stór rústahóll í túninu. "Sunnan Fjóslautar heitir Lambhússtykki, og þar stóð kofi, sem kallaður var Lambahús." segir í örnefnalýsingu og kemur vart annað til greina en að um sama hús sé að ræða. Stór hóll í túni, ósleginn að ofan. Aflangur hóll, 20x12 m að stærð, um 1,5 m hár og er lögð milli hans og bæjarhólsins 001 sem nær upp undir 004 og mun það vera Fjóslaut 007. Engin húslögun sést en þessum húsum var rutt niður um 1940 og þau sléttuð undir tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

EY-120:006 *Gerðalaug* stífla sundlaug 65°55.422N 18°35.165V

"Heitasta og mesta laugin er þó Gerðalaug neðst í Gerðalækjargili. Vatnið úr henni var leitt í dæld nokkru neðar og kennt þar sund fyrir á árum. Er þessi staður rétt neðan við stekkin ..." segir í örnefnalýsingu. Dældin er um 50 m neðan við stekkin (009), 10 m norðan við Gerðalækjargil og um 250 m SV við bæinn, uppi í fjallshlíðinni. Gerðalaug er norðanmegin í Gerðalækjargili, um 50 m ofan við sumarbústað. Gróin dæld milli gróinna skriðutauma - grasmói. Dældin er nú alveg þurr og þyrfti talsvert að gera við garðinn svo að hún fylltist af vatni. Kaldavermsl eru norðan við og hefur verið auðvelt að veita vatni þaðan í sundlaugina en ekki sést nú hvernig vatni úr Gerðalaug hefur verið veitt í sundlaugina. Hlaðið (eða hrúgað) hefur verið fyrir neðri enda dældarinnar 15-20 m löngum garði og er hann allt að 3 m breiður. Sennilega er hann náttúruleg upphækkun í grunninn. Ofan við garðinn hefur myndast um 15x10 m pollur, sem varla hefur orðið meir en 1 m djúpur þó að garðurinn hafi verið mun hærri en hann er nú (um 0,4 m). Vatnið í Gerðalaug er varla meir en 20° heitt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 337



EY-120:007 *Fjóslaut* örnefni fjós 65°55.480N 18°34.846V

"Sunnan bæjar var Fjóslaut, en hún hefur verið fyllt upp. Fjósbrékkan, sem var norðan lautarinnar og Fjánhúsbrekka, aðeins ofar, eru einnig horfnar." segir í örnefnalýsingu. Ekki fást öruggar heimildir fyrir því hvar Fjóslaut var, en líklegast er að hún sé dældin milli bæjarhóls 001 og útihúss 005. Hún er þá annaðhvort kennd við fjós sem hefur verið syðst í bænum, og Fjósbrékka þá verið suðurhlíð bæjarhólsins, eða 004 efst við vesturenda lautarinnar gæti hafa verið fjós og er það ólíklegra. Er í túni.

Heimildir: Ö-Svarf, 336

EY-120:008 *Gerðatún* heimild um hesthús 65°55.414N 18°34.832V

"Sunnan við Gerðalækinn er Gerðatún. Þar stóð fyrrum hesthúsið." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar hesthús þetta stóð en neðst (austast) í Gerðatúni er breiður náttúrulegur hóll sem væri gott hússtæði og á honum eru hvompur sem gætu bent til mannvirkjaleifa. Þessi staður er um 100 m SSA af núverandi

íbúðarhúsi, 50 m neðan (A) við sumarbústað. Gerðalækurinn hefur runnið meðfram þessum hól að norðan en er nú tekinn í skurð til norðurs um 20 m ofar. Í túni. Hóllinn er hringlaga, um 20 m í þvermál. 4x4 m hvompa er í honum sunnantil og önnur minni (3x2 m) í norðurhlið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Svarf, 336

EY-120:009

stekkjartóft

65°55.425N

18°35.230V



"Er [sundlaugin - 006] rétt neðan við Stekkinn. Þar eru greinilegar rústir stekkjarsins." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er á norðurbakka Gerðalækjar, um 50 m ofan við sundlaugina 008 og um 300 m suðvestur af bænum 001. Í brattri grasbrekku á lækjarbakka. Tóftin er byggð á litlum stalli. Einföld aflöng tóft með dyraopi nyrst á austurlangvegg. Milliveggur er ekki sýnilegur en suðurendinn er mun hærri en sá nyrðri og þar mun króin hafa verið. Norðan við er þúfnarimi sem gæti verið eitt hólf til.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 337

EY-120:010

heimild um landamerki


65°55.442N

18°34.132V


1839: "[Tjarnargarðshornsland og Tjarnarland] skilur þar garður nokkur, er liggur lítið fyrir ofan Tjarnar hjáleigu, Húsabakka, hvaðan menn meina byggðina hafa verið flutta upp undir fjallbrekkuna ..." segir í sóknarlýsingu. Þessi garður er nú horfinn en hann hefur legið fyrir austurhlið Tjarnargarðshorns, frá norðri til suðurs ofan við Húsabakka, frá Jarðbrúarmerkjum og að Kolholti (eða a.m.k. á hluta af þessari leið). Á þessum stað er nú skurður neðan við tún Laugahlíðar, sunnan við aðkeyrslu að Húsabakkaskóla en norðan við hana er aðeins tún og í honum svolltill bakki þar sem merkin og mögulega garðurinn voru.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: SSE, 83



EY-121 Jarðbrú



20 hdr. 1712. Hólastólsjörð. Getið í Þjóstólf sögu hamramma : "Maðr hét Ásbjörn. Hann bjó at Jarðbrú. Hann var góðr bóndi ok hafði auð fjár. Kona hans hét Guðríðr, en Helga dóttir ..." Íslendinga sögur VIII, 390.

11.3.1538 gefur Bjarni Sturluson Gunnvöru Jónsdóttur Jarðbrú í Svarfaðardal og þar með 5 kúgildi í sínu testamenti - DI X, 346.

25.12.1550 eru með Hóla kirkjujörð Jarðbrúum ".iiij. kugillde. landskyllid .j. c." DI XI, 867. Jarðbrú, 16 hdr, voru þá meðal þeirra jarða sem Jón Arason hafði lagt til stólsins í biskupstíð sinni - DI XI; 875, 879 sbr. DI XII, 462.

27.2.1552 samþykkir Ormur Sturluson fyrir hönd Möðruvallaklausturs að Jón Arason keypti Jarðbrú, 16 hdr af Þórði Péturssyni - DI XII, 344 sbr. DI XIV, 527.

1569: "Med Iarðbrum [landsk] .iiij. ær oc .x. aurar med tiundum [kug.] .iiij." Hólaeikningur - DI XV, 228.

1570: "Med Iarðbrum .iiij. kug." Hólaeikningur - DI XV, 459. Jarðbrúargerði húsmannskot 1863-1934. Jarðbrú á ekki land að Dalsá heldur á Grund árbakkana og bendir það til að Jarðbrú sé byggð frá Grund í upphafi eins og Brekka og Brekkukot en allar þær þjár jarðir stóðu í sama túni og voru "sín á milli landamerkjalausar, nema hvað menn nefna læki til aðskilnaðar." SSE, 83.

1917: 3.3 ha. Garðar 190 m².

1990: "Túnið er mjó ræma sem teygir sig neðan frá flatanum hátt upp í fjallið og verður frekari ræktun vart við komið á jörðinni." BE 1990, 154

Ey-121:001 Jarðbrú bæjarstæði bústaður 65°55.207N 18°34.467V

Gamli bærinn á Jarðbrú stóð rétt austan við þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Bærinn var í austurjaðri nýbyggingar íbúðarhússins á Jarðbrú. Þar sem hann stóð áður er nú að mestu bakgarður íbúðarhússins. Garðurinn umhverfis íbúðarhúsið á Jarðbrú stendur örlítið hærra en svæðið í kring. "Framan við bæinn er Hlað og Hlaðvarpi. Þar stóð stór steinn með gati í gegnum - Hestasteinninn." Segir í örnefnalýsingu. Hestasteinninn stóð enn framan við bæinn þegar Kristján Eldjárn kom á bæinn á sjötta áratugnum. Hann virðist hafa verið skemmdur fljótlega eftir það og ekki sjást merki hans lengur. Þar sem hestasteinninn hefur staðið, austan við gamla bæinn, er nú slétt grasflöt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Svarf, bls. 334.

Ey-121:002 heimild um fjós 65°55.185N 18°34.435V
"Bærinn stendur á brekkubrún, og aðeins sunnar stóð fjósið .." segir í örnefnalýsingu. Fjósið var um 20 m sunnan við gamla bæinn, á bakka við bæjarlækinn. Þar sem fjósið stóð eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 334

Ey-121:003 *Lambhús* heimild um fjárhús 65°55.239N 18°34.469V
"... dálitlu norðar en bærinn stóð líttill kofi, sem nefndist Lambahús. Heitir svo enn nýlegt hús, sem stendur á sama stað. Lambahúslaut er utar og neðar, en Lambahúshóll sunnan við hana (í daglegu tali Lambhúslaut o.s.fr.v.)" segir í örnefnalýsingu. Um 40 m NNV við gamla bæinn 001 var Lambahús á svolítilli hæð í túninu. Lambahús er löngu horfið af yfirborði jarðar en hæðin í túninu er enn greinileg um 10-15 m ofan við steipt útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 334.

Ey-121:004 *Fjárhúsbrekka* heimild um fjárhús 65°55.220N 18°34.582V
"Dálítið ofan við veginn, rétt norðan við Bæjarlækinn, er Fjárhúsbrekka ..." segir í örnefnalýsingu. Um 140 m vestan við gamla bæinn (001) stóðu fjárhús. Nú hefur verið sléttað yfir húsin þó enn megi greina merki þeirra þar sem dældir eru norðan við lækjarbakkann. Yfir tóftina var sléttað um 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Svarf, 334

Ey-121:005 *Hesthúsbrekka* hesthústóft 65°55.207N 18°34.649V

"Dálítið ofan við veginn, rétt norðan við Bæjarlækinn, er Fjárhúsbrekka og aðeins sunnar og ofar Hesthúsbrekka." segir í örnefnalýsingu. Um 170 m vestan við gamla bæinn (001) og um 20 m suðvestan við 004 eru enn tóftir hesthúsa. Tóftin er sunnan við lækinn á grasbala sem þar er. Hún er ferhyrmd og 9 X 6 m að stærð. Tréþil virðist hafa verið fyrir austurhlíð tóftarinnar því engar veggjaleifar sjást þar. Tóftirnar eru nýlegar og standa veggir í um 1,7 m hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 334



Ey-121:006 *Jarðbrúargerði* bæjarstæði bústaður 65°55.298N 18°34.941V
Skv. túnakorti 1917 var 2 ha tún í Járnbrúargerði, 160 m² kálgarður og 2 útihús innantúns. "Jarðbrúargerði hét kotbýli byggt úr Jarðbrúarlandi 1863 af Tómasi nokkrum og var stundum nefnt eftir honum og kallað Tómasargerði eða bara Tums. Kotið stóð ofan þjóðvegarsins beint suður undan Laugahlíð og sjást þar enn rústir á svokölluðu Gerðistúni. Var þar búið nokkuð samfelld til 1934 og höfðu margir þar viðkomu á leið til betra jarðnæðis. Aldrei var þar rekinn búskapur að neinu ráði en íbúar kotsins voru í húsmennsku á bæjunum í kring." segir í Byggðum Eyjafjarðar. "Alllangt fyrir ofan bæinn var um skeið býlið Járnbrúargerði, nú í eyði, en þar var síðar byggður sumarbústaðurinn Snerra." - "Milli Snerru og heimatúnsins eru Jarðbrúarmóar. Nýbýlistúnið heitir Gerðistún. Þar er Bæjarhóll. Syðsti hluti túnsins í Jarðbrúargerði (Snerra) nefnist Tunga. Þar er vatnsuppsprettan Lindin." segir í örnefnalýsingu. Jarðbrúargerði var um 400 m vestan við íbúðarhúsin á Jarðbrú. Býlið var beint fyrir ofan lítinn trjáreit í hlíðinni. Þar sem býlið var er hæð með dældum í en í henni er allt á kaf í gróðri. Umhverfis eru sléttuð tún. Þar sem bærinn stóð er dældótt hæð, 25 X 15 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: BE 1990, 244; Ö-Svarf, 334

Ey-121:007 garðlag landamerki 65°55.366N 18°34.684V
"Land þessarar jarðar afmarkast með garði að utan, sem liggur frá fjalli beint niður, þar til hann sökkur í mýrarflóa fyrir neðan bæi." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "Að norðan er Merkgigarður frá Ósnum upp að Reiðgötum ..." segir í örnefnalýsingu. Enn sjást óljós merki garðsins sem er á merkjum við Tjarnargarðshorn (Laugahlíð). Neðan þjóðvegars er reyndar skurður á merkjum en ofan hans sést merkjagarðurinn útflattur á um 50 m bili. Garðurinn liggur yfir sléttuð tún. Garðurinn er um 1-1,5 m að breidd og um 50 m á lengd. Hann er um 0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna túnræktar
Heimildir: SSE, 83; Ö-Svarf, 334

Ey-121:008 *Reiðgötur* örnefni leið 65°55.387N 18°35.025V
"Að norðan er Merkigarður frá Ósnum upp að Reiðgötum ..." segir í örnefnalýsingu. Talið er að reiðgötunarbrot hafi legið rétt vestan við Jarðbrúargerði þar sem nú eru sléttuð tún. Engin merki gatna sjást í sléttuðu túnin ofan við Jarðbrúargerði.

Hættumat: hætta vegna túnræktar
Heimildir: Ö-Svarf, 334

Ey-121:009 *Grænatóft* heimild um tóft 65°55.667N 18°32.989V
"Engjastykkið ofan við Flóann heitir Grænatóftarmóar. Þar voru gömul tóftarbrot, er nefndust Grænatóft." segir í örnefnalýsingu. Engin tóftarbrot sjást nú þar sem Grænatóft var áður. Tóftin var um 300 m norðaustan við bæinn. Umhverfis eru engjasvæði.


Heimildir: Ö-Svarf, 334

Ey-121:010 *Lambhússtykki* örnefni lambhús 65°55.153N 18°34.305V
"Engjastykkið ofan við Flóann heitir Grænatóftarmóar. Þar voru gömul tóftarbrot, er nefndust Grænatóft. Þar sunnan við heitir Lambhússtykki." segir í örnefnalýsingu. Flóinn er norðaustan við bæinn en Lambhússtykki ofar og sunnar. Engin merki lambhúsa sjást á Lambhússtykki enda hefur svæðið verið sléttað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 334

Ey-121:011 frásögn um öskuhaug 65°55.198N 18°34.438V
Þar sem kartöflugarður er nú, austan við gamla bæinn 001 var áður öskuhaugur. Þar koma oft upp dýrabein, aska og viðarkol. Garðurinn eru um 8 m austan við enda húsagarðsins. Þar sem haugurinn var er nú kartöflugarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 334



Ey-121:012 *Stekkur* stekkjartóft 65°55.334N 18°35.318V

"Fyrir ofan Grænur er Mjóhryggur ... en suður frá þeim eru tóftarbrot, sem Stekkur kallast." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er enn mjög greinileg um 60-70 m ofan við efstu tún. Tóftin er beint ofan við skógarreitinn og örlítið sunnar en Jarðbrúargerði. Tóftirnar eru í litlum bala um 150 m sunnan við merki við Laugahlíð. Á þessum stað er tvískipt tóft sem er 9,5 X 4,5 m að stærð og ferningslaga garður vestan við hana. Innanmál garðsins er um 5 X 4 m. Tóftasvæðið er því nálega 10 X 10 m að stærð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 335

Ey-121:013 *Engjagarður* garðlag 65°55.368N 18°35.251V
"Garðmót stutt fyrir ofan Snerru [Jarðbrúargerði] heitir Engjagarður. Þá er komið að fjallinu." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m vestan við túnjaðarinn má sjá móta fyrir garðlagi sem liggur norður-suður yfir rakt svæði neðan við stekkin 012. Garðinn er hægt að greina á um 50 m bili. Garðurinn liggur yfir mýrasvæði. Hann er um 50 m á lengd, 0,3 m á hæð og 0,8 m á breidd.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 334

Ey-121:014 *Myllukofi* heimild um myllu 65°55.190N 18°34.448V

"Suður og fram af bænum stóð yfir læknum Myllukofinn, sem nú er löngu eyðilagður." segir í örnefnalýsingu. Myllan var við bæjarlækinn sem rennur 20-30 m sunnan við bæinn. Steinaröð sem fjarar út má greina á þessum stað Ekki er mikið undirlendi alveg fast við lækinn en á einstaka stað eru smá lækjarbakkar, í kring eru svo sléttuð tún. Steinahleðslan sést á um 2 X 4 m parti. Steinarnir í henni eru langir og mjóir steinhnullungar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 334



Ey-121:015 Sel seltóft


65°55.347N

18°55.102V

"... ofar [en Stekkur 012, á nafnlausu halli] eru tóftarústir, sem heita Sel og stór steinn, sem heitir Selsteinn." segir í örnefnalýsingu. Selið er óvenjulega nærri bæ og ekki nema 30 m ofan við stekkin 012. Við Selið er Selsteinninn sem tekur af allan vafa um að hér sé um réttan staða að ræða. Tóftin er á röku svæði neðst í fjallshlíðinni. Hún er mjög gróin og nokkuð fornleg. Hún er tvískipt og er 9 X 5 m að stærð. Við hlið tóftarinnar er dældótt svæði sem er 5 X 3 m að stærð og hægt er að greina 2 afgerandi dældir. eru þetta líklega einnig leifar tófta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 335



Ey-121:016 kirkjugarður legstaður

65°55.211N 18°34.397V

"Norðan við bæinn á Jarðbrú er alldjúp laut (nú að verulegu leyti uppfyllt með tilýttum jarðvegi), en norðan við lautina er umræddur hólrani, og hallar bæði lautinni og rananum til austurs; fremst á rananum er svo þúfnabarð, en þar fyrir neðan tekur við mýri. Nú hefur að vísu verið ýtt með jarðýtu fram af barðinu, svo að það sést ekki lengur. Neðsta gröfin (IV) var alveg frammi á barðinu. Efst á hólraranum er nú hlaða, þá fjós, en neðst mykjuhús, sem er dýpst og niðurgrafið. Frá mykjuhúshorni er um 25 m þvert yfir lautina að hestasteini, sem stóð norðan undir gamla bæjarveggnum. Þetta sýnir afstöðuna milli bæjar og grafreits." Mykjuhúsið stendur enn, um 20 m norðan við íbúðarhúsið á Jarðbrú. Þar sem beinagrindurnar fundust er nú búið að byggja mykjuhús en umhverfis er hlað.


Haustið 1934 fundust tvær mannsbeinagrindur (II og III) í þessum hólrana þegar grafa átti fyrir kartöflum sbr. Árbók 1941-42, 27. 1951 var öllum hólraranum síðan bylt til að undirbúa byggingu fjóss og mykjuhúss og fundust þá tvær grafir í viðbót. KE gerði rannsókn sama ár: "Gröf I var inni í mykjuhústóftinni, sem nú er ... Hafði sú gröf verið grafin niður á nokkuð stórgerða mól. Gröfin sneri NV-SA, höfuð beinagrindarinnar í NV. Beinagrindin lá á bakinu, hendur niður með síðum, engar kistuleifar, ekkert grjót. / Rétt við framhlið mykjuhússins, sem nú er, var gröf II, hafði sama horf og hin, ekkert grjót, en í þessari gröf sáust lítilfjörlegar tréleifar og járnvottur. Í þessari gröf var stærsta beinagrindin og lá á hliðinni, sneri andliti til suðvesturs. / Gröf III lá þétt upp að gröf II, en um hálfri grafar lengd neðar. Beinagrindin lá á bakinu, hendurnar niður með síðunum, steinum hlaðið reglulega um efri hluta grafar og hella yfir höfði. / [í gröfum I-III] var um 90 sm frá grasrót niður að beinagrindunum. Búið var að raska þeim öllum, þegar [KE] kom á vettvang og láta beinin í kassa, en lýsing á umbúnaði og staðsetningu er hér eftir frásögn sjónarvotta, sem vafalaust er rétt, þar sem mjög stutt var liðið frá því raskið var gert, þar til [KE] kom á staðinn. / Óhreyfð var aðeins gröfin neðst í hólraranum, gröf IV, og rannsakaði [KE] hana 6.-7. júní og 12. júní ... hafði ... orðið að bíða nokkra daga eftir að klaki færi úr jörðu. Gröf IV reyndist vera miklu grynnt, 20-30 sm frá grasrót, en annars var hún eins og hinar, kistulaus og grjótlaus, höfuð lítið eitt herra en beinagrindin að öðru leyti, handleggir niður með síðum. / Öll beinin frá Jarðbrú voru flutt suður til Reykjavíkur og tók Jón Steffensen þau til rannsókna. Telur hann öruggt, að beinin séu úr þremur fullorðnum karlmönnum og einni konu (beinin úr gröf IV), en auk þess fann hann nokkur bein úr ungbarni. Helzt er ætlandi, að aldrei hafi fleira fólk verið grafið á þessum stað, því að hvort tveggja var, að allstórt svæði var afhjúpað við húsbyggingarnar, og auk þess gerði ég margar reynslugrafir, en án árangurs. Alls

engar húsarústir voru sjáanlegar og ekkert bendir til, að nokkurt hús hafi verið þarna." Á þessum forsendum hafnaði KE fyrri kenningu sinni um að bein þessi tengdust bardaga sem frá er sagt í Svarfdæla sögu og taldi frekar að um fornkrístinn grafreit hefði verið að ræða, þ.e. frá þeim tíma "er fólk var hætt að heygja menn að heiðnum sið, en ekki komin föst skipan á grefrun í kirkjugörðum."

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: KE: Fornkrístnar grafir á Jarðbrú í Svarfaðardal, Árbók 1963, 96-99.

EY-122 Brekkukot



12 hdr. 40 álnir 1712. Hjáleiga frá Brekku á þriðjungi jarðarinnar og taldist lögbýli 1712 þó landi væri óskipt utan túni og engjum. Brekka, Brekkukot og Jarðbrú stóðu í sama túni og voru "sín á milli landamerkjalausar, nema hvað menn nefna læki til aðskilnaðar." SSE, 83. Talin 20 hdr. 1847. Fór í eyði 1966

1917: 3.5 ha. Garðar 530 m². 1990: "Kotinu fylgdi dálítið tún sem nú er nytjað af Brekkubónda." BE 1990, 244

Ey-122:001 Brekkukot bæjarstæði bústaður
65°55.136N 18°34.752V

"Brekkukots sér ekki lengur stað en bærinn stóð ofan þjóðvegarins sunnan og ofan við Jarðbrú." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Brekkukot stóð aðeins austar en Brekka og 300-400 m norðar. Á svipuðum stað og bærinn stendur eru nú nokkur tré (um 10 talsins) en annars er umhverfis hávaxið og fremur þýft gras. Í Brekkukoti stóð bær úr torfi og grjóti allt fram til 1970 þegar bærinn var jafnaður við jörðu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 244

Ey-122:002 heimild um fjárhús
65°55.147N 18°34.774V

Um 30 m vestan við gamla bæinn (001) var áður útihús sem notað var bæði sem fjárhús og hesthús. Engar leifar þessa húss sjást lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-122:003 heimild um útihús 65°55.106N 18°34.819V

Um 100 m sunnan við bæjarhúsin (001) stóð áður útihús, um 45 m vestan við 004. Engar leifar þessa húss sjást nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-122:004 heimild um fjárhús 65°55.103N 18°34.770V

Um 100 m SSA við Brekkukot var fjárhústóft fram undir 1970 þegar hún var jöfnuð út. Fjárhústóftin var um 45 m austan við 003. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-122:005 heimild um útihús 65°55.111N 18°34.867V

60-70 m sunnan við 003 var annað útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engar leifar þessa húss sjást nú og var það horfið áður en heimildamaður fór að muna eftir sér eða fyrir miðja 20. öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-122:006 *Kaldalækjargerði* heimild um gerði 65°55.060N 18°34.867V
"Syðst í túninu er Kaldalækjargerði, kennt við Kaldalæk, sem rennur á merkjunum." segir í örnefnalýsingu. Kaldalækjargerði var syðst í túni, við Kaldalæk, ámóta vestarlega og bærinn. Á þeim stað er nú hæð með dældum í sléttuðu túninu en langt er síðan sléttað var yfir tóftirnar.

Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 333

Ey-122:007 frásögn af myllu 65°55.047N 18°34.920V
Heimildamaður man eftir myllu við Kaldalæk, rétt ofan við Kaldalækjargerði. Engin merki hennar sjást lengur. Á þessum stað er grasi gróinn lækjarbakki.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-122:008 frásögn af tóftum 65°55.084N 18°34.837V
Um 15 m austan (neðan) við þar sem Kaldalækjargerði var man heimildamaður eftir óljósum tóftum sem síðan hafa verið sléttaðar. Á þessum stað er hóll í túni með miklum dældum.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-122:009 garðlag túngarður 65°55.127N 18°34.822V
Fyrir ofan túnið í Brekkukoti eru leifar af túngarði sem er 2 m á breidd og 1,5 m á hæð. Fyrir ofan þar sem bæjarhúsin voru er skurður en sunnar, fyrir ofan útihúsin, er þetta garðlag. Garðlagið liggur í túnjaðri. Garðurinn er 2 m á breidd, 1,5 m á hæð og 20-30 m langur. Hann er alveg gróinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

EY-123 Brekka

26 hdr og 80 álnir 1712. Bændaeign. "[Þá bjó Ásgeirr rauðfeldr á Brekku. Þórhildr hét kona hans, dóttir Skinna-Bjarnar, Skútaðar-Skeggjasonar; hon var systir Miðfjarðar-Skeggja (eyðufylling)] Ásgeirr hafði selfor þat sumar uppi í Vatnsdal; hafði kona hans þar umsýslu bús og smalaferðar. Sá atburður varð, at hon varð léttari í smalaferðinni ok fæddi sveina tvá í Vatnsdalshólum, þeim er Víðihólar hétu." Svarfdæla saga, ÍF IX, 153. "[þegar brúðkaup Gríss á Steindyrum og Sigríðar Klaufasystur var gert á Grund] var sem mest vinfengi þeirra Ljótólfs ok Ásgeirs rauðfelds, því at Yngvildr fagrinn [Ásgeirsdóttir] var frilla Ljótólfs, ok var engum boðit frá Brekku." Svarfdæla saga, ÍF IX, 165 sbr. 166-67. "Ok nú fara þeir ofan til Brekku, og færir Karl þau í eina sæng Klaufa ok Yngvildi fagrinn; en Ásgeirr hafðist við upp í [Vatnsdal], á meðan þetta fór fram." Svarfdæla saga, ÍF IX, 169. "Á þessu sama hausti sóttu þeir litgros bræðr ór Brekku, synir Ásgeirs, upp í Klaufahlíð, er móðir þeirra sendi þá eptir ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 172. [Yngvildr eggjar Klaufa til að fara til Brekku og sækja yxnakjöt í húð gegnt dyrum í Brekku - hann gerir það og kastar yxnisfallinu á bak sér og reif dyrabúnaðinn með sér, en bræður Yngvildar sátu fyrir honum er hann kom heim í Klaufanes] Svarfdæla saga, ÍF IX, 173-74. "Þá bjó Ásgeirr rauðfeldr á Brekku í Svarfaðardal; hann var ríkr maðr ok stórættaðr. Þórhildr hét kona hans; hon var vitr kona ok



116

vinsæl ok skorungr mikill [Þorleifr sonur þeirra] var á fóstri með Miðfjarðar-Skeggja, móðurbróður sínum ..." Þorleifs þáttur jarlaskálds, ÍF IX, 215-16.

24.2.1437 selur Ólafur Eyjólfsson Magnúsi Jónssyni Brekku fyrir Kálfskinn og fékk í milli 8 hdr og 10 stikur klæðis - DI IV, 567.

11.3.1538 gefur Bjarni Sturluson Ara Jónssyni Brekku í Svarfaðardal í sínu testamenti - DI X, 346.

1.7.1538 lofaði Þorsteinn Torfason að Brekka skyldi óbrigðuleg eign Ara Jónssonar eftir því sem Bjarni heitinn Sturluson hafði ráð fyrir gert - DI X, 368.

14.5.1540 gefur Ari Jónsson Helgu Sigurðardóttur móður sinni Brekku "sem er fyrir. xl.c og liggv r j tiarnar kirkio sokn - DI X, 523-24.

24.10.1563 gefur Jón Grímsson Guðnýju dóttur sinni Brekku fyrir 40 hdr til kaups við Sigurð Jónsson - DI XIV, 171.

28.12.1565 selur Sigurður Jónsson Jón Filippussyni Brekku fyrir 40 hdr - DI XIV, 434-35.

25.6.1700 gefur Þorsteinn Þorleifsson móðurnafni sínu, Sesselju Sigurðardóttur, 10 hdr í Brekku - Jarðabréf, 233. Jörðin hafði öll verið 40 hdr áður en Brekkukot byggðist á þriðjungi hennar og varð lögbýli. Brekka og Brekkukot eiga ekki land niður að Dalsá heldur á Grund bakkana út að Tjarnarlandi og bendir það til að þessar jarðir hafi upphaflega byggst frá Grund ásamt með Jarðbrú en allar þær þrjár jarðir stóðu í sama túni og voru "sín á milli landamerkjalausar, nema hvað menn nefna læki til aðskilnaðar." SSE, 83

1917: 4.7 ha. Garðar 480 m².

1990: "Tún eru fremur brött eins og bæjarnafnið gefur til kynna og ná neðan frá flatlendinu upp að fjallsrótum." BE 1990, 156

Ey-123:001 Brekka bæjarstæði bústaður 65°54.976N 18°34.953V

Í Brekku stóð um aldamótin 1900 torfbær um 15 m fyrir framan (austan) við steypa íbúðarhúsið sem þar stendur nú. Um 1930 var byggt steinsteypt hús með kjallara og hefur það væntanlega skemmt bæjarhólinn mikið. Íbúðarhúsið sem þar stendur nú var hins vegar byggt 1966. Ekki er hægt að greina hólmyndun á þessum stað þó að bærinn standi vissulega á náttúrulegum hól ofan við þjóðveginn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-123:002 heimild um útihús 65°54.939N 18°34.986V

45-50 m vestan við 006 var samkvæmt túnakorti frá 1917 útihús. Það hefur verið rétt vestan við tungirðingu sem girðir af tún umhverfis húsið. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-123:003 heimild um hesthús 65°54.965N 18°34.959V

Um 30 m NA við 002 var áður hesthús. Það stóð 40-50 m ofan (vestan) við bæinn og beint ofan við núverandi íbúðarhús í Brekku. Í sléttuðu túni ofan við íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-123:004 heimild um útihús 65°54.986N 18°34.997V

Um 80 m vestan við gamla bæinn (001) og um 20 m fyrir vestan (og örlítið norðar en fjós var) var áður útihús. Útihúsið hefur verið sunnan við bæjarlækinn. Á þeim stað sem útihúsið hefur staðið er mikið um grjót.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-123:005 heimild um fjárhús 65°55.012N 18°34.963V

Um 60 m NNV við gamla bæinn (001) var fjárhús 1917 á svipuðum stað og fjárhús standa nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-123:006 heimild um fjós 65°54.026N 18°25.064V

30-40 m sunnan við gamla bæinn (001) var áður fjós á svipuðum stað og útihús úr bárujárni stendur nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

Ey-123:007 *Þórðargerði* heimild um fjárhús 65°54.872N 18°34.848V
"Þórðargerði heitir syðst á túninu. Þar voru fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Þórðargerðis sjást ekki lengur en þær voru sunnarlega í túni þar sem nú er hóll, 10-15 m vestan við þjóðveg. Ekki sést til fornleifar. Eiginmaður heimildamanns sléttaði á þessum stað og kom þá niður á töluverðar hleðslur. Hann á enn hníf sem hann fann við sléttunina.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 333


Ey-123:008 *Kvíaból* örnefni kvíar 65°54.971N 18°35.073V
"Kvíaból er efst á túninu ..." segir í örnefnalýsingu. Kvíaból er fyrir ofan túnið, um 150 m beint ofan (vestan) við íbúðarhúsið. Á hæð má greina tvær þúfnaraðir, 15-20 m hvor frá annarri, sem taldar eru síðustu leifar kvíanna en svo ógreinilegar eru þær að ekki er hægt að gera sér grein fyrir lögun kvíanna. Kvíarnar voru á hæð efst í túni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-123:009 *LjósGil* heimild um huldufólksbústað 65°54.846N 18°35.817V
"Almenn trú var það í fyrri daga, að huldufólk ætti bústað í Ljósgili, en það eru klettur, sem oft hafa sést ljós í, bæði fyrir og síðar. Ljótsgil mun þó vera eldra nafn (Ferðab. Þ. Thor.)." segir í örnefnalýsingu. Sögur hafa einnig verið á kreiki um huldufólk sem í hörðu ári komu til Brekku og það um mjólk, hvarf síðan aftur á braut og ofan í gilið. LjósGil er á merkjum við Grund. LjósGil er klettabelti ofarlega í fjallshlíðinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 333

Ey-123:010 *Brekkusel*
"Uppi á brún, hátt í Brekkufjalli er Brekkusel norðan við Ljótsgilið." segir í örnefnalýsingu. Brekkuselið er á syllu í fjalli, á svolíttilli hæð. Selið er um 100 m norðan við gilið og rúmlega 1 km vestan við þjóðveg. Selið stendur í grösugri hæð norðan lækjarins. Tóftirnar eru vel grónar og að hluta hlaupnar í þúfur. Á svæðinu eru þrjú tóftabrot. Það austasta er hringlaga og er 2 x 2 m að innanmáli. 4 m vestar er stærsta tóftin sem er 14 X 5 m að utanmáli og snýr út og suður. Nyrsti hluti tóftarinnar er reyndar mjög ógreinilegur og hlaupinn í þúfur. 5 m vestar er svo tvískipt tóft, 8 x 4,5 m að stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 333


Ey-123:011 frásögn
um stekk
65°54.873N 18°35.284V

Á hæð suðvestast í túninu í Brekku var stekkur sem var jafnaður við jörðu þegar tún voru sléttuð. Stekkurinn hefur verið 150-200 m norðan við merki og um 100 m austan við neðri fjallgirðingu. Þar eru nú sléttuð tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar




Ey-123:012 *Reiðmelur* frásögn um leið 65°54.858N 18°34.964V
 10-20 m suðaustan við hæðina sem Þórðargerði var er melur sem jafnan var nefndur Reiðmelur. Eftir honum lágu áður reiðgötur. Nú sléttuð tún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-123:013 tóftir



65°54.894N 18°35.688V
 Um 40 m fyrir neðan (austan) efri fjallgirðinguna og næstum beint fyrir neðan selið eru tóftir. Tóftir þessar eru þó örlítið norðar en selið enda um 150 m norðan við merkjagirðinguna sem nær niður frá efri fjallgirðingunni. Tóftirnar eru á hæð í haganum. Nyrst er tóft sem er 7 x 5 m að stærð, skiptist í tvö hólf og er með op til norðurs. 5 m sunnar og aðeins neðar er önnur tóft sem er nokkuð ógreinilegri en er um 4 m á breidd og um 10 m á lengd.
Hættumat: engin hætta

EY-124 Grund



50 hdr. 1712, 80 hdr með Ytra-Garðshorni 1550. Konungsjörð. [Þorsteinn svörfuðr lagði undir sig allan Svarfaðardal norðan megin ár og bjó á Grund] Svarfdæla saga, ÍF IX, 151-52, 155-57, 162, 165-66, 168, 173 sbr. 211. [Þorsteinn liggur banaleguna og bað Karl son sinn] bregða búi á Grund ok fara til Upsa." Svarfdæla saga, ÍF IX, 182-83. "Þá búast þeir Karl við á hólnum gegnt Grundarhúsum ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 185. [Karl rauði segir við Þorgerði konu sína:] "Nú verði svá, at ek látumst, þá vil ek, at þú færir

byggð þína upp á Grund, ok hefir mér allt þyngra fallit síðan ek fór þaðan ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 190. "Eptir þessi tíðendi færir Þorgerðr bú sitt upp á Grund ok hefir þó annat bú á Upsum." Svarfdæla saga, ÍF IX, 192, sbr. 193. "... reið Karl [ómáli] á Grund ok sat þar um vetrinn, þar til er váraði." Svarfdæla saga, ÍF IX, 195. "Karl tók upp búit [á Möðruvöllum í Skíðadal] ok færði á Grund ... Karl sat á Grund þann vetr ... réðu þat vinir Karls honum, at hann mundi færa byggð sína af Grund, ok þótti seta hans þar óvarlig svá nærri Ljótólfi ok báðu hann fara til Upsa ok svá gerði hann." Svarfdæla saga, ÍF IX, 198. "[Karl ómáli hét til Íslands] Bú hans stóð at Upsum ok annat á Grund, ok hófðu kvikfén mikit fram gengit at hvárutveggi búinu." Svarfdæla saga, ÍF IX, 206. "Þórir [Vémundarson] bauð Halla til jólaveizlu á Grund, - þar var kirkjubær ... Þórir lét fara [eptir] andvirki, því at heyfátt var heima um jólin, er á leið." Valla-Ljóts saga, ÍF IX, 243.

1238: "Halldóru og Tuma syni Sighvats var fengin Grund í Svarfaðardal og bjuggu þau þar fyrst." Íslendinga saga, Sturl, 426.

1255 áttu Þorvarður Þórarinsson og Þorgils skarði fund á Grund - Þorgils saga skarða, Sturl, 712. Alkirkja var á Grund og átti prestur á Tjörn að syngja þangað hvern helgan dag - 1318 - DI II, 457;

1394 - DI III, 513-14; 1461 - DI V, 258.

1487: alkirkia til saungs ok er uppi - DI V, 356.

12.6.1386 segir Þorsteinn lögmaður Eyjólfsson í testamenti sínu: "Jtem skipar æk kristfe j þa bezstu iordh sem æk a nordanlandz a islande. i grund i suarfadardal. atta asaudar kugillde ok atta kyr. skal þar fædaz a kallgilldr vmaghi efuinligh efter skipan ok Rade hola kirkju formannz. hinn skylladzste or minne ætt sa er framfærslu þarf vid." DI III, 392.

1.5.1505 Falsbréf um að Jón Finnbogason hefði lént Gottskálk Hólabiskup Grund - DI VII, 763.

18.1.1506 Falsbréf um að Jón Finnbogason sagðist eiga 20 hdr í silfri og afgjald eftir Grund með 16 kúgildum upp á 12 ár hjá Gottskálk Hólabiskupi óborgaða - DI VIII, 87.

13.8.1541 gefur Jón Arason Hólabiskup Þórunni dóttur sinni Grund í Tjarnarkirkjusókn "hefur þessi adr greind jord ei verid holadomkirkju eign suo uier uitum þui uier hofum keypt hana med uorum peningum" - DI X, 654.

13.8.1541 galt Jón Arason Þórunni dóttur sinni "jordina Grund i Svarfadardal med Gardzhorne til fullrar eignar" - DI XII, 90.

25.12.1550 átti Jón Arason er hann frá féll og hafði ætlað sínum frændum m.a. ".lxxx.c. Med Grund j Surfadardal og Gardzhorne þar hia .xx. og .j. kugillde og .iiij. ær. eitt naut veturgamalltt. og .xx. gemlingar." DI XI, 877. Sumarið 1551 lýsti Þórunn Jónsdóttir því "ad hun jrde nu ad þiggia sijna eigen eign til lienis. sem hun vissj sig fyrer gudj med Riettu eiga. sem være jorden Grund j Suarvadardal." DI XII, 288.

22.5.1555 gefur Jón Finnbogason, Finnboga syni sínum Bægisá en ef hún gengi af með lögum þá skyldi Finnbogi eignast svo mikið upp í jörðina Grund í Svarfaðardal sem af gengi jörðinni Bægisá - DI XIII, 43.

Um 1703: "Grund í Svarfaðardal var óefað bóndaeygn í tíð biskupsins Jón Arasonar og næsta hvert hún féll ei eftir Ara." segir Árni Magnússon í athugasgreinum sínum og vísar á bug sögusögnum um að Grund hafi fallið til konungs sem sektafé eftir að Grundar-Helga lét drepa Smið hirðstjóra - JÁM XIII, 498. Ytra-Garðshorn mun upphaflega byggt úr Grundarlandi, en 1712 var Blakksgerði eyðibýli. Byggð hófst að nýju í Blakksgerði 1898 og var þar stundaður lítilsháttar búskapur fram undir 1930. Þá var jörðinni skipt í tvennt og fyrst búið í Blakksgerði en síðan byggt nýtt hús neðan vegar sem kallað var Syðri-Grund. Undir það heyrði helmingur jarðarinnar, þ.á.m. afmörkuð stykki á bökkunum en búskapur varð þar aldrei mikill og er býlið nú í eyði en er ennþá séreign.

1917: 6.0 ha. 9/10 slétt. Garðar 570 m². ca. 1865: "Þar er mikið engi og grasgefið og slétt tún, en mjög eyðilegt af vatnságangi og skriðu úr svokallaðri Nykurtjörn ... Er nú ekki eftir nema lítil tunga af vellinum við það, sem hann hefur verið sagður í fornöld, því það er almælt, að vörðubrot það, sem sést hefur í Grundarskriðu, hafi fyrrmeir staðið á túngarðinum forna, sem nú er allur horfinn."

1990: "Grundarbærinn stendur í aflíðandi túni ofan þjóðvegarsins en ræktarland er mestmegnis neðan vegar. Jörðinni tilheyrja víðáttumiklar engjar sem ná frá bökkum Svarfaðardalsár þar sem hún sveigir austur yfir dalbotninn og allar götur niður undir Húsabakka þar sem Tjarnarengjar taka við. Heimátún og jafnvel byggingar hafa löngum legið undir áföllum vegna flóða í Grundarlæknum ..." BE 1990, 158.

1999: Nú eru samfelld tún ofan vegar frá Grundargili og að merkjum við Ytra-Garðshorn, en efri og syðri hlutar gamla túnsins eru nú bithagar eða komnir undir aðkeyrslur. Bæjarlækurinn sem rann sunnan með túninu er nú horfinn en sunnan við hann var fyrst ræktað tún á tveimur 1 ha spildum næst veginum (fyrir 1950) en síðan hefur verið ræktað upp fyrir Blakksgerði, ræst fram og sléttað. Í opnum sniðum á bæjarstæði sést að þar er efst um 0,75 m af skriðu en undir henni er mold og bendir það til að landið hafi

ekki alltaf legið undir áföllum úr Grundargili og má vera að túnið hafi upphaflega náð út á móts við Brekku eins og sagnir um vörðu á túngarði benda til. Á bökkunum hefur mikið verið ræst fram en efri hlutarnir (sem heyra undir Blakksgerði) hafa ekki verið ræktaðir. Torf var rist í mýrinni sunnan við grund, milli Blakksgerðis og Þjóðveggar - nú tún.

EY-124:001 Grund bæjarhóll bústaður 65.54.560N 18°35.098V
Bærinn stóð fast ofan (vestan) við íbúðarhús sem byggt var 1937 og er nú yfirgefið. Stór skúrbygging er áföst steinhúsinu að vestan og norðan en hún var upphaflega nyrsti hlutinn af bænum en hefur síðan verið umbyggð og stækkuð. Steinsteipt hús með kjallara er á hólnum miðjum og er timburbygging áföst því á hólnum að norðvestan. Norðan og sunnan við steinhúsið er trjagarður. Bæjarhóllinn er greinilegur að austan, stallur í hlíðina um 50 m langur. Hlíðar hans - einkum að norðan - hafa verið lagaðar til. Upphækkunin er víðast um 1 m, 1,5 m að norðaustan. Bærinn skemmdist mikið í jarðskjálftanum 1934 og var eftir það óíbúðarhæfur og var þá byggður fyrsti hluti skúrsins sem nú er áfastur íbúðarhúsinu að norðvestan. Baðstofan stóð fram um miðjan 6. áratug 20. aldar og var notuð sem hæsnakofi og geymsla. Til er úttekt af bænum frá 1933. Súrheysgryfjur voru um skeið við íbúðarhúsið að norðan og austan og voru þær grafnar í gegnum öskulög. Á túnakorti er sýndur stór kálgarður austan við bæinn og var hann mikið mannvirki, með háum veggjum á alla vegu. Annar garður var norðar og námu horn þeirra saman. Áður en vegurinn kom var heimreiðin norðan við bæinn, að ofan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-124:002 heimild um kirkju 65°54.558N 18°35.066V
Ekki er vitað hvar kirkjan stóð og hafa hvergi komið upp mannabein svo heimildamenn viti. Sennilegur staður er nyrst á bæjarhólnum en þar stóð fram um miðja 20. öld skemma, 10-15 m norðan við bæinn. Hún var 8x5 álnir að stærð samkvæmt úttekt frá 1933, með timburpili og háu risi. Neðan og austan við hana var kálgarður og telur Jóhannes Stefánsson að þar hafi verið veggjarbrot sem bent gætu til bygginga. Þar sem skemman stóð er nú trjagarður á norðurenda bæjarhólsins, fast norðan við skúr sem áfastur er steinhúsinu að norðan. Norðan við - þar sem kálgarðurinn var - er grasflöt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112;

EY-124:003 heimild um fjós 65°54.563N 18°35.046V
Um 30 m sunnan við bæinn 001 og heldur neðar (austar) í brekkunni var fjós í túnjaðri. Þar er nú vesturendi á stórum bragga sem er áfastur gamalli fjósbyggingu. Bragginn stendur á 2 m djúpum steiptum grunni og var mokað frá honum vegna framkvæmda. Ekkert var að sjá í stálinu annað en 50 sm af mól ofan á djúpu moldarlagi með smásteinum í. Á þessum stað var fjós úr torfi og grjóti fram yfir 1940 og tók það 8 kýr. Það var nýlega endurbyggt 1933 en eftir það var hlaða fyrir 150 hesta byggð við (innangengt á milli) og gæti hún verið uppistaðan í húsinu sem bragginn er nú tengdur við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-124:004 heimild um fjárhús 65°54.575N 18°35.210V
60 m ofan (vestan) við norðurenda bæjarins 001 var útihús skv. túnakorti. Það var fjárhús. Í úttekt frá 1933 er því lýst sem fjárhúskofa úti og uppi á túninu, fyrir 20 kindur. Á þessum stað er nú stór braggi á steiptum grunni og hár bárujárnsskúr framan við hann, einnig á steiptum grunni. Fjárhúsið hefur verið undir þessum skúr. Í túni - nú bithagi. Grafið hefur verið inn í brekkuna til að koma bragganum fyrir. Húsið hefur staðið á svoltílli hæð í brekkunni. Það var síðar notað sem hesthús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-124:005 heimild um fjárhús 65°54.586N 18°35.178V
60 m ofan (vestan) við suðurendann á bænum 001 og 25 m sunnan við fjárhúsið 004 var annað og stærra fjárhús. Þar er enn stórt fjárhús úr járni á steiptum sökklí. Í túni - nú bithagi. Aftan við fjárhúsið er grunnur af hlöðu með steiptum sökklí sem grafinn hefur verið inn í hlíðina. Samkvæmt úttekt frá 1933 voru tvö sambyggð fjárhús á þessum stað og rúmuðu þau 90 kindur. Það voru torfhús með timburstafni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-124:006 heimild um útihús 65°54.552N 18°35.204V
Samkvæmt túnakorti var útihús rúmlega 20 m sunnan við fjárhúsið 005 og voru þar tóftir einar um 1940. Þar er nú ekkert að sjá. Áður tún - nú moldarflag og taðbunkar frá fjárhúsi á stað 005. Þetta hús var fallið er úttekt var gerð 1933.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-124:007 heimild um útihús 65°54.584N 18°35.237V
Um 35 m ofan (vestan) við norðurendann á fjárhúsinu 005 var annað útihús samkvæmt túnakorti. Á þessum stað voru tóftir um 1940. Hann er fast norðan við lítinn bárujárnsskúr (reykkofa) sem stendur í hlíðinni ofan við útihúsin tvö, svo að segja beint upp af milli þeirra. Á þessum stað eru hvompur í grasmóanum en ekkert húslag sést á þeim. 10-15 m norðar er réttin 014. Áður túnjaðar, nú grasmói, beítland, grónir skriðtaumar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-124:008 *Blakksgerði* bæjarstaði býli 65°54.397N 19°35.414V
"Sunnan og neðan við Lágholt er býlið Blakksgerði. Þar var talið að hestur Þorsteins svarfaðar, landnámsmanns, ætti að vera heygður. Utan við Blakksgerði er Blakksgerðislækur og Brúarlækur, sem er bæjarlækur þar." segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1917 eru sýnd tvö hús tengd með kálgarði á aðskildum túnbletti um 200 m frá aðaltúninu. Blakksgerði var um 250 m sunnan við útihúsin ofan við bæ á Grund, í línu á milli þeirra og íbúðarhúss á Syðra-Garðshorni, heldur sunnar en beint upp af Syðri Grund, um 50 m norðan við merki milli Grundar og Ytra-Garðshorns sbr. 024. Þetta er sami staður og Lögréttan 019. Í túni, nú slétt. Var áður valllendishæð en í kring voru grasmóar og mýrasund.

Ekkert sér nú til leifa Blakksgerðis nema e.t.v. túngarðurinn 024. Býli var byggt á Blakksgerði 1898. Um 1920 var eitt hús í Blakksgerði, baðstofa í öðrum enda en fjárhús í hinum og mjaðmarhátt skilrúm á milli. Eldiviðarkofi var norðanundir. Húsi þessu var seinna breytt en það brann svo 1934 og var jafnað yfir rústirnar eftir 1960. Eftir brunann var byggt nýtt hús mun austar og kallað Syðri-Grund (stendur enn) og er því stundum ruglað saman við Blakksgerði. Blakksgerðis er getið bæði í fornritum og fornleifaskýrslum frá 18. og 19. öld: "En skip þat hafði gert verið í Tungunni, ok var þar hoggvinn viðrinn, því at þar var skógr þykk; en til kjalarins var hofð eik sú, er stóð í Eikibrekku fyrir ofan Blakksgerði, ok færðu eikina í sík þat, sem suðr er ok ofan frá Grund." ÍF IX, 156. - "En um vórit lét Þorsteinn svorfuðr af berast, ok var hann grafinn niðri á melnum gegnt Blakksgerði." ÍF IX, 182. 1712: "Blænskgerde eður Blacksgerde heitir lítil girðing hjer í landinu með einnri tóftarúst. Ekki atla menn að það hafi bygt ból verið, með því að tóftarústirnar eru so fáar og litlar. Ekki má þar bygd setja, því túnstæði er lítið en vatn ekkert." JÁM X, 58-59. ca. 1780: "Blacksgerde Eidegerde gamallt. Þad var i fyrndenne Goda Kyrkia og sydann Bænhus, þar hefur þingstadur Svafðælinga vered frá aldodle til 1728. Ma her siä forn Merke til, sem er Logretta og Offursteirn. Heiter því Reppurinn Grundar Hreppur." Viðbót Jóns Jakobssonar sýslumanns við útdrátt úr JÁM (Þjsks, Sýsluskjöl Eyjafjarðarsýslu, XXX, 4.). 1780: "Blængs- eller Klængsgerde, I Tunet hos Gaarden Grund; meenes I forrige Tider at have tient til Trællebolig." OO II, 328. 1839: "Geta má þess að milli Garðshorns og Grundar er eins og vallargirðing eður mynd af fornbyli, sem kallað er Klængsgerði. Segja sumir þar hafi verið lögrétta á fyrri öldum." SSE, 82. ca. 1865: "Blaðsgerði, Blakksgerði, Blóðsgerði, nú almennt kallað Blaðsgerði eða Blængsgerði. Það er skammt fyrir sunnan túnið á Grund. Ferhyrnd girðing á sléttri grund, nokkuð lengri til austurs og vesturs, en á breidd er hún út og suður [eyða] faðmar. Grasgróið tóftarbrot, er ofarlega innan í girðingunni, og snýr tóftin austur og vestur, á lengd [eyða] Það er gamalt almæli að hér hafi verið þingstaður Svarfdæla, enda er Grund hreppskilapingstaður enn í dag; eru þó manntalsþing haldin nú á Völlum [hér kemur svo tilvitnun í viðb. frá 1780] Þessi offursteinn sést nú ekki, sem líklega hefur átt að vera blótsteinn, en getur verið a hann sé í jörð sokkinn. Nú eru landamerki milli Grundar og Ytra-Garðshorns í Blakksgerðisgarð hinn syðra." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 330; Túnakort 1917.

EY-124:009 *Nykurtjörn* þjóðsaga um nyk 65°55.200N 18°37.500V

"[Grundarlækur] kemur úr allstórrí tjörn, sem er uppi undir fjallsbrún og Nykurtjörn heitir. Á vetrum frýs fyrir afrennsli tjarnarinnar og hækkar þá mjög í henni. Þegar ísa leysir brýzt vatnið fram með miklum ofsa oft og tíðum, tætir þá upp úr gilbörnum og farvegi og ryður fram aur og grjóti all niður á láglandi. Þessi hlaup hafa þó ekki alltaf komið fram um eitt og sama gilið, heldur til skiptis um þrjú eða fjögur ..." - "Heimatún og jafnvel byggingar hafa löngum legið undir áföllum vegna flóða í Grundarlæknum sem upptök á í Nykurtjörn í um 700 m hæð ofan við bæinn. Þjóðtrúin segir að í tjörninni búi nykur sem bylti sér jafnan um á vorin með þeim afleiðingum að flóð hlaupi í lækinn. Fór jörðin í eyði um tíma vegna þessara landspjalla. Nú hafa Grundarmenn hinsvegar allar götur frá aldamótum séð við náttúrunni (nykrinum) með því að grafa tjarnarvatninu rás gegn um snjóskafi áður en leysingar hefjast á vorin og hefur þannig að mestu tekist að koma í veg fyrir hlaup."


1839: "[Nykurtjörn] er að því leyti merkileg, að oftast nær í júnímánuði og stundum fyrri kemur í hana ólga svo mikil, að hún mölvar af sér allan ís, enda vel þykkur sé, og kastar ísstykkjunum í loft upp og út frá sér hér um bil 30 faðma með miklu dunum og ólátum, og þó sýnist hún ofan ekkert vaxa, en við þetta kemur þó svo mikið vatnsflóð í læk þá, sem úr henni renna, þó ei fyrr en nokkuð neðar í fjallbrekkunni, að jörðin Grund hefur lið þar við stórar skemmdir og fengi máske bráða eyðilegging, ef ei væri mannfjöldi til hjálpar kallaður, og hefur þó liðið mikið landnám bæði á tún og engi." SSE, 82

Heimildir: Ö-Svarf, 330; BE 1990, 158

EY-124:010

stekkjartóft

65°54.691N 18°35.556V



"Neðst niðri við votlendið heitir Skriðufótur og frá honum liggur Grundarskriða upp undir Stekk, sem er á gilbakknum nyrðri út og upp frá bænum." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er um 300 m ofan (vestan) við bæinn, fast á norðurbakka Grundargils og eru um 15 m frá stekknunum að skriðutaumum frá læknum. Í grasmóa í fjallsrótum. Ofan og neðan við eru þúfnahrúgöld sem líta út eins og tóftir úr fjarska. Sunnan við er breiður skriðugeiri úr Grundargili. Stór tvískiptur stekkur. grjót

er í veggjum, en lítið er eftir af efni í þeim og lítur rústin út eins og hún hafi blásið upp og gróið að nýju. Um 50 m neðan við stekkin er garðlag, sennilega Sveitarlangur, sbr. 015.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla

Heimildir: Ö-Svarf, 330

EY-124:011

Reiðholt

örnefni leið

65°54.862N 18°35.226V

"[Ljótagilsskriða] náði út undir Reiðholt um 1890." segir í örnefnalýsingu Grundar. Mörk milli Grundar og Brekku eru um utanverða Ljótagilsskriðu og mun Reiðholt þetta því vera í Brekkulandi og gæti átt við bæinn ofan við bæinn. Skriðan er nú gróin að norðanverðu og sér aðeins í bert grjót Grundarmegin merkjanna og er þó greinileg skriða undir grassverði sem nær norður undir brekku sem gæti verið suðurendinn á Reiðholti, sem er þá um 200 m ofan við Brekkubæ.


Heimildir: Ö-Svarf, 330

EY-124:012

Selhóll

seltóft

65°54.744N 18°35.961V



"Útan og ofan við [Neðri- og Efri-Stekkjjarlaut], neðarlega á [Miðhrygg], eru Jarðfall og Selhóll." segir í örnefnalýsingu. Tóft er utan í hólrana sunnan til á Miðhrygg á mótis við þar sem Syðstihryggur byrjar, svo að segja beint upp af stekknunum 010, um 100 m ofar í hlíðinni og um 20 m neðan við fjallgirðingu. Önnur tóft, mun líklegri til að vera sel er 023. Utan í grónum

skriðuhrygg og er bratt niður af til suðurs í átt að Grundargili. Grundartunga - sem Selhóll er í - er grasmói með mýrarsundum. Einföld tóft með grjóti í veggjum. Hún er í töluverðum halla. Dyrnar snúa upp í brekkuna en eystri (neðri) gaflendinn er mjög lágur og gætu dyr hafa verið þar líka. Grjót sést í veggjum.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 330

EY-124:013 *Jarðfallsbolli* álagablettur 65°54.794N 18°35.908V
"Jarðfallsbollinn var talinn álagablettur." segir í örnefnalýsingu. Ekkert augljóst jarðfall er á Miðhrygg. Þar eru grónir skriðuásar sem liggja niður hlíðina og dældir með mýrarsundum á milli. Í sumum dældunum eru stallar sem kalla mætti bolla en engin einn er þar bollalegri en annar.
Heimildir: Ö-Svarf, 330

EY-124:014 *Kvíagrund* kvíatóft 65°54.619N 18°35.213V

"Í túni Grundar ... var til Kvíagrund, þar sem fyrrum stóðu kvíar og réttin, sem er nú fyrir löngu orðið að túni." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Kvíagrund var en rétt er í gamla túnjaðrinum ofan við bæinn. Hún er norðan við bárujárnsskúr (reykkofa) sem stendur norðan við þar sem útihúsið 007 var og hafa verið 10-15 m milli þess og réttarinnar. Þessi staður er um 40 m ofan (vestan) við braggann þar sem 004 var. Áður í túnjaðri - nú grasmói á uppgrónum skriðutaumum. Einföld tóft, hlaðin úr stórum blágrýtishnullungum.



Tvöfaldar hleðslur í veggjunum og eru dyr á vesturgafli syðst og sennilega hafa einnig verið dyr á austurgafli norðarlega. Tóftin sést greinilega þótt hún sé alveg hrunin og hvergi sé steinn yfir steini. Tóftin er í smáhalla og er austurendinn 0,5 m lægri en vesturendinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 330


EY-124:015 *Sveitarlangur* garðlag vörslugarður 65°54.719N 18°35.496V
Um 40 m langur garðstúfur er á norðurbakka Grundargils, um 40 m neðan við stekkin 009, um 300 m ofan við bæinn. Í grasmóa. Garðurinn, sem er 3-4 m breiður, liggur á ská upp hlíðina frá árgilinu en hverfur í mýrarsund og grasmóa þar sem skriðuhryggurinn er hæstur. Þar má svo greina óljósan kant í sömu stefnu í 40 m í viðbót til norðurs. Miðað við stefnu garðlagsins á þessum stað ætti framhald þess til norðurs að vera í fjallsrótum alllangt fyrir ofan Brekku, á hjallanum ofan við Reiðholt. Til suðurs er stefnan beint á hús í Ytra Garðshorni en sennilega hefur garðurinn sveigt til vesturs sunnan við Grundargil.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla

EY-124:016 *Skökhóll* þjóðsaga um huldufólksbústað
"... við landamerkin þar suður og upp á brúninni er Skökhóll, þar sem einhver heyrði huldufólkið skak strokkinn, og frá segir í þjóðsögum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Svarf, 331

EY-124:017 *Ytri-Heygarður* heygarðstóft 65°55.215N 18°33.524V



"Eru þá upptalin örnefni á Grundarbökkum, nema Ytri- og Syðri-Heygarður, tóftabrot, sem hey voru sett saman á." segir í örnefnalýsingu. Ytri-Heygarður er um 400 m norðar en Syðri-Heygarður 018, um 10 m vestan við túnjaðar nyrsta túns frá Grund. Þessi staður er heldur sunnar en á móts við Velli og Húsabakka, en nær þeim en á móts við Jarðbrú. Um 300 m vestan við Svarfaðardalsá. Á marflötum áreyrum, grónum, og er tún ræktað á þurrum bakkanum austan við en vestan við eru mýrar í órákt og er talsvert víðikjarr fast sunnan og suðvestan við heystæðið. Fjórar heytóftir eru á þessu heystæði og eru þær greinilega misgamlar og eru tvær syðri greinilegastar. Á milli tóftanna er djúp laut


en annars eru þær allar á háum hól, rúmlega 2 m hár að austan.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 332

EY-124:018 *Syðri-Heygarður* heygarðstöft

65°54.948N 18°33.759V



"Eru þá upptalin örnefni á Grundarbökkum, nema Ytri- og Syðri-Heygarður, tóftabrot, sem hey voru sett saman á." segir í örnefnalýsingu. Syðri-Heygarður er í landi sem nú tilheyrir Blakksgerði (Syðri Grund), beint niður undan Brautarhóli, um 500 m vestan við Svarfaðardalsá. Framræsluskurður sem liggja austur-vestur enda til austurs á móts við þennan stað. Á sléttum, að mestu þurrum áreyrum. Vestan við þennan stað er blautara en nær ánni og þar hefur verið ræst fram en stykkið sem heystæðið er á er ekki ræktað. 20 m austan við er hinsvegar ræktað tún. Votlendi er í sveig í kringum heystæðið, um 10 m út frá því, sennilega þar sem efni hefur verið tekið til að búa til heystæðið. Heystæðið er eins og eyja í flatneskjunni, um 18x18 m og á henni eru tvær skýrar heytóftir og veggjaleifar sem sennilega eru leifar af

eldri kynslóðum heytófta. Milli tóftanna tveggja er djúp lægð. Hóllinn er um 1,5 m hár að austan.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 332

EY-124:019 *Lögrétta* heimild um þingstað

65°54.397N 19°35.414V

"Ekki veit nú neinn með vissu um, hvar sá staður hefur verið í landi Grundar, sem þingstað mun hafa verið á

fyrir, en heimildarmann, sem er alinn upp á Grund, minnir í nafnið Lögréttugrund, neðan við hesthúsið, sunnan við bæjarlækinn, og að þangað hafi verið sóttir stórir steinar til veggjahleðslu (um 1895)." segir í örnefnalýsingu. "Lögrétta, svonefnd, í Blakksgerði, suðvestur frá Grund." segir í friðlýsingaaskrá. "Blakksgerði eða Blængsgerði [er] nafn á litlum grasi vöxnum landbletti fyrir suðvestan Grund ... Nú er talað um að þar eigi að hafa verið þingstaður eða "Lögrétta" í gamla daga." segir Kristian Kálund í sögustaðalýsingu sinni. Af þessum og öðrum tilvitnunum sést að þó að nokkuð virðist á reki hvar Lögréttan eigi að hafa verið er löng hefð fyrir að telja hana hafa verið í Blakksgerði og eru þá aðeins áhöld um hvort allar tóftir í Blakksgerði töldust vera Lögréttan eða aðeins sumar. Sjá Blakksgerði 008. Í sléttu túni.

FRIDLÝSTAR MINJAR.

ca. 1780: "Blakksgerde Eidegerde gamallt. Það var í fyrndenue Goda Kyrkia og sydann Bænhus, þar hefur þingstaður Svarfdælinga vered frá aldodle til 1728. Ma her siä forn Merke til, sem er Logretta og Offursteirn. Heiter því Reppurinn Grundar Hreppur." Viðbót Jóns Jakobssonar sýslumanns við útdrátt úr JÁM (Þjsks, Sýsluskjöl Eyjafjarðarsýslu, XXX, 4.).

1839: "Geta má þess að milli Garðshorns og Grundar er eins og vallargirðing eður mynd af fornbylí, sem kallað er Klængsgerði. Segja sumir þar hafi verið lögrétta á fyrri öldum." SSE, 82.

ca. 1865: "Bláðsgerði, Blakksgerði, Blóðsgerði, nú almennt kallað Bláðsgerði eða Blængsgerði. Það er skammt fyrir sunnan túnið á Grund. Ferhyrind girðing á sléttri grund, nokkuð lengri til austurs og vesturs, en á breidd er hún út og suður [eyða] faðmar. Grasgróið tóftarbrot, er ofarlega innan í girðingunni, og snýr tóftin austur og vestur, á lengd [eyða] Það er gamalt almæli að hér hafi verið þingstaður Svarfdæla, enda er Grund hreppskilþingstaður enn í dag; eru þó manntalsþing haldin nú á Völlum [hér kemur svo tilvitnun í viðb. frá 1780] Þessi offursteinn sést nú ekki, sem líklega hefur átt að vera blótsteinn, en getur verið a hann sé í jörð sokkinn. Nú eru landamerki milli Grundar og Ytra-Garðshorns í Blakksgerðisgarð hinn syðra." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112.

Hjalti í Ytra Garðshorni telur að blótsteinninn gæti hafa verið niðri hjá Syðri-Grund en þar sást lengi jarðfastur steinn norðvestan við húsið - hann er nú horfinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá, 47; KK III, 74; Ö-Svarf, 332

EY-124:020 mannabein legstaður 65°54.330N 18°34.906V

"Bær hefur ekki áður verið á þessum stað [þ.e. sem Syðri-Grund er], en á árunum 1920-30 fundust þarna tvær mannsbeinagrindur með einföldum steinumgerðum um, en engu grjóti ofan á. Ekkert fannst með þeim, en fundurinn hefur vakið nokkra eftirtekt fyrir þá sök, að Svarfdæla saga kveður Þorstein svörfuð heygðan á melnum gegnt Blakksgerði. En Blakksgerði nefndust tóftir alveg suður við merkin milli Grundar og Ytra-Garðshorns, og var þar reist býli 1898. Orð Svarfdælu um haug Þorsteins geta komið heim við nýja fundarstaðinn í Arnarholti [sjá Ytra-Garðshorn], en þó enn betur við staðinn þar sem Syðri-Grundar-húsið stendur nú. Söguritarinn virðist hafa haft veður af fornum kumlum um þessar slóðir ..." segir Kristján Eldjárn í bók sinni um íslensk kuml og haugfé. Í Svarfdælasögu segir svo: "En um vart lét Þorsteinn svörfuð af berast, ok var hann grafinn niðri á melnum gegnt Blakksgerði." ÍF IX, 182. Enginn finnst nú sem man hvar beinin komu upp nákvæmlega. Syðri Grundarhúsið stendur um 50 m neðan við þjóðveginn, um 150 m sunnan við þinghúsið. Syðri-Grund er stakt steinhús sem stendur í sléttu túni sem nær fram á bakkann ofan við Svarfdardalsá. Bakkinn er um 100 m breiður og skerast lautir inn í hann að norðan og sunnan. Áður en Syðri-Grundar húsið var byggt 1934 var byrjað að grafa fyrir kjallara á þessum stað en Magnús Pálsson bóndi á Grund (1908-1926) ætlaði að flytja bæinn þangað. Einnig voru á þeim tíma byggð tvö fjárhús á bakknum utan og ofan við húsið sem nú er og gætu beinin hafa komið í ljós við einhverjar af þeim framkvæmdum eða vegagerð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: KEKH, 117-18; ÍF IX, 182

EY-124:021 varða landamerki 65°54.767N 18°34.858V

"... það er almælt, að vörðubrot það, sem sést hefur í Grundarskriðu, hafi fyrrmeir staðið á túngarðinum forna, sem nú er allur horfinn." - "Landamerki milli Grundar og Brekku er vörðubrot, sem staðið hefur á túngarðinum forna á Grund og beint upp ..." segir í ritgerð um örnefni og fornleifar í Svarfaðardal frá um 1865. Hvergi er nú varða á þessum merkjum en þau eru á miklum skriðubunka og hafa slík mannvirki því ekki verið langæ á þessum stað. Virgirðing er á merkjunum sbr. 021. Gróin skriða.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112, 120


EY-124:022 heimild um túngarð 65°54.767N 18°34.858V

"... það er almælt, að vörðubrot það, sem sést hefur í Grundarskriðu, hafi fyrr meira staðið á túngarðinum forna, sem nú er allur horfinn." - "Landamerki milli Grundar og Brekku er vörðubrot, sem staðið hefur á túngarðinum forna á Grund og beint upp ..." segir í ritgerð um örnefni og fornleifar í Svarfaðardal frá um 1865. Enginn garður er nú á norðurmerkjum Grundar. Virgirðing er á merkjum ofan vegar en skurður að neðan. Gróin skriða, nú tún en ekki hefur verið þar túnstæði lengi og er allt svæðið frá Grundargili að túnnum í Brekku (300-400 m) misgrónar skriður. Töluvert rask hefur verið næst þjóðveginum.

Hættumat: hætta vegna skriðufalla

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112

EY-124:023 tóft 65°54.805N 18°35.650V



Á suðurbakka Ljótagils, neðst á Ystahrygg, heldur ofar en stekkurinn 009 en talsvert neðar en Selhóll 012, er stór, mjög sokkin tóft á rústahól. Lítil foss er í Ljótagili fast ofan við þennan stað. Sunnan við lækjargil, í brekku neðarlega í fjallshlið. Grasmóar á grónum skriðutaumum og mýrarsund á milli. Stór einföld tóft, með dyr á austurgafli. Rústin er á hól sem er 1,5 m hár að utan. Þessi tóft er að öllu leyti líklegra sel en Selhóll 012.

Hættumat: engin hætta

EY-124:024 garðlag landamerki 65°54.354N 18°35.461V


Á merkjum milli Grundar og Ytra Garðshorns er um 60 m langt garðlag milli túnanna - heldur ofar en í línu milli bæjanna. Í túni. Garðurinn er 3 m breiður og um 1,5 m hár. Hann er sennilega suðurhlið á túngarði Blakksgerðis 009 sbr. lýsingu Þorsteins Þorsteinssonar frá um 1865: Blaðsgerði, Blakksgerði, ... er skammt fyrir sunnan túnið á Grund. Ferhyrind girðing á sléttri grund, nokkuð lengri til austurs og vesturs, en á breidd er hún út og suður [eyða] faðmar." Við austurendann sést móta fyrir eins og garðurinn hafi beygt til norðurs og hefur hann þá legið utan um hólbunguna sem Blakksgerði stóð á.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112.

Kort 8 Formleifakort fyrir Ytra-Garðshörn, Syðra-Garðshörn, Bækka og Steindyr

Brennihnjúkur





24 hdr. 1712.
Konungsjörð.

13.8.1541 galt Jón Arason Þórunni dóttur sinni "jordina Grund i Svarfadardal med Gardzhorne til fullrar eignar" - DI XII, 90.

13.5.1545 er bréf gert í Ytra Garðshorni - DI XI, 406-407.

25.12.1550 "Hier er ecke ytra Gardzhorn . . . reiknad med þeim [jordum] sem

biskup Jon hefur burt logat." DI XI, 873.

25.12.1550 átti Jón Arason er hann frá féll og hafði ætlað sínum frændum m.a. ".lxxx.c. Med Grund j Surfadardal og Gardzhorne þar hia .xx. og .j. kugillde og .iiij. ær. eitt naut veturgamalltt. og .xx. gemlingar." DI XI, 877.

Talin 20 hdr. 1847. Einnig Grundargarðshorn og mun jörðin byggð úr Grundarlandi upphaflega.

1917: 5.41 ha. Allt slétt. Garðar 520 m².

1839: "Garðshornsheiðar ... eru allsæmilegt haglendi fyrir skepnur á sumartíma með hjöllum, grashlíðum, lágum og bungum, en engi bændanna liggur fyrir neðan bæi, mýr og mólent." SSE, 82

1990: "... er túnið aflíðandi frá háum malarbakka neðan þjóðvegarins dálftið upp fyrir bæinn." BE 1990, 160

Ey-125:001 Ytra-Garðshorn bæjarhóll bústaður 65°54.232N 18°35.569V

Gamli bærinn stóð um 15 m vestan við nýrra íbúðarhúsið í Ytra-Garðshorni og 20-25 m sunnar en eldra íbúðarhúsið. Engar leifar bæjarins sjást nú enda langt síðan hann var rifinn. Eftir að gamli bærinn var rifinn stóð fjós á staðnum um nokkurn tíma áður en það var líka rífið. Þarna er örlítil hæð í túninu en litlar líkur eru á að miklar rústir séu ósnertar undir yfirborði. Á þeim stað sem bærinn stóð er nú afgirt hólf en innan þess er allmikill gróður sem er í órækt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-125:002 heimild um útihús 65°54.217N 18°35.600V

Um 20 m austan við gamla bæinn var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Útihús þetta hefur verið á mörkum þess að standa í bakgarði nýrra íbúðarhússins og í órækt sem er sunnan við garðinn. Engin merki sjást nú um útihúsið og má ætla að það hafi verið horfið strax um miðja 20. öld því Hjalti Haraldsson, sem hefur búið í Ytra-Garðshorni frá 1950, man ekki eftir að hafa séð útihús eða tóftir á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-125:003 Guðnýjarhús heimild um hesthús 65°54.230N 18°35.379V

Um 100 m norðaustan við bæinn var hesthús sem kallað var Guðnýjarhús. Það var kennt við Guðnýju nokkra sem átti að hafa búið í kofaræksni á þessum stað áður en þar var hesthús. Ekki sjást lengur tóftir hússins en það stóð á hól sem enn er greinilegur um 30 m austan við heimreiðina. Á hólnum eru greinilegar dældir eftir byggingar. Af dældunum má ráða að þarna hafi seinast staðið hús sem snéri NV-SA og gæti

hafa verið 15 X 5 m á stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-125:004 heimild um skemmu 65°54.229N 18°35.542V

Um 5 m norðaustan við gamla bæinn stóð áður lítill kofi út torfi og grjóti sem notaður var sem geymsla undir hnakka, beisli og aðra slíka hluti. Engin merki kofans sjást nú, en þar sem hann stóð er sléttað tún. Fast suðvestan við kofann er reiturinn þar sem gamli bærinn stóð en allt umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-125:005 heimild um fjárhús 65°54.235N 18°35.671V

Um 40 m norð-norð-austan við gamla bæinn var áður fjárhús. Engin merki eru nú sjáanleg um þetta hús en það hefur staðið rétt sunnan við þau fjárhús sem nú standa í brekkunni fyrir ofan (NNA) við íbúðarhúsin í Ytra-Garðshorni. Þarna eru tún við fjárhúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-125:006 heimild um fjós 65°54.223N 18°35.657V

Fjós var um 10 m norðvestan við gamla bæinn. Ekki sjást tóftir fjóssins lengur en dældir eru í túninu þar sem það stóð.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-125:007 *Miðhús* fjárhústóft

65°54.251N 18°35.722V

60-70 m norðvestan við gamla bæinn (001) og um 65 m vestan við þar sem 005 stóð sjást ennþá greinilegar leifar Miðhúss í túnjaðrinum. Tóftin er ferhyrnd (13 X 9 m) að stærð og skiptist í tvö hólf. Neðra hólfíð (eða það syðra) snýr upp í brekkuna en það efra (nyrðra) snýr þvert á hana. Op virðist hafa verið á milli hólfanna en nú hefur hrunið og gróið fyrir það að mestu. Tóftin er vel gróin en þó má greina grjóthleðslur víða, sérstaklega innanvert á norðausturhliðinni. Ekki var hins vegar hægt að greina suðvesturhlið tóftarinnar er líklegt að timburþil hafi verið það fyrir. Veggir tóftarinnar standa í um 0,8 m hæð.




Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-125:008 *Skæluhlaða* útihústóft

65°54.225N 18°35.805V

"Suður og upp á vellinum eru fjárhúsin frá Ytra-Garðshorni og við þau heyhús, sem sumir kalla Skæluhlöðu (af skæld = skökk). Sú saga hefur gengið um byggingu þessara húsa, að þar hafi verið stór steinn, áður en húsin voru reist. Var steinninn sprengdur og notaður í hleðsluna. Nóttina áður en þetta var gert dreymdi húsfreyjuna í Garðshorni, að til hennar kæmi kona, mjög áhyggjufull á svip, og segði, að illa væri gert að ætla að sprengja steininn, því að þá yrði hún heimilislaus. Bað hún húsfreyju að koma í veg fyrir slíkt skemmdarverk, annars myndi illa fara. Þóttist húsfreyja lofa þessu, og hrökk þá upp af svefnum. En hún fékk engu ráðið um þetta, og var steinninn sprengdur og



hafður í húsveggina. Má enn sjá merki þess hvar steinn var. Hefur ekki þótt einleikið, hve oft veggirnir hafa hrunið, bæði fjárhússins og hlöðunnar, þó að mjög vandvirknislega hafi margsinnis verið við þá gert, og hafa sumir viljað kenna það ummælum huldakonunnar í draumnum." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Skæluhlöðu eru 50-60 m suðaustan við 007 og um 120 m suðvestan við gamla bæinn. Tóftin er í jaðri golfvallarins en norðan og austan við eru þýfðir hagar. Hlaðan er greinilegasti hluti tóftanna en hún er 10 X 3 m að innanmáli og hlaðin í 2,5 m hæð. Fjárhúsin voru við hlöðuna og sunnan við hlöðutóftina má greina veggstúfa og steipt kindabað en tóftinni hefur verið raskaða á þessum hluta og m.a. er afgirt hólf (ca. 5 X 10 m) í tóftinni miðri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 329 og Túnakort 1917.


Ey-125:009 *Torfunef* örnefni rista 65°54.074N 18°35.351V

"Sunnan við bæjarlækinn er Torfunef suður undir merkjunum ..." segir í örnefnalýsingu. Torfunef hefur gengið undir ýmsum nöfnum en er þó oftast nefnt Torfholt eða Kolholt. Holtið er á merkjum og því bæði í landi Syðra- og Ytra-Garðshorns og var torf rist frá báðum bæjunum á þessum stað. Torfið var rist í mýrinni suðaustan við holtið en sú mýri hefur nú verið ræst fram. Torfið var síðan borið upp á Torfholtið og látið þorna þar. Umhverfið á Torfholti er mikið breytt, því þar er nú golfvöllur og sunnar sléttuð tún og því sjást engin merki um torfristu.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: Ö-Svarf, 329

Ey-125:010 *Stekkjjarhóll*



stekkjartóft 65°54.429N 18°36.243V


"Utan og ofan við túngirðingu er stór steinn, Grásteinn kallaður. Þar eru Stekkjjarhóll og Stekkjjarlaut og stendur steinninn einmitt á lautarbarminum." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er um 20 m neðan við fjallgirðingu og 50-70 m sunnan við merki við Grund. Stekkurinn er á hæð í brekkunni sem er grasi og lyngi vaxin. Á þessum stað eru 2 tóftir, önnur er einföld, 5 X 4 m að stærð, en hin, sem er 1,5 m norðvestar er 11 X 4 m að stærð og virðist hafa verið tvískipt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 329

EY-125:011

2 tóftir



65°54.361N 18°36.086V

Beint fyrir ofan gamla bæinn (001) og 150-200 m ofan við túngirðingu er lægð milli tveggja móhryggja. Í henni eru tvær tóftir. Lægðin er grasi gróin.

Efri tóftin er tvískipt og 12 X 7 m að stærð. Um 40 m neðar er önnur tóft minni en hún er 6 X 3 m að stærð og er einnig tvískipt. Tóftirnar eru báðar sunnan við uppþornaðan lækjarfarveg en hann er um 80 m beint neðan við neðri tóftina.

Hættumat: engin hætta

Ey-125:012

frásögn um kálgarð

65°54.225N 18°35.687V

10-15 m norðvestan við fjósið og 35-40 m norðvestan við gamla bæinn (001) var kartöflugarður með myndarlegu garðlagi en öll ummerki um garðinn hafa verið afmáð við túnasléttun.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

Ey-125:013

kuml

legstaður

65°54.138N 18°35.178V

Kumlateigur hefur verið grafinn upp á Arnarholti, sem er um 300 m beint austan við bæinn. Minnisvarði úr steini hefur verið settur á kumlateigin norðarlega, um 100 m suðaustan við þjóðveginn. Kumlateigurinn

liggur því til suðurs frá steininum þar sem kumlateigurinn var, er nú golfvöllur.

"Í [Arnarholti] hefur verið tekinn ofanburður í veginn, þegar hann var lagaður, en ekki er vitað að neitt fyndist þá. Árið 1952 voru tekin nokkur tannaför með jarðýtu við malargryfju þessa, og varð þá vart nokkurra hrossbeina, sem ekki var hirt um að því sinni. / Haustið 1953 fundu börn fáein mannabein, sem hrúnið höfðu inn í gryfjuna rétt hjá jarðýtuförum, og einnig fannst þá, þegar að var gáð, raftala væn í gryfjubarminum. [KE] rannsakaði síðan staðinn vorið 1954. / Frá fundarstaðnum eru um það bil 300 m vestur að bænum í Ytra-Garðshorni ... en nokkru lengra að Grund .../ Það kom brátt í ljós að bein þau, sem oltið höfðu inn í malargryfjuna, höfðu komið úr vesturenda fornrar grafar, sem nam við gryfjubarminn. Bein þessi voru einkum stór hluti úr höfuðkúpu auk nokkurra fleiri brota. Við rannsóknina fundust nokkur bein til viðbótar í hrúninu, m.a. brot úr kjálka, sem þó átti ekki við höfuðkúpuna. Í vesturenda grafarinnar hafði og verið raftalan, sem fyrst fannst. Ofan á gröfinni var mikið af grjóti, en bæði því og öllu, sem í henni var, hafði áður verið rótað. Gröfin sneri SSV-NNA, 2 m að lengd, 80-90 sm að br. og 60 sm að dýpt. Grafín var hún 20-30 sm niður í smiðjumó, sem þarna er alls staðar undir. Höfuðbeinaleifarnar voru allar í vesturenda, svo að höfuð hins heygða hefur verið þar. Aðrar beinaleifar í gröfinni voru smávægilegar. - Auk þeirra fundust þessar leifar haugfjár: Tvær sörvistölur, önnur stór kringlótt raftala (áður nefnd), hin gul glerjala með sex marglitum stjörnum. Þrjár töflur úr hnefatafli, allar úr rauðum, mjúkum steini. Met úr blýi, ferstrendingur, fastryðgað við járnmoða. Járnbrot nokkur, flest naglar, fremur grannir, en auk þess kúpt spöng með gati á öðrum enda og járnlykkju í. Naglarnir og spöngin gætu ef til vill verið úr kistli. / Beinaleifarnar reyndust vera úr tveimur mönnum. Heill kjálki, sem fannst í jarðýtuförum, átti við kúpubrotin í vesturenda grafarinnar. Bein þessi eru úr gömlum karlmanni. Hin beinin eru einnig úr gömlum manni, kyn óvíst. Trúlegt virðist, að fyrri beinin séu úr manni þeim, sem heygður hefur verið í þessari gröf, en víst getur það ekki talizt. Önnur beinin hljóta að vera úr eyðilögðu kumli þarna rétt hjá. Haugfjárleifarnar geta verið úr báðum kumlunum, þótt nú væru þær allar í þessari gröf. / Grjótlagið, sem lá yfir gröfinni, náði lengra til norðurs. Þegar það var rakið, kom í ljós, að í rauninni var framhald af gröfinni, aðeins um 50 sm breitt haft skildi á milli mannsgrafarinnar og hrossgrafar, sem þarna var til fóta mannum og stefndi lítið eitt meira til norðurs. Yfirborðið var þarna nokkru hærra, svo að dýpt hrossgrafarinnar var um 80 sm, því að botn beggja grafanna var í sömu hæð í smiðjumónum. Lengd grafarinnar var 2.70 m, en breiddin að heita mátti hin sama og á mannsgröfinni, 80-90 sm. Í gröfinni voru tveir hestar og sneru báðir lend að mannsgröfinni, hrygg að austurhlið, fætur við vesturhlið, en hálsar til norðurs. Hestarnir gengu lítið eitt á misvíxl, þannig að afturhluti nyrðri hestsins var ofan á framhluta hins syðri. Háslíðir nyrðri hestsins teygðust upp með norðurenda grafarinnar, því að rúmið hefur verið helzti lítið, og hausleifar voru þar rétt hjá. Við herðakamb hans voru nokkrir naglar og kengir úr söðli og skammt frá tvær gjarðahringjur. Enn fremur járnstöng með tréleifum á báðum endum, ef til vill festa fyrir reiða eða ístaðsól. Með syðri hestinum voru og tvær gjarðarhringjur. Engin járnmeil fundust, og var þó hrossgröfin óhreyfð með öllu. Kumlbrjóturinn hefur ekki talið ómaksins vert að rjála við hana og hætt við haftið milli grafanna." Hjalti Haraldsson sem búið hefur í Ytra-Garðshorni frá 1950 og aðstoðaði Kristján Eldjárn við rannsóknirnar á sínum tíma telur að góðar líkur séu á að fleiri kuml leynist í kumlateignum því að ekki hafi verið leitað kerfisbundið á 121svæðinu heldur hætt greftri þegar þau kuml sem við blöstu höfðu verið grafín. Hjalti fann síðar fleiri glersteina á kumlateignum og segir þá að líkindum komna úr Grundarskarði en þar sá hann einhverju sinni sambærilega steina.

Hættumat: hætta vegna ágangs

Heimildir: KEKH, 117-


Ey-125:014 garðlag túngarður 65°54.159N 18°35.743V

Um 15 m suðsuðvestan við Skæluhlöðu (008) er myndarlegur garður sem hefst í rúnuðu horni og heldur svo áfram nokkra tugi metra til norðurs fyrir ofan Skæluhlöðu. Garður þessi er líklega túngarður. Garðurinn markar enda golfvallarins og er mjög greinilegur syðst en fjarar út þegar norðaustar dregur. Garðurinn er 1,5 m á hæð þar sem hann er hæstur og 2-3 m á breidd þar sem hann er útflattastur. Hann er mjög skýr á um 30 m svæði en heldur áfram í um 50 m til viðbótar áður en hann fjarar út. Hann er alveg gróinn og allt eins líklegt að hann hafi einungis verið gerður úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ágangs

EY-126 Syðra-Garðshorn

30 hdr. 1712. Konungsjörð.



2.12.1512 selur Hólastóll Þórði Jónssyni " ed sydra er ligr j svarfadar[dal] j valla kirkivsokn" Lofaði Þórður að selja biskupinum aftur jörðina fyrstum ef hann vildi selja - DI VIII, 413-14.

15.10.1544 selur Jón Arason Hólabiskup Ara syni sínum Bakka, Steindyr og Syðra Garðshorn fyrir 24 hdr og fleiri jarðir í Svarfaðardal - DI XI, 337.

1552: "Garsshorni. v. kugilldi. i 1/2 c." meðal jarða sem Ari Jónsson hefur átt - DI XII, 464.

16.9.1566 bar Játgeir Þorsteinsson að hann heyrði föður sinn Þorstein Hákonarson oftsinnis mæla að hann heði setið brúðkaup Rögnu Finnbogadóttur á Grund í Svarfaðardal og þar hefði Garðshorn hið syðra fyrir 30 hdr verið reiknað henni í heimanmund - DI XIV, 524. Talin byggð úr Bakkalandi en hefur þó verið lögbýli síðan á 16. öld a.m.k.

1917: 6.6 ha. 5/6 slétt. Garðar 600 m².

1839: "Garðshornsheiðar ... eru allsæmilegt haglendi fyrir skepnur á sumartíma með hjöllum, grashlíðum, lágum og bungum, en engi bændanna liggur fyrir neðan bæi, mýr og mólent." SSE, 82

1990: "Túnið er aflíðandi frá fjallsrótum niður að veginum en flatlendara neðan vegarins niður að háum árbakkanum." BE 1990, 162

Ey-126:001 Syðra-Garðshorn bæjarstæði bústaður 65°54.097N 18°35.910V
Gamli bærinn í Syðra-Garðshorni stóð á svipuðum stað og steypa íbúðarhúsið (byggt 1936) stendur nú. Gamli bærinn var þó eilítið vestar og hefur að hluta verið þar sem bakgarður steypa hússins er. Engin bæjarhóll er greinilegur. Þar sem gamli bærinn stóð hefur nú verið byggt nýtt íbúðarhús úr steypu. Gamla bænum var rutt niður á svipuðum tíma og nýja húsið var byggt en baðstofan fékk að halda sér í 3-4 ár til viðbótar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-126:002 heimild um útihús 65°54.113N 18°35.922V

Um 5 m ofan við gamla bæinn (001) var áður fjós, rétt sunnan við baggahlöðu sem þar stendur nú.

Þar sem fjósið stóð er óræktarblettur í túni. Leifum fjóssins var rutt niður á árunum 1980-1985.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

Ey-126:003 Sauðhús fjárhústóft 65°54.787N 18°36.015V

"Efst á [Útvelli] stóðu Sauðhúsin (sýnilegar tóftir) og áfast við þau var hesthús. Þar heitir Sauðhúsasléttur." segir í örnefnalýsingu. Sauðhústóftirnar eru 5-10 m sunnan við merki við Ytra-Garðshorn. Brot tóftarinnar eru enn mjög greinileg. Tóftin er fremur ofarlega í þýfðu túni. Hún er þrískipt, um 12 X 12 m að stærð. Tvö hólf eru hlið við hlið og gengur garður eftir ytra hólfinu endilöngu. Ofan eða vestan við hólfina tvö er svo þriðja hólflið sem snýr þvert á þau. Op er á austurvegg tóftarinnar en einnig eru op milli hólfanna tveggja og þriðja hólfins. Tóftin er um 0,7 m á hæð og grjóthleðslur eru greinilegar að innan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 328




Ey-126:004 *Afahús* fjárhústóft

"Sunnar [en 003] eru brot af Afahúsi, efst í túninu, norðan lækjarins. Þar var fjárhúskofi." segir í örnefnalýsingu. Tóft Afahúss er um 20 m suðvestan við 003 og 5-10 m norðan við bæjarlækinn. Tóftin er efst í þýfðu túni. Hún er mjög gróin. Hún er 13 X 6 m að stærð og virðist tvískipt. Grjóthleðslur eru greinanlegar á stöku stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 328

65°54.150N 18°36.029V



Ey-126:005 *Nonnahús* heimild um útihús

65°54.039N 18°36.180V

"Suður og upp frá bæ var Nonnahús. Þar heitir Tunga sunnan Bæjarlækjar." segir í örnefnalýsingu. 50-60 m sunnan við 013, í túnjaðri, voru fjárhús áður. Þau voru nefnd Nonnahús og voru um 200 m suðvestan við gamla bæinn (001). Leifar Nonnahúss voru sléttaðar um miðja 20. öld og þar sem þau stóðu er nú sléttað tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:006 *Miðhús* heimild um fjárhús

65°54.018N 18°36.202V


"Utar og neðar [en 007] var Miðhús (Miðhúsasléttur)." segir í örnefnalýsingu. Miðhús stóðu um 30 m suðaustan við 005 og 220 m suðvestan við gamla bæinn (001). Miðhús voru fjárhús en yfir leifar þeirra var sléttað um miðja 20. öld. Þar sem Miðhús voru eru dældir í annars sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:007 *Gerði* fjárhústóft

65°53.999N 18°36.268V



"Gerðapollur [var] neðst í gamla túninu, niður undan Gerðum ... Syðst í túninu var Gerðamór, nú Gerðasléttur, en Gerðahúsin stóðu þar ofan við." segir í örnefnalýsingu. 60-70 m suðvestan við 006 og rúmlega 300 m suðvestan við gamla bæinn (001) sjást tóftir Gerða ennþá. Gerðatóftin er 2-3 m ofan við girðingu sem nú girðir af tún, 10-15 m norðan við túngarð. Tóftin var innantúns 1917 en nú er krókurinn sneyddur af og er ekki sleginn lengur. Svæðið er þar af leiðandi fremur þýft. Tóftin stendur enn og er nokkuð heilleg. Veggir hennar eru mest um 2 m á hæð (í hlöðunni). Tóftin er 9 X 30 m að stærð og er tvískipt. Syðst virðist hafa verið hlaða, 5,5 X 3 m að innanmáli. Hlaðan er niðurgrafin. Norðan við hana tekur við langt hölf og gengur garður eftir því miðju nokkuð til norðurs. Nyrsti hluti tóftarinnar er áberandi mest gróinn og hruninn. Breidd veggja er 1,5 m og grjóthleðslur eru greinilegar í suðurhluta tóftarinnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:008 *Svarðargrafir* heimild um mógrafir

65°53.890N 18°36.064V

"Merkjalínan [milli Bakka og Syðra-Garðshorns] liggur um Merkjastein við þjóðveginn rétt fyrir sunnan og neðan túnið, um Svarðargrafir, sem eru sameiginlegar fyrir báða bæina og upp sunnan við svonefndar Lágur." segir í örnefnalýsingu. Merki svarðargrafanna eru enn greinileg fast norðan við heimreiðina að Bakkagerði. Við heimreiðina er skurður en norðan hans taka svarðargrafirnar við. Dýpt grafanna er nú víðast um 1 m. Grafirnar virðast um 40 m á lengd en tæpir 30 á

breidd. Svarðargrafirnar voru þekktar fyrir gæði og hægt var að taka mörg lög áður en komið var niður á vatn. Grafirnar voru taldar einar allrabestu svarðargrafir í sveitinni og margir bæir tóku svörð á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:009 garðlag túngarður 65°54.011N 18°36.335V

Túngarður hefur legið umhverfis túnin á Syðra-Garðshorni. Leifar garðsins eru greinilegar víða. Hægt er að greina hann um 15 m sunnan við 007 en hann hefur greinilega horfið í tún fyrir neðan. Garðurinn liggur beint upp í hlíðina í um 50 m áður en hann beygir til norðurs. Í raun má segja að hann beygi ekki heldur sameinist Sveitarlang sem liggur langsum í hlíðinni og nær yfir margar jarðir. Túngarðurinn liggur í jaðri túns en þó hafa tún greinilega verið minnkuð á pörtum. Túngarðurinn er um 0,8 m á breidd og 0,3 m á hæð, hann sameinast Sveitalang sem er 1,5-2 m á breidd og 1,0-1,2 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Ey-126:010 *Matarklauf/Guðmundarklauf* 65°53.971N 18°35.445V

"... Rósunef ... nær út að Matarklauf, sem er stærsta láginn þarna neðra, og mun hún svo nefnd af því að þar hafi verið leitað skjóls til að matast úti, þegar verið var við heyskap neðra." segir í örnefnalýsingu. Matarklauf var einnig stundum nefnd Guðmundarklauf sökum þess að "leiði Guðmundar" er efst í henni (sbr. 011) Staðurinn er um 400-500 m austan við bæ. Eftir klaufinni rennur lítil lækur, hún er skjólgóð og grasi vaxin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:011 *Guðmundarleiði* álagablettur legstaður 65°53.925N 18°35.501V

"Ofan við [Þverklauf og Lambabolla] er Guðmundarmór, þúfnastykki, og efst í Matarklauf er bæði Guðmundarhóll og Guðmundarleiði, álagablettir, sem ekki má slá, þó að þeir séu oftast vel grösugir.

Móðurafi heimildamanns (Björn Jónsson), nýlega komin að Syðra-Garðshorni (um 1876), lét slá þessa bletti, því að hann vissi engin deili á þeim. Veturinn eftir missti hann þrjár kýr og tólf gemlinga. Sagði honum þá gömul kona í Ytra-Garðshorni frá álögunum, og kvaðst ekki undrast, þó til nokkurs drægi. Höfðu húsbændur síðan sterka gát á því, að ekki væri slegnir blettirnir, og stendur svo enn í dag (1962). Munnmælin telja, að Guðmundur sá, sem staðirnir eru við kenndir, hafi verið einsetumaður og hengt sig í fjárhúsi, er stóð út og fram af bænum." segir í örnefnalýsingu. Beint niður undan heimreiðinni á Syðra-Garðshorni er dæld eða klauf sem ýmist er nefnd Guðmundarklauf eða Matarklauf. Í klaufinn er efst höll en svolítið neðar er leiðið. Þar sem Guðmundur á að hvíla er upphækkun sem er um 2,5 X 0,8 m að stærð og 0,3 m á hæð. Því var trúað að á þessum stað hefði Guðmundur verið dysjaður og í hólnum skammt fyrir ofan væri veraldlegar eigur hans að finna. Eftir klaufinni rennur lítil lækur, hún er skjólgóð og grasi vaxin. Kristján Eldjárn kom á staðinn og er sagður hafa fundist hann ekki ósennilegur legstaður að útliti.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:012

heimild um fjárhús

65°54.086N

18°35.826V

"Munnmælin telja, að Guðmundur sá, sem staðirnir [011] eru við kenndir, hafi verið einsetumaður og hengt sig í fjárhúsi, er stóð út og fram af bænum." segir í örnefnalýsingu. Land Syðra-Garðshorns er nokkuð ofan við bæinn en neðan við bæinn beygir landamerkjalinan töluvert til suðurs og er undirlendi "út og fram af bænum" mjög takmarkað. Engin merki húsa sjást á þeim slóðum. Þar sem útihúsið hefur staðið eru nú sjálfsagt sléttuð tún.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:013


garðlag kálgarður

65°54.087N

18°36.150V

Leifar kálgarðs eru greinilegar, rétt vestan við túnjaðar Syðra-Garðshorns. Garðurinn er í aflíðandi brekku móti austri. Hann er um 25 m suðsuðvestan við Kvíahólinn og 20 m beint suður af 018. Garðurinn er við túnmörk og sléttuð hefur verið yfir austasta hluta hans. Þær leifar garðsins sem eftir standa eru í þýfðri, aflíðandi hlíð. Garðurinn er um 20 X 25 m að stærð og 3 hliðar hans eru enn greinilegar. Hann er um 1-1,5 m að breidd og um 0,8 m á hæð.

Hættumat: hættu vegna ábúðar



Ey-126:014

frásögn af tóft

65°53.933N

18°35.466V

"... Rósunef ... nær út að Matarklauf, sem er stærsta láginn þarna neðra,..." segir í örnefnalýsingu. Neðan við Garðshorn eru þrjár klaufar og er Matarklauf í miðið. Sunnan við Matarklauf er Rósunef. Á bakka þess voru tóftaleifar allt fram til 1950 þegar þær voru sléttuðar út og tún gerð þar.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:015

Finnskofi

heimild um útihús

65°54.018N

18°36.112V

"Neðar [en 014] var Finnskofi og þar er enn kallað Finnskofatún." segir í örnefnalýsingu. Finnskofi var 20-30 m neðan við 006 en engin merki hans sjást lengur í sléttuðu túninu.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:016

Efri-Heyhóll

örnefni

heystæði

65°54.479N

18°37.434V

"Syðst og neðst í [Mýrum sbr. 023] er Efri-Heyhóll og ofan við hann Matarsteinn." segir í örnefnalýsingu. Suður og upp af Selsteini og rétt ofan við Neðri-Heyhól er sá Efri. Hóllinn er svolítið sér á báti og stendur suðaustast í mýrunum sem þarna eru. Ekki sést heystæði á hólnum.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 328

Ey-126:017

Kvíhóll

örnefni

kvíar

65°54.114N

18°36.060V

"Kvíhóllinn er nú horfinn, en hann var sunnan við Tunguna." segir í örnefnalýsingu. Kvíhóllinn var efst í túni 20-25 m norðaustan við kartöflugarðinn (013). Heimildamaður man eftir ógreinilegum tóftum eða dældum á hólnum en hann er nú alveg horfinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Svarf, 327

Ey-126:018

útihústóft

65°54.107N

18°36.078V



Um 2 m ofan við túngirðinguna og um 20 m norðan við kartöflugarðinn er tóft sem líklega er af útihúsi. Tóftin er á þýfðu svæði í túnjaðri. Tóftin er 10 X 4 m að stærð og veggir um 0,8 m á hæð. Hún er einföld og er op á henni til austurs. Grjóthnullungar sjást hér og þar í tóftinni.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Ey-126:019

Skemma

frásögn um útihús

65°54.090N

18°35.966V

Um 20 m sunnan við gamla bæinn (001) stóð áður skemma sem var mjög forn bygging en var rifin á sama tíma og gamli bærinn á fjórða áratugnum. Engar leifar skemmunar sjást en þar sem hún var er nú túnjaðar upp við heimreið.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-126:020

heygarðstóftir

65°54.236N

18°36.231V



Um 100 m fyrir norðan vallargirðinguna og um 20 m sunnan merkja við Ytra-Garðshorn er tóft. 30-35 m suðvestar er önnur minni en greinilegri tóft. Tóftirnar eru einfaldar og gætu verið heystæði. Umhverfis tóftirnar er nokkuð rakt en ofar þýft hagasvæði. Austari tóftin er stærri eða 5 X 3,5 m og 0,3 m á dýpt. Minni tóftin er 2 X 3 m að stærð. Báðar tóftirnar eru ferhyrndar og einfaldar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 328

Ey-126:021

Stekkjarkóll

stekkjartóft


65°54.270N

18°36.630V

"Norðan [Stekkjjarlatur] eru tóftir mjög greinilegar á Stekkjarhóli." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m norðan við fjallgirðingu og 80-100 m sunnan við bæjarlæk er stekkjartóftin. Stekkurinn er á Stekkjarhól sem er 100-150 m sunnan við merkin við Ytra-Garðshorn. Stekkurinn eru 300-400 m frá bænum. Stekkurinn er á grasi vöxnum hól en umhverfis eru þýfðir móar. Tóftin er greinileg þó veggir séu ekki nema um 0,3 m á hæð. Hún er tvískipt og 8 X 5 m að stærð. Grjóthleðslur eru greinanlegar á stöku stað. Op er á norðurhlið tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 328



Ey-126:022 *Sel* seltóft


65°54.416N

18°37.153V

"... ofan við [Grundarhöfuð] er Kúabólfi sunnan við lækinn og enn ofar grösugur hól, Selhóllinn. Tóftirnar þar heita Sel og þar er Selsteinn, með einni hól í kollinum." segir í örnefnalýsingu. Selsteinninn sést greinilega í hólbrún frá bænum. Hann er 400-450 m ofan við stekkin (021). Um 100 m ofan við steinninn og örlítið sunnar er Selhóllinn og á honum einföld tóft. Selhóllinn er mjög grösugur. Tóftin á hólnum er einföld og ekki mjög sel-leg. Hún er 7 X 4 m að stærð og ekki er greinanlegt hvar op hefur verið á henni. Veggir hennar eru mjög útflattir og eru ekki nema 0,2 m á hæð. Breidd þeirra er á bilinu 0,5-1,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 328



Ey-126:023 *Neðri-Heyhóll* heystæðistöft


65°54.481N


18°37.265V

"Neðri-Heyhóll er beint norður af efri enda Mið-Haussins. Þar ofan við er allvíðlent og flatt graslendi, sem heitir einu nafni Mýrar." segir í örnefnalýsingu. Skammt austan við Efri-Heyhól er sá neðri og austarlega á honum er heystæði. Heystæðið er á mýrarsvæði sem er ofan við Selhóllinn. Heystæðið er 2,5-3 X 5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Það er ferhyrnt, einfalt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 328





40 hdr. 1712. Möðruvallaklaustursjörð til 1507. Í Svarfdæla sögu er getið um Bakkavað og Bakkagarð "Ok nú sjá þeir, at fimmtán menn fara frá Bakkavaði. Þeir mætast þar, sem heitir Kumlahóll eða Kumlateigr." ÍF IX, 179 "... ok ætlar Ljótólfr at snúa ofan Bleikudal fyrir utan Bakkagarð, en þar var Klaufi fyrir Út snúa þeir undan ok ætla ofan Nafarsdal fyrir utan teiginn; eigi var þess kostur ..." ÍF IX, 180. Einnig getið í Þjóstólfs sögu hamramma: "Maðr er nefndr Þorgeirr. Hann bjó at Bakka í Svarfaðardal. Hann var maðr ríkr ok vel kynntr. Þangat ríðr Þjóstólfr ok kaupir landit at Bakka, en Þorgeirr fór utan, ok er hann úr sögunni." Íslendinga sögur VIII, 392.

6.11.1447 var Bakki meðal Möðruvallaklaustursjarða "vj kogyldi. bykt ijc j landskuld. v. aurom better." DI IV, 710. Í sömu skrá er Bakki talin meðal eyðijarða milli Gerðis og Steindyra og var eyðijörðin leigð fyrir 5 aura - DI IV, 712.

16.9.1507 selur Möðruvallaklaustur sr. Guðmundi Jónssyni Bakka og Steindyr "er ligia þriar j einni torfv er liggia j valla kirkiu sokn j swarfaðardal" - DI VIII, 158-59.

24.8.1540 selur Brynjólfur Jónsson Jóni Hólabiskupi Bakka og Steindyr í Vallakirkjusókn - DI X, 551.

15.10.1544 selur Jón Arason Hólabiskup Ara syni sínum Bakka fyrir 40 hdr, Steindyr og Syðra Garðshorn og fleiri jarðir í Svarfaðardal - DI XI, 337. 1552: "Backa. vj. kugilldi. ijc." meðal jarða sem Ari Jónsson

hefur átt - DI XII, 464. Bakkakot var eyðihjáleiga í heimatúninu frá manna minni en fór í eyði 1697 og oft áður. Bakkagerði var byggt á fyrri hl. 19. aldar og samfleitt frá því fyrir aldamót og urðu lögbýli um 1930 en högum er enn óskift. Beitalandi á Þverárdal/Bakkadal er óskipt milli Þverár, Bakka og Steindyra sbr: "Hólabrún nær frá Skriðulæk og austur að Þverárgili og þar fyrir ofan er óskift land milli Steindyra, og Bakka - og Bakkagerðis." örnlys. Gests Vilhjálmssonar 1967. Bakkabræður, þeir Gísli, Eiríkur og Helgi bjuggu á þessum Bakka.

1917: 6.6. ha. 9/10 slétt. Garðar 580 m².

1839: " ... er fjallið að framan upp undir Bakka grösugt, og er þar heyskapur bændanna á Bakka og Steindyrum." SSE, 82

1990: "Tún eru beggja vegna vegarins, einkum neðan hans, stórar sléttlendar spildur. Upprekstur er á Bakkadal/Þverárdal ..." BE 1990, 166

Ey-127:001 *Bakki* bæjarstæði bústaður 65°53.625N 18°35.726V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt íbúðarhús sem var steinsteypt með timburþili. Það var byggt á árunum 1904-07 og stóð fram til 1960. Þá var það rífið og núverandi íbúðarhús byggt. Fyrir aldamótin 1900 stóð á sama stað hús úr torfi og timbri en því var rutt út þegar steypa húsið var byggt. Ekki er bæjarhóll greinanlegur á Bakka enda hafa tvö steinsteypt hús staðið á sama stað og torfbærinn var áður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-127:002 heimild um útihús 65°53.652N 18°35.719V

8-10 m norðan við bæinn var lítið útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það mun hafa verið reykkofti en þar er nú bakgarður norðan við íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-127:003 heimild um hlöðu 65°53.659N 18°35.631V

Um 15 m norðan við gamla bæinn (001) var útihús 1917 samkvæmt túnakorti. Það mun hafa verið torfhlaða en langt er síðan sléttað var yfir hana.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-127:004 heimild um útihús 65°53.655N 18°35.624V

Fast norðan við 003 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem útihúsið stóð áður eru nú sléttuð tún. Síðast var steyppt mykjuhús á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-127:005 *Gerði* heimild um fjárhús 65°53.699N 18°35.675V

"Utarlega á túninu heitir Gerði og Gerðavöllur þar umhverfis. Þar standa fjárhús ..." segir í örnefnalýsingu. "Gerði eða Gerðahús voru fjárhús út á túninu utan Bæjarlækjargils en sunnan Torfulækjarklaufar. Er sá túnhluti kallaður Gerðavöllur." segir í leiðréttingum við lýsinguna. Gerðahús voru vestast á Gerðavelli eða 50-70 m vestan við 026 og svolítið norðar. Þar eru sléttuð tún en dæld er í túninu þar sem húsin hafa staðið. Gerðahús voru úr torfi og með torfþaki. Á þeim voru þrjár burstir og á bak við var hlaða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1917 og Ö-Svarf, 325; Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967


Ey-127:006 heimild um fjárhús 65°53.620N 18°35.759V

Fjárhús voru 50-60 m sunnan við bæinn (001). Um aldamótin 1900 stóðu hús úr torfi og grjóti á þessum stað en síðan hafa húsin tvisvar verið endurnýjuð og stendur þar nú steyppt fjós.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-127:007 hesthústóft 65°53.604N 18°35.621V



"Hesthúsbarð er eitt barðanna sem túnið liggur fram á ofan við Kvíamýri og Nes. En áður stóð hesthús yst og neðst á Kvíabóli." segir í leiðréttingum við örnefnalýsingu Bakka. Tóftin er norðvestast á Kvíabóli og nærri því beint austan við Lindina. Hesthústóftin er 20-30 m norðan við kvíarnar (010). Tóftin er á hæð í sléttu túni. Hún er um 11 X 8 m að stærð og veggir 0,4 m á hæð. Tóftin er ógreinileg en virðist þrískipt. Op eru á austurvegg tóftarinnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967

Ey-127:008 *Ormsgerði* örnefni 65°53.732N 18°35.747V

"Utarlega á túninu heitir Gerði og Gerðavöllur þar umhverfis. Þar standa fjárhús. Ofar er Vormsgerði eða Ormsgerði." segir í örnefnalýsingu. Ofan eða vestan við Gerðisvöll er gjá eða klauf sem neðar gengur inn í Tófuklauf. Austan við klaufina er túnblettur sem nefndur er Vormsgerði. Engar tóftir eru á þessu svæði lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 325


Ey-127:009 *Lindarlækur* þjóðsaga um vatnsból 65°53.619N 18°35.701V

"Sunnan og neðan við bæ er Lindarlækjargil og í því Lindarlækur, sem sprettur upp innan túns. Þykir vatnið í þeim mjög heilnæmt, sögusagnir eru jafnvel um að það hafi verið notað til lækninga." segir í örnefnalýsingu. "Munnmæli herma að Hólabiskupar hafi látið sækja vatn í Lindina, sér og fólki sínu til heilsubótar." segir enn fremur í leiðréttingum við lýsinguna. Lindin var þar sem nú er dæld milli hlaðs fram af fjósi og hæðarinnar sem kvíarnar og hesthúsið standa á. Miklu magni af jarðvegi hefur verið rutt fram af hlaðinu og því er lindin ekki lengur greinileg. Hún hefur verið nálægt því að vera á móts við hesthúsið. Lindin var þar sem nú er gróin dæld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 325; Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967

Ey-127:010 *Kvíaból* kvíatóft 65°53.554N 18°35.686V




"Syðst og neðst í túninu heitir Kvíaból og sést þar enn fyrir gömlum kvíatóftum. Þar er Kvíamýri." segir í örnefnalýsingu. "Kvíamýri er neðan við Börðin niður af Kvíabóli." segir enn fremur í leiðréttingum við lýsinguna. 20-30 m sunnan við 007 eru leifar kvíanna. Þær eru sunnarlega á hæð en umhverfis þær eru sléttuð tún. Kvíarnar eru 9 X 6 m að stærð og veggir um 0,8 m að hæð. Tóftin er nokkuð ógreinileg því norðurhluti hennar er rofinn og óskilgreinanlegur. Enn er hægt að merkja einfalt hólft en ekki hvort annað minna hefur verið fyrir norðan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 325; Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967

Ey-127:011 *Bakkakot* býlistóft 65°53.697N 18°35.024V



"Bakkakot hét býli á árbakkanum neðan við Bakkabæ ... Kotið byggðist aftur [eftir 1712], en e.t.v. ekki á sama stað, en fór svo í eyði, eftir að áin hafði hlaupið á það." segir í örnefnalýsingu. Bakkakot er austan Svarfaðardalsár. Tóftin er 100-150 m sunnan við landamerkjagirðingu Bakka og Syðra-Garðshorns vestan ár. Tóftin er á árbakka Svarfaðardalsár, en hann er fremur þýfður. Tóftin er tvískipt og 10 X 5 m að stærð. Hún er mjög gróin þó hún sé 0,8 m á hæð og ekki er hægt að greina hvar dyraop hafa verið. Kartöflugarður var beint sunnan við

tóftina en merki hans eru ekki skýr lengur. Garðleifar sjást hins vegar langleiðina í kringum tóftina á 80-90 m bili.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 325

Ey-127:012 *Torfulág* örnefni rista 65°53.764N 18°35.716V

"Útar [en Leyningur] eru Skarðholt og Torfulág - Torfulágarklauf öðru nafni. Norðan við klaufina er Torfulágarengi." segir í örnefnalýsingu. Einnig Torfulágarbarð. Torfulág er talin vera sami staður og það sem í Svarfdæla sögu er kallað Nafarsdalur sbr. Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 123. Torfulágarklauf liggur austur-vestur að Svarfaðardalsá. Í klaufinni var torf rist en botn klaufarinnar er svolítið rakur. Klaufin er um 20 m á breidd og a.m.k. 120-50 m á lengd. Ekki sjást merki torfristu.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Svarf, 325; Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967

Ey-127:013 hrútakofatóft

Austast á Gerðavelli er tóft af hrútakofa. Hann stendur á austurbrún túnsins en allt í kring eru sléttuð tún. Tóftin er tvískipt og 12 X 7 m að stærð. Op er á vesturhlíð hennar en einnig er op á austurhlíðinni en líklega er það tilkomið vegna rofs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

65°53.676N 18°35.638V




Ey-127:014 *Gamlistekkur* stekkjartóft

"Suður frá túni er Gamlistekkur og Flosamýri. Þá er Stekkjarmýri og Merkisklauf neðst í Börðunum, rétt við merkin." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er á hól sem er nálægt því að vera á merkjum við Steindyr (um 15 m norðan við merki) og 100-150 m vestan við þjóðveg. Tóftirnar standa á hól og í næsta nágrenni er hólasvæði. Neðar og utar eru sléttuð tún. Stekkurinn virðist tvískiptur þó veggurinn sem skipti honum sé mjög óljós. Tóftin er 12 X 8 m að stærð og 0,5 m að hæð og op er á vesturvegg hennar. Um 30 m suðaustan við stekkin eru garðleifar, um 0,7 m á breidd, 0,3 m á hæð og 40-50 m á lengd. Garðlagið liggur austur-vestur í hlíðinni.

Hættumat: hætta vegna túnræktar


Heimildir: Ö-Svarf, 325

65°53.665N 18°36.735V



EY-127:015 seltóft

65°53.884N 18°38.103V



"... spöl framan við Hólabrún er foss í ánni, Efrifoss, og þar í gilbarminum eru seltóftir fornar sem ég hef ekki heyrt nafn á." segir í örnefnalýsingu Gests Vilhjálmssonar. Tóftin er ofan við gilbarminn, um 30 m norðan við brúnina ofan við Efrifoss og um 20 m austan við gilbrún Bekkjalækjar. Lítil vallendisblettur á lyng- og flagmóasvæði. Sunnan við er djúpt árgil en norðan við er melhólaröð með lyngmóm á milli. Ofan við hólana meðfram og norðan við Bekkjalæk er graslendi. Tvískipt tóft, 1,5 m djúp með stæðilegum veggjum. Grjót sést í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967

Ey-127:016 *Kerlingarlaut* álagablettur 65°53.964N 18°37.209V


"Sunnar og neðar [en Fosslág] er Kerlingarlaut, álagablettur." segir í örnefnalýsingu. Kerlingarlaut er 80-100 m ofan við fjallsgirðingu og 180-220 m sunnan við Bæjarlækinn. Kerlingarlautin var alveg þurr en nú er þetta nokkuð rakt svæði. Lautin liggur norður-suður. Hún er mjó og löng eða um 8 m á breidd og 60-80 m á lengd. Þegar heimildamaður var barn var fólk varað við því að fara í lautina því ef fólk flæktist þangað þá áttu illir hlutir að gerast.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 325

EY-127:017 *Bakkasel* 2 seltóftir 65°54.073N 18°37.550V

"Hólahrúgald við mynni Bakkadals nefnist Hólabrún. Þar er Selskál. Í skál þessari sjást rústir Bakkasels." segir í örnefnalýsingu en Gestur Vilhjálmsson bætir við í sinni lýsingu: "Yst í Hólabrún er Selskál, oftast kölluð Skál, Sést þar fyrir húsatóftum." Selsins er einnig getið í sóknalýsingu frá 1839: "Á hálsinum við dalsmynnið stendur Bakkasel, sem þó er ekki brúkað." Selskálín er austan í Hólabrún, beint upp af Bakka. Selið er yst og neðst í skálinni, á brekkubrún, um 40 m sunnan við læk sem rennur sunnan við Bakkagerði og kemur niður a móts við heimkeyrsluna að Bakka. Það er hátt í fjallshlíð, þar sem gras- og lyngmóar skiptast á. Ofan og vestan við selið er hvammur eða skál inn í fjallshlíðina en þar ofan við er stór melhólaröð á brúninni. Ofan við hana er graslendi upp að fjallsrótum.



Á selinu eru tvær tóftir. Sú nyrðri er á rústahól. Það er ein tvískipt aflöng tóft, 10x6 m, með dyr á austurgafli og minna hól afast norðan við, 4x3 m, einnig með dyr á austurgafli. Mögulega er eitt hól til þar norðvestanvið, 4x4 m, laust frá hinum og neðar á hólnum, opið í norðvestur - það er þó ógreinilegt. Syðri og efri tóftin skiptist í tvö hól hornrétt hvort á annað, 10x8 m samantalið. Grjót sést í hleðslum beggja tóftanna, en sú nyrðri sýnist vera heldur yngri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 325; Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967; SSE, 82

EY-127:018 *Smalakofinn* smalakofatóft 65°53.930N 18°40.240V

"Á Fremstaási er gamalt smalabyrgi kallað Smalakofinn." segir í örnefnalýsingu. "Á Fremstaás, á suðurröð ofan miðju, eru enn uppistandandi eftir rúm 50 ár veggir af Smalakofa." segir ennfremur í leiðréttingum við lýsinguna.

Heimildir: Ö-Svarf, 325; Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967

EY-127:019 *Barnamoldarflag* náma 65°53.900N 18°39.150V

"Einhversstaðar á Bakkadal er Barnamoldarflag. Þar var fyrrum tekin mold til að nota sem áburð á börn. Þótti þetta verja þau hörundssviða og sárum (samanber Pétursmold þá, sem um getur í Ferðabók Eggerts Ólafssonar." segir í örnefnalýsingu. Gestur Vilhjálmsson bætir við í leiðréttingum sínum: "Í Ásavíki neðst er Barnamoldarflag, lítill ógróinn blettur með gráleitri leirmold. Var síðast notað sem áburður á börn um síðustu aldamót."

Heimildir: Ö-Svarf, 326; Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest Vilhjálmsson 1.7.1967

Ey-127:020 *Bakkavað* heimild um vað 65°53.751N 18°35.594V

"Í Svarfdælasögu eru nefnd nokkur örnefni á Bakka. Bakkavað er út og niður frá bænum." "Ok nú sjá þeir, at fimmtán menn fara frá Bakkavaði." ÍF IX, 179 sbr. Kaalund II, 96 "Nú er þar varla um vað að ræða, því árnar breyttu sér snemma á þessari öld, og síðan fellur Skíðadalsá í Svarfaðardalsá ofar en fyrir." 1. nmgr ÍF IX, 179 Hinsvegar hafði Þorsteinn Þorsteinsson skrifað um 1865: "Vað er enn á ánni út og ofan undir bænum Bakka, sem svo er kallað enn ..." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 122. Bakkavað var beint niður af Torfulaut, utan og neðan við bæinn. Farvegur Svarfaðardalsár breytist ár frá ári og er farvegur hennar nú mjög frábrugðinn því sem áður var. Vöð hafa því einnig hreyfst til með ánni og engin merki vaðs er að sjá beint niðrundan láginni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 326

Ey-127:021 *Kumlateigur* örnefni legstaður 65°53.747N 18°35.850V

"Í Svarfdælasögu eru nefnd nokkur örnefni á Bakka. ... Kumlateigur virðist nú týndur, en hann er sagður nálægt Bakka, ..." segir í örnefnalýsingu. "Ok nú sjá þeir, at fimmtán menn fara frá Bakkavaði. Þeir mætast þar, sem heitir Kumlhóll eða Kumlateigr ..." ÍF IX, ATH. Þorsteinn Þorsteinsson getur um Kumlateig í skýringum sínum yfir örnefni í Svarfaðardal frá um 1865: "Hann ber sama nafn enn. Hann liggur út við túngarð á Bakka á svokölluðu Gerði; er það að mestu sléttur flötur fram undir bakkanum." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 123. Nú er talið að Kumlateigur sé í hól nokkrum sem er efst og innst í Torfulaut, 150-200 m norðvestan við bæ. Hóllinn er langur og mjór um 15-20 m á lengd en 7 m á breidd. Hóllinn er grasi gróinn og þar sem hann fjarar út til vesturs taka við sléttuð tún við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: ÍF IX, ATH. Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 123; Ö-Svarf, 326

Ey-127:022 *Bakkagarður* heimild um garðlag 65°53.765N 18°35.711V

"Í Svarfdælasögu eru nefnd nokkur örnefni á Bakka. ... Kumlateigur virðist nú týndur, en hann er sagður nálægt Bakka, svo og Bakkagarður, nema það sé bara vallargarðurinn." segir í örnefnalýsingu. "... ok ætlar Ljótólfir at snúa ofan Bleikudal fyrir utan Bakkagarð, en þar var Klaufi fyrir ok bannaði þeim þar at fara." ÍF IX, 180 br. Kaalund II, 96 Tófuklaufin er stundum nefnd Bleikudalur. Engin merki um garð er nú að sjá í eða við dalinn. Möguleiki er á því að umræddur garður hafi í raun einungis verið norðurhluti túngarðsins. Klaufin/dalurinn er um 20 m á breidd og a.m.k. 120-50 m á lengd.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 326

Ey-127:023 garðlag túngarður 65°53.598N 18°35.699V

Túngarður hefur legið umhverfis túnin á Bakka en merki hans eru nú víðast útmáð. Garðurinn má þó greina fast sunnan við kvíarnar (010). Túngarðurinn er á 15-20 m bil yfir tún en hverfur síðan í túnin. Garðurinn er 1,0-1,2 m á breidd og 0,3 m á hæð hann er tæplega 20 m langur og er alveg gróinn.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

EY-128 *Bakkagerði*

Hjáleiga frá Bakka byggð fyrst 1828, fór í eyði 1850 en byggðist á ný 1897. Varð lögbýli 1928. Ekki er lengur búskapur í Bakkagerðum. Óljósar heimildir eru um byggði í Bakkagerðum á 18. öld en til þess mun vísað í kvæði eftir sr. Magnús Einarsson á Tjörn 1769-94.

1917: 1.9 ha. Garðar 240 m².

1990: "Býlinu fylgir dálitill túnskiki suður og niður af bænum og upp af því skák til fjallsins." BE 1990, 164

Ey-128:001 *Bakkagerði* bæjarstæði bústaður 65°53.901N 18°36.393V

Bæjarhúsin sem merkt eru inn á túnakort frá 1917 stóðu á svipuðum stað og íbúðarhúsið nú en elsti hluti þess var byggður 1919. Ekki er greinanlegur bæjarhóll.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-128:002 heimild um útihús 65°53.907N 18°36.452V
8-10 m vestan (ofan) við bæ var útihús 1917 samkvæmt túnakorti. Á þessum stað stendur nú útihús úr bárujárni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-128:003 hesthústöft 65°53.897N 18°36.634V
70-80 m sunnan og ofan við bæinn var hesthús og síðar hænsnakofi. Nú er á þessum stað rabbabarabeð og enn stendur eitthvað af veggjum hússins. Þar sem húsið stóð er nú rabbabarabeð í annars sléttu túni. Dálitlar veggjahleðslur eru enn í kringum rabbabarann en þær eru of ógreinilegar til að hægt sé að teikna þær. Síðast gegndi þessi torfbygging hlutverki reykkofa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

EY-129 Steindyr

10 hdr. 1712. Möðruvallaklaustursjörð. "Um vartit fór [Griss, frændi Ljótólfs goða] til Steindyra ok setti þar bú saman ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 153, sbr. 176, 183.

6.11.1447 eru Steindyr taldar meðal eyðijarða Möðruvallaklausturs - DI IV, 712.

16.9.1507 selur Möðruvallaklaustur sr. Guðmundi Jónssyni Bakka og Steindyr "er ligia þriar j einni torfv er liggia j valla kirkiu sokn j swarfadardal" - DI VIII, 158-59.

24.8.1540 selur Brynjólfur Jónsson Jóni Hólabiskupi Bakka og Steindyr í Vallakirkjusókn - DI X, 551.

15.10.1544 selur Jón Arason Hólabiskup Ara syni sínum Bakka, Steindyr fyrir 10 hdr og Syðra Garðshorn og fleiri jarðir í Svarfaðardal - DI XI, 337.

1552: "Steindyrum. v. kugilldi. x. aurar." meðal jarða sem Ari Jónsson hefur átt - DI XII, 464. Upprekstrarlandi á Þverárdal er óskipti milli Þverár, Steindyra og Bakka. Fornleifar á óskiptu landi á Bakkadal eru taldar með Bakka

1917: 3.4 ha. Allt slétt. Garðar 570 m².

1839: " ... er fjallið að framan upp undir Bakka grösugt, og er þar heyskapur bændanna á Bakka og Steindyrum." SSE, 82;

1990: "Ræktarland er einkum neðan vegarins og er landrými mikið. Teygir túnið sig norðan Þverárinnar langt niður fyrir bæinn niður að Svarfaðardalsá sem litlu framur hefur sameinast Skíðadalsá." BE 1990, 168

Ey-129:001 Steindyr bæjarstæði bústaður 65°53.399N 18°36.858V

Gamli bærinn að Steindyrum stóð norðan við núverandi íbúðarhús, á svipuðum stað og steipt fjós. Ekki er greinilegur bæjarhóll. Þar sem gamli bærinn var er nú steinsteipt bygging.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

Ey-129:002 heimild um fjós 65°53.403N 18°36.863V

Um 20 m ofan (vestan) við gamla bæinn (001) var áður fjós, samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem fjósið hefur staðið eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-129:003 heimild um útihús 65°53.376N 18°36.811V
40-50 m sunnan við bæinn (001) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki útihússins eru nú greinileg en á þessum stað er bakgarður austan við íbúðarhúsið og vegarslóði þar vestan við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-129:004 heimild um útihús 65°53.357N 18°36.877V
Um 60 m sunnan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Útihúsið hefur staðið á svipuðum stað og íbúðarhúsið á Steindyrum nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-129:005 heimild um útihús 65°53.329N 18°36.898V
Um 90 m sunnan við gamla bæinn (001) og 30-35 m sunnan við nýja íbúðarhúsið á Steindyrum var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem útihúsið stóð er nú rennislétt tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-129:006 *Kot/Bakkakot* heimild um býli 65°53.342N 18°35.934V
"Backa kot, eyðihjáleiga. Bygð í heimatúninu fyrir manna minni, en hefur nú í eyði legið næstu 15 ár og áður köflum saman. ... hjáleigan hafði ekkert sjerlega afmarkað slægjuland, heldur það sem heimabóndinn vildi afleggja." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Það er sögn, að [Steindyra]bærinn hafi staði kippkorn utar og neðar, suður og upp frá bænum Bakka. eru þar girðingar vallgrónar og tóftir margar og túnstæði gott. eru tóftir þessar kallaðar Bakkakot. Og ef þessi sögn er rétt, hefur bærinn Bakki verið byggður síðar úr Steindyralandi." segir í örnefnalýsingu, og ennfremur: "Þar sem Þverá fellur í Svarfaðardalsá heitir Steindyranes, oftast kallað Nesið. Út og upp af því heitir Kot, tóftir eftir fornt eyðibýli (líklega)." Í örnefnalýsingu Margeirs Jónssonar eru þessar rústir aðeins kallaðar Kot: "Þar hefur líklega verið býli löngu fyrir manna minni og annað nafn á því er nú gleymt. Þar eru allmiklar tóftir sem virðast vera leifar af bæjarhúsum." eftir nmgr. 5 í Árbók 1975, 111. Nú hefur verið sléttað yfir tóftirnar á Koti. Kotið var rétt ofan við lítinn skógarreit sem nú hefur einnig verið sléttað yfir. Tóftirnar voru þar sem hæð er í túni 50-80 m sunnan við merki við Bakka og 650-750 m austan við Steindyr. Þar sem tóftirnar voru eru nú rennislétt tún.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: JÁM X, 60; Ö-Svarf, 324; Árbók 1975, 111

Ey-129:007 *Torfholt* örnefni rista 65°53.304N 18°36.049V
"Suður undan Koti er Torfholt .." segir í örnefnalýsingu. Torfholt er sunnan við Kotstún en þar eru nú einnig sléttuð tún. Sunnan við skurð sem þar er var þó áður deiglendisvæði þar sem torf var rist og eru tún á þessu svæði grænni og með meiri dældum en allt í kring.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 324

Ey-129:008 *Steindyrastekkur* heimild um stekk 65°53.674N 18°36.832V
"Stekkjartrot ofan vegarins heitir Steindyrastekkur." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m sunnan við merkin við Bakka og nálægt 150 m ofan við þjóðveg var Steindyrastekkur á hól sem er um 40 m norðaustan við 014. Tóftin var á hæð en nú hafa skurðir verið grafnir bæði norðan og vestan við hólinn og útkastinu hefur verið hent upp á hann þannig að tóftirnar eru komnar á kaf og sjást ekki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 324

Ey-129:009 *Steindyrasel* seltóft 65°53.818N 18°37.534V

"Neðan við Hólabrún er Selholt og Steindyrasel." segir í örnefnalýsingu. 90-100 m ofan við fjallgirðingu og í svipaðri fjarlægð frá Þverárgili er Steindyrasel á hól. Selið er á hæð í fjallshlíðinni. Umhverfis eru grasmóar og votlendisteigar á milli. Fast sunnan við hæðina er lítill lækur. Tóftin er þrískipt. Hún er 11 X 6 m að stærð. Op er á tóftinni bæði til austurs og vesturs og einnig virðist vera op á miðjuhólfinu inn í það syðsta.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Svarf, 324



Ey-129:010 *Steindyrarétt* hleðsla rétt 65°53.555N 18°37.131V

"Steindyrarétt er í Þverárgili, norðan árinna, skilarétt fyrir fremra hluta Tjarnarsóknar."

segir í örnefnalýsingu. Steindyrarétt er fast við Þverá um 150-200 m ofan við útihúsin á Þverá norðan árinna. Réttin er á sléttum og grösugum árbakka.




Réttin er alveg fremst á árbakkanum í hvammi við ána. Hún er algerlega grjóthlaðin og eru veggir hæst um 1,2 m. Þverá er farinn að ganga nærri réttinni og hefur hún á allra síðustu árum höggvið nokkra steina úr suðvesturhlíð réttarinnar. Ljósleiðari var lagður í ána við réttina um 1990 og er talið að eftir það hafi áin breytt farvegi sínum meira en fyrr og í kjölfar þess hafi áin gerst aðgangsharðari við réttina.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Svarf, 324


Ey-129:011 tóft 65°53.599N 18°37.222V



60-80 m vestan við réttina (011) og um 20 m austan við garðlagið 012 er tóft á hæð ofan við Þverárgil. Tóftin er á grösugum hól eða mel og umhverfis hana eru melar. Tóftin er 6 X 4 m að stærð og er tvískipt. Op er á austurvegg. Umhverfis tóftina er ferhyrnt gerði. Vesturhlið gerðisins er ekki skýr en aðrar hliðar eru nokkuð greinilegar. Gerðið er um 1 m á breidd en 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Ey-129:012 Sveitarlangur garðlag 65°53.152N 18°37.148V



Um 20 m ofan við 011 hefst mjög breiður garður sem liggur norður-suður í hliðinni. Garðurinn liggur fram hjá 013 og 014 en fjarar þar út og virðist hafa verið sléttað yfir hann. Um 50 m norðan við suðurenda garðsins, rétt aðeins norðar en þar sem hann liggur yfir mýrarsvæði er fast við garðinn, ofan við hann tóft. Þessi garður mun vera hluti af Sveitarlang. Garðurinn liggur yfir mela og mýrarsvæði. Hann er 150-170 m langur og 2-3 m breiður. Hann er mest um 0,5 m á hæð. Tóftin sem er samföst garðinum er 7 m á lengd en 3,5 m á breidd. Hún er tvískipt og um 0,4 m á hæð. Minni leifar annars garðs má greina 60-80 m ofar. Hann er samsíða en ógreinilegri, ekki síst fyrir þá sök við hann hefur á parti verið grafinn skurður og úrkastinu úr honum hent upp á garðinn.

Hættumat: engin hætta

Ey-129:013

2 tóftir


68°53.638N

18°37.138V

Um 15-20 m austan við tóftina á garðlaginu (012) eru tvær tóftir í dæld.

Tóftirnar eru í skjólgóðum og grösugum bala. Vestari tóftin er tvískipt, 6 X 7 m að stærð. Op er á austurvegg hennar. Annað hólfið snýr norður-suður en hitt austur-vestur. Um 30 m norðaustan við þessa tóft er önnur þrískipt. Sú er 4 X 13 m að stærð og er byggð upp við stóran hól (sem 014 standa á) þannig að hann myndar norðurvegg tóftarinnar. Tvö op eru á suðurvegg þessarar tóftar. Tóftin er hæst um 1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta




Ey-129:014

2 tóftir

65°53.634N

18°37.030V



Um 20 m austan við garðinn (012) eru tvær tóftir upp á hól. Syðri tóftin er um 20 m norðan við 013. Tóftirnar eru uppi á þýfðri hæð. Syðri tóftin er 10 X 6 m að stærð og er tvískipt, með op til norðurs. Um 10 m norðvestan við þessa tóft er önnur stærri. Hún virðist tvískipt og er 12 X 7 m að stærð og er með op til vesturs. Hæð veggja í báðum tóftum er 0,7 m.


Hættumat: engin hætta

Ey-129:015

tóft

65°53.670N

18°37.139V



Næstum beint vestan við nyðri tóftina 014 og um 25-30 m vestan við garðinn (012) eru mjög fornleg og gróin tóft. Tóftin er í hringlaga dæld milli hóla sem eru upp af garðlaginu (012). Hún er fornleg og illgreinanleg nema horft sé niður á hana ofan úr fjallinu. Hún hefur verið um 11 X 5 m að stærð og verið tvískipt. Hún snýr austur-vestur og er ekki greinilegt op á henni.

Hættumat: engin hætta

Ey-129:016


garðlag

65°53.247N


18°35.973V

Sunnan við Kotin (006) tekur Torfholt við en á báðum stöðum eru nú sléttuð tún. Torfholtið endar í nokkuð bröttu barði niður til suðurs. Suður undan barðinu er þýft svæði en allt umhverfis eru sléttuð tún. Í dældinni sunnan við barðið má greina garðlag í boga, alls um 25 m langt. Garðurinn liggur í þýflendi í dæld sunnan í barði en skammt austan við er Svarfaðardalsá. Garðurinn er 2 m breiður en og er nokkuð greinilegur nyrst, við barðið. Hann fjarar hins vegar út til suðurs og hverfur í þýflendið.

Hættumat: hætta vegna túnræktar



EY-130 Þverá



40 hdr. 1712. Hólastólsjörð. 1525 er Þverá meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301. 25.12.1550 eru með Hólakirkjujörð Þverá, 40 hdr, ".v. kugillde. landskyld .ij. c." DI XI, 867 - jörðin var meðal þeirra sem Jón Arason lagði til staðarins í biskupstíð sinni - DI XI, 875, 879 sbr. DI XII, 462. 1569: "Med þuera [landsk] kug. oc .c. [med tiundum kug.] .v." Hólareikningur - DI XV, 228. 1570: "Med þuera .v. kug." Hólareikningur - DI

XV, 459. Upprekstrarlandi á Þverárdal er óskipti milli Þverár, Steindyra og Bakka.

1917: 4.74 ha. 3/4 slétt. Garðar 820 m².

1990: "Tún liggja á breiðri skák milli fjalls og ár frá Þveránni að norðan drjúgan spöl fram með Hreiðarsstaðafjalli ..." BE 1990, 170

Ey-130:001 Þverá bæjarstæði bústaður 65°53.373N 18°37.117V

Gamli bærinn stóð 10-15 m vestan (ofan) við íbúðarhúsið á Þverá. Hann stóð allt fram undir 1970 þegar hann var rifinn en hætt hafði verið að búa í honum fáum áratugum áður. Bærinn var rifinn og síðan var sléttað yfir svæðið en aldrei hefur verið mokað neitt ofan í jörðina á þessum stað. Það má því gera ráð fyrir að undir yfirborði jarðar séu enn óhreyfðar mannvistaleifar. Á þessum stað er ekki greinanleg hólmyndun. Nú sléttað hlað fyrir framan bæinn. Sunnan við gamla bæinn var áföst skemma og náði hún suður að birkitré sem stendur á grasflöt sunnan við hlaðið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-130:002 heimild um bænhús 65°53.330N 18°37.106V

"Bænhús er sagt að hjer hafi verið að fornu, sem af sje fallið fyrir manna minni, engin sjást þess nú merki. segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Ekki eru uppi neinar getgátur um hvar bænhús stóð og ekki hefur verið komið niður á bein eða aðrar leifar sem gætu getið vísbendingar um staðsetningu bænhússins. Engar heimildir benda til annars en bærinn hafi um aldaraðir staðið þar sem hann gerði 1917 eða í nánd við þann stað og því er eðlilegast að áætla að kirkja hafi staðið í námunda við 001.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 61

Ey-130:003 heimild um fjárhús 65°53.290N 18°36.871V

250-260 m austan (neðan) við gamla bæinn (001) stóðu áður fjárhús í túni. Þau eru löngu horfin en hæðin þar sem þau stóðu er enn afgerandi í túninu, rétt sunnan við norðurjaðar þess. Á hæðinni sjást nokkrar dældir þar sem hólinn hefur sigið eftir lögun tóftarinnar þó að hann hafi verið rennisléttur eftir að hann var sléttaður. Sléttuð hæð í túni sem dældir eru í.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

- Ey-130:004** heimild um fjárhús 65°53.344N 18°37.083V
 15 m sunnan við íbúðarhúsið og 20 m suðaustan við gamla bæinn (001) var fjárhús. Á þessum stað er hæð með dældum í og má í grófum dráttum greina útlínur tóftarinnar þó að yfir hana hafi verið sléttað. Húsið virðist hafa snúið austur-vestur og skipst í 2 hólf. Húsið var á hæð í sléttuðu túni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- Ey-130:005** heimild um fjós 65°53.349N 18°37.009V
 25-30 m suðvestan við gamla bæinn (001) stóðu fjós og reykkofi hlið við hlið. Fjósið stóð við suðausturhorn hlöðunnar (006). Þar sem fjósið var er nú óræktarblettur milli þjóðveggar og túna austan hans.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- Ey-130:006** heimild um hlöðu 65°53.359N 18°53.143V
 Um 25 m suðvestan við gamla bæinn (001) stóð hlaða við norðvesturhorn fjóssins (005). Þar sem hlaðan var er nú óræktarblettur milli þjóðveggar og túna austan hans.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- Ey-130:007** heimild um fjárhús 65°53.394N 18°37.156V
 Fjárhús úr torfi og grjóti stóðu 55-60 m vestan við gamla bæinn (001) þar sem fjárhús (byggð 1963) standa nú, vestan þjóðveggar. Þar sem fjárhúsin stóðu um aldamótin er nú nýleg fjárhús.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- Ey-130:008** heimild um útihús 65°53.422N 18°37.143V
 50-55 m norðan við 007 voru, samkvæmt túnakorti frá 1917, útihús. Þau eru löngu horfin af yfirborði jarðar því heimildamaður sem kom á bæinn um 1930 segir þau horfinn fyrir sitt minni. Á þessum stað er fremur þýft tún milli Þverár, þjóðveggar og útihúsa.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917
- Ey-130:009** *Þverárgerði* heimild um býli 65°53.024N 18°37.507V
 "Þverargerde heitir ein girðing suður frá landinu, þar sem nú er stekkur heimajarðarinnar. Það ætla menn að sje fornt eyðiból, so sem sýnilegt er af tóftaleifum og víðum girðingum. Aftur má hjer byggja, því túnstæði er sæmilegt, en þó er sú bygging til rýrðar heimajörðunni." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Utan við [Grjóthóla] er Þverárstekkur, eða Stekkurinn svonefndi. Þar mun hafa verið býlið Þverárkot ... Enn sjást þar tunganarðsleifar. Ofan við Stekkinn heitir Stekkjarflötur, hann er rétt austan við akveginn." segir í örnefnalýsingu. Nú hefur verið sléttað úr leifum stekkjarsins sem var á sama stað og Þverárgerði áður. Mannvirkin voru á hól sem enn er greinilegur 40-50 m austan þjóðveggar, nálægt því í landareign Þverár miðri. Einu leifar Þverárgerðis sem sjást nú eru garðleifar um 20 m sunnan við hólinn og um 40 m austan við þjóðveg. Garðurinn nær í um 130 m í boga sunnan og suðaustan við hólinn. Hann liggur í jaðri sléttaðs túns. Garðurinn er um 130 m á lengd og er bogadreginn. Fyrst má greina hann um 40 m austan við þjóðveg en svo liggur hann samfellt í boga í átt til norðausturs að lækjarsprænu. Hann er ekki greinanlegur á fleirum stöðum í túninu enda hefur meirihluti hans sjálfsagt verið sléttaður um leið og hólinn. Garðurinn er um 1,5-2,0 m á breidd og 0,5 m á hæð.
Hættumat: hætta vegna túnræktar
Heimildir: JÁM X, 62; Ö-Svarf, 323
- Ey-130:010** *Torfhóll* örnefni rista 65°53.071N 18°37.190V
 "Leirkeldnamýri er utan og neðan við Stekk og kallast hún Óþrifamýri. Norðan hennar er Torfhóll." segir í örnefnalýsingu. Suðaustan við hólinn þar sem stekkurinn (009) var, kallast Óþrifamýri þar sem slétt tún eru nú og norðarlega í þeim er Torfhóll.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 323

Ey-130:011 Gamlistekkur heimild um stekk 65°53.120N 18°37.958V

"Neðan við Ytri-Grænur er Gamlistekkur og niður frá honum Krókhóll." segir í örnefnalýsingu. Krókhóll er beint fyrir ofan Þverárgerðishól, en um 100 m ofan (vestan) við Þjóðveginn. Ofan við Krókhól taka við sléttuð tún á um 100 m svæði en því næst þýfð og brattari hlíð. Heimildamaður mundi eftir óljósum tóftum á þessum slóðum en sagði þær horfnar fyrir löngu. Þar sem Gamlistekkur var eru nú sléttuð tún en svo taka þýfðir hagar við ofar.

Hættumat: hætta vegna túnræktar


Heimildir: Ó-Svarf, 323

Ey-130:012 náma mógrafir 65°52.833N 18°37.935V

15-25 m norðan við suðurmerkin eru svarðargrafir sem enn eru mjög greinilegar. Grafir þessar eru í sléttuðu túni um 20 m vestan við Þjóðveg. Á undanförunum árum hefur heyi og öðru rusli verið hent ofan í þær í von um að gera minna úr þeim. Það hefur lítinn árangur borið. Grafirnar eru mjög greinilegar í sléttuðu túninu. Þær eru 20 x 50 m að stærð og 1,0-1,5 m djúpar.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Ey-130:013 hleðsla kvíar 65°53.438N 18°37.177V



Um 10 m vestan við vélageymslu sem stendur á árbakka Þverár, vestan vegar, eru grjóthlaðin tóft. Samkvæmt heimildamönnum var þar rétt en hleðslurnar mynda aðeins 2 hólf þannig að ekki hefur hún verið stór og líklega réttara að kalla hana kvíar. Tóftin er um 100 m frá bæ. Hún stendur á sléttu grasivöxnu svæði en rétt vestan við tekur brött og þýfð hlíðin við. Tóftin er grjóthlaðin. Hún er eitt stórt hólf 7 X 7 m að stærð og norðan við annað minna 3 X 3,5 m. Op er á tóftinni til austurs en hún er um 0,4 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-130:014 frásögn um hesthús 65°53.422N 18°37.208V

Gömul hesthús stóðu áður þar sem nú er fjós til móts við Þverárbæinn vestan vegar. Hesthúsin stóðu rétt ofan við fjárhúsin (007).

Hættumat: hætta vegna ábúðar

EY-131 Hreiðarstaðir

60 hdr 1712 með Hreiðarstaðakoti en 40 hdr. sjálf heimajörðin. Bændaeign. "... ok fór Hreiðarr út til Íslands ok bjó norðr í Svarfaðardal, þar sem síðan heitir á Hreiðarsstöðum, ok gerðist mikill maðr fyrir sér ... Bjó hann til elli í Svarfaðardal, ok eru margir menn frá honum komnir." Hreiðars þáttur, Íslendinga sögur VIII, 325.

16.9.1502 geldur Grímur Pálsson Gottskálk Hólabiskupi 20 hdr í Hreiðarsstöðum, en Jón Vilhjálmsson hafði selt partinn Grími - DI VII, 611.

8.6.1505 sór Björn Jónsson að hann hefði aldrei gefið vitnisburð um jarðakaup Jóns Sigmundssonar og Guðmundar Ólafssonar um 12 hdr í Hreiðarsstöðum - DI VII, 773-74.

6.6.1520 eru Hreiðarstaðir taldir meðal þeirra jarða sem hafði borið undir Hólastól í tíð Gottskálks biskups ".lxc. vj kugildi. Landskyllid. ij. og keypter af morgum fyrir fulla peninga." DI VIII, 729.

1525 voru Hreiðarstaðir meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301.

25.12.1550 eru Hreiðarstaðir, 60 hdr, meðal þeirra jarða sem höfðu burt lógast frá Hólakirkju í tíð Jóns Arasonar - DI XI, 873 sbr. DI XII, 460. Stóllinn átti þar þó enn eitt kúgildi - DI XI, 870.

21.9.1551 selur Vigfús Þorsteinsson Margréti Þorvarðsdóttur Hreiðastaði í Urðasókn - DI XII, 309.

8.4.1568 eru kaupin staðfest - DI XV, 77.

2.5.1688 hefur Páll Björnsson fengið sr. Sigurði Jónssyni prófasti 11 hdr í Hreiðarsstöðum - Jarðabréf, 225. 19.5.1703 eiga Sigurður Jónsson og Helga Pálsdóttir "Í Hreiðastöðum í Svarfaðardal xic, leigist fyrir 55 ál., 2 kúg." JÁM XIII, 253.

20.6.1703 á Guðmundur Sigurðsson "Í Hreiðarstöðum xlix [leiga] 2c 5 ál. [kúgildi] 9." og hafði hún skipst konu hans Guðrúnu Eggertsdóttur til heimanfylgju 1689 - JÁM XIII, 144. Bænhús eða hálfkirkja var á Hreiðarsstöðum. Talin 25 hdr 1847. Hreiðarstaðakot hjáleiga byggð fyrir manna minni 1712. Hreiðarstaðir áttu vetrarþing í Tungufellshálsi gegn engjaheyskap í s.k. Tungufellsparti. Einnig áttu Hreiðarstaðir skipsuppsátur á Karlsá gegn heyskaparítökum - Ó-Svarf, 321


1917: 6.1 ha. 3/4 slétt. Garðar 225 m².

1990: "Túnið liggur í hólum og hjöllum á milli fjallsins og Svarfaðardalsár. Syðst er það mjótt og aðkreppt milli ár og fjalls en breikkar og breiðir úr sér þegar norðar dregur." BE 1990, 172

Ey-131:001 Hreiðarstaðir bæjarstæði bústaður 65°52.524N 18°38.082V
Gamli bærinn, sem merktur er inn á túnakort frá 1917, stendur enn. Hann er spölkorn suðaustan (neðan) við núverandi íbúðarhús. Gamli bærinn stendur fast suðvestan (innan) við bárujárnsklætt hús (vélaskemmu). Bærinn stendur á sléttri flöt og í honum var búið fram til 1970. Bærinn er nú byrjaður að hrynja og hann er á kafi í gróðri. Grunnflötur hans er um 10 X 14 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-131:002 heimild um bænhús 65°52.460N 18°38.259V
 "Hálfkirkja eður bænhús er hjer, en ekki tíðir veittar í manna minni, stendur húsið enn með afþiljuðum kór." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Ekki er lengur vitað hvar bænhúsið var en líklega hefur það staðið í námunda við bæinn. Rétt fyrir 1970 stóð til að slétta aflanga hólinn sem er í túninu suðvestan (innan) við gamla bæinn 001. Þegar farið var með jarðýtu á svæðið sem er í námunda við símastaur (um 10 m neðar) á hólnum var komið niður á mikið magn af mannabeinum. Vegna þessa var framkvæmdum hætt og ekki hefur verið hreyft við hólnum síðan. Beinín fundust í hól sem er aflangur (inn-út) og var beinafundurinn í um 80 m fjarlægð frá gamla bænum 001.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 322 og JÁM X: 62

Ey-131:003 heimild um útihús 65°52.489N 18°38.148V
 Um 40 m suðvestan (innan) við gamla bæinn (001) og um 8 m norðaustan við 004 er dæld eftir byggingu sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Dæld þessi er í norðaustur jaðri hóls sem á þessu svæði liggur suðvestur-norðaustur (út-inn). Dældin er norðarlega í hólnum en er nú að miklu leyti rofin eða blásin. Dældin er eftir hlaðna súrheysgryfju. Stærð hennar er um 4 X 4 m.

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:004 útihústóft 65°52.457N 18°38.221V



Gamli bærinn (001) stendur neðarlega í túni. Suðvestan (innan) hans er lægð í túninu en suðvestan hennar aflangur hól sem snýr SV-NA (út og inn). Yst (norðaustast) á þessum hól var útihúsið (003) samkvæmt túnakorti frá 1917, en annað útihús var um 8 m suðvestar (innar). Á þessum stað eru gróin tóftarbot. Tóftarbotin eru nokkuð stór og standa á grónum hól í sléttuðu túni. Tóftin er alveg gróin og þó erfitt sé að greina nákvæmlega innri lögun tóftanna þá eru útlínur hennar nokkuð skýrar. Hún er um 10 X 20 m á stærð og skiptist í allt að 6 hólf.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:005 heimild um útihús 65°52.520N 18°38.154V

Um 30 m norðaustan (utan) við gamla bæinn (001) og 10 m norðvestan (ofan) við nýleg fjárhús var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þau hafa verið um 20 m suðvestan (innan) við vegarslóða sem liggur frá íbúðarhúsinu á Hreiðarsstöðum að fjárhúsunum. Á þessum stað er nú slétt grasflöt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:006 heimild um fjárhús 65°52.529N 18°38.191V
 Á svipuðum stað og fjósið stendur nú, eða um 80 m norðan (ofan og utan við) við gamla bæinn (001), var fjárhús, kvíar og hlaða. Ekkert sést nú til þessara bygginga. Þar sem fjárhúsin voru áður er nú steipt fjós eða í norðurjaðri þeirra.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:007 heimild um útihús 65°52.561N 18°38.180V
 Á svipuðum stað og fjósið stendur nú, eða um 80 m norðan (ofan og utan) við gamla bæinn (001), var útihús 5-7 m ofan við 006. Ekkert sést nú til þessa húss. Á þeim stað sem fjárhúsin voru áður er nú steipt fjós eða í norðurjaðri þeirra.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:008 heimild um útihús 65°52.564N 18°38.173V

Útihús var um 70 m norðan við 006 og 007 á stað þar sem nú er ávöl hæð í túni. Útihúsið var um 30 m vestan (innar og ofar) við 009. Þar sem útihúsið var eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:009 heimild um útihús 65°52.608N 18°38.112V

Um 80 m frá kálgarðinum sem merktur er inn á túnakort frá 1917 og sést enn, var áður útihús. Útihúsið var um 65-70 m norðan við 006 og 007. Húsið er löngu horfið en þar sem það hefur staðið er dældótt hæð í túni. Útihúsið stóð þar sem nú er hæð með dældum í en allt í kring eru rennislétt tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:010 heimild um útihús 65°52.592N 18°38.017V

Um 20-25 m austan (utan og neðan) við 009 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað er hæð í túni og á henni má greina nokkrar dældir þar sem útihúsið hefur staðið. Á 1-2 stöðum má sjá óljósar steinhleðslur í grasótinni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:011 heimild um útihús 65°52.503N 18°38.30V

Nálægt 15 m suðaustan (neðan) við gamla bæinn (001) var fiskihjallur sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Á þessum stað er nú óræktarsvæði neðan við gamla bæinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:012 *Jónshús* heimild um útihús 65°52.525N 18°38.288V

"Sunnan við bæ er Svíri og Jónshús (peningshús) upp frá því." segir í örnefnalýsingu. Jónshús stóðu á Jónshúshóli, þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Engar leifar Jónshúss eru merkjanlegar lengur enda hefur bygging íbúðarhúss á staðnum eyðilagt það sem fyrir var.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:013 *Oddsgerði* örnefni fjárhús 65°52.571N 18°38.159V

"Út og upp frá bæ, utan Bæjarlækjar, heitir Oddsgerði." segir í örnefnalýsingu. Þar sem Oddsgerði var eru nú sléttuð tún. Oddsgerði var fjárhús og hlaða sem stóðu utan bæjarlækjar og fremur ofarlega í túni. Þau hafa verið á svipuðum stað og útihúsin (008) og er mögulegt að um sömu hús sé að ræða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:014 *Geitarhús* heimild um geitakofa 65°52.501N 18°37.876V

"Í Tungufellsparti eru Geitarhúsabrot ..." segir í örnefnalýsingu. Geitarhúsin stóðu á hól, utan og neðan við fjósið, í miðju túni. Engin merki þeirra sjást lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:015 *Tófukofanef* örnefni skotbyrgi 65°52.470N 18°37.871V

"Í Tungufellsparti eru Geitarhúsabrot og niður frá þeim gengur Tófukofanef fram í ána." segir í örnefnalýsingu. Engin merki tófukofa eru á árbakka Svarfaðardalsár í landi Hreiðarsstaða en nef gengur út í ána um 50 m sunnan við brúna sem er á ánni í landi Hreiðarsstaða.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:016 *Réttarhvammur* heimild um rétt 65°52.575N 18°37.714V

"Utan við [Tungufellspart] er Réttarhvammur, en þar var áður fjárrétt, rétt ofan við hvamminn." segir í örnefnalýsingu. Réttarhvammur er 10-20 m norðan við brúna á Svarfaðardalsá í landi Hreiðarsstaða. Þar sem réttin var áður er nú ræktað græn fóður. Síðasta réttin sem stóð á þessum stað var úr tré.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:017 garðlag landamerki 65°52.653N 18°37.106V

"... nyrzti og neðsti hluti engjanna heitir Merkisnef, en þar er komið að landamerkjagarði á Þverármerkjum." segir í örnefnalýsingu. Á merkjum við Þverá er nú skurður og engin merki garðsins eru greinileg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 321


Ey-131:018 frásögn um öskuhaug 65°52.504N 18°38.147V

Suðvestan (innan) við gamla bæinn (001) og suðaustan við trjáreitinn, sem er við hlið gamla bæjarins, var öskuhaugur. Svæðið sem haugurinn var á er hæð og brekka fram undan hæðinni. Svæðið er grasi gróið. Lítil merki um hauginn sjást nú enda hefur hóllinn sjálfur verið skemmdur. Ekki var þó grafið ofan í hólinn og því leynast leifar öskuhaugsins sjálfsagt undir yfirborði jarðar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 322

Ey-131:019 tóft 65°52.649N 18°39.469V



Á árbakkanum upp af Svarfaðardalsá er tóft. Vestan við ána er sléttur árbakki sem nær um 100 m til vesturs. Þá tekur verið brekka eða hólasvæði um 150 m sunnan við merki við Þverá. Suðvestan við neðsta hólinn eru tóftir. Tóftin er um 150 m sunnan við merki og um 100 m vestan við Svarfaðardalsá í dæld milli hóla. Tóftin stendur í dæld milli hóla. Hún er tvískipt og er 5 m að breidd og 6 m á lengd. Ekki er lengur hægt að greina hvar opið á tóftinni var.

Hættumat: engin hætta

Ey-131:020 náma mógrafir 65°52.601N 18°38.353V

5-10 m norðvestan (ofan) við þjóðveginn, beint ofan við bæinn (001) sjást enn greinileg merki mjög djúpra svarðargrafa. Umhverfis grafirnar eru sléttuð tún. Grafirnar eru a.m.k. 20 X 15 m að stærð og eru mjög djúpar þrátt fyrir að heyi og fleiru hafi verið kastað ofan í grafirnar á liðnum árum. Grafirnar eru um 1,5 m djúpar.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 322

Ey-131:021 gata leið 65°52.506N 18°38.048V

Inn á túnakort frá 1917 er merktur upphlaðinn vegur sem enn sést greinilega norðarlega í túni. Vegurinn sést rétt norðan við gamla bæinn (001) og liggur til norðurs langleiðina í átt að brúnni á Svarfaðardalsá. Vegurinn liggur að mestu yfir sléttuð tún. Vegurinn er upphlaðinn. Hann er grasi gróinn og er um 2-3 m á breidd en 0,6-0,7 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Ey-131:022 garðlag kálgarður 65°52.523N 18°38.319V

Beint ofan við 004 en neðan við íbúðarhúsið eru leifar kálgarðs. Garðurinn er í brattri brekku. Hann er um 15 m á lengd en 10 m á breidd. Hann er grjóthlaðinn og er tæpur 1 m á breidd en 0,3 m á hæð.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-131:023 Draughóll þjóðsaga um legstað
65°52.581N 18°38.489V

"Sunnan við bæjarlæk í Hreiðarstaðakoti heitir Draughólsengi og er Draughóll syðst í því ... Munnmælin herma, að Hreiðar heimski sé heygður í Draughólnum." segir í örnefnalýsingu. Draughóll er í raun í landi Hreiðarsstaða en nálægt merkjum við Hreiðarsstaðakot. Hóllinn er um 20 m vestan við þjóðveg. Fast vestan við Draughóllinn er garðlagið (025). Hóllinn er grasi gróinn en umhverfis eru þýfðir hagar. Ekki ganga neinar sögur um hólinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 322



Ey-131:024 náma mógrafir 65°52.805N 18°37.954V

Rétt norðvestan (ofan) við þjóðveginn og norður undir merkjum við Þverá eru greinilegar svarðargrafir. Umhverfis svarðargrafirnar eru þýfðir hagar. Grafirnar eru um 25 á lengd en 10 m á breidd. Dýpt þeirra er um 0,9 m.

Hættumat: engin hætta

Ey-131:025 garðlag 65°52.601N 18°38.530V


5-10 m norðvestan (ofan) við Draughól er garðlag sem liggur skáhalt norður-suður á móasvæðinu. Garðurinn liggur yfir móasvæði. Garðurinn er 1,5 m á breidd og um 0,8 m á hæð. Hann er mjög greinilegur í 30-40 m og fjarar þá út þó óljós megi greina hann á ýmsum öðrum stöðum. Mögulegt er að garður þessi hafi verið einhvers konar náthagi eða vörslugarður.

Hættumat: engin hætta


Ey-131:026 stekkjartóft 65°52.710N 18°38.641V

Stekkjartóftir eru á grasi gróinni hæð efst í mýri ofan við þjóðveginn. Stekkjartóftin er nærri því að vera til móts við hlöðu á Hreiðarsstöðum. Tóftin er 2 m neðan við fjallgirðingu og 500-600 m norðan (utan og ofan) við Hreiðarsstaði. Stekkjartóftin er á hæð og umhverfis hana er fremur slétt graslendi. Tóftin er 6 X 12 m að stærð og er tvískipt. Op er á norðvesturhlið. Tóftin er um 0,8 m á hæð og nokkuð ber á grjóthleðslum í henni. Tóftin samanstendur af löngu og mjóu, ferhyrningslaga hólfi og öðru hringlaga inn af því.

Hættumat: engin hætta



Ey-131:027 stekkjartóft 65°52.916N 18°38.511V




Stekkarleifar eru nálægt merkjum Hreiðarsstaða og Þverár. Tóftin er um 50 m sunnan við merkin og 20-30 m neðan við fjallgirðingu. Umhverfis tóftina eru þýfðir móar. Stekkurinn er tvískiptur. Nyrðra hólfið skiptist í tvennt og er annað þeirra með garða eftir miðjunni. Syðra hólfinu er einnig skipt í tvennt. Stekkurinn er 10 X 10 m að stærð og veggir um 0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

EY-132 Hreiðarstaðakot

20 hdr. 1712 Hjáleiga frá Hreiðarstöðum og taldist þriðjungur þeirrar jarðar. Bændaeign. Jörðin var byggð fyrir manna minni 1712 og var talin lögbýli 1847.

1917: 3.5 ha. 1/2 slétt. Garðar 366 m². 1990: "Á þessum slóðum kreppir áin nokkuð að og er undirlendi harla lítið vestanvert í dalnum. Túnið er því nokkuð bratt og ekki mikið á þverveginn en liggur í hólum og lægðum milli ár og fjalls nokkurn spöl fram með ánni." BE 1990, 174 Örnefnið Svínabæli í Efribrún bendir til hagagöngu svína á fyrri tíð í Hreiðarstaðakotslandi - Ö-Svarf, 322



Ey-132:001 Hreiðarstaðakot bæjarhóll

bústaður 65°52.389N 18°38.618V
25-30 m neðan og utan við steyp fjárhús og fjós neðan við íbúðarhúsið í Hreiðarstaðakoti er gamli bæjarhóllinn. Þar sem bærinn stóð áður er nú grænn, dældóttur hóll í túni. Bæjarhóllinn er mjög greinilegur og er um 32-34 m á lengd en 22-24 m á breidd. Á hólnum eru töluverðar dældir. Í sumum dældanna er svolítið rof og í aðrar hefur rusli verið hent. Á einstaka stað má sjá hleðslur en

heildarmynd tóftanna er ekki greinileg. Síðasti torfbærinn á þessum stað brann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-132:002 heimild um útihús 65°52.406N 18°38.624V

Útihúsið hefur staðið fast sunnan við gamla bæinn (001) samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur því staðið á bæjarhólnum og e.t.v. brunnið um leið og bæjarhúsin. Miklar dældir eru greinlegar á bæjarhólnum en ekki er hægt að segja hvernig umrætt útihús hefur nákvæmlega verið í laginu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-132:003 heimild um útihús 65°52.366N 18°38.602V

Um 20 m ofan (vestan) við suðurjaðar bæjarhólsins var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Útihús þetta hefur staðið rétt neðan við fjárhúsin sem nú eru í Hreiðarstaðakoti. Þar sem húsin hafa verið er óræktarblettur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-132:004 heimild um útihús 65°52.390N 18°38.642V

Beint upp af 002 og fast suðaustan við suðausturhorn 003 var annað útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki sjást um það lengur. Óræktarblettur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

Ey-132:005 heimild um útihús 65°52.409N 18°38.720V
Um 20 m ofan við 003 og um 50 m ofan við norðurjaðar gamla bæjarins (001) stóð útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem útihúsið hefur staðið er nú óræktarsvæði norðan við steypa fjósið-fjárhúsið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

Ey-132:006 heimild um útihús 65°52.377N 18°38.683V
Um 5 m neðan við 005 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki þess sjást lengur. Þar sem útihúsið hefur staðið er nú óræktarsvæði.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


Ey-132:007 heimild um útihús 65°52.428N 18°38.535V
Um 20 m norðvestan við sáðreitinn og tæpum 100 m norðar (og aðeins vestar) en gamli bærinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Útihúsin hafa staðið á Gerðahól (008) og þar sem þau hafa staðið eru dældir í sléttuðum hólum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

Ey-132:008 *Gerðahóll* garðlag kálgarður 65°52.432N 18°38.910V

"Norðan við bæinn í Hreiðarsstaðakoti hét sléttur skiki út úr aðaltúninu Skott. Ofar er Gerðahóll." segir í örnefnalýsingu. Útihús 007 stóð á Gerðarhól en þar er einnig leifar kálgarðs sem hlaðið hefur verið umhverfis. Gerðahóllinn er 80 m norðan (utan) við bæjarhólinn (001).


Kálgarðurinn er í töluverðum halla sunnan í hólum sem er grasi vaxinn. Garðurinn er ferhyrður 12 X 20 m að stærð en ekki nema 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 321




Ey-132:009 *Stekkur* stekkjartóft 65°52.549N 18°38.924V
"Beint upp undan bænum er Stekkjarhall og Stekkurinn (tóftarbrot) þar rétt ofan við. ... Nokkru ofar en Stekkjarmóarnir, sem eru umhverfis stekkin, heita grösugir gilskorningar Giljabotnar. Engjarnar þar upp undir heita Grundir." segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóftin er enn greinileg enda stendur hún á hæð í hlíðinni. Tóftin er um 100 m sunnan (innan) við merki við Hreiðastaði og um 150 m ofan við fjallgirðingu (neðri). Í kring eru þýfðir hagar. Tóftin er 9 X 4 m að stærð og skiptist í 2 hólf. Hún er hlaðin að innan en op er til vesturs. Veggir eru 1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 321



Ey-132:010 *Selhóll* seltóft 65°52.691N 18°39.753V



"Neðribrún er allhátt uppi í hliðinni og á henni Selhóll, beint upp frá bænum." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt henni er Selhóll á Neðribrúninni en kunnugir telja að villa sé í lýsingunni þar sem Selhóllinn sé upp á Efribrún. Enginn hóll sem kæmi til greina er á Neðribrún og undirlendi þar er takmarkað. Á Efribrún er hins vegar hóll sem í daglegu tali er nefndur Selhóll og á honum er tóftir sem þó virðast fremur vera af einhvers konar smalakofa en seli. Reyndar er staðurinn ekki mjög heppilegur fyrir sel þar sem hann er

mjög hátt uppi (eða um 800 m h.y.s.) og leiðin upp á Efribrún er mjög brött. Selhóllinn er á hæðinni sem er á milli merkjalækjarins og annarrar sprænu norðar. Tóftin er um 40 m ofan við Efribrúnina. Gróin fjallshlið. Tóftin er alveg hlaðin en hleðslurnar eru grónar. Hún er ferhyrnd og um 2 X 2 m að stærð, með op niður í mót. Hæð hleðslanna er 0,3 m en breidd veggja er um 0,7.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-132:011

heimild um fjárhús

65°52.420N

18°38.815V


Innan við bæjarhólinn (001) er annar langur hóll í túninu. Beint ofan við hann voru fjárhús sem sjást á ljósmynd sem tekin var fyrir síðustu aldamót. Fjárhúsin hafa staðið á svipuðum stað og íbúðarhúsið í Hreiðarstaðakoti nú eða rétt aðeins innar.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Hreiðarstaðakotsættin, 11

Kort 10

Þornleifakort fyrir Urðir og Þorleifsstaði





80 hdr. 1712, 100 hdr 1476. Kirkjustaður. Bændaeign. Gunnólfur gamli landnámsmaður í Ólafsfirði átti Gró dóttur Þorvarðs frá Urðum - Landnámabók (SH), ÍF I, 246, 247. "Nú fara þeir Ljótólfur yfir ána hjá Teigarhöfða, en þeir Karl ok Klaufi neðan eptir eyrunum at Urðarhúsum ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 170. "Boðvarr hyggju vér, at búit hafi at Urðum, sonr Eyjólfur breiðhofða, er Urðamenn eru frá komnir. Eyjólfur breiðhofði var sonr Þorgils mjöksiglanda." Svarfdæla saga, ÍF IX, 208.

1198 höfðu Þórðarsynir, Arnþrúðarsynir og Þorsteinn Urða-Steinn "dagverð að Urðum, þar bjó þá Ormur prestur Fornason ..." Guðmundar saga dýra, Sturl, 157.

1255 er getið um Þorgeir Hjaltason frá Urðum í liði Eyjólfur ofsa og Hrafn Oddssonar - Íslendinga saga, Sturl, 665.

1318 átti kirkjan á Urðum land á Skröflustöðum og annað á Hóli, Kiðahólm og Maríuhólm - DI II, 456, en síðar eignaðist hún 7 hdr í Auðnalandi - DI II, 457.

12.6.1386 gefur Þorsteinn lögmaður Eyjólfsson Urðakirkju í testamenti sitt 5 kúgildi undir þeirri grein og skilmála að bóndi sá er býr að Urðum skal gefa fyrir hans sál 3 fjórðunga smjör og hálfu vætt skreiðar hvern Andrés messu dag æfinlega og láta segja sálumessu hvern hans ártíðardag - DI III, 392.

1394 á kirkjan á Urðum land á Skröflustöðum og annað á Hóli og 7 hdr í Auðnalandi - DI III, 512.

6.6.1409: sagði ion [Sighvatsson seljandi Tungufells] at kirkian at wrdvm ætti attfedmings torfskurd í tvngvfellz iord firir utan þvergard - DI III, 722.

1429 á kirkjan á Urðum: Landh a skraflastodum. annat a hole. seu hundrut i audnum ... Þetta hefuær anfinnr þorsteinsson til lagt. tuttugu hundrot j audhnum - DI IV, 371-72.

1431 á kirkjan "audner oc skraflustadæ. ero bader eydæ ... Jtem aa kirkian halfuan hellu Reka er annfinnr gaf oc lukti j ræikninghskap." DI IV, 464.

1471 er kirkjumáldagi fyrst samhljóða 1394 en 1477 er bætt við að kirkian eigi Skraflastaði og Holt [svo] og að Arnfinnur Þorsteinsson hafi lagt til Mela og Köngustaði fyrir 5 hdr og 60 en ennfremur átti kirkjan þá 7 hdr í Auðnum - DI V, 260.

20.11.1476 eignaðist Guðni Eyjólfsson til kaups við Guðrúnu Þorkelsdóttur m.a. Urðir fyrir 100 hdr - DI VI, 92.

8.5.1505 stefnir Gottskálk Hólabiskup Jóni Sigmundssyni m.a. fyrir "vorar vtlausner ... Tvær fyrer vrdar kirkiu ..." DI VII, 768.

7.1.1508 stefnir Gottskálk Hólabiskup Jóni Sigmundssyni "ad hann hefði osuarliga fared med kyrkiunnar goz ä urdum í suarfardardal fausto og lauso og under sig dreiged. än biskupsens vilia og leyfis ... dæmdum vier fyrrgreinda peninga fallna uppi Jordena ä Urðum til eignar firir fornann og nyann reikninghskap. og biskupenn mega taka ad sier frialslega fyrr greinda Jord ad næstum fardogum. kyrkiunnar uegna ä Urðum. og oll hennar goz fost og laus. ... þar til er þeir leisa aptur sem med logum eiga ad leisa." DI VIII, 183-84,

sbr. DI IX, 50-52.

1.7.1510 er Jón Sigmundsson dæmdur réttur eigandi Urða, eða Einar sonur hans, og skal hann mega taka garðinn ef hann borgar aftur skuld sína vð kirkjuna - DI VIII, 319-20.

29.4.1512 dæmir prestadómur að þar sem Gottskálk biskup hafi til sín tekið Urðir eftir dóminn 1508 en eigi aðra peninga svo vitað sé nema kirkjunnar peninga og að engin fé hafi komið fram fyrir reikningsskap Jóns Sigmundssonar við Urðakirkju, skuli Urðir verða æfinleg eign kirkjunnar nema Jón borgi fyrir næstu fardaga - DI VIII, 373-74.

6.6.1520 eru Urðir "med sijnum kotum logd til Beneficium" samkvæmt testamenti Gottskálks. - DI VIII, 732.

1525 eru Urðir taldar meðal jarða Hólastóls - DI IX, 301.

25.12.1550 voru "a Urdum. kýr. xi. naut a annan uetur .j. og kuigur .ij. a annan uetur. naut a fyrsta vetur. xiiij. Asaudur. lxxx. og .vj. Gellder sauder med hrutum .xx. og iiij. Laumb heima og j eldum .xl. og .v. hestur j. hross .iij. smior .xv. vætter." DI XI, 857.

1569: "Med vrdum [landsk.] .iiij. .c. [med tiundum kug.] .xij." Hólareikningur - DI XV, 228.

1570: "Med Vrdum .xij. kug." Hólareikningur - DI XV, 459.

23.4.1649 selur Hákon Gíslason móður sinni Margréti Jónsdóttur þriðjung í Urðum með þeim þriðjungi sem Urðakirkja á í jörðinni, fyrr 30 hdr - Jarðabréf, 10.

18.5.1668 staðfestir Friðrik III makaskipti hjónanna Gísla Sigurðssonar og Þorbjargar Vigfúsdóttur þar sem Gíslu fékk m.a. 24 hdr í Urðum - Jarðabréf, 11.

23.2.1702 selur Guðmundur Sigurðsson Birni Þorleifssyni biskupi 55 hdr og 24 álnir í Urðum - Jarðabréf, 61.

1712 voru Gróugerði og Þorleifsstaðir hjáleigur nýlega farnar í eyði.

1712 voru Skröflustaðir lögbylissjörð í eign Urðakirkju sem farið hafði í eyði 1706 og hefur hún síðan verið sameinuð Urðalandi. Þar var þó byggð öðru hvoru fram um 1870. Urðakirkja átti selland á Teigi handan Svarfaðardalsár, og tilheyrir það enn Urðalandi, og afréttarlandið Hnjótafjall framan við Atlastaði.

1917: 7.7 ha. 9/10 slétt. Garðar 930 m².

1839: "[Búrfellsdalur hefur að heiman] nokkurt beitiland fyrir fé á sumardag, en brunahraunhóla fyrir framan ... Landslagið [á Teigarfjalli] er víðirblandaðir grasgeirar upp á millum skriðuhlaupanna og þar fyrir neðan grasgrónar lágur millum uppblásinna melhóla, en annars kjarnfint land fyrir skepnur, einkum sauðfé; þó nokkuð snöggt. 2 SSE, 75-76.

1990: "Túnið er aflíðandi milli árinna og "hraunjaðarins" en undir því er skriða. Er það mjög grasgefið og snemmsprottið eins og títt er um slík skriðutún. Norðan við túnið tekur Urðaengið við en það eru grónar skriður niður undan Urðahrauninu sem er stórt framhlaup. Litlir túnbleðlar eru hvarvetna þar sem þeim verður við komið innan um urðirnar." BE 1990, 176

Ey-133:001 *Urðir* bæjarstaði bústaður 65°51.824N 18°41.599V

Um 6 m ofan (norðan) við íbúðarhúsið sem nú stendur á Urðum og 20 m innan (vestan) við kirkjuna stóð gamall torfbær um síðustu aldamót og síðar timburhús með steypu bakhúsi sem rífið var 1997. Þegar torfbærinn var rífinn var honum rutt út í skógarreit sem þar er aðeins utar og ofar, fast ofan við norðvesturhorn kirkjunnar. Ekki sést greinilegur bæjarhóll en lá hæð er í túninu á þessum stað. Þar sem bæjarhúsin stóðu áður er nú opið sár eftir að síðustu leifar bæjarins voru rifnar 1997. Sárið sem nú er greinilegt eftir bæinn er um 20 X 15 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-133:002 heimild um kirkju 65°51.818N 18°41.623V

"Kirkjan sem byggð var 1902 stendur vestan við kirkjugarðinn, milli hans og bæjarins." Kirkjan er um 20 m austan (utan) við gamla bæinn (001) og stendur á aflíðandi, grasi vaxinni flöt. Kirkjugarðurinn er 2-3 m austan við austurgafli kirkjunnar. Kirkjan og garðurinn eru á aflíðandi grasflöt rétt utan við þar sem gamli bærinn stóð. Kirkjan hefur í upphafi staðið í kirkjugarðinum miðjum en kirkjan sem þar stóð síðast fauk um aldamótin 1900. Eftir það var kirkjan færð til til vesturs, út úr kirkjugarðinum þar sem hún stendur enn. Kirkjan er úr timbri og stendur á hlöðnum grunni. Verið er að gera hana upp. Kirkjugarðurinn er girtur af með tré- og vírgirðingu. Um 1985 var allur garðurinn sléttaður og hann girtur af. Fram að því var hann lítið girtur. Í garðinum eru nú aðeins 3 legsteinar. Í garðinum eru 3 tré. Þegar hornstólpar girðingarinnar voru steypir komu menn niður á bein og bendir það til þess að garðurinn hafi einhvern tíma verið stærri, a.m.k. náð lengra til austurs. Hafa ábúendur síðar gætt þess að engar framkvæmdir eigi sér stað austan í garðinum.

Seinast var grafið í kirkjugarðinum 1942 en eftir það hefur verið grafið í garði sem er ofar (ofan við þjóðveginn) á hæð (sem kölluð er bæjarhóll). Nýi garðurinn er um 30-40 m norðaustan við eldri garð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-133:003 *Hesthústunga* heimild um hesthús 65°51.808N 18°41.822V

Hesthús var 130-140 m beint vestan (innan) við gamla bæinn, þar sem nú er hæð efst í túninu, efst við túngirðingu. Þessi staður er jafnan nefndur Hesthústunga. Þar sem hesthúsið var áður eru nú sléttuð tún. Einar Hallgrímsson man eftir hesthúsinu frá fyrstu ferðum sínum til Urða á 3. og 4. áratugnum en þau voru horfin þegar hann hóf búskap á Urðum 1946.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-133:004 heimild um fjós 65°51.800 18°41.550V

Um 15 m sunnan (neðan) við kirkjugarðinn og um 60 m austan (utan) við gamla bæinn (001) stendur nú steipt hlaða og fjós en á sama stað var áður fjós úr torfi og grjóti, um 20 m sunnan (neðan) við kirkjuna. Þar sem torffjósið stóð eru nú steipt útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-133:005 heimild um útihús 65°51.837N 18°41.551V

40 og 50 m norðaustan (utan og ofan) við kirkjugarðinn var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það er horfið fyrir löngu og hefur lent undir þjóðveginum.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-133:006 *Traðarhús* heimild um fjárhús 65°51.850N 18°41.335V

Utan við Smiðjuhól og Hálfateig "var Kirkjudagsláttá og Traðarhús-dagsláttá, og auk þess heitir Suðurtún frá Ytriskriðu að Bæjarlæk, en þaðan að Traðarhúslæknum heitir Úttún." segir í örnefnalýsingu. Um 150 m austan (utan) við kirkjuna var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið stóð við lækinn sem rennur niður í gegnum túnið á þessum stað. Það hefur staðið rétt ofan við óljósan vegarslóða sem liggur út eftir túninu á þessum stað. Á þessum stað var fjárhús og hærnakofi en sléttáð var yfir síðustu leifar hússins milli 1960-1970.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 318.

Ey-133:007 heimild um útihús 65°51.838N 18°41.233V

Um 50 m austan (utan) við 006 og tæpum 300 m austan (utan) við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Um 20 m suðaustan við útihús úr timbri og grjóti er hæð í túni og þar var útihúsið. Greinilegt er að sléttáð hefur verið yfir leifar útihússins en þó má enn greina staðsetningu þeirra og lögun. Allt í kring eru sléttuð tún. Tóft útihúsanna virðist hafa verið um 10 X 5 m að stærð og hafa verið tvískipt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-133:008 *Heystæði* örnefni heystæði 65°52.369N 18°42.012V

"neðri brún Reitsins [er] ýmist nefnd Litlabrún eða Neðribrún. Austast kallast hún Reitshorn. Efri brúin er nokkru ofar og á henni miðri eru svonefnd Heystæði." segir í örnefnalýsingu. Heimildamenn muna ekki eftir heystæðum á þessum stað og ekki kom skrásetjari auga á þau þrátt fyrir nokkra leit. Efribrún er nærri því að vera í beinni línu upp frá Urðabænum. Blautlendi er á Efri brún og mikið þýflendi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 318


Ey-133:009 kvíatóft 65°52.011N 18°40.528V



Austan (utan) við gróið skriðuland og um 50 m norðan (ofan) við þjóðveginn er tóft sem líklega er af kvíum. Tóftin er um 100 m austan (utan) við Gróugerði (015), utan í háu skriðubarði. Í kring um tóftina eru grösugir hagar. Tóftin er tvískipt. Stærri hólfíð er 8 X 8 m að stærð en það minna liggur skáhallt á það og er 6 X 5,5 m að stærð. Tóftin er mjög heilleg og eru veggir 0,5-0,6 m háir. Grjóthleðslur eru víðast hvar nokkuð greinilegar. Vesturhlið tóftarinnar afmarkast að hluta af stórum hól sem hún er byggð upp við en þó má greina hleðslur upp við hólinn á parti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 318



Ey-133:010 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja 65°51.814N 18°41.750V

Austan við Ytriskriðu "var Smiðjuhóll (nú að vísu farinn) og Hálfiteigur (nú sléttalur)." segir í örnefnalýsingu. Smiðjan og Smiðjuhóll eru nú löngu horfin en talið er að smiðjan hafi staðið innan við bæinn, nærri því mitt á milli bæjar og hesthúss (003). Þar er nú sléttalur tún en hæð er í túninu á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 318


Ey-133:011 örnefni traðir 65°51.823N 18°41.284V

Utan við Smiðjuhól og Hálfateig "var Krikjudagsláttu og Traðarhús-dagsláttu, og auk þess heitir Suðurtún frá Ytriskriðu að Bæjarlæk, en þaðan að Traðarhúslæknum heitir Úttún." segir í örnefnalýsingu. Frá Traðarhúsum lá mikill garður í boga í átt að 005. Leifar garðsins eru fyrir löngu horfnar en hann var á svipuðum stað og óljós slóði er núna í túninu. Á þeim stað sem sem garðurinn var en nú sléttalur tún. Á þessum stað var dæld í túni og stundum var vatni hleypt á svæðið og það notað sem sundpollur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 318

Ey-133:012 tóft 65°51.843N 18°41.626V



Fyrir norðan (ofan) nýja kirkjugarðinn sem stendur á svokölluðum Bæjarhól og fyrir neðan hlaðið sunnan hlöðunnar er grasblettur með fornri tóft. Tóftin stendur á sléttri grasflöt. Tóftin er löng og mjó og snýr norður-suður (upp-niður). Tóftin er fast upp við hlaðið neðan hlöðunnar en ekki lítur út fyrir að framkvæmdir við hlaðið hafi skemmt tóftina mikið. Tóftin er hins vegar nokkuð skemmd eftir vegaslóða sem liggja yfir tóftina a.m.k. einum stað. Tóftin endar til suðurs þar sem girðingin á kirkjugarðinum liggur. Getur verið að framkvæmdir við kirkjugarðinn hafi einnig skemmt tóftina eitthvað. Þrátt fyrir þessar skemmdir er tóftin enn vel greinileg þó að veggir hennar séu signir og fornlegir. Tóftin er um 24 m á lengd en ekki meira en 5-6 m á breidd. Vel er hægt að ímynda sér að hún hafi eitthvað skipst niður en sökum þess hversu skemmd hún er, er erfitt að fullræða nokkuð um það. Helst er að sjá að nyrst gæti hugsanlega haafa verið lítið hólf. Veggir eru útfattir, um 0,4 m háir og um 1,2 m á breidd.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 318




Ey-133:013

tóftir

65°52.221N

18°41.652V



Norðan (ofan) við Bæjarhólinn þar sem nýji kirkjugarðurinn er, tekur við aflíðandi brekka. Nokkru ofar er brött brekka upp fjallið. Ofan úr fjallinu kemur á þessum stað lækur. Austan við þennan læk, sem ofar rennur neðst í þverbröttu gili, eru tvær tóftir. Þær eru á grasivöxnu svæði sem er fast upp við klettabelti neðarlega í fjallinu. Umhverfis tóftirnar eru grösugir hagar. Á þessum stað eru tvær grónar tóftir. Sú

vestari (innri) er þrískipt en ekki er hægt að greina op á milli hólfanna. Tóftin er 12 X 6 m að stærð og virðast op vera á öllum hólfunum til suðurs. Um 13 m norðaustan við fyrrnefndu tóftina er önnur, tvískipt. Þessi tóft er 10 X 8 m á stærð. Op er á þessari tóft til suðurs og op er á milli hólfanna íveggja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 318

Ey-133:014

áletrun

65°51.822N

18°41.675V

Tveir hestasteinar voru fyrir sunnan (neðan) gamla bæinn 001. Báðir steinarnir virðast hafa verið um 5-6 m sunnan við bæinn. Steinarnir standa í sléttuðu túni neðan við þar sem gamli bærinn stóð. Sá sem hefur staðið við suðvesturhorn bæjarins lenti í norðvesturhorni steypa hússins og var fjarlægður sökum þess. Hann liggur nú á hliðinni í rífsberjarunnabeði sem er við suðvesturhorn gamla bæjarstæðisins. Áætlanir eru þó uppi um að reisa hann við nálægt þeim stað sem hann stóð áður. Hinn hestasteinninn stóð við suðausturhorn gamla bæjarstæðisins. Hann er um 80-90 sm á hæð, einskonar stöpull, og á hann er krotað ártalið 1781, og upphafsstafirnir JSS en þeir standa fyrir Jón Sigurðsson sem var bóndi á Urðum. Í

steininum er stór járnhringur. Steinninn sem hreyfður hefur verið úr stað virðist að flestu hafa verið sambærilegur þeim sem enn stendur, líklega hafa verið um 15-20 m milli steinanna.

Heimildir: Ö-Svarf, 318

Ey-133:015 *Gróugerði* bæjarstæði býli 65°51.895N 18°40.683V

"Grougierde, eyðihjáleiga. Bygð í úthögum út frá staðnum fyrir manna minni, og varaði bygðin inn til næstu 5 ára, afdeilt einasta að túni og útslægjum. ... Fóðrast kunni ii kúa þungi, seinast bygt var, en nú minna síðan hjálígan lagðit í eyði ..." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Út frá Urðum er fornt býli, kallað Gróugerði, umgirt með fornur garði, fyrir löngu í eyði. Er það hjáleiga frá Urðum." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "Skammt austan túnsins er Gróugerði, fornt býli. Gróugerðisgarður er þar umhverfis og Gróugerðishvammur niðri við Dalsá. Gróugerðisgrundir ná þaðan að Sandhólagrundum og Sandhólum." segir í örnefnalýsingu. Gróugerði var um 130 m sunnan (neðan) við þjóðveg. Bæjarstæðið er merkt með skilti við þjóðveg. Þar sem tóftirnar voru eru nú sléttuð tún en þó er hæð í túninu þar sem bærinn stóð. Skurðir eru umhverfis túnið en hæðin er ofarlega, fyrir miðju túni. Þar sem bærinn stóð er nokkuð stór steinn sem aldrei hefur verið lagt í að fjarlægja. Þar sem býlið stóð er nú dældótt hæð í túni. Á parti má sjá óljósar leifar tunganarðsins sem verið hefur umhverfis Gróugerði. Hann sést á um 120-140 m bili en hverfur síðan í tún. Um 20 m norðvestan (innan og ofan) við bæjarstæði Gróugerðis eru 2 stórir steinar og er sá neðri nefndur Flöskusteinn. Sagan segir að Gróa hafi geymt í honum flöskuna sem prestur náði fékk sér sopa úr á leið til og frá Urðakirkju. Steinninn stendur ásamt öðrum steini af svipaðri stærð í túnjaðri þar sem Gróugerði var áður. "Flöskulaga" gat er á steinum.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: JÁM X, 65; SSE, 81; Ö-Svarf, 319


Ey-133:016 *Stekkjjarhóll* stekkjartóft

65°51.881N 18°40.705V

"Neðan hraunsins eru Grógerðishóll og Stekkjarhóll, sinn hvoru megin akvegarins." segir í örnefnalýsingu. 40-50 m ofan við Gróugerðishæðina og um 30 m ofan við girðingu sem girðir af túnið sem Gróugerði er í er Stekkjarhóllinn og á honum stekkurinn. Akvegurinn hefur nú verið færður og er því ofan við bæði Gróugerði og Stekkjarhól en ekki á milli þeirra. Frá Stekkjarhólum eru 70-80 m norður (upp) á veginn. Í kringum stekkin eru þýfðir móar. Stekkurinn er vel gróinn. Hann er tvískiptur, 9 X 7 m að stærð. Op er á tóftinni til suðurs en ekki er lengur greinilegt op á minna hólfinu sem er norðar.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 319



Ey-133:017 *Sandhólagarður* garðlag landamerki 65°52.071N 18°39.832V

"Afmarkast Urðaland með garði að norðan, sem liggur úr fjalli og niður til árbakka, fyrir utan hvern að Skröflustaðaland tekur við." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "Austan Sandhólaflatar er Sandhólagarður, er liggur upp eftir á Miðhjallahól norðan Miðhjallagils. Mun þarna um að ræða mjög fornan merkjararð milli Urða og Skröflustaða (eyðibýlis)." segir í örnefnalýsingu. Sandhólagarður sést enn greinilega þar sem merki Urða og Skröflustaða voru. Þjóðvegurinn hefur verið lagður þvert yfir garðinn en hann sést á um 10 m bili sunnan (neðan) við veg en ofan vegar sést hann langt upp í fjallshlíðina. Garðurinn er greinilegastur þar sem hann liggur yfir yfir móasvæði norðan þjóðvegur. Garðurinn er alveg gróinn. Hann er 1,5-2,0 m á breidd og um meter á hæð.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: SSE, 81; Ö-Svarf, 319

Ey-133:018 *Skröflustaðir* bæjarstæði býli 65°52.139N 18°39.176V

"Skröflustader, í eyði næstu 6 ár. Jarðardýrleiki xx c ... Eigandinn Urðakirkja Útigangur í betra lagi fyrir roskið fje og hesta, en þurfti þó jafnan nokkurn heystyrk að atla. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Elt var taði undan kvikfé. Túnið hefur eyðilagð, fyrir 6 árum, þá nærri til helminga eitt skriðufall, og því lagðist jörðin í eyði. Engið eyðilagði og mestan part tvö jarðföll úr fjallinu, eitt út frá og annað suður frá, á sama ári og túnið tók af. Úthagarnir eru bjarglegir. Vatnsból var sémilegt áður skriðan fjell, en síðan er það hlaupið í jörðina undir bæinn og þar nálægt, so það er nú kviksyndi að kalla, og þess vegna ómögulegt

jörðina aftur að byggja. Bæjarstæði er og ekki hentugt eður óhætt innan garðs eður utan." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "[Skröflustaðir] er sagt í fornöld verið hafi 20 hndr. og kirkjujörð frá Urðum, en fyrir marglöngu eyðilögð af skriðum, brúkast þó til heyskapar og beitar af Urðabónnda." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Byggð mun hafa verið aftur á Skröflustaðum af og til fram um 1870. "Neðan við [Skröflustaðagrundir] eru tóftir Skröflustaðabæjar og tún umhverfis." segir í örnefnalýsingu. Sköflustaðir voru um 130 m neðan við þjóðveginn þar sem nú eru sléttuð tún. Eyðibýlið er merkt með skilti hjá þjóðveg. Engin merki Sköflustaða eru nú greinanleg en kartöflugarður sem er sunnan í (framan í) hæðinni sem bærinn var á sést enn (sjá 031)

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: JÁM X, 64; SSE, 81; BE 1990, 176; Ö-Svarf, 319

Ey-133:019 *Tjaldhóll* örnefni tjaldstæði 65°52.245N 18°39.010V

"Austarlega í [Skröflustaðatúni] er Tjaldhólsklauf og Tjaldhóll. Nær Tjaldhólsmýri frá honum niður að eyrunum." segir í örnefnalýsingu. Skammt norðar (ofar) en Sköflustaðir (018) og 150-170 m austar (utar) er Tjaldhóllinn sem er nú sléttuður, um 100 m vestan (innan) við merki.

Heimildir: Ö-Svarf, 319-20


Ey-133:020 garðlag landamerki 65°52.309N 18°38.990V

"Land [Skröflustaða] afmarkast aftur að utan með garði, sem gengur frá fjalli til ár niður." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "Austan [Skröflustaða]túnsins er engjaspildan Tunga [sem] takmarkast að austan af landamerkjagarði frá Dalsá upp að Hvítalækjargili, en síðan ræður Hvítalækur milli Skriðulækjar og Hreiðarstaðakots efst á fjall upp." segir í örnefnalýsingu. Virgirðing er nú á merkjum bæði neðan og ofan vegar, alveg upp að Hvítalækjargili. Engin merki sjást nú um landamerkjagarðinn. Neðan vegar eru nú á merkjum tún en ofar mólendi. Merkin eru 170-200 m vestan (innan) við Hreiðarstaðakot. Smá upphækkun er greinileg undir girðingunni en önnur vegsumerki eru ekki greinanleg.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: SSE, 81; Ö-Svarf, 320

EY-133:021 *Teigsfjall* 4 tóftir býli/sel 65°51.569N 18°41.603V



"Sunnan Svarfaðardalsár er allstórt beitolandssvæði, sem Urðir eiga og heitir Teigurinn. Takmarkast hann af Teigará að austan en Búrfellsá að vestan. Var þetta selland Urða áður fyrir og er Selið gegnt Urðabæ." segir í örnefnalýsingu. Selið mun vera sami staður og bendlaður hefur verið hið meinta bæjarnafn Teigsfjall sbr.: sóknalýsingu frá 1839: "Í þessum teig er sagt einhvern tíma hafi staðið kotmynd með sama nafni, og sjást þar enn nokkur merki til." Þorsteinn Þorsteinsson getur um Teigsfjall í ritgerð frá um 1865: "Sá bær er nú í eyði, en sjást tóftir miklar og hefur

bærinn staðið undir Teigsfjalli ..." og Kaalund getur þess í sögustaðalýsingu sinni frá 1877: "Undir [Teigarfjalli] eru taldar minjar um bæ, sem er talinn vera Teigsfjall, sem nefnt er í Svarfdælu. Teigarhöfði, sem nefndur er í sömu sögu hlýtur einnig að vera þar nálægt, ef til vill þar, sem nefnist 'höfði' út við ána skammt frá." Kristján Eldjárn bætir við 1975: "Í öllum útgáfum Svarfdælu er gert ráð fyrir að Teigsfjall hafi verið bær undir samnefndu fjalli andspænis Urðum, hinum megin við ána. Byggist þetta á orðum sögunnar: "Þá voru lögréttir út í Tungunni, og ráku féð til réttarinnar feðgar tveir úr Teigsfjalli." [ÍF IX, 164]. Ef til vill þarf þó ekki að skilja þetta öðruvísi en svo að feðgar þessir hafi verið að reka til réttarinnar fé það sem þeir höfðu smalað saman í Teigsfjalli. Á þessum stað er ekki líklegt bæjarstæði; auk þess gróf ég ofan í rústirnar í könnunar skyni sumarið 1940 og taldi mig komast að þeirri niðurstöðu að þarna hefði ekki verið bær. Rétt er þó að þetta mál standi enn opið, því að fleiri heimildir koma til greina ..." nmgr. 26 í Árbók 1975, 119. Verulegar rústir er aðeins að finna á einum stað í Teignum og eru þær á honum miðjum, um 1 km vestan við Teigará, heldur vestar en beint sunnan við bæinn á Urðum. Tóftirnar eru á hól á brekkubrún um 150 m sunnan við Svarfaðardalsá.

Að austan er Teigurinn mest lyngmóaholt, blásin að ofan, en allur er Teigurinn gróðurlítil ofantil, enda er skuggsælt á þessum slóðum - og mun það ásamt skorti á undirlendi vera meginástæða þess að á teignum hefur ekki verið bær. Vestan við Torfhól sem er um 500 m vestan við Teigará taka við mýrarsund milli lyngmóaholta og mela ofan á hjallanum ofan við eyrarnar meðfram Svarfaðardalsá. Selið er á hól í brún þessa hjalla og er svolítill hvammur í kringum hólinn, melhólar austan og sunnan við. Í hvamminum er vallendi sem gæti hafa verið túnstæði en vestan við er vallendisflæmi uppi á hjallanum (Selgrundir), gróin skriða með vætulænum sem breytist í mýri þegar lengra dregur til vesturs. Vestan við eru grónar eyrar meðfram Svarfaðardalsá.

Austast er hár rústahóll og uppi á honum austast er óglögg bogadregin tóft, um 5x5 m að stærð og minna hólf áfast austan við. Sést í hleðslugrjóti en þessar leifar eru annars óglöggar. Fleiri mannvirki eru undir sverði austan við þessa tóft á toppi hólins en ekkert lag sést á þeim. Bratt er niður af hólnum til norðurs og norðvesturs. Um 30 m neðar og norðvestar er aflangur þúfnarimi og lækjar drag í mýri á milli og gæti það verið tóft. Utan í rústahólnum að sunnan, austantil er grjóthlaðin rétt, 10x6 m að stærð og er hún greinilega yngsta mannvirkið á staðnum. Hleðslur standa um 1 m háar, 4 umför af fremur litlu hleðslugrjóti. Gegnt þessari rétt er aflöng tóft sem liggur upp í brekkuna á móti. Hún er 11x5 m að stærð. Austan við þessar tvær og heldur neðar, á sléttum palli innst í hvamminum er eldri réttartóft, með bogadregnum veggjum, 12x8 m að stærð. Örlítil lækur rennur úr uppsprettu við vesturenda rústahólins.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Svarf, 320; SSE, 75; Skýringar yfir örnefni sem viðkoma helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 119; KK III, 72

EY-133:022 *Heystæði* heystæðistöft

"Austan Selmela heitir Heystæði og austan þess Breiðasund." segir í örnefnalýsingu. Um 150 m austan við selið 021 er tóft. Hún stendur heldur hærra en selið, í viki á hólruna sem gengur niður hliðina og er gróið lækjargil milli hans og hólins sem selið stendur vestan undir. Heldur austar en beint á móts (sunnan) við Urðir. Fast austan við tóftina er mýrarsund, um 20 m breitt að ofan en breiðkar neðan til á móts við tóftina (austur og niður af henni) og nær austur undir Torfhól 023. Í grónu viki á hólruna sem gengur niður fjallshlíð. Raninn er hálfgróinn að ofan en til beggja hliða eru mýrasund, einkum austan við. Tóftin stendur allhátt ofan við ána í dalsbotni. Hún er einföld og eru veggir hennar óvenjustæðilegir af heytóft að vera en staðsetningin - hátt á hólri fast við mýrarsund - styður að þetta muni vera heystæði. Veggir eru sokknir og byrjaðir að hlaupa í þufur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 320



EY-133:023 *Torfhóll* örnefni rista 65°51.556N 18°41.143V


"Austan Selmela heitir Heystæði og austan þess Breiðasund. Þá er Torfhóll ..." segir í örnefnalýsingu. Torfhóll er stór melhóll, aflangur frá NA til SV, austan við mýrasvæði á teignum, um 200 m austan við heystæði 022 og um 70 m vestan við Dysjar 024. Austan við hólinn eru lyngmóar, blásnir að ofan, en ofan (S) og vestan við eru mýrarsund þar sem torf gæti hafa verið tekið. Hóllinn sjálfur er hálfgróinn, mosa og melgróðri.

Heimildir: Ö-Svarf, 320

EY-133:024 *Dysjar* gryfja legstaður 65°51.581N 18°41.011V

"Austan Selmela heitir Heystæði og austan þess Breiðasund. Þá er Torfhóll, og enn austar og neðar eru Dysjarnar ..." segir í örnefnalýsingu. Þetta mun sami staður og hefur á 20. öld gengið undir nafninu Graftrarhóll. Um aldamótin 1900 var sú sögn tengd honum að þar væri dysjaður Jón Rögnvaldsson bóndi frá Krossum á Árskógsströnd sem brenndur var fyrir galdra á Melaeyrum 1625. Í Sögu Dalvíkur er haft eftir Sigurpáli Hallgrímssyni frá Melum: "Eftir stendur þó enn hóllinn sem geymir bein hans. Hann er sunnan við Melhöfðann. Við strákar kölluðum hann Graftrarhól, annars ber hann held ég ekkert nafn, þessi litli, grasi gróni kollótti hóll utan undir Torfhólnum." Bróðir Sigurpáls, Halldór (f. 1895) "greinir svo frá, að hann og annar drengur, á líkum aldri, hafi grafið í Graftrarhól með leynd árið 1907. Ofan á hólnum er sléttur, ferhyrndur flötur, dálítið stærri um sig en venjulegt leiði. Grófu strákar í eitt hornið og höfðu

hraðann á, en sagnir höfðu þeir heyrt um, að þar væri að finna líkamsleifar Jóns Rögnvaldssonar. Ekki höfðu þeir lengi grafið, er þeir töldu sig koma niður á ösku og hálfbrunnin bein. Telur Halldór, að holan hafi verið um 80 cm á dýpt, þar sem askan fannst. Þeir félagar fundu þarna einnig hnífsblað og fylgdi



dálftill stúfur af skefti. Blaðið var heilt og á að gizka 2 1/2 þumlungur á lengd. Þeir grófu aðeins þessa einu holu í "leiðið" og hefur frekari athugun ekki farið fram, svo að kunnugt sé." Kristmundur Bjarnason bætir við "Vitaskuld er ekki fengin óbyggjandi vissa fyrir því, að hér sé fundið kuml Jóns Rögnvaldssonar, þó trúlegt sé; mun þó torskilið, hvaða erindi hnífurinn átti í gröfina. Hér gæti verið um að ræða fornmannadys. Landamerkjapúfa með viðarkolaösku virðist í fljótu bragði naumast koma til álita. - Hóllinn var nafnlaus, unz Melabræður gáfu honum nafn eftir uppgröftinn." Ekki er alveg fullvíst að Grafrarhóll sé sami hóll og Dysjar sem getið er um í örnefnalýsingu, til þess bendir þó lýsing Sigurpáls að Grafrarhóll sé utan undir Torfhól, en nú eru þrjár grafir í hóllinn og er hann mun stærri en að lýsingin "dálítið stærri um sig en venjulegt leiði" eigi við hann. Mynd sem birt er af hólnum í Sögu Dalvíkur I, 103 virðist heldur ekki koma heim við svæðið þar sem Dysjar eru. Dysjar eru á litlum hól um 70 m austur af NA enda Torfhóls, um 170 m SSV af Teigarhöfða og um 150 m sunnan

við Svarfaðardalsá og allhátt ofan við hana. Hóllinn sker sig úr af því að hann er vel gróinn í kollinn og er eins og tóft á að líta úr fjarlægð. Hóllinn er í þýfðum móa neðst í fjallshlíð.

Hóllinn er um 20x10 m og snýr upp í brekkuna, N-S. Ofan í koll hans hafa verið grafnar þrjár reglulegar gryfjur. Sú syðsta er minnst, um 0,5 m djúp. Sú í miðið er rúmlega 2 m löng frá A-V og um 0,3 m djúp. Nyrsta gryfjan er dýpst, um 0,7 m djúp og miðað við lýsingu er líklegast að það sé hún sem grafin var 1907. Hliðar gryfjanna eru beinar og varla nema rétt svo grónar eins og ekki sé langt síðan þær voru grafnar. Nokkrir steinar eru á stangli í kringum gryfjurnar en ekki sjást merki um úrkastshauga.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 320; Saga Dalvíkur I, 104

EY-133:025

heystæðistöft

65°51.630N 18°41.854V



Um 250 m norðvestan við selið 021, niðri á Seleyrum, um 15 m sunnan við syðstu lænuna í Svarfaðardalsá, er heystæði. Seleyrar eru harðar malareyrar með snöggum gróðri, mest lyngi, en í gömlu farvegum eru lækjarseytlur og votlendisræmur meðfram. Heystæðið er í einni slíkri ræmu. Aflöng tóft, mjókkar til austurs.

Hættumat: engin hætta

EY-133:026

náma

65°50.650N 18°41.000V

"Ofan á [Teigarfjalli] finnst rauður mjúkur leir, svo hann má hnoða, og brúkanlegur til að farða með honum húspil." segir í sóknarlýsingu frá 1839.

Heimildir: SSE, 75

EY-133:027

Urðarhús

heimild um útihús

"Nú fara þeir Ljótólfr yfir ána hjá Teigarhöfða, en þeir Karl ok Klaufi neðan eptir eyrunum at Urðarhúsum." Ekki er vitað hvar umrædd útihús hafa staðið.

Heimildir: ÍF IX, 170

Ey-133:028

garðlög

65°51.884N 18°41.621V

Á Bæjarhól sem er norðan við þjóðveginn og gamla bæinn (001), er nýi kirkjugarðurinn og svolítið ofar steipt hlaða. Ofan við hlöðuna tekur við aflíðandi og grasi gróin hlíð. Í hlíð þessari eru miklir garðar. Talið er að þar á meðal séu leifar Sveitalangs en ljóst er að garðlögin eru fleiri og hafa gegnt ýmsum hlutverkum. Garðlögin eru í grösugri og aflíðandi fjallshlíð. Fjölmargir garðspottar eru á þessum stað. Sá breiðasti er líklega Sveitalangur en hann liggur úr vestri og liggur svo í boga austur með hlöðunni en hverfur þar. Líklega hefur verið sléttað yfir hann í einhverjum þeirra miklu framkvæmda sem átt hafa sér stað á þessum

slóðum. Garðurinn sést á tæplega 100 m svæði og er breiðastur um 2 m. Út frá þessum breiða garði ganga margir garðspottar minni sem mynda nokkur hólf. Er líklegt að minni garðlöggin hafi verið notuð sem einhvers konar náthagar.

Hættumat: engin hætta

Ey-133:029


tóft

65°52.022N

18°41.912V

Um 300 m norðan (ofan) við þjóðveginn eru tóft upp í hliðinni, um 150 m vestar en íbúðarhúsið á Urðum og um 350 m ofar. Tóftin er um 100 m norðan við læk sem þar rennur niður hliðna. Tóftin er í þýfðum, bröttum haga. Tóftin er tvískipt, stekkjjarleg. Hún snýr norður-suður upp í brekkuna og op er á henni til suðurs. Tóftin er 12 m á lengd en 7 m á breidd. Ekki er lengur greinilegt op milli hólfanna tveggja. Tóftin er algróin og 1,1 m á breidd en veggir 0,4 á hæð.

Hættumat: engin hætta



Ey-133:030

2 tóftir

65°51.919N


18°40.665V

35-40 m norðaustan (utan og ofan við) Gróugerði og 80-100 m beint austan (utan) við stekkin (016) eru tvær, litlar tóftir.

Tóftirnar eru í dæld sem er í þýfðum haganum rétt ofan við Gróugerði. Austari tóftin er einföld. Op er á henni á suðurvegg og hún er um 5 X 3 að stærð.

Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,5 m á hæð en 1,2 m á breidd. Um 20 m norðvestan við tóftina er önnur byggð upp í brekkuna sem þar er. Hún er 8 X 5 m að stærð og viðist skiptast í 2-3 hólf. Op eru á þessa tóft til bæði suðurs og austurs.

Hættumat: hætta vegna túnræktar



Ey-133:031

garðlag

kálgarður

65°52.127N

18°39.163V

Framan í eða sunnan í Skröflustaðahæðinni eru vel grónar garðleifar. Þar var kartöflugarður áður og hefur hann verið í verulegum halla. Garðurinn er í fremur brattri, grasi gróinni brekku. Hann er um 18 X 26 m að

stærð. Hann er 1 m á breidd og hæð veggja er ekki nema 0,2 m.


Hættumat: engin hætta

Ey-133:032

tóft

65°52.287N

18°39.675V




Tóft er rétt vestan (innan) við Sjónarhól sem er stór hól uppi í hlíðinni, beint norðan (ofan) við Skröflustaði. Sjónarhóll er framan við Skriðulækjargil og rennur Skriðulækur meðfram hólnum að vestanverðu (innan við). Sjónarhóllinn (og tóftin) eru 250-350 m norðan (ofan) við Þjóðveg. Ofan tóftarinnar tekur við brattur mói en svæðið fyrir neðan er meira aflíðandi hagar. Tóftin er áberandi enda stendur hún á fagurgrænni hæð.

Tóftin er alveg gróin að utan en grjóthleðslur má víðast hvar sjá að innan. Tóftin er tvískipt og nokkuð stekkjargleg. Engar heimildir eru þó fyrir því hvaða hlutverki hún hafi gegnt. Hún er 7,5 X 4,5 m að stærð og er með op til vesturs. Tóftin er fremur heilleg og þó hrúnið sé fyrir opið á milli hólfa tveggja að nokkru leyti er það enn greinilegt. Veggir hennar eru 1,5 m á breidd og um 0,9 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Ey-134 *Þorleifsstaðir*



Hjáleiga frá Urðum 1712, 1847 og dýrleiki óviss. Hafði verið byggð í úthögum fyrir manna minni 1712 og hafði þá verið í eyði frá 1706 og áður á köflum. Í eyði frá 1928 og hefur jörðin verið sameinuð Hólslandi. Sérstök örnefnaskrá er ekki til og eru utantúnsminjar taldar með Hóli.

1917: 2.1. 1/3 slétt. Garðar 400 m².

Ey-134:001

Þorleifsstaðir

bæjarhóll

bústaður


65°51.808N

18°42.468V

"Þorleifsstaðir stóðu nokkurn veginn miðja vegu milli Urða og Hóls og sjást tóftirnar enn vel nokkru ofan við þjóðveginn." Tóftir Þorleifsstaða eru um 150 m ofan (norðan) við þjóðveg. Skilti er við þjóðveginn sem vísar á bæjarstlæðið. Tóftirnar eru uppi á hæð en umhverfis er þýflendi nema hvað tún hafa verið ræktuð að tóft (002). Bæjartóftin er mjög greinileg en alveg hrunin og hlaupin í þúfur þannig að ekki er gott að greina nákvæma lögun hennar. Tóftin virðist vera um 20 m á lengd en 14 m á breidd. Veggir eru um 0,6 m á hæð. Hægt er að greina 4-5 hólf.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 246



Ey-134:002

útihústóftir

65°51.832N


18°42.479V

Um 10 m innan (vestan) við tóftir bæjarins (001) eru leifar af útihúsi sem merkt er inn á túnakort frá 1917.

Útihúsið stendur á bæjarstæðinu en um 3-4 m innan (vestar) er girðing sem girðir af sléttuð tún. Tóftin er einföld og er 7,5 X 5 m að stærð. Hún er grjóthlaðin að innan og er 0,3 m á hæð, op er á tóftinni niður (suðurs).

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-134:003

heimild um útihús

65°51.849N

18°42.497V

Um 40 m innan við (vestan við) bæinn (001) og 30 m neðan og innan (suðvestan) við 002 var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki sjást um það lengur. Húsið hefur verið þar sem túnið endar.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-134:004

útihústóft


65°51.876N

18°42.391V

70-80 m norðvestan (utan og ofan) við bæjartóftina (001) eru leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Á þessum stað hefur raflínustaur verið lagður í gegnum efri hluta tóftarinnar og skemmt hana nokkuð. Allt í kring eru þýfdir móar. Staurinn stendur í norðurhluta tóftarinnar og er hún því ógreinileg að hluta. Þó sést greinilega 1 hólf sem er 5 X 6 m að stærð. Hæð veggja er 0,4 m og op er á tóftinni til suðurs (niður).

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-134:005

Vörðuholt

örnefni

65°52.334N

18°43.230V

"Svo kemur Hábrúnarhjalli þegar Kollunum sleppir. Þar er einnig Vörðuholt, eins konar hjalli (í hvarfi frá bæ að sjá)." segir í örnefnalýsingu. Vörðuholt er gróið og þýft holt upp á Hábrúninni. Ekki sést þar varða lengur. Gróið, þýft holt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 317


Ey-134:006

garðlag

kálgarður

65°51.788N

18°42.426V




Beint sunnan við (neðan við) bæjartóftirnar er merktur sáðreitir á túnakorti frá 1917. Merki sáðreitsins eru enn greinanleg enda hefur verið hlaðinn í kringum hann garður. Garðurinn er í brekku niður af bænum. Garðurinn er um 18 m á breidd og 24 m á lengd. Hann er um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta vegna túnræktar

Ey-134:007

útihústóft

65°51.781N 18°42.396V



Um 15 m utan við 006 og neðan við bæjarhólinn er hæð í túni og á henni er gróin tóft. Umhverfis eru þýfð tún. Tóftin er 16 X 7 m að stærð og virðist skiptast í 2 hólf. Hæð veggja er 0,3 m.

Hættumat: hætta vegna túnræktar


Ey-134:008

garðlag


65°51.789N 18°42.390V

Um 10 m neðar og utar en 007 eru leifar af garðlagi í túni. Umhverfis eru þýfð tún. Á þessum stað koma tvö garðlög saman og sameinað liggur garðlagið nokkra tugi metra í túni áður en það fjarar út.

Hættumat: hætta vegna túnræktar



Ey-135 Hóll



10 hdr. 1712. Urðakirkjueign. Talin 20 hdr 1847. Fyrst getið 1318 en þá átti Urðakirkja "land á skroblustodum oc annat á hole." DI II, 456-57 sbr. 1394 - DI III, 511-12 sbr. 1429 - DI IV, 371-72. Í máldaga Urðakirkj frá 1431 er Hóls ekki getið en Auðnir og Skróflustaðir voru í eyði - DI IV, 464.

1471 á Urðakirkja enn "land aa skraflastodum oc annat aa hole. oc. vij. hundrut j audna lande." - DI V, 260. **25.4.1477** "... eigur kirkian a urdum iarder er suo heita. skraflastader oc holt. ... eigur kirkian. vij. hundrut j audnum." - DI V, 260.

25.12.1550 var Hóll í eyði, meðal Hólastólsjarða: "Med Holi .vj. kugillde. landskyllid .j. c. og dagslatta." DI XI, 867.

18.2.1569 er Hóll ekki talinn meðal Hólastólsjarða og hefur þá sennilega verið í eyði - DI XV, 227-28. **1571** voru 5 kúgildi með Hóli hjá Urðum - DI XV, 459.

1917: 3.1 ha. 3/4 slétt. Garðar 540 m².

1990: "Túnið bylgjast í hólum og hæðum milli fjallsins og árinna suður frá bænum en neðan við þjóðveginn liggja sléttar túnspildur meðfram háum árbakkanum. Heimatúnið er ekki stórt .." BE 1990, 178

Ey-135:001 Hóll bæjarstæði bústaður 65°51.803N 18°43.313V

Bæjarhúsin á Hóli hafa staðið á þremur stöðum á 20. öld. Bærinn sem er merktur inn á Túnakort frá 1917 var torfbær sem stóð þar sem nú er stór áhaldaskemma ofan við íbúðarhús. Árið 1939 var byggt nýtt íbúðarhús neðar, þar sem kallast Litlihóll, en það hús stendur enn. Árið 1987 var svo aftur byggt nýtt íbúðarhús enn neðar og stendur það á Stórahól. Gamla torfbænum var endanlega rutt út um 1980 þegar vélageymsla var byggð. Bæjarstæðið er undir byggingu í brekkurótum og merki bæjarhóls eru ekki greinanleg.

Hættumat: hættu vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 316

Ey-135:002 heimild um útihús 65°51.827N 18°43.414V

Um 10 m ofan (norðan) við gamla bæinn (001) og 30-35 m innan (vestan) við útihúsatóftir (003) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað eru sléttuð tún og merki hússins ekki greinanleg.

Hættumat: hættu vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

Ey-135:003 útihústóft 65°51.798N 18°43.317V

Um 10 m ofan (norðan) við gamla bæinn (001) er tóft af útihúsi. Það er 30-35 m frá 002. Tóftin er á litlum óræktarbletti milli vélaskemmu og sléttaðra túna. Tóftin er um 9 X 4,5 m að stærð. Hún skiptist í 2 hólf en norðurveggurinn er ekki greinanlegur og er líklegt að þar hafi verið tréþil fyrir. Þakið virðist hafa hrunið ofan í tóftina og auk þess hefur spýtna- og girðingarúslu verið hent ofan í tóftina. Erfitt er því að gera sér grein fyrir nákvæmri lögun hólfa og þykkt veggja.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-135:004 heimild um útihús

65°51.805N 18°43.261V

Um 50 m út og niður af (suðaustur) af gamla bænum (001) var samkvæmt Túnakorti frá 1917 útihús. Það hefur lent undir norðurjaðri steyptra útihúsa sem nú standa á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-135:005 *Neðrahúsgerði* heimild um útihús 65°51.717N 18°43.204V

"Neðrahús og Neðrahúsgerði eru horfin." segir í örnefnalýsingu. Neðrahús var 60-70 m neðan (sunnan) við 004. Húsin voru beint fyrir neðan Torfhól sem var þar sem nú er hlað og vegarslóði neðan við steyptra útihúsin. Engin merki útihúsanna eru greinileg nú en þar sem þau voru er nú hæð í túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 316 og Túnakort frá 1917

Ey-135:006 *Litligarður* heimild um kálgarð 65°51.757N 18°43.411V

"Ofan við Tunguna heitir Dagsláttu (í túninu) og neðst í henni er sáðreit, sem kallast Litligarður." segir í örnefnalýsingu. Dagsláttu eru túnin við hliðina á vélaskemmuni (þar sem bærinn stóð) og liggja upp og niður í hliðinni. Litligarður var neðst í henni en nú er hann löngu horfinn og nákvæm staðsetning hans ekki kunn. Líklegast verður þó að telja að þarna sé átt við sáðreit sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Sá garður var um 60 m innan við Stóragarð (010). Engin merki um garðinn sjást nú enda hefur hæðin verið sléttuð fram á brún og auk þess er þar malarnám.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:007 *Sauðhúsgerði* örnefni fjárhús 65°51.806N 18°43.387V

"Ofan Dagsláttunnar heitir Sauðhúsgerði ..." segir í örnefnalýsingu. Nú hefur svæðið að Litlamó allt verið sléttuð og merki um fjárhúsin eru með öllu horfin. Sauðhúsgerði var fyrir ofan Dagsláttu og því hafa húsin verið á svipuðum stað og 002. Hugsanlegt er að um sömu hús sé að ræða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:008 fjárhústóft 65°51.872N 18°43.461V

"Ofan Dagsláttunnar heitir Sauðhúsgerði, en milli þess og girðingarinnar heitir Litlimór. Þar voru fjárhús og kvíar." segir í örnefnalýsingu. Fyrir ofan túnin sem voru innan við 001 (og vélarskemmu) taka við móar upp fjallshliðina. Neðsti hluti þessa móa er nefndur Litlimór en girðing sem afmarkaði móana hefur nú verið fjarlægð. Móarnir eru mjög þýfðir og því er erfitt að greina tóftir. Innarlega (vestarlega) í Litlumóum, nálægt rafmagnsgirðingu, nálega miðja vegu milli suður- og norðurjaðars er þó ógreinileg tóft. Tóftin virðist vera ferhyrnt með op til austurs en hún er mestu hlápin í þúfur.


Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 316



Ey-135:009 kvíatóft

65°51.874N 18°43.479V




"Ofan Dagsláttunnar heitir Sauðhúsgerði, en milli þess og girðingarinnar heitir Litlimór. Þar voru fjárhús og kvíar. Þar er finnungsvangi, sem heitir Fit. Þar voru setin lömbin, meðan fært var frá." segir í örnefnalýsingu. 8-10 m utan og neðan (suðaustan) við 008 eru þúfnaraðir sem líkjast lítilli tóft. Ekki er hægt að greina nema eitt hólf í henni. Tóftin er um 2 X 2 að utanmáli og nær kringlótt.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:010 Stórigarður garðlag kálgarður 65°51.790N 18°43.273V



"Ofan við Fit er Stórhóll og framan í honum sáðreiturinn Stórigarður." segir í örnefnalýsingu. Stórigarður er merktur inn á Túnakort frá 1917. Hann er enn greinilegur og er grjótgardur umhverfis í brekkunni neðan við íbúðarhúsið sem byggt var 1987, en það stendur á Stórahól. Reiturinn er í töluverðum halla. Garðurinn stendur í halla sunnan í grasi grónum hól. Garðurinn er ferhyrndur og um 20 m á breidd og 30 m á lengd. Brekkubrúnnin afmarkar hann að ofan en annars afmarka garðlög hann. Sjálfur sáðreiturinn virðist hafa verið grafinn ofan í jörðina þar sem hæð innan frá og upp á brún garðsins er 1,5 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:011 Lambhúslaut örnefni lambhús 65°51.831N 18°43.315V

"Utan við gamla bæinn er Hálfiteigur og ofan hans Lambhúslaut." segir í örnefnalýsingu. Lambhúslaut er beint utan við tóftir 003. Steypt plan er utan við vélaskemmuna (þar sem 001 var) og nær það að Lambhúslautarbrúninni. Engin merki tófta eru nú í eða við Lambhúslautina. Lambhúslautin er á kafi í grasi en í henni er svolítið af rusli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:012 öskuhaugur 65°51.800N 18°43.316V

"Utan við gamla bæinn er Hálfiteigur og ofan hans Lambhúslaut. Öskuhaugur var utanvert í laut þessari." segir í örnefnalýsingu. Steypt plan er utan við vélaskemmuna (þar sem 001 var) og nær það að Lambhúslautarbrúninni. Lambhúslautin er á kafi í grasi en í henni er svolítið af rusli. Ekki er hægt að greina leifar öskuhaugs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:013 garðlag túngarður 65°51.884N 18°43.321V

"Tunga (bæjartunga) nær frá Bæjarhúsunum og upp að túngarði fornum, sem enn sést fyrir." segir í

örnefnalýsingu. Túngarðsleifar eru 80-100 m beint ofan við gamla bæinn. Í Bæjartungu hefur nú mest af svæðinu verið sléttað en hluta af túngarði má sjá á um 15 m bili. Garðurinn er um 15 m langur og um 0,5 m á hæð en um 1 m á breidd. Hann er alveg gróinn.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:014 *Stekkur* heimild um stekki 65°52.036N 18°43.473V

"Út og upp frá túninu heitir hagaskák Grund og utan við hana er Stekkur og Stekkjarenni - vallendisflái ... Frá Hausgili að Stekkjargili heitir Stekkjarreitur, ..." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarreitur er vel afmarkað svæði um 40 m fyrir ofan (norðan), fjallgirðingu. Engin merki tófta sjást þar.

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:015 *Taðhóll* örnefni 65°51.776N 18°43.195V

"Neðrahús og Neðrahúsgerði eru horfin, sömuleiðis Taðhóll, sem var ofan við gerðið." segir í örnefnalýsingu. Taðhóll var beint fyrir neðan steypa fjósið sem nú stendur á Hóli. Þar er nú hlað fyrir framan fjósið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:016 *Stóra-Hesthúsgerði* heimild um hesthús 65°51.819N 18°43.161V


"Ofan við Merkjasund er Þrætumór og Mjóasund sunnan við hann. Þá taka við Mýrarnar - efri hluti þeirra - þar sunnan við voru Stóra-Hesthúsgerði og Litla-Hesthúsgerði. Hesthúshóllinn er ofan við hið fyrrnefnda." segir í örnefnalýsingu. Hesthúshóll var beint utan við gamla bæinn (001) og 20-30 m utan við bæjarlækinn. Engar tóftarleifar eru nú á þessum stað en hesthústóft var þar enn eftir miðja 20. öld. Hesthúshóllinn er grasi gróinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 316

Ey-135:017 *Hólssel* seltóft 65°52.298N 18°43.610V

"Uppi á Hausnum er Auðnasel, greinilegar tóftir. Annað sel upp af Stekkjarreitnum [sem er á merkjum Hóls og Auðna] heitir Hólssel, en ofan við sel þetta er Selhóll." segir í örnefnalýsingu, og ennfremur: "Hólssel er fast við Auðnamerkin uppi á Brún. Ofan við það er Selhóll." Hólssel er í svipaðri hæð og Auðnasel, um 100 m austar eða utar. Milli Selhólsins og selsins er stuttur, grösugur bakki sem nær að selinu en það stendur frammi á brún.




Tóftirnar eru á brún bakka neðan við Selhóllinn. Umhverfis tóftirnar eru fremur rakt og hluti svæðisins í kring er mjög þýður. Á selinu eru þrjár tóftir. Sú stærsta er innst (vestast). Hún er 13 X 7 m að stærð og skiptist í 4 hólf. 1,5 m suðaustan við þessa tóft er önnur, mjög óljós. Hún er 4,5 X 6 m að stærð og virðist vera einföld. Um 10 m norðaustan við fyrst nefndu tóftina er svo þriðja tóftin sem er 7 X 4 m að stærð og tvískipt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 315, 317

Ey-136 Auðnir



20 hdr. 1712. Hólastólseign og síðar Vallahreppseign. Bæinn á Auðnum tók af í snjóflóði 1953 og er landið nú nytjað frá Hóli. Fyrst getið 1318 en þá átti Urðakirkja "vij. hundrud j audnalandi." og virðist það hafa verið nýleg viðbót við eignir kirkjunnar því þess er aðeins getið í lok máldagans - DI II, 456-57 sbr. 1394 - DI III, 511-12, sbr. 1429 en þar er bætt við: Porcio ecclesie vm atian aar medan anfinnr hefuer buet oc fiorertiger. sextiger hundratha. skulo her j ræiknust .xx. hundrot j audnum oc adrer þær luter sæm han læggr til kirkonar - DI IV, 371-72.

1431 á Urðakirkja

Skröflustaði og Auðnir og voru báðar í eyði - DI IV, 464.

1471 á Urðakirkja enn "land aa skraflastodum oc annat aa hole. oc. vij. hundrut j audna lande." - DI V, 259.

20.11.1476 eignaðist Guðni Eyjólfsson til kaups við Guðrúnu Þorkelsdóttur m.a. Urðir fyrir 100 hdr og Köngustaði og Auðnir fyrir 40 hdr - DI VI, 92.

25.4.1477 "... eigur kirkian a urdum iarder er suo heita. skraflastader oc holt. ... eigur kirkian. vij. hundrut j audnum." - DI V, 260.

6.6.1520 eru Auðnir taldar meðal þeirra jarða sem hafði borið undir Hólastól í tíð Gottskálks biskups: "xc j audnum. vj kugilldi. Landskyllid .c. golldnar af Jone Sigmundssyni j sakfelli." DI VIII, 729.

1525 eru Auðnir meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301.

25.12.1550 átti Hólastóll "Med Audnum .vj. kugillde. landskyllid .j. c. og dagslatta." DI XI, 867.

18.2.1569 eru Auðnir meðal Hólastólsjarða "landsk. .iiij. ær .x. aurar med tiundum kug. .iiii." DI XV, 228.

1571 voru 5 kúgildi með Auðnum - DI XV, 459.

1917: 3.25 ha. Garðar 240 m².

1990: "Dálftið hallandi tún var kringum bæinn ..." BE 1990, 246

Ey-136:001 Auðnir bæjarstæði bústaður 65°51.789N 18°43.059V

Síðasta bæinn á Auðnum tók af í snjóflóði föstudaginn langa árið 1953. Bæjarstæðið er 100 m norðan (ofan) við þjóðveginn milli Klaufabrekknakots og Hóls og er merkt með skilti við veginn. Þar sem bærinn stóð eru nú sléttuð tún en nýlega hefur verið festur minnisvarði á stóran stein sem stendur á bæjarstæðinu. Ekki er greinanlegur bæjarhóll en ekki er ólíklegt að leifar eldri bygginga sé enn að finna neðan jarðar. Þar sem bærinn stóð eru nú rennislétt tún.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-136:002

hesthústóft

65°51.844N

18°43.564V

40-50 m norðan (ofan) við bæjarstæði gamla bæjarins (001) má enn sjá leifar hesthúss. Það hefur staðið í túnjaðri. Sunnan (neðan) við tóftina eru sléttuð tún en ofan hennar taka þýfir hagar við. Tóftin er 16 X 6 m að stærð. Hún er mjög gróin og veggir 0,6 m á hæð. Ekki er hægt að greina neinar grjóthleðslur né heldur hvar op hefur verið á tóftinni en hún virðist tvískipt.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917


Ey-136:003 hleðsla útihús

68°51.789N 18°43.550V

Um 20 m suðvestan (innan og neðan) við 002 er óræktarsvæði fast ofan við tún. Á þessu svæði má greina hleðslu sem er 18-20 m löng og 0,8 m á breidd. Líklega er þetta hleðsla úr útihúsum sem sýnd eru á túnakorti frá 1917. Veggurinn er 18-20 m á lengd en 0,8 m á breidd. Hann er 0,5 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917



Ey-136:004 Stóristeinn þjóðsaga um legstað

65°51.762N 18°43.847V

"Vestan við Höfða er Stóristeinn. Munnmæli herma, að þar sé maður undir, en ekki er slíkt sérlega líklegt. Hvammurinn, sem steinninn stendur í, heitir Auðnahvammur og holtið þar ofan við Einbúaholt. Þar er líka kallað Einbúaengi. Benda þessi tvö nöfn til þess, að steinninn hafi einhvern tíma verið nefndur Einbúi." segir í örnefnalýsingu. Engin ábúandi í nágrenni Auðna kannaðist við Stóristein. Svæðið sem um er að ræða er næstum beint upp af íbúðarhúsinu á Höfða. Þjóðvegurinn liggur m.a. um hvamminn og gæti hafa raskað við steininum. Eini hnallungurinn á svæðinu er fyrir ofan Auðnahvamm, ofan í skurði 40-50 m norðan (ofan) við þjóðveg. Auðnahvammur er grösugur hvammur sem þjóðvegurinn liggur um nú.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Svarf, 315


Ey-136:005 Auðnastekkur heimild um stekk

65°51.989N 18°43.879V

"Skammt frá [Stóralækjargili] er Stekkjarhóll og Auðnastekkur." segir í örnefnalýsingu. 120-140 m beint norðan (ofan) við ytri hluta Gerðis 006 er Auðnastekkur. Tóftin er í lægð milli tveggja hryggja sem liggja niður úr fjallinu. Lítil lækur rennur um 3-4 m frá tóftinni. Tóftin stendur í grasi gróinni lægð milli hryggjanna. Stekkurinn er tvískiptur og er 7,5 X 7 m að stærð. Op er á suðurvegg. Hæð veggja er 0,4 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 315



Ey-136:006


Gerði

fjárhústóft

65°51.866N

18°43.960V

"Þar ofan við [Puntskák] er Gerði og þar stóðu Gerðishús (fjárhús)." segir í örnefnalýsingu. Beint ofan við



Höfða eru tún fyrir norðan (ofan) þjóðveginn. Þar fyrir ofan eru tóftir af útihúsi og garðlag í kring. Neðan við tóftina eru sléttuð tún en annars eru þýfðir móar umhverfis. Fyrir neðan tóftirnar er skurður en fyrir ofan hana er garður sem liggur austur-vestur (út-inn). Tóftirnar eru fremur stæðilegar og háar en á kafi í grasi og því erfitt að ákvarða lögun þeirra nákvæmlega. Vestari tóftin virðist þó einföld og er um 5 X 12 m að stærð. Op er á austurvegg hennar. Hin tóftin er 20-30 m austar og er einnig einföld. Hún er 12 X 10 m að stærð. Garðurinn endar við norðausturhorn hennar. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum en virðist vera 50-60 m á lengd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 315


Ey-136:007

Stekkjarkóll

stekkjartóft

65°51.895N

18°43.831V



"...Enn eru tveir hólar kenndir við stekki, Efri- og Neðri-Stekkjarkóll út og upp af Stekkjarkólum (ytri)." segir í örnefnalýsingu. Utan við lægðina sem 005 er í er hryggur en utan við hann, í svipaðri hæð í hlíðinni eru aðrar stekkjartóftir. Stekkurinn er í lægð ekki ósvipaðri þeirri sem 005 er í og um 5 m vestan við garðspottan sem gengur vestur (inn) frá stekknunum er lítill lækur. Stekkurinn er tvískiptur og 11 X 6 m að stærð. Op er á báðum hólunum til vesturs og til vesturs gengur einnig tæplega 10 m langur garður, í átt að læknum. Tóftin er gróin og hleðslur eru útflattar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 315

Ey-136:008 *Grásteinn* heimild um huldufólksbústað 65°52.012N 18°44.049V
 "Rétt sunnan við [Sigríðarlaut] er Grásteinn og var talinn mikill huldufólksbústaður. Litlu framar er Grásteinsholt og Djúpiþolli ofan við huldufólkssteininn." segir í örnefnalýsingu. Grásteinn er litlu innar en Höfði en stendur nokkuð hátt í fjallshlíðinni. Steinninn er þó neðan við efstu fjallgirðingu. Fast innan við steinninn rennur lítill lækur. Steinninn stendur í þýfðri fjallshlíð. Steinninn er sá langstærsti á svæðinu og er afar áberandi, jafnvel í nokkurri fjarlægð.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Svarf, 315

Ey-136:009 *Auðnasel* seltóft 65°52.274N 18°43.792V
 "Uppi á Hausnum er Auðnasel, greinilegar tóftir." segir í örnefnalýsingu. Auðnasel er rétt innan við Hnausagil þar sem merkin eru. Selið stendur á tungu og eru tóftir þess greinilegar þó ekki séu þær miklar umfangs. Í kringum selið eru þýfðir móar. Um 10 m innan við hæðina rennur lækur en norðan (ofan) við stekkin er stór og grösugur bali. Selið stendur á tungubrúninni.

Seltóftin er alveg gróin og svolítið ógreinileg. Hún er 15 X 14 m að stærð og virðist vera þrí- eða fjórskipt, veggir eru 0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 315



Ey-136:010 *Stekkjarkóll* stekkjartóft 65°51.984N 18°43.633V


"...Enn eru tveir hólar kenndir við stekki, Efri- og Neðri-Stekkjarkóll út og upp af Stekkjarkólnum (ytri)." segir í örnefnalýsingu. Utan við 007 kemur enn einn hryggur niður úr fjallinu. Þar utan við er ysta dældin í landi Auðna en í henni er, í svipaðri hæð og 005 og 007 þriðji stekkurinn. Stekkur þessi er nærri merkjum við Hóla. Stekkurinn stendur í grasi gróinni dæld. Tóftarbrotin eru á um 10 X 12 m svæði en tóftirnar eru alveg hlaupnar í þúfur og ekki er hægt að greina lögun stekkjarsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 315

Ey-137 *Klaufabrekkur*

30 hdr. 1712 en hefur verið 40 hdr áður en Klaufabrekknot byggðist í heimatúninu. Hólastólsjörð. Getið í Svarfdæla sögu og Valla-Ljóts sögu. "Eptir þetta varð Klaufi laust at láta Melaland, ok fekk Karl honum nú aprt aðra staðfestu ok tuttugu húskarla, ok reistu þeir bæ fyrir norðan ána upp í dalnum, þar sem nú heitir á Klaufabrekkum, er þá hét fyrst í Klaufanesi, því at þat stóð fyrst niðr við ána, ok þótti þar kominn illa, því at mjok bar á hann stórum, sem síðar bar raun á." Svarfdæla saga, ÍF IX, 164-65. "... sóttu litagrös bræðr ór Brekku, synir Ásgeirs, upp á Klaufahlíð, er móðir þeirra sendi þá eptir, ok kómu þeir



heim í Klaufanes, er þeir höfðu sótt grosin, ok vildu finna Yngvildi, systur sína ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 172. "[Karl] lét gera bál mikit á steini þeim, sem er fyrir ofan garð at Klaufabrekku, ok brennir [Klaufa] til osku ... síðan sokkvir [Karl] stokkinum [með öskunni] í hver þann, sem er fyrir sunnan garð á Klaufabrekku." Svarfdæla saga, ÍF IX, 207. "Þórir [Vémundarson á Grund] svarar [Halla Sigurðarsyni Karlssyni]: "Veit ek land falt á Klaufabrekku, ok mun ek fá þér engjar til, því at þar eru engi lítil; en ek vil kaupa þat land til handa þér." Valla-Ljóts saga, ÍF IX, 240. "Hrólfur hét bóndi, er bjó upp frá Klaufabrekku; hans synir váru þeir Þórðr ok Þorvalr; hann var gofugr maðr; hann tók sótt ok andaðisk. Þeir bræðr tóku erfð eptir foður sinn ok vildu at Ljótr skipti með þeim bæði londum ok lausum aurum ... Ljótr skipti londum þeira bræðra; snær var fallinn á landamerkin; hann skipti londum ok tekr sjónhending í stein nokkurn, en ór steininum í ána ok ferr rétt svá fram ok nam staðar við ána ok skar þar upp torf eða jarðkross ..." Valla-Ljóts saga, ÍF IX, 241.

20.11.1476 eignaðist Guðni Eyjólfsson til kaups við Guðrúnu Þorkeldsdóttur m.a. Klaufabrekku fyrir 50 hdr - DI VI, 92.

6.6.1520 eru Klaufabrekkur taldar meðal þeirra jarða sem hafði borið undir Hólastól í tíð Gottskálks biskups: "Klaufa Breckur fimtíge .c. viij kugilldi. Landskyll. ijc. og gaf Steirn Snorrason. xc. Hólaþrkiu. enn. xlc. keyptt af Bornum Steijns er hann gaf þeim j Testament. og voru keyptt fyrer fulla peninga." DI VIII, 729.

1525 eru Klaufabrekkur meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301.

25.12.1550 átti Hólastóll "Med Klaufabreckum .vj. kugillde. landskyll. ij. c." DI XI, 867.

18.2.1569 er Klaufabrekka meðal Hólastólsjarða "landsk. .ij. .c. med tiundum kug. .vj." DI XV, 227.

1571 voru 6 kúgildi með Klaufabrekku - DI XV, 459. Ræmu sunnan af Klaufabrekknalandi var bætt við Klaufabrekknakot um 1900.

1917: 4.5 ha. Garðar 600 m².

1839: "Fyrir ofan og neðan nefndar Klaufabrekkur [eru] ... mýrar fyrir neðan, sem brúkaðar eru til slægna, en fyrir ofan mår og fjallbrekkur með holtum og hryggjum og rennandi lækjum ... Afmarkast brekkur þesar með hjallabrún ... fyrir ofan hverja að er heilmikið láglent viðlendi með mýrum og lyngvöxnum hólum og graslautum í milli." SSE, 80

1990: "Túnin liggja í brekkunum suður af bænum ..." BE 1990, 182

Ey-137:001 *Klaufabrekka* bæjarhóll bústaður 65°51.895N 18°44.832V
Gamli bærinn stóð þar sem nú eru fjárhús, 30-40 m ofan (norðan) við eldra íbúðarhúsið í Klaufabrekku og um 40 m utan við (austan) nýrra íbúðarhúsið á bænum. Þar er enn töluverður hóll og því lítur út fyrir að bygging fjárhússins hafi ekki rústað bæjarhólnum algerlega. Þó telur Jónína Hallgrímsdóttir sem kom í Klaufabrekku 1945 að við framkvæmdirnar á fjárhúsinu hafi öllum leifum af gamla bænum verið rutt út. Hún man eftir því að þegar rutt var úr leifum gamla bæjarins hafi komið í ljós gömul göng sem virtust hafa verið á milli húsa. Nú fjárhús á nokkuð myndarlegri hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-137:002 heimild um útihús 65°51.921N 18°44.872V
Um 50 m ofan (norðan) við gamla bæinn (001) stóð útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur staðið á svipuðum slóðum og efsta útihúsið í Klaufabrekkum nú eða við efri jaðar þess. Engin merki þessa útihúss sjást nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-137:003 *Gerðin* heimild um útihús 65°51.841N 18°45.068V
120 m suðvestan við gamla bæinn (001) voru áður útihús sem hétu Gerðin. Engin merki þeirra eru sjáanleg lengur en þar sem þau voru er nú óræktarblettur í túninu og þar eru vélar geymdar. Þar stóð síðar braggi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-137:004 *Hornhús* heimild um fjárhús 65°51.870N 18°44.989V
Um 140 m norðan við Gerðin 003 og um 150 m vestan við gamla bæinn (001) voru áður fjárhús í túninu. Engar leifar Hornhúsa sjást nú en raflínustaur er í túninu á svipuðum stað og útihúsin voru.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-137:005 *Arnarhóll* þjóðsaga um bústað

"Syðst á [Klaufanesinu] er Arnarhóll. Þar segja munnmælin að Klaufi hafi byggt bæ sinn fyrst, en áin brotið svo freklega af nesinu, að bærinn hafi af því fluttur verið ofar." segir í örnefnalýsingu. Sbr. Ey-140:007 en s.k. Klaufanesrústir sem grafnar voru upp um öldin miðja eru Göngustaðakotsmegin við merkin.

Heimildir: Ö-Svarf, 314

Ey-137:006 *Klaufapollur* þjóðsaga 65°51.850N 18°45.233V

"Karl lét gera blýstokk ok koma í oskunni ok rekr á tvá járnhanka; síðan sokkvir hann stokkinum í hver þann, sem er fyrir sunnan garð á Klaufabrekku." segir í Svarfdælasögu. Um þennan hver segir Þorsteinn Þorsteinsson í ritgerð um örnefni í Svarfaðardal frá um 1865: "Þessi hver er og hefur verið kallaður Klaufapollur eður Klaufapyttur. Hann er suður og ofan frá bænum Klaufabrekku í lægð fyrir ofan götuna, sem liggur sunnan og neðan að bænum ..." Í örnefnalýsingu segir: "Klaufalækur fellur í gegnum Klaufapoll út í Lambá. Pollurinn er skálmyndaður og er hyldjúpt vatnsauga í miðju hans. Munnmælin segja, að öskunni af Klaufa hafi verið varpað í poll þennan." Klaufapollur er í dæld í túni um 300 m innan (vestan) við bæinn (001). Hann er að mestu uppþornaður en ekkert hefur verið hreyft við honum. Klaufapollur er skálmyndað dæld í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: ÍF IX, 207 sbr nmgr. 1; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 131; Ö-Svarf, 314


Ey-137:007 *Klaufasteinn* þjóðsaga 65°51.931N 18°45.235V

"Karl fór til haugs [Klaufa] ok lét grafa hann upp; var hann þá enn ófúinn. Hann lét gera bál mikit á steini þeim, sem er fyrir ofan garð at Klaufabrekku ok brennir hann til osku." segir í Svarfdælasögu. Um þennan hver segir Þorsteinn Þorsteinsson í ritgerð um örnefni í Svarfaðardal frá um 1865: "... gamlir menn hafa sýnt Klaufastein á holti því fyrir sunnan tún á Klaufabrekku, skammt frá Klaufapólli. Var hann með laut í og allur sprunginn og mikill hluti hans í jörð. En fyrir 4 árum síðan, 1861, var sá steinn brotinn sundur til fjárhúsabyggingar og er hann nú að öllu ómerkilegur og sléttur við jörð." Í örnefnalýsingu segir: "Ofan við vallargarðinn er Klaufasteinn, flatur að ofan og sprunginn sundur í miðju. Þar á Klaufi að hafa brenndur verið, en af hitanum átti steinninn að hafa sprungið." Menn eru ekki á eitt sáttir um hvaða steinn það er í múnunum fyrir innan og ofan við Klaufabrekku sem sé hin frægi Klaufasteinn. Jónína Hallgrímsdóttir telur að tveir steinar komi til greina og sem báðir eru í hlíðinni norðvestan við bæinn (001). Aðrar heimildir benda til að steinninn hafi verið sprengdur og sé nú löngu horfinn.

Steinarnir eru myndarlegir hnullungur í þýfðri hlíðinni fyrir ofan tún í Klaufabrekku og um 300 m innan við bæjarhúsin.

Heimildir: ÍF IX, 207; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 131; Ö-Svarf, 314

Ey-137:008 *Klaufabrekknasel* seltóft 65°52.151N 18°45.544V



"Ofan við Stórhólinn eru rústir Klaufabrekknasels." segir í örnefnalýsingu. Stórhóll er, eins og nafnið gefur til kynna mjög stór melhóll nærri mynni Klaufabrekkudals. Ofan við Stórhól er annar minni hóll eða hæð, sem er eins og eins konar tunga út úr hlíðinni. Þessi hæð er oftast nefnd Selhóll og á henni er selið. Bæði innan og utan við hólinn eru dældir sem ganga upp og niður í hlíðina og í dældinni innan við hæðina rennur talsverður lækur. Frá selinu er líklega 150-200 m loftlína inn að

Klaufabrekkudalsgili en á svæðinu þar á milli eru tveir minni hryggir og dældir.

Selið stendur á eins konar tungu í hlíðinni. Á hæðinni er þýft og sérstaklega rakt enda nær mýrarflag yfir hluta svæðisins. Á svæðinu má greina þrjár tóftir. Þær eru mjög grónar og ekki er hægt að greina neinar grjóthleðslur í þeim. Innst er ferhyrnd tóft sem sem snýr upp í brekkuna. Hún er einföld, 4 x 7 m að stærð og op er á henni upp í hlíðina. Tóft þessi er á miklu mýrarsvæði og eru mjög jafnt utan hennar sem innan. Um 7 m utar (austur) er önnur sem snýr austur-vestur. Hún virðist vera tvískipt en hvorki er greinanlegt op á milli hólfanna né inn í tóftina. Tóft þessi er 6,5 x 5 m að stærð. 4 m neðan við hana er svo þriðja tóftin sem er greinilegust en jafnframt minnst tóftanna. Hún er hringlaga og 4 x 4 m að utanmáli og op er á henni upp í hlíðina.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 314

Ey-137:009 *Klaufabrekknaskarð* heimild um leið 65°51.945N 18°45.378V

"Frá bænum Kalufabrekkum í Svarfaðardal liggur vegur vestur yfir fjallið Klaufabrekkur að Þrasastöðum í Stíflu, sem er syðsti hluti af Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu. Leið sú er um það bil 1 1/2 míla." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "... er sú leið einnig farin til Ólafsfjarðar." segir þar ennfremur og einnig: "Fram úr dalsbotninum liggur vegur til Stíflu í Fljótum, kallað Klaufabrekknaskarð." Í örnefnalýsingu segir: "Um Lambárgil fellur Lambá úr smádal; Klaufabrekknadal/Göngustaðakotsdal skáhallt upp frá bænum. Þar var áður fjölfarin leið um Klaufabrekknaskarð yfir á Lágheiðina og síðan niður í Fljót eða Ólafsfjörð eftir atvikum. Er það kallað að fara Klaufabrekkur." Upp frá Klaufabrekkum liggja þýfdir móar upp að Klaufabrekkuskarði en þar í gegn lá leiðin. Engin ummerki um leiðina eru sjáanleg, vörður eða götuslóðar.

Heimildir: SSE, 32, 34, 80; BE 1990, 182

Ey-137:010 *Gerðishólsgrund* örnefni 65°51.777N 18°45.371V

"En fremur á Klaufabrekknakot land suður við Göngustaðakotsland. Þar eru þessi örnefni: Gerðishólsgrund ofan við aðalveg, en neðar í nesinu er Litlihóll." segir í örnefnalýsingu. Á Gerðishólsgrund eru nú sléttuð tún ofan (norðan) við þjóðveg, alveg inn (vestur) undir merkjum. Engar leifar mannvirkja sjást nú á þessum stað.

Heimildir: Ódagsett örnefnalýsing Klaufabrekknakots eftir Karl Karlsson

Ey-137:011 garðlag túngarður 65°51.910N 18°45.195V

"Karl fór til haugs [Klaufa] ok lét grafa hann upp; var hann þá enn ófúinn. Hann lét gera bál mikit á steini þeim, sem er fyrir ofan garð at Klaufabrekku ok brennir hann til osku. Karl lét gera blýstokk ok koma í oskunni ok rekr á tvá járnhanka; síðan sokkvir hann stokkinum í hver þann, sem er fyrir sunnan garð á Klaufabrekku." segir í Svarfdæla sögu. Nálægt 500 m innan (vestan) við Klaufabrekkur er myndarlegur garður sem liggur 150-160 m upp í hlíðina áður en hann tekur beygju út (austur), í átt að bænum. Þar er hægt að greina hann á um 200 m bili áður en hann fjarar út. Þó má enn geta til hvar hann hefur legið, fyrir ofan bæinn. Garðurinn er nú í túnjaðri, fyrir ofan hann í hlíðinni eru þýfdir móar. Hann er um 1,5 m hár þar sem hann er hæstur og 2 m á breidd. Hann er vel gróðinn en á stöku stað má greina stóra grjóthnullunga.

Hættumat: hætta vegna túnræktar
Heimildir: ÍF IX, 207

Ey-137:012


hesthústóft

65°51.910N

18°44.870V

Um 25 m vestan við 002 og 120 m norðaustan við 003 sjást ennþá tóftir hesthúss. Hesthústóftin er ofarlega í túni á hálfgerðu óræktarsvæði. Hesthústóftin er ferhyrnd og virðist einungis hafa verið eitt hólf, 11 X 6,5 að utanmáli. Veggir eru um 1 m á hæð þar sem þeir eru hæstir en það er í NA-horninu. Op er á vesturhlið þar sem tóftin er heilleg en að sunnan og suðaustan er tóftarveggirnir verst farnir. Tóftin er grjóthlaðin og eru hleðslurnar vel greinilegar að innan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



Ey-137:013


garðlag

65°51.965N

18°44.838V

30-40 m beint ofan (norðan) við 002 og rétt norðan við túnjaðarinn er ferhyrnt gerði. Gerðið er rétt norðan við túnjaðarinn, í þýfum móa. Gerðið er 10-15 m á breidd og 25 m á lengd. Veggurinn er 2 m á breidd þar sem hann er breiðastur og er mjög útflattur. Garðurinn myndar ferhyrnt hólf og er heillegur fyrir utan suðurhlið hans sem er rofinn m.a. sökum girðingar sem þar hefur verið. Gerðið er þess legt að það gæti hafa verið kálgarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



Ey-137:014


útihústóft

65°51.910N

18°44.904V

5 m vestan við 012 er önnur tóft af útihúsi. Tóftin er á grösugri hæð og er nálægt því að vera á merkjum túns og haga en telst líklega innan túns. Tóftin er ferhyrnd og einföld. Hún er 7 x 4 m að stærð og er með op til norðurs. Tóftin snýr inn-út og er nokkuð heilleg nema hvað hún er eilítið rofin bæði til suðurs og austurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



Ey-137:016

Sveitalangur

garðlag

65°51.957N


18°45.299V

150-200 m austan við Klaufabrekkudalsgil má greina Sveitalang sem er myndarlegur garður sem lá eftir sveitinni endilangri. Garðurinn er 700-800 m fyrir norðan (ofan) þjóðveginn á þessum stað en eftir því sem útar dregur í landi Klaufabrekkna færir hann neðar í hliðina. Garðurinn sést á um 400 m bili en fjarar svo út og er ekki greinilegur fyrir ofan bæinn í Klaufabrekku né heldur í Klaufabrekknakoti en þar var hann rétt ofan við bæjarhúsin og var sléttað úr síðustu leifum hans þar fyrir margt löngu. Garðurinn liggur yfir þýfða móa og rök mýrasvæði. Garðurinn er um 1,5 m á hæð og 3 m breiður. Hann sést nú á um 400 m bili í landi

Klaufabrekkna áður en hann fjarar út en náði áður um alla sveitina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-138 **Klaufabrekknakot**



10 hdr. 1712. Hjáleiga frá Klaufabrekkum og fjórðungur þeirrar jarðar. Hólastólsjörð. Byggð fyrir manna minni í heimatúni Klaufabrekkku. Einnig Klaufrakot. Byggð mun hafa verið óstöðug framan af. Um aldamótin 1900 var spildu sunnan af Klaufabrekknalandi og s.k. Flatnesi niður við Svarfaðardalsá bætt við landaregin Klaufabrekknakots **1917:** 3.2 ha. Garðar 524 m².

Ey-138:001 *Klaufabrekknakot* bæjarhóll bústaður 65°51.885N 18°44.514V

Gamli bærinn í Klaufabrekknakoti var um 140 m utar (austar) en núverandi íbúðarhús (byggt 1957). Gamall torfbær stóð þar fram undir miðja 20. öld en þá var hann rifinn og framhús úr timbri flutt að og stendur sá bær enn á gamla bæjarstæðinu þó hann sé að hruni kominn. Að baki er geymsla sambyggð. Á gamla bæjarstæðinu stendur nú bær með framhúsi úr timbri en moldargólfum og veggjum. Samfast gamla bænum var smíðja sunnan við.

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-138:002 hús fjós 65°51.943N 18°44.407V

30-40 m austan (utan) við gamla bæinn (001) stendur enn undir þaki fjós úr torfi, grjóti og timbri. Það er rétt utan við lækjarsprænu sem rennur niður túnið. Húsið stendur í sléttuðu túni. Fjósið er innar en hlaðan utar. Húsið hefur tvær burstir og er timburþil á. Veggir eru úr torfi en timburþil er einnig milli hlöðu og fjóss. Hlaðan er 1,6-1,8 m dýpri en hesthúsið og frá gólfi er þar hlaðið upp í 2,6-2,7 m hæð og ofan á það tyrft um 0,3-0,4 m. Veggir fjóssins eru hins vegar ekki nema 1,5 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-138:003 *Lambhúslækur* örnefni lambhús 65°51.904N 18°44.591V


"Utan við Gerðin [005] er lækur sem heitir Gerðalækur, eða Lambhúslækur, og fellur hann í Símonargil." segir í örnefnalýsingu. Íbúðarhúsið sem nú stendur í Klaufabrekknakoti er á hól sem kallaðist Lambhúshóll en þar rann einnig Lambhúslækur og mundi Lilja Hallgrímsdóttir óljóst eftir tóftum á þessum stað, um 140 m vestan (innan) við gamla bæinn (001).

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnalýsing Klaufabrekknakots eftir Karl Karlsson (ódagsett); Túnakort frá 1917

Ey-138:004 *Uslarétt* hleðsla 65°51.866N 18°44.410V

"Utan og neðan við túnið er hvilft, sem heitir Uslarétt í svonefndum Holtum." segir í svonefndum Holtum." segir í örnefnalýsingu. "Utan við Skottið eru Holtin, í þeim er Uslarétt [þar] sem kennt var sund um árabíl." segir enn fremur í lýsingu Karls Karlssonar. "[KE] skoðaði staðhætti 26. sept. 1975 undir leiðsögn Lilju Hallgrímsdóttur húsfreyju í Klaufabrekknakoti, sem þarna er þaulkunnug. Það kom í ljós að réttirnar voru



reyndar tvær, Efri-Uslarétt - og það er hún sem er átt við í örnefnaskránni - og Neðri-Uslarétt. Réttirnar eru í þýfðum brekkum norðan við túnið, sú efri svo sem 150-200 m út og niður frá gamla bænum. Þetta er hvilft eða laut, flöt í botninn og nokkurn veginn kringlött, 20-25 m í þvermál, og má sjá stalla í kring, sumstaðar allgreinilega, og virðast þeir vera lagaðir af manna höndum. Of lágir eru þeir nú til að gera hvilftina griphelda, enda er þetta allt máð á löngum tíma. Í þessari Uslarétt gerðu unglingar sundpoll fyrir nokkrum árum. / Dálitlu neðar er svo Neðri-Uslarétt, nokkru víðáttumeiri og óreglulega löguð dæld sem vatn sest oft í. Svo virðist sem á alllöngum kafla megi greina fornlegt garðlag að dældinni og auðséð að þarna má gera aðhald með tiltölulega auðveldum hætti. / Engar sagnir eru um þessar menjar og örnefnið. En ef giska ætti á til hvers réttirnar hefðu verið notaðar, er ekki annað nærtækara en að þær hefðu verið náttthagar." segir Kristján Eldjárn í grein um Uslaréttir frá 1980. Uslarétt er 80-100 m utan og neðan (SA) við fjósið 002. Það sem Kristján nefnir eldri réttina er í raun bara dæld í túninu. Neðri réttin er hins vegar greinileg suðaustan (utar og neðar) hinnar. Báðar réttanna eru í túni.

Efri-Uslarétt er í raun bara hringlaga hvilft en sú neðri er nú mun greinilegri, og með ferhyrnt lag. Suðurhliðin er skýrust. Hún er um 35 m að lengd en austur og vesturhliðarnar eru óskýrari, líklega um 25 m að lengd. Að norðan er réttin afmörkuð af hólnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 314; Ódagsett örnefnalýsing Klaufabrekknakots eftir Karl Karlsson; , Árbók 1980, 107-108

Ey-138:005 *Hesthúsgerði* heimild um hesthús 65°51.894N 18°44.620V

Beint ofan eða norðan við lítið gróðurhús, sem stendur norðan við steypa íbúðarhúsið, er svæði sem kallað var Hesthúsgerði en þar stóðu áður hesthús. Það var skammt neðan við girðingu sem girðir af túnið frá múum ofan við. Á þessum stað eru nú sléttað tún. Á þessum stað voru tóftir þegar Karl Karlsson kom fyrst í Klaufabrekknakot 1944 en þær voru sléttaðar eftir 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-138:006 *Garðholt* örnefni kálgarður 65°51.805N 18°44.677V

"Örnefni hér innan girðingar eru: Gerðin þar sem íbúðarhúsið og fjárhúsin eru. Þar fyrir neðan er Garðholt, utan við það er vegur." segir í örnefnalýsingu. Garðholt er innan og ofan (norðvestan) við þar sem heimreið og þjóðvegur mætast. Á þessum stað var áður kartöflubeð umkringgt torfgarði en garður þessi var ekki notaður eftir 1945.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnalýsing Klaufabrekknakots eftir Karl Karlsson (ódagsett)

Ey-138:007 frásögn um mógrafir 65°51.745N 18°44.677V

30-40 m sunnan (neðan) við þjóðveg og svo til beint neðan við Klaufabrekknakot voru svarðargrafir þar sem nú eru tún. Grafirnar voru 10-15 m norðan (ofan) við Lambalæk. Nú eru sléttuð tún þar sem svarðargrafirnar voru en á þessum stað kemur alltaf dæld í túnið. Svarðartekja þótti heldur rýr á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Ey-138:008

Stekkjargil

stekkjartóft

65°52.093N

18°44.584V



"En upp á Litlubrún er stekkur við Stekkjargil." segir í örnefnalýsingu. Stekkjargil er beint upp af gamla bænum (001). Stekkurinn er fremur ofarlega í hlíðinni vestan við bæinn, milli Litlubrúnar og Miðbrúnar. Í Stekkjargilinu er lítill foss en stekkurinn er neðan við hann. Stekkurinn stendur á hæð eða tungu innan við gilið. Ofar tekur við brött fjallshlíð og er stekkurinn fast upp við

hana og snýr austur-vestur (út-inn). Hann er á þýfðu mýrarsvæði. Stekkurinn er 6,5 X 4,5 m að stærð og er tvískiptur. Ytra hólfíð er stærra og mjög greinilegt en það innra er alveg gróið og ógreinilegt. Op er á austurvegg tóftarinnar. Grjóthleðslur eru greinilegar í tóftinni. Á tungunni er mjög þýft og er hugsanlegt að þar hafi einhvern tíma verið fleiri tóftir sem nú séu hlaupnar í þúfur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnalýsing Klaufabrekknakots eftir Karl Karlsson (ódagsett)

Ey-138:009

Torfhólar

örnefni

rista

65°51.678N

18°44.899V

"... sunnan við [Flatanes] eru svonefndir Torfhólar." segir í örnefnalýsingu. Torfhólar eru á merkjum Klaufabrekku og Klaufabrekknakots. Hólarnir eru svo til beint sunnan (neðan) við Klaufabrekku og Lambalæk, um 150 m sunnan (neðan) við þjóðveginn. Torfhólar eru vaxnir grasi og mosa en ekki er hægt að greina merki torfristu á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnalýsing Klaufabrekknakots eftir Karl Karlsson (ódagsett)

Ey-138:010

frásögn af fjárhús

65°51.867N

18°44.729V

Þar sem nú standa steipt fjárhús og fjós skammt vestan (innan) við íbúðarhúsið í Klaufabrekknakoti var áður fjárhús. Fjárhúsið var rífið þegar riða kom upp á bænum á 9. áratug 20. aldar. Þar sem fjárhúsið stóð hefur verið byggt útihús úr steypu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-138:011

frásögn um útihús

65°51.889N

18°44.714V

Þegar Karl Karlson gróf fyrir mjólkurhúsi skammt vestan við íbúðarhúsið í Klaufabrekknakoti kom hann niður á hellugólf. Gólfhlöturinn var fremur lítill og leit út fyrir að hafa verið af einhvers konar útihúsi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-138:012

frásögn um öskuhaug

65°51.895N

18°44.484V

Gamall öskuhaugur var fast austan (utan) við gamla bæinn (001) en hluti hans var skemmdur þegar viðbygging var gerð við þann bæ sem fluttur var að Klaufabrekknakoti og stendur enn austan (utan) við steinsteipt íbúðarhúsið. Þegar hreyft var við hólnum kom upp mikið af fuglsbeinum og ösku. Ytri hluti hólans er enn austan við gamla bæinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-138:013

frásögn um kálgarð

65°51.893N

18°44.518V

Vestan (innan) við gamla bæinn (001) var áður kálgarður með garði umhverfis. Yfir þetta var sléttað fyrir löngu en 1998 var aftur hafin kartöflurækt á þessum stað. Nú kartöflugarður en skjólugarðurinn er horfinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

5. Fornleifar og byggð í héraði

Hinn eiginlegi Svarfaðardalur hefst norðan við Hámundarstaðaháls og skerst inn í Tröllaskagan til suð-suð-vesturs. Fyrir mynni dalsins er Dalvík en utar er s.k. Upsaströnd sem nær að Ólafsfjarðarmúla. Eftir dalnum fellur Svarfaðardalsá, beggja vegna dalsins liggja há og brött fjöll og ganga margir minni afdalir úr honum. Svarfaðardalur er breiðastur nyrst og er þar nokkurt undirlendi en mjókkar til suðurs og klofnar um miðjan dal, við fjallið Stólinn í tvö dalverpi. Það vestara heitir áfram Svarfaðardalur en hið eystra Skíðadalur. Sumarið 1999 var mestur hluti hins eiginlega Svarfaðardals, vestan ár, skráður (eða inn að Göngustöðum).

Bæjarröðin í Svarfaðardalnum er einföld og eiga flestar jarðirnar landræmu frá Svarfaðardalsánni og upp á fjallsbrúnir. Bæirnir á skráningarsvæðinu standa nærri sjávarmáli og eru lang flestir innan við 50 m.y.s. og mest um 100 m.y.s.

Sumarið 1999 voru 598 minjastaðir skráðir á 38 jörðum. Byggð á skráningarsvæðinu var nokkuð þétt með tæplega 16 minjastaði að meðaltali í jörð. Landrými var því ekki mikið og dreifing minjastaðanna laut sömu meginreglu og annars staðar í Eyjafirði: langflestir eru skamman spöl frá bæ og hafa orðið eyðileggingu að bráð.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir og þar sem kjallarar eru niðurgrafir geta minjarnar í hólnum eyðilagst.

Á því svæði sem skráð var 1999 var einungis stundaður búskapur á um helmingi bæjanna. 14 bæjanna voru í eyði en á 5 bæjum var enn búið þó ekki væri stundaður búskapur. Flestir bæjanna utan Dalvíkur eru í eyði en annars dreifast eyðibýlin nokkuð jafnt yfir skráningarsvæðið.

Bæjarhólar á skráningarsvæðinu hafa flestir verið skemmdir. Oftast, eða um helmingi tilfella, eru það byggingar nýrri húsa sem skemmt hafa bæjarhólinn (algerlega

eða af einhverju leyti). Vegir eða vegaframkvæmdir ógna nokkrum bæjarhólum (Hóll, Sauðárkot og Upsir), en yfir nokkra hefur einfaldlega verið sléttað (Efstakot, Háagerði, Ytra-Holt, Tjarnarkot, Brekkukot, Þverá og Urðir). Að auki hvarf bæjarhóll Syðra-Holts í Holtsá og bæinn á Auðnum tók af í snjóflóði (og sléttað yfir bæjarstæðið síðar). Bæjarstæði Sauðaness, Brimness og Hreiðarsstaðakots eru að mestu óhreyfð þó að leifar þeirra bæja sem þar stóðu séu horfnar. Á Hreiðarsstöðum standa ennþá undir þaki leifar gamals torfbæjar og í Sauðárkoti, Sauðaneskoti og á Þorleifsstöðum sjást tóftaleifar síðustu bæjarhúsa.

Fjölmörg (26) býli og hjáleigur voru á skráningarsvæðinu. Á örfáum þessara staða standa nú timbur- eða steypuhús (Hrafnstaðakot, Helgafell, Húsabakki, Gullbringa, Nýibær) en tvö síðast-töldu húsin eru á Húsafriðunarskrá; Gullbringa sem er í umsjón Þjóðminjasafns Íslands en þar er minningarsafn um Arngrím Gíslason málara í svokallaðri Málarastofu sem hann byggði, og Nýibær sem er elsta hús Dalvíkur (byggt 1899). Á engum af ofangreindum stöðum hafa varðveist leifar eldri torfbæja.

Leifar flestra býlanna hafa algerlega verið afmáðar af yfirborði jarðar (Brimneskot, Karlsárkot, Hlöðkubúð, Aragerði, Halldórsgerði, Holtskot, Tjarnarkot, Lúsakot, Jarðbrúargerði, Blakksgerði, Kot (Bakka-) og Skröflustaðir) flest vegna sléttunar og túnræktar þó einnig hafi vegagerð, malarnám og húsbyggingar haft áhrif. Enn er hægt að greina leifar af nokkrum býlanna. Tóft s.k. Kofa má enn sjá í landi Böggvisstaða og sömuleiðis tóft Sæness í landi Sauðaness og Karlsárþúðar í landi Karlsár. Greinilegar tóftir eru þar sem heitir Mígindi út við Ólafsfjarðarmúla – þó ekki sé ótvírætt að þar hafi nokkur tíma verið búskapur - og nokkrar tóftir frá mismunandi tímum eru þar sem Töðugerði, og síðar Fell, stóð hjá Hóli á Upsaströnd. Leifar myndarlegs túngarðs sjást umhverfis sléttaða hæð þar sem Þverárgerði (síðar Þverárstekkur) stóð og einnig sjást lítil tóft og garðlög þar sem Kot/Bakkakot var í landi Bakka. Leifar túngarðs sjást umhverfis sléttað bæjarstæði Gróugerðis í landi Urða og talsverðar tóftir eru þar sem talið er að bær/sel hafi staðið undir Teigsfjalli sunnan Svarfaðardalsár í landi Urða.

Útihús og túngarðar

Útihús sem stóðu innantúns eru sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið

úti við jarðabætur á 20. öld. Flest útihúsanna á skráningarsvæðinu eru nú horfin. Að þessu sinni voru skráð 207 útihús en einungis var hægt að greina leifar 42 þeirra. Ekki er vitað um hlutverk 96 útihúsanna en af þeim sjást leifar um 20 húsa. Annars voru flest útihúsanna fjárhús (eða 56) og sjást leifar 11 þeirra. Önnur voru horfin, annað hvort undir nýrri byggingar eða vegna sléttunar. Á svæðinu voru skráð 20 fjós og voru leifar þriggja þeirra greinanlegar. 19 hesthús voru skráð (4 greinanleg) og 6 lambhús (en aðeins sjáanlegar tóftir af einu þeirra) annars voru útihúsin sem hér segir 3 hrútakofar (2 tóftir), 2 geitakofar, 2 hlöður, 1 skemma, 1 smiðja og 1 íshús (sem stóð undir þaki). Heimildir voru fyrir flestum útihúsum á bæjunum Hreiðarsstöðum (13), Böggvisstöðum (12), Syðra-Garðshorni (11) Hóli (9) og Syðra-Garðshorni (9).

Túngarðahleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og hafa nokkrir slíkir (alls 11) verið hlaðnir á skráningarsvæðinu. Ennþá sjást leifar myndarlegra túngarða á mislöngu svæði í landi Hóls á Upsaströnd, Sauðaness, Syðra-Holts, Brekkukots, Ytra-Garðshorns, Syðra-Garðshorns, Bakka, Hóls (Ey-135), Þorleifsstaða og Klaufabrekkna og eru leifarnar umfangsmestar á síðast-talda bænum. Auk þessa má sjá umfangsminni leifar túngarða í kringum nokkur býli s.s. Bakkagerði, Þverárgerði og Gróugerði og má vera að þær séu eldri en frá 19. öld.

Tún og garðar

Ef einhverjum ástæðum hófst túnasléttun seinna í Svarfaðardal en víða annarsstaðar. Túngarðahleðsla og túnasléttun hefjast fyrir alvöru árið 1869 en fóru þó hægt af stað fram undir 1880-90. Eftir það kom mikill kippur í sléttunarmál og voru á næstu árum sléttað mikið í dalnum (SD I, 23-33)

Engin gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema ef vera skyldi túnin í kringum Sauðáarkot, Sauðanes og Sauðaneskot. Nokkuð hefur hins vegar verið um kál- og kartöflurækt á skráningarsvæðinu og sjást minjar þess enn. Nokkrar sveiflur virðast alla tíð hafa verið í kálrækt Svarfdælinga. Heimildir greina að seint á 18. öld hafi verið 35 matjurtagarðar í Svarfaðardal en um aldamótin 1800 virðist aðeins 1 garður enn í notkun. Litlar heimildir eru um kálrækt fram til 1850 en frá þeim tíma má sjá að kálrækt hefur aftur verið orðin blómleg á svæðinu. (SD III, 11-23). Nokkur merki þessarar kálræktar eru enn greinileg. Samtals voru skráðir 12 kálgarðar en merki 4 þeirra sjást ekki lengur.

Einkennilega lítið af er þessum gördum norðantil á skráningarsvæðinu og var einungis einn garður skráður norðan við Garðshornin (Ytra- (1) og Syðra- (1)) en hann var í Böggvisstaðalandi. Myndarlegar garðleifar er að finna á Hreiðarstöðum og á hartnær öllum þeim bæjum sem skráðir voru þar sunnan við (Hreiðarsstaðakot (1), Skröflustaðir (gerður um miðja 19. öld), Þorleifsstaðir (1), Höll (2), Klaufabrekka (1) og Klaufabrekknakot (2)). Í þessu samhengi er einnig rétt að geta um hið sérkennilega örnefni Bygghól í landi Karlsár. Örnefnið bendir til kornræktar og sunnan á hólnum eru leifar af garðhleðslu í miklum bratta sem gætu tengst ræktun, en hóllinn er annars alveg ber melhóll.

Í sóknarlýsingu frá 1839 ræðir presturinn á Tjörn um varnargarð/landamerkjagarð í landi Syðra-Holts í Holtsdal en engin merki hans sjást nú. Má vera að þessi frásögn mótist af óskhyggju prests en hann leggur mikla áherslu á að rökstyðja að Tjarnarkirkja hafi átti Holtsdal sunnanmegin en að beitarítakið sem máldagar tala um að kirkjan eigi á Holtsdal eigi að vera á Ytraholtsdal. Stórt garðlag er hins vegar í landi Syðra-Holts, fyrir ofan bæinn og telja heimildamenn það vörslugarð. Ekki er þó ólíklegt að garðlagið sé hluti af Sveitarlangi. Er talið að hann hafi legið framan úr Svarfaðardalsbotni og eftir endilöngum dalnum, a.m.k. að Holtsá og e.t.v. lengra til norðurs sbr. þjóðsögu um landamerki milli Hrafnstaða og Böggvisstaða. Merki garðsins eru enn víða greinileg og sáust ofan við fjölmarga bæi á skráningarsvæðinu (t.d. í landi Steindyra, Grundar, Syðra-Garðshorns og Klaufabrekku).

Samtals voru skráðir 8 landamerkjagarðar. Merkjagarðar milli Tjarnar og Tjarnargarðshorns, Þverár og Hreiðarsstaða og milli Skröflustaða (Urða) og Hreiðarsstaðakots eru horfnir. Enn sjást hins vegar leifar landamerkjagarða milli Böggvisstaða og Hrafnstaða, Tjarnargarðshorns og Jarðbrúar, Grundar og Ytra-Garðshorns, og Urða og Skröflustaða og er sá síðast nefndi þeirra umfangsmestur.

Auk ofangreindra garða fundust leifar af minni garðlögum í landi Böggvisstaða, Steindyra og Hreiðarsstaða.

Engjar og áveitur

Við Svarfaðardalsá, einkum utanvert í dalnum, er mikið engjasvæði, sérstaklega í landi Tjarnar og Grundar, þar sem áin liggur í stórum sveig til austurs. Á þessu svæði eru

nokkur heystæði, og eru heystæðin á Grundarengjum afar myndarleg.

Engjaheyskapur var einnig í afdölunum og eru þar víða leifar heystæða, t.d. ofan við Hól á Upsaströnd, Karlsá (í Karlsárdal), Syðra-Holti (á Holtsdal) og ofan við Syðra-Garðshorn). Heystæði eru einnig í landi Urða austan við Svarfaðardalsá en ofan við Urðabæinn fannst ekki heystæði þó að örnefni bendir til slíks.

Engar minjar um áveitur fundust á skráningarsvæðinu þó ólíklegt sé annað en að þær hafi verið víða.

Vatnsból

Á bæjunum sem skráðir voru 1999 hefur aðgengi að ferskvatni verið gott. Bæirnir standa flestir nálægt ám eða smálækjum. Aðeins voru skráðir tveir brunnar og voru þeir báðir í landi Böggvisstaða. Uppsprettulindin Lindarlækur í landi Bakka var einnig notuð til neyslu. Vatnið úr læknum þótti sérstaklega heilnæmt og herma munnmælin að Hólábiskupar hafi látið sækja vatn í lindina sér og sínu fólki til heilsubótar.

Svarðargrafir

Mótak var á mörgum bæjum á skráningarsvæðinu en þó ekki öllum, og munu þeir sem ekki höfðu mótak hafa elt taði. Vitað er um 2 mógrafir í landi Böggvisstaða (önnur þurrkuð en hin greinileg), í landi Hóls á Upsaströnd (sem báðar sjást), Sauðanesi (aðrar sjást), Tjarnarlandi (hvorugar sjást) og á Hreiðarsstöðum (önnur er greinileg) en 1 í landi Karlsár (greinileg mógröf en þar þótti einstaklega góður svörður og tekja allt fram á miðja 20. öld), Upsa (sést ekki), Syðra-Holts (sem er greinileg), Syðra-Garðshorns (sem var þekkt fyrir mikil gæði og tóku margir bæir í sveitinni svörð á þessum stað – sést enn), Þverár (sést enn) og í Klaufabrekknakoti (horfin).

Svarðargrafirnar voru í misjafnri fjarlægð frá bæjunum, allt frá því að vera fast við bæinn og upp í að vera allt að 1000 m frá bæjarhúsum.

Heimildir fyrir torfristu voru á átta stöðum á skráningarsvæðinu (2 á Hrafnstöðum, en 1 á Ytra-Garðshorni, Bakka, Steindyrum, Þverá, Urðum og Klaufabrekknakoti).

Kvíar, réttir og stekkir

Tíu kvíar voru skráðar að þessu sinni en engin merki þriggja þeirra (á Hóli (á Upsaströnd), Syðra-Holti og í Syðra-Garðshorni) voru greinilegar og einungis óljós merki tveggja til viðbótar (Brekku og Hóls (Ey-135)). Á Böggvisstöðum, Grund, Bakka, Þverá og Urðum sjást hins vegar enn nokkuð greinileg merki kvía. Sameiginlegt eiga allar kvíarnar að vera í eða við túnjaðar nema e.t.v. á Urðum þar sem þær eru skammt ofan við Gróugerði, allangan veg frá Urðum.

Þrjár réttar voru skráðar. Engar minjar eru nú um rétt í landi Hreiðarsstaða við Svarfaðardalsá en síðasta réttin sem þar stóð var úr tré. Aðra sögu er hins vegar að segja um hinar réttirnar tvær. Sú ytri er í landi Ytra-Holts, norðan við Holtsá. Merki hennar eru enn vel greinileg þó að mikið af því grjóti sem áður myndaði hana hafi, rétt fyrir miðja 20. öld, verið fjarlæggt og notað í hafnarmannvirki á Dalvík. Innri réttin á skráningarsvæðinu er í landi Steindyra, norðan Þverár. Hún stendur enn ólöskuð þó Þverá hafi, hin síðari ár, farið að renna hættulega nærri henni.

Að auki er á skráningarsvæðinu s.k. Uslarétt í landi Klaufabrekkukots. Vitað er um 5 slíkar réttir í Svarfaðardal en þær þekkjast ekki utan dalsins. Réttirnar eru allar inn á milli hóla í svipuðu landslagi. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar réttir hafa gegnt en helst hallast menn að þeirri skýringu að þær hafi verið notaðar sem e.k. náttthagar, til að koma í veg fyrir að féð ylli “usla” í túnnum um nætur.²

Stekkir voru við langflesta bæina og voru samtals 33. Stekkirnir eru gjarnan í um 300-600 m fjarlægð frá bænum og oftast eru þeir 5-9 m að breidd en 10-15 m á breidd. Algengast er að stekkirnir séu fremur umfangslitlar tóftir. Þeir eru oftast tvískiptir og minni króin innan af þeirri stærri. Nokkrar undantekningar eru þó frá þessu. Stekkur í landi Böggvisstaða er mikill um sig og eru myndarleg garðlög í kringum hann. Umfang minjanna og það að hollinn sem hann stendur á er einnig kallaður Selhóll, bendir til að þar hafi áður verið sel. Í námunda við stekki í landi Jarðbrúar, Bakka, Hreiðarsstaða (027) og Auðna (007) eru garðlög, mismunandi mikil. Stekkir í landi Brimness, Tjarnar (019) og Tjarnargarðshorns virðast vera þrjú hólf og nokkuð óvenjulegt lag hafa stekkirnir í landi Sauðaness, Hrafnstaða (018), Ytra-Holts og Ytra-Garðshorns. Óvenjulegt verður að teljast að þrjár stekkir séu skráðir í landi Auðna sem ekki er landmikil jörð. Verður því

² Sjá t.d. Kristján Eldjárn. 1980, 106-110.

að teljast líklegt að sá stekkur sem er nærri því að vera á merkjum við Hól (010) hafi upphaflega tilheyrt Hóli og gæti jafnvel verið sá stekkur sem Stekkjarteigurinn, vestast í landi Hóls, vísar til.

Beitarhús og sel

Tvö beitarhús voru skráð sumarið 1999 (í landi Böggvisstaða og Sauðaness) en til hvorugs þeirra sést nú, en þau hafa í raun verið fleiri því algengt var að beitarhús væru á seljum.

Á skráningarsvæðinu eru 22 sel. Reyndar eru tvö þeirra einnig mögulega forn bæjarstæði. Selin voru yfirleitt í afdölum eða hátt upp í hlíðinni fyrir ofan bæina eins og venja er. Yfirleitt samanstanda leifar selja af nokkrum tóftum eða einni mjög stórrí tóft. Nokkrar undantekningar voru þó á þessu á skráningarsvæðinu og voru hin s.k. sel í landi Upsa, Grundar, Syðra-Garðshorns og Hreiðarsstaðakots aðeins ein einföld tóft sem helst líktust stekkjum eða jafnvel smalakofum.

Mestu seltóftirnar eru undir Teigsfjalli (í Urðalandi), í landi Böggvisstaða, Ytra-Holts, Syðra-Holts og á Karlsá en nokkuð myndarlegar tóftir er einnig að finna á Hrafnstöðum, Brekku og Hóli (Ey-135).

Gerði

Gerðis-örnefni er algengt að finna í tünnum við bæi. Oftast eru það aðskildir túnskæklar eða túnjaðrar sem bera slík nöfn og undantekningarlítið hafa staðið á þeim fjárhús á seinni öldum. Af þessari tegund voru skráðar tæplega 30 fornleifar sem hafa stofninn – gerði í nafni sínu en ekki er alltaf skýr vitneskja um hvaða mannvistarleifar hafa verið þar þó lang oftast hafi það þó verið fjárhús eða hesthús. Nær allar þessara leifa hafa verið máðar af yfirborði jarðar (nema Ey-126:007, Ey-132:008 og Ey-136:006).

Gerðis-örnefni er líka tengt litlum hringlaga girðingum fjær bæjum. Sumarið 1999 voru skráð fjölmörg býli með –gerðis endingu (Árgerði (Ey-102), Töðugerði (Ey- 104), Háagerði (Ey-113), Aragerði (Ey-114), Halldórsgerði (Ey-115), Jarðbrúargerði (Ey-121), Blakksgerði (Ey-124), Bakkagerði (Ey-128), Þverárgerði (Ey-130) og Gróugerði (Ey-

133)). Slíkir bæir virðast oftast hafa byggst á 16. öld eða síðar, en þar virðist alltaf um að ræða gömul fjárhússtæði með túni í kring sem breytt var í sjálfstæð býli.

Kuml og Kirkjugarðar

Á skráningarsvæðinu hafa komið í ljós sérstaklega margir og ríkulegir kumlfundir. Samtals hafa fundist kuml á fjórum stöðum og hafa kumlategar verið á a.m.k. þremur af þessum stöðum.

Í Brimnesi fannst kumlategur árið 1908, og er hann talinn einn sá merkasti sem fundist hefur hér á landi. Ári seinna rannsökuðu Daniel Bruun og Finnur Jónsson reitinn. Þar komu í ljós 13 kuml og nokkurt haugfé. Eitt kumlanna var bátskuml. Árið 1942 kom í ljós fjórtánda kumlið á þessum stað og var það þá rannsakað.

Í landi Lækjarbakka, sem upphaflega var byggt úr landi Upsa, norðan Brimnesár fundu Daniel Bruun og Finnur Jónsson enn eitt kuml í rannsóknarferð sinni 1909. Þar var myndarlegur haugur en fremur fátæklegt kuml. Þeir Daniel og Finnur töldu að í námunda við hauginn væru fleiri kuml þó frekari rannsóknir þeirra hafi engan árangur borið.

Matthías Þórðarson rannsakaði árið 1937 kuml í landi Böggvisstaða, heldur sunnar en kumlin á Brimnesi. Við rannsókn hans kom í ljós bátskuml og hrossbein. Hvorki fundust leifar mannabein né gripa og þykir ljóst að kumlið hafi verið rofið og rænt fyrr á öldum. Við það hefur maðurinn, og þeir gripir sem honum kunna að hafa fylgt, verið fjarlægðir úr gröfinni. Hlýtur það að vekja nokkra athygli að af aðeins fimm bátskumlum sem fundist hafa á landinu skuli tvö vera í Dalvík. Áður en Matthías framkvæmdi rannsókn sína höfðu menn orðið varir við það sem þeir töldu leifar fjögurra kumla víðsvegar umhverfis bátskumlið en þau hafa aldrei verið rannsökuð.

Kumlategur fannst í landi Ytra-Garðshors á árunum 1952-1958. Kristján Eldjárn rannsakaði teiginn og samtals komu 10 kuml í ljós þar. Ekki var þó gerð kerfisbundin leit á teignum og getur því verið að enn fleiri kuml leynist þar ennþá. Kumlin voru misjafnlega búin en grafrargerð þeirra virðist þó fastmótuð. Kumlategurinn Ytra-Garðshorni er einn umfangsmesti grafreitur frá heiðnum tíma sem rannsakaður hefur verið hér á landi. Hann er einna sambærilegastur kumlategnum á Dalvík og þykir merkilegt, að tveir stærstu kumlategar landsins skuli vera svo nærri hvor öðrum.

Skammt norðan við kumlateiginn í landi Ytra-Garðshorns komu í ljós á þriðja áratug 20. aldar mannabein sem gætu verið úr kumlum þar sem húsið Syðri-Grund stendur nú.

Auk kumlanna voru skráðir 8 meintir legstaðir eða dysjar. Í landi Karlsár eru sagnir um að á tveimur stöðum hvíli Karl rauði, landnámsmaður. Í landi Bakka er örnefnið Kumlateigur á hól skammt frá bæ (þar sem menn úr heiðni eiga að hvíla) og í landi Hreiðarsstaða er meintur legstaður Hreiðars heimska í Draughól. Þar sem Stóristeinninn í landi Auðna er á einnig að vera legstaður.

Mannabeina varð vart í landi Jarðbrúar nokkrum sinnum á fyrri hluta 20. aldar. Þegar grafið var fyrir útihúsi rétt eftir miðja öldina komu menn enn niður á grafir og rannsakaði Kristján Eldjárn staðinn í kjölfarið. Í ljós komu bein þriggja karlmannna, einnar konu og smábarns. Kristján taldi víst að beinin væru frá því úr frumkristni, áður en að föst skipan komst á kristna greftrunarsiði.³ Í landi Urða eru Dysja-örnefni austan við Svarfaðardalsá en sagnir um hólinn eru nokkuð á reiki. Rétt eftir aldamótin 1900 grófu stráklingar í hól á þessum slóðum og kom þá í ljós brennd bein og fleiri minjar, en staðurinn hefur verið tengdur við galdrabrennu á Melum á 17. öld.

Fjórar kirkjur voru á skráningarsvæðinu og standa enn kirkjubyggingar á öllum jörðunum nema Grund. Þar er kirkjan er horfin og staðsetning hennar ekki kunn. Í kringum hinar kirkjurnar fjórar eru kirkjugarðar sem allir hafa verið sléttaðir á síðustu áratugum.

Þegar hornstólpar kirkjugarðsins á Urðum voru steyptir fyrir nokkrum árum var komið niður á bein sem bendir til þess að kirkjugarðurinn þar hafi einhvern tíma verið stærri eða legið öðruvísi en hann gerir nú. Aðrar beinaleifar hafa ekki komið upp á kirkjustöðunum svo vitað sé.

Heimildir eru um sex bænhús á skráningarsvæðinu (á Böggvisstöðum, Hóli, Hrafnstöðum, Syðra-Holti, Þverá og Hreiðarstöðum). Engar heimildir eru fyrir því hvar þau stóðu, nema mögulega á Hreiðarstöðum. Þar fundust mannabein þegar ryðja átti út dældóttri hæð spottakorn innan við gamla bæinn. Við það var framkvæmdum hætt enda ekki ólíklegt að komið hafi verið niður á gamlan grafreit. Eðlilegast er að áætla að bænhúsin hafi flest staðið í námunda við gömlu bæjarstæðin. Eins er víst að bænhúsið á Syðra-Holti (Ey-116) sé, líkt og gamli bæjarhóllinn, horfin í ána en leifar annarra

³ Kristján Eldjárn. 1963: 96-99.

bænhúsa gæti enn verið að finna neðanjarðar.

Leiðir

Nokkrar leiðir voru skráðar sumarið 1999. Sumar eru minni slóðar milli staða innan landareignar eða milli bæja og nágrennaþarða, en einnig voru skráðar lengri leiðir. Hjá Dalvík lá gamla þjóðleiðin um byggðina heldur ofar (vestar) en þjóðvegurinn gerir nú en frammar í dalnum hefur leiðin verið á svipuðum stað og þjóðvegurinn nú. Auk þessa vilja margir meina að aðalhlutverk Sveitarlanga, sem enn sjást leifar af víða, hafi verið samgöngumannvirki.

Nokkrar leiðir, milli Svarfaðardals og nágrennaþarða, voru skráðar. Úr Bögvisstaðadal er vörðuð leið um Reykjaheiði til Ólafsfjarðar og þangað lágu einnig leiðir úr Grímudal og Karlsárdal en síðast-nefnda leiðin var aðallega farin á vetrum.

Upp úr Klaufabrekkudal var einnig leið yfir sýslumörkin og niður Klaufabrekkudal í Skagafirði, að Þrastarstöðum.

Minjar um sjósókn

Á nyrsta hluta skráningarsvæðisins eru nokkrar minjar um sjósókn. Samtals voru skráðar 8 lendingar, 8 verbúðir, 6 uppsátur, 2 naust og 2 sjóbúðir. Minjarnar vitna um langa sögu sjósóknar á svæðinu en eru flestar í námunda við Dalvíkurkaupstað og hafa orðið eyðileggingu að bráð. Heillegastar leifar eru í Karlsárnaustum en þar voru stundaðar umfangsmiklar skipasmíðar á 17. öld. Einnig eru greinilegar verbúðaleifar í landi Sauðaness og vera má að tóftirnar á Mígindi séu verbúðir eða búðir bjargmanna.

6. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og annars staðar í Eyjafjarðarsveit hafa flestar fornminjar á því svæði sem skráð var 1999 horfið undir tún og byggingar. Það eru því þær minjar sem eru í mestri fjarlægð frá bæ, eins og stekkir og sel sem helst eru eftir.

Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa. Besta leiðin til að varðveita minjastaði er að kynna þá og gera aðgengilega almenningi.

Einu friðlýstu fornleifarnar á svæðinu er s.k. **Lögrétta í landi Grundar**. Ekki

sjást merki um hana lengur en býli var byggt á Blakksgerði þar sem Lögréttan var 1898 en nú hefur verið sléttað yfir rústir þess.

Aðrar fornleifar á skráningarsvæðinu sem hafa verndunar-, rannsóknar og eða kynningargildi eru:

- 1) **Kumlin á skráningarsvæðinu.** Tveir stórir kumlategir hafa fundist á skráningarsvæðinu og eru líkur á því að fleiri kuml sé að finna á þessum stöðum. Staðirnir hafa því sérstakt verndunar- og rannsóknargildi og ber að fara sérstaklega varlega í allar framkvæmdir í námunda við þá.
- 2) **Sveitarlangur,** er göngu- og/eða vörslugarður sem nær um Svarfaðardalinn endilangan, frá dalsbotni og a.m.k. út að Syðra-Holti. Garðurinn er geysilegt mannvirki og sjást miklar leifar hans enn. Litlar rannsóknir hafa enn verið gerðar á görðum sem þessum en búast má við að þær aukist á næstu árum og hefur Sveitarlangur því varðveisl-, rannsóknar- og kynningargildi.
- 3) **Smalakofi á Böggvistaðadal** er talinn vera kofinn sem Davíð Stefánsson yrkir um í kvæðinu um *Dísu í dalakofanum* og gæti þess vegna haft kynningargildi.
- 4) **Sel í landi Böggvisstaða.** Selhóll er beint ofan við bæinn og þar gefur að líta athyglisverðar selrústir. Miklar stekkjareleifar eru einnig í landi Böggvisstaða. Tilvalin gönguleið væri um Dalagötur frá stekknunum, upp hlíðina og í selið.
- 5) **Býlið Töðugerði/Fell í landi Hóls.** Þar eru tóftaleifar síðasta bæjarins sem þarna stóð, ásamt útihúsi og kálgarði. Mjög fá bæjarstæði hafa varðveist á skráningarsvæðinu og tvímælalaust ástæða til að varðveita þær tóftir sem eftir standa í Töðugerði.
- 6) **Sauðanes og Sauðaneskot.** Bæjar- og túnstæði Sauðaness er enn óskemmt en þar var búið fram um miðja 20. öld. Bæjarhóllinn sjálfur hefur verið sléttaður en margar útihúsatóftir og túngarður sjást enn. Skammt ofan við eru rústir Sauðaneskots og allmiklir og fornlegir garðar í kring. Það dregur úr gildi þessa svæðis að sorphaugar eru í hlíðinni milli Sauðaness og Sauðaneskots.
- 7) **Karlsárnaust.** Í Karlsárnausti voru smíðuð þilskip á 17. öld og þar sjást talsverðar byggingaleifar, eftir naust, íshús og mögulega verbúð. Tóft Karlsárþúðar er svo uppi á bakkanum ofan við naustin. Þegar hefur verið reistur minnisvarði um skipasmíðina

við þjóðveginn og væri hægt að vísa fólki þaðan niður í naustin til að skoða minjarnar.

- 8) **Karlsársel.** Á Karlsárseli eru óvenju umfangsmiklar selrústir og er það eina selið á skráningarsvæðinu þar sem túngarður er í kring og er hann greinilega mjög forn. Staðurinn hefur bæði rannsóknar- og kynningargildi.
- 9) **Bæjarstæði Upsa.** Upsir hafa nú verið í eyði í 12 ár. Bærinn sést ekki lengur en á bæjarhólnum má sjá í hleðslur bygginga. Ekki er því ólíklegt að undir yfirborði séu leifar langrar búsestu á staðnum. Á Urðum hefur einnig staðið kirkja um langa tíð og eru því líkur á að leifar eldri kirkna séu einnig geymdar í jörðu þar. Að auki sjást á Upsum leifar fjölda útihúsa í kringum bæjarhóllinn. Í ljósi stórfelldrar eyðileggingar slíkra bygginga á þessari öld er fyllsta ástæða til að varðveita þær minjar sem eftir standa, sérilagi jafnnálægt þéttbýli og á þessum stað.
- 10) **Tóftir Ytra-Holtssels** eru umfangsmiklar og athyglisverðar og hafa nokkurt varðveisl- og kynningargildi. Leiðin að selinu liggur á námunda við réttarleifar og stekkin í landi Ytra-Holts og er ágætis gönguleið.
- 11) **Tóftir Syðra-Holssels** eru ekki síður umfangsmiklar og sjálfsagður viðkomustaður á gönguleið upp í Holtsdal.
- 12) **Skæluhlaða í túni Ytra-Garðshorns.** Stæðilegar leifar Skæluhlöðu sjást ennþá og byggingunni fylgir skemmtileg huldufólkssaga. Tóftin hefur því varðveisl- og kynningargildi.
- 13) **Minjar innan túns á Syðra-Garðshorni.** Þó að engar leifar gömlu bæjarhúsanna standi enn á þessum stað má sjá ýmsar leifar sem minna á búskaparhætti fyrri tíma. Þar eru tóftir nokkurra útihúsa, túngarðs, kálgarðs og Sveitarlangs. Fyllsta ástæða er til að vernda minjaheildina þar sem hún hefur kynningargildi.
- 14) **Tóftasvæði vestan þjóðveggar í landi Steindyra.** Engar heimildir eru um þær fjölmörgu tóftir sem þar eru. Á þessu svæði er Steindyrarétt sem er stæðilegasta réttin á skráningarsvæðinu, þar sést til Sveitarlangs og fleiri garða auk fjölda misgróinna tófta. Ofan við tóftasvæðið er svo sel Steindyra. Þetta svæði er stutt frá þjóðvegi og þar eru óvenju fjölbreytilegar tóftir á litlu svæði. Svæðið hefur því mjög mikið varðveisl-, kynningar og rannsóknargildi

- 15) **Meintar grafreitir í landi Hreiðarsstaða.** Þar sem mannabein fundust í túni Hreiðarsstaða er hefur verið grafreitir og ekki er því ólíklegt að bænhusleifar sé að finna þar undir yfirborði jarðar. Þó að ekkert sjáist á yfirborði er ljóst að tryggja verður að staðurinn njóti verndunar vegna rannsóknargildis síns.
- 16) **Bæjarstæði Hreiðarsstaðakots.** Síðasti bærinn á Hreiðarsstaðakoti brann og var bæjarstæðið eftir það flutt á annan stað í landareigninni. Bæjarhóllinn stendur eftir óraskaður og er fyllsta ástæða til að reyna að stuðla að varðveislu hans sökum þess rannsóknargildis sem hann hefur.
- 17) **Fornleg tóft ofan við nýja kirkjugarðinn í landi Urða.** Nýi kirkjugarðurinn stendur á hól sem nefndur er Bæjarhóll. Milli kirkjugarðsins og hlaðs við áhaldaskemmu (ofar á sama hól), er grasblettur. Á þessum grasbletti er forvitnileg tóft. Engar heimildir eru um hana en ljóst er að hún er nokkuð forn. Hún snýr norður-suður (upp-niður) er í kringum 24 m á lengd en um 6 m á breidd þar sem hún er breiðust en hún mjókkar eilítið til endanna. Tóftin er afmörkuð af hlaðinu en ekki er ljóst hvort suður-endi hennar skemmdist við gerð kirkjugarðsins eða hvort hún fjarar einfaldlega út á svipuðum stað. Grunnur vegarslóði liggur þvert yfir tóftina miðja og er ljóst að hann hefur skemmt hana eitthvað. Ekki er víst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en þarna virðist komið íveru- eða útihús frá fyrri öldum. Tóftin hefur ótvírætt varðveislu- og rannsóknargildi.
- 18) **Garðlög ofan við veg á Urðum.** Fyrir ofan og innan nýja kirkjugarðinn á Urðum (og ofangreinda tóft) má sjá miklar leifar garðlaga sem ástæða er til að varðveita.
- 19) **Landamerkjagarður Skröflustaða í landi Urða.** Garðurinn er enn greinilegur og er umfangsmesti landamerkjagarðurinn á skráningarsvæðinu. Hann er án efa nokkuð forn og hefur varðveislugildi sem slíkur.
- 20) **Urðarteigur.** Gegnt Urðum handan við Svarfaðardalsá er stór rústahóll þar sem greinilega hefur verið sel og beitarhús frá Urðum en einnig má túlka Svarfdæla sögu sem svo að þar hafi verið býli á miðöldum. Hvort það á við rök að styðjast eða ekki hefur staðurinn bæði rannsóknar- og kynningargildi.
- 21) **Á Þorleifsstöðum** eru einu bæjarhúsarústirnar sem sjást á skráningarsvæðinu, þar sem einnig gefur að líta útihús, túngarð og kálgarð og er þetta ein heillegasta bæjarmyndin á skráningarsvæðinu. Heildin hefur því varðveislu- og kynningargildi.

22) **Uslarétt í landi Klaufabrekknakots.** Uslaréttin sést greinilega og er merkileg fyrir þær sakir að hún gefa hugmynd um forna búskaparhætti og þessi tegund fornminja er einstæð fyrir Svarfaðardal. Hún hefur því varðveislu- og kynningargildi.

Heimildaskrá

Heimildamenn:

Böggvisstaðir- Anton Sigurjónsson 3.4.1907 og Júlíus Kristjánsson 19.3.1930
Árgerði - Steingrímur Þorsteinsson 22.10.1913
Brimnes - Eyvör Stefánsdóttir 20.4.1928 og Júlíus Kristjánsson 19.3.1930
Hóll - Björn Þorleifsson 13.7.1922
Sauðanes - Steingrímur Þorsteinsson 22.10.1913
Karlsá - Haraldur Guðmundsson 28.4.1920 og Steingrímur Þorsteinsson 22.10.1913
Upsir - Hafsteinn Pálsson 8.2.1939
Lækjarbakki - Hafsteinn Pálsson 8.2.1939
Háagerði - Hafsteinn Pálsson 8.2.1939
Hrafnsstaðir - Baldvin Magnússon 9.2.1928
Ytra Holt - Garðar Jóhannesson 29.5.1909
Syðra-Holt - Sigurður Ólafsson 29.7.1926 og Ásdís Lilja Óskarsdóttir 21.1.1934
Syðra-Holt (Helgafell) - Ásdís Lilja Óskarsdóttir 21.1.1934
Ingvarir - Árni Veigar Steingrímsson 20.11.1943
Tjörn - Sigríður Hafstað 19.1.1927
Tjarnarkot - Sigríður Hafstað 19.1.1927
Tjarnargarðshorn - Jóhannes Haraldsson 13.8.1916
Jarðbrú - Þórir Jónsson 25.9.1938
Brekukot - Kristín Sigríður Klemensdóttir 5.10.1937
Brekka - Kristín Sigríður Klemensdóttir 5.10.1937
Grund - Jóhannes Stefánsson 1940, Friðrik Þórarinnsson 1955 og Hjalti Haraldsson 1917
Ytra-Garðshorn - Hjalti Haraldsson 1.12.1917
Syðra-Garðshorn - Björn Danielsson 26.08. 1932
Bakki - Helga Þórsdóttir 27.5.1927
Bakkagerði - Helga Þórsdóttir 27.5.1927
Steindyr - Jón Helgi Símonarsson 13.9.1895
Þverá - Jón Helgi Símonarsson 13.9.1895
Hreiðarstaðir - Sölvi Haukur Hjaltason 20.5.1952
Hreiðarstaðakot - Sölvi Haukur Hjaltason 20.5.1952
Urðir - Einar Hallgrímsson 23.5.1921 og fleiri heimilismeðlimir
Hóll - Kristinn Atli Friðbjörnsson 20.5.1950
Auðnir- Karl Karlsson 30.10.1912 og Lilja Hallgrímsdóttir 05.08.1916
Klaufabrekkur - Jónína Hallgrímsdóttir 10.4.1919
Klaufabrekknakot - Karl Karlsson 30.10.1912 og Lilja Hallgrímsdóttir 05.08.1916

Ritaðar heimildir:

ÁÍ: *Alþingisbækur Íslendinga I-XVII*, Reykjavík 1912-1990.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrra bindi, Akureyri. 1993.

- Bruun, Daniel (1928): *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*, [2 udg.], Kbh.
- Bruun, Daniel & Finnur Jónsson (1910a): 'Dalvík-fundet. En Gravplads fra hedenskabets tid.' *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie* 1910: 62-100.
- Bruun, Daniel & Finnur Jónsson (1910b): 'Undersøgelser og Udgravninger paa Island 1907-09.' *Geografisk Tidsskrift* 20:302-15.
- Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi* I-II, Kaupmannahöfn 1858-1878.
- DI:** *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
- FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík 1983.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Reykjavík 1990.
- Hreiðarstaðakotsættin I og II: niðjatal Sigurðar Jónssonar, bónda í Hreiðarsstaðakoti, og konu hans Steinunnar Jónsdóttir*. Sigurjón Sighvatsson tók saman. Reykjavík 1988.
- ÍF:** *Íslensk fornrit* I-, Reykjavík 1933-.
- Jarðabréf:** Gunnar F. Guðmundsson: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*, Reykjavík. 1993.
- JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns*, X. Eyjafjarðarsýsla, Kaupmannahöfn 1943.
- KEKH:** Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri, 1956.
- Kristján Eldjárn 1943: "Skálarústin í Klaufanesi og nokkrar aðrar svarfdælskar fornleifar." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1941-2, 17-33.
- Kristján Eldjárn. 1963. "Fornkristnar grafir á Jarðbrú í Svarfaðardal". *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1963: 96-99.
- KK:** Kristian Kaalund: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island* I-II, Kbh 1877-82.
- LE I:** Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*. Fyrri hluti, (Eyfirðingarit I), Akureyri 1949.
- SD:** *Saga Dalvíkur I-IV*. Kristmundur Bjarnason. 1978. Akureyri.

SSE: *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirk fræði II), Akureyri 1972.

Sturl: *Sturlungasaga I-II*, Reykjavík 1946.

Þorsteinn Þorsteinsson. 1975. "Skýringar um örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal – Greinagerð og athugasemdir eftir Kristján Eldjárn". *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975*, 107-138.

Óprentaðar heimildir:

Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu

Fornleifaskrá Jónmundar Zophaníassonar 13.7.1985

Nokkrar leiðréttingar og viðbætur við örnefnaskrá Bakka og Bakkagerðis eftir Gest

Vilhjálmsson 1.7.1967

Ódagsett örnefnalýsing Klaufabrekknakots eftir Karl Karlsson

Örnefnalýsing Sigurjóns Sigtryggssonar fyrir Sauðanes, Sauðaneskot og Múlann

(ódagsett en eftir 1973)

Örnefnaskrá Dalvíkur, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Örnefnaskrá Svarfaðardals, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Svarfaðardalur. Þjóðskjalasafn Íslands.